Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Reykjavík, 3. október 2025

MINNISBLAÐ

Efni: Vegna skýrslu - Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs: Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Vörðuskóli, Draumaland, Halastjarnan, Eldflaugin, 105, Gleðibankinn og 100og1.

Unnið af fulltrúum frá skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði í samráði við eignaskrifstofu og menningar- og íþróttasvið.

Samantekt og niðurstöður 3
Húsnæði Vörðuskóla - endurgerð 3
Húsnæði Vörðuskóla – notkun 3
Langtímalausnir fyrir Hlíðaskóla og Háteigsskóla 5
Tímabundnar lausnir fyrir Háteigs- og Hlíðaskóla 5
Forsaga 6
Vinnuferli 6
Breytingar frá því síðast 6
Leikskóli á lóð Vörðuskóla 7
Staða viðhaldsmála grunnskóla hverfisins 7
Fjöldaspár nemenda 7
Loftleiðir 7
Nemendafjöldaspár 7
Skóla- og frístundastarf 8
Húsnæðismál 9
Viðhald 9
Nýting húsnæðis 10
Nýting Vörðuskóla 10
Samgöngur 11
Tilgangur, samhengi, aðferðir og nálgun 11
Helstu niðurstöður 12
Forgangsatriði í umferðaröryggi 12

Væntingar til áframhaldandi vinnu 12
Vinnustofa um nýtingu Vörðuskóla 13
Sjálfstæð eining: 13
Íþróttir: 13
Eldhús: 14
Skólalóð: 14
Unglingaskóli: 14
Samantekt frá vinnustofu 14
Fylgiskjöl 15

Samantekt og niðurstöður

Eftir skoðun á fyrirliggjandi tillögum fyrri starfshóps, yfirferð og uppfærslu gagna er lagt til að:

1. Klára endurgerð Vörðuskóla þannig að hægt sé að reka sjálfstætt skóla- og frístundastarf þar.
2. Nýta húsnæði Vörðuskóla, þegar það er tilbúið, fyrir skóla- og frístundastarfsemi sem er í húsnæði sem þarf að fara í stórar viðhaldsframkvæmdir.
3. Þegar styttist í að Vörðuskóli verði ekki lengur nýttur sem viðhaldshúsnæði verði mögulegar sviðsmyndir skóla- og frístundastarfs hverfanna yfirfarnar.
4. Skoða mögulegar skólahverfabreytingar til að létta á nemendafjölda Háteigsskóla, t.d. með að stækka skólahverfi Austurbæjarskóla.
5. Finna lausnir til skemmri og lengri tíma, eftir því sem við á, á húsnæðisvanda vegna þrengsla í skóla- og frístundastarfi Háteigs- og Hlíðaskóla.

Húsnæði Vörðuskóla - endurgerð

Lagt er til að húsnæði Vörðuskóla verði hannað og endurgert þannig að hægt sé að reka sjálfstætt skóla- og frístundastarf þar.

Í vinnu hópsins hefur verið horft til þess að Vörðuskóli verði fyrir eldri grunnskólabörn.

Í húsnæðinu verði mötuneyti með eldhúsi, eða auðvelt að bæta því við. Einnig að horft verði til fjölbreyttra leiða í list-og verkgreinastofum sem og íþróttastarfi, með möguleika á að nota núverandi íþróttahús undir hefðbundið skólastarf.

Svo klára megi allar viðhaldsframkvæmdir og hægt verði að taka húsnæðið í notkun, verði farið í hönnunarvinnu innanhúss sem fyrst, á ofangreindum forsendum. Gera má ráð fyrir að það taki um þrjú til fimm ár að klára hönnun og framkvæmdir við Vörðuskóla.

Húsnæði Vörðuskóla – notkun

Lagt er til að nýta húsnæði Vörðuskóla, þegar það er tilbúið, fyrir skóla- og frístundastarfsemi sem er í húsnæði sem þarf að fara í stórum viðhaldsframkvæmdir.

Í áætluninni *„Viðhaldsátak Reykjavíkurborgar á húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs 2022-2028“,* sem samþykkt var í borgarráði í febrúar 2023 (fylgiskjal 7), kemur fram að margir grunnskólar á þessu svæði eru í þörf fyrir meiriháttar viðhald á næstu árum. Tímalína og forgangur áætlunarinnar eru endurskoðuð reglulega. Vegna staðsetningar Vörðuskóla miðsvæðis í Reykjavík og við hlið Austurbæjarskóla er hagkvæmt að nýta húsnæðið fyrir skóla- og frístundastarfsemi meðan farið verður í viðhalds- og endurbótaframkvæmdir á öðru skóla- og frístundahúsnæði. Miðað er við að húsnæði Vörðuskóla verði tilbúið eftir þrjú til fimm ár. Á meðan framkvæmdum við hann stendur er hægt er að vinna að undirbúningi og hönnunarvinnu fyrir þá skóla sem myndu nýta Vörðuskólahúsnæðið. Þannig má halda sem mestri skilvirkni í framkvæmdum og halda uppi faglegu skóla- og frístundastarfi á sama tíma.

Dæmi um hvernig tímalína gæti litið út:

Endurskoðun mögulegra sviðsmynda og skólahverfamarka

Lagt er til að þegar styttist í að Vörðuskóli verði ekki lengur nýttur sem viðhaldshúsnæði verði mögulegar sviðsmyndir skóla- og frístundastarfs hverfanna yfirfarnar.

Þá verði uppfærð gögn er snúa að nemendaspám, húsnæðismálum og fleiru og staðan metin. Miðað er við að taka stöðuna þegar styttist í að Vörðuskóli verði ekki lengur nýttur sem viðhaldshúsnæði.

Sú sviðsmynd sem þykir vænlegust á núverandi tímapunkti og er sett hér fram til upplýsingar er sambland af nokkrum af fyrri sviðsmyndum og er nefnd sviðsmynd 7. Það er að þegar Vörðuskóli hefur lokið hlutverki sínu sem varahúsnæði fyrir aðra skóla- og frístundastarfsemi væri ákjósanlegt að Austurbæjar- og Vörðuskóli verði samreknir og að unglingar úr Háteigsskóla gætu sótt starf í húsnæði Vörðuskóla/Austurbæjarskóla. Sú niðurstaða byggir á *viðmiðum um stærðir skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva (sjá fylgiskjal 10)*, mati á samgöngum, stærðar húsnæðis Vörðuskóla og fjölda barna í hverfunum þremur.

Fjöldi unglinga úr þremur skólum er meiri en viðmið um fjölda barna í húsnæði Vörðuskóla. Mögulegt er að hafa unglinga úr tveimur skólum, því ef heildstæður skóli er samrekinn í húsnæði Austurbæjar- og Vörðuskóla er viðmið skólanna samnýtt. Til að mynda má samnýta starfsmanna- og verkgreinaaðstöðu í Austurbæjarskóla og þá getur verið mögulegt að rúma unglingadeild tveggja skóla í Vörðuskóla. Endurgerð á Vörðuskóla og nýting hans fyrir skóla- og frístundahúsnæði sem þarfnast brýns viðhalds mun taka nokkur ár og því ekki tímabært að leggja fram tillögu um framtíðarsviðsmynd fyrir nýtingu Vörðuskóla.

Skólahverfamörk skólanna þarf einnig að skoða í sambandi við samgöngur og nemendafjöldaspár, en æskilegt er að stækka skólahverfi Austurbæjarskóla og minnka álag á húsnæði Háteigsskóla.

Í fylgiskjali 4, Nemendafjöldaspár vegna Austurbæjar-, Háteigs-, Hlíða- og Vörðuskóla – bakgrunnur og forsendur er að finna frekari upplýsingar um fyrri sviðsmyndir og af hverju sviðsmynd 7, sem formaðist á seinni stigum, þykir vænlegri en sviðsmyndir 1-6 og hvernig nemendafjöldaspá fellur að sviðsmyndunum sjö.

Langtímalausnir fyrir Hlíðaskóla og Háteigsskóla

Lagt er til að farið verði í að vinna framtíðarsýn fyrir Hlíðaskóla í samræmi við stækkun og útbreiðslu hverfisins og þá verði horft til möguleika á Loftleiðareit. Tillaga þar að lútandi verði lögð fram þegar mál skýrast með skipulagningu á Loftleiðareit. Þar gæti komið nýr leikskóli, með pláss fyrir 120-150 leikskólabörn, mögulega samrekinn með yngsta stigi grunnskóla og frístundaheimilis sem yrði samtals fyrir í kringum 400 börn.

Hvað varðar langtímalausn fyrir Háteigsskóla er eins og fram kom hér að ofan vænlegasta sviðsmynd á þessum tímapunkti að þegar Vörðuskóli hefur lokið hlutverki sínu sem varahúsnæði fyrir aðra skóla- og frístundastarfsemi væri ákjósanlegt að Austurbæjar- og Vörðuskóli verði samreknir og að unglingar úr Háteigsskóla gætu sótt starf í húsnæði Vörðuskóla/Austurbæjarskóla. Sú sviðsmynd verður yfirfarin og metin ásamt öðrum mögulegum sviðsmyndum þegar styttist í að Vörðuskóli verði ekki lengur nýttur sem viðhaldshúsnæði. Horft er til þess að færa skólahverfamörkin á milli Háteigsskóla og Austurbæjarskóla, þ.e. að stækka skólahverfi Austurbæjarskóla og minnka álag á húsnæði Háteigsskóla. Stefnt er að því að hefja þá vinnu fljótlega en slíkar tillögur fara í umsögn til skólaráða og fleiri hagaðila áður en þær eru afgreiddar. Breytingar á grunni slíkra tillagna taka tíma að skila sér því oftast er um að ræða breytingar er snúa að börnum sem eru að hefja skólagöngu.

Tímabundnar lausnir fyrir Háteigs- og Hlíðaskóla

Ljóst er að fjöldi nemenda bæði í Hlíða- og Háteigsskóla er mun meiri en viðmið fyrir nemendafjölda í húsnæðinu. Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið vinna saman að tímabundnum lausnum fyrir skóla- og frístundastarfið í þessum skólahverfum.
Árlega er nemendafjöldi skóla og spár næstu ára yfirfarnar. Þegar fjöldi nemenda fer yfir þol bygginga er skoðað með stjórnendum lausnir innanhúss og ef þarf eru skoðaðar lausnir sem fela í sér auka húsnæði t.d. með færanlegum stofum eða leigu á öðru húsnæði í kring. Í dag er töluvert af lausum kennslustofum fyrir skóla- og frístundastarfsemi á báðum stöðum. Mikilvægt er að bregðast áfram við með tímabundnum aðgerðum svo starfseminni sé tryggt húsnæði á meðan er verið að vinna að langtíma lausnum. Skóla- og frístundasvið ásamt umhverfis- og skipulagssviði skipi vinnuhóp til að vinna að skammtímalausnum fyrir skóla- og frístundastarf í Hlíðaskóla og Háteigsskóla.

Jafnframt verður yfirfarið hvort hægt sé að bæta nýtingu húsnæðis á báðum stöðum með aukinni samnýtingu. Er það á grunni nýrra reglna um nýtingu húsnæðis starfsstaða skóla- og frístundasviðs sem voru samþykktar í desember 2024. Í þeim er formfest notkun ólíkra aðila á húsnæði til að tryggja betri nýtingu húsnæðis borgarinnar.

Forsaga

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 29. október 2020 að festa kaup á Vörðuskóla á Skólavörðuholti og fól skóla- og frístundasviði að gera tillögu að safnskóla á unglingastigi í samráði við samliggjandi skólahverfi. Með hliðsjón af spám um þróun nemendafjölda til skemmri og lengri tíma og framtíðarsýn um spennandi skóla- og frístundastarf í anda nýrrar menntastefnu ,,Látum draumana rætast", var samþykkt að setja af stað starfshóp til að rýna nemendaþróun í þremur skólahverfum. Hópnum, sem skipaður var í febrúar 2021, var ætlað að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla í ljósi aukningar nemendafjölda sem orðið hefur á einstökum starfsstöðvum á undanförnum árum.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sem var lögð fyrir borgarráð 4. nóvember 2021 og skóla- og frístundaráð 9. nóvember 2021 (fylgiskjal 1). Í skýrslunni var niðurstaða starfshópsins að fimm sviðsmyndir væru vænlegastar til nánari rýni. Rafrænn kynningafundur var haldinn fyrir hagaðila 2. desember 2021 og í framhaldi voru tillögur starfshópsins sendar til umsagnar hagaðila auk þess voru haldnar vinnusmiðjur með fulltrúum barna og unglinga í skólahverfunum. Frestur til að skila umsögnum var 1. febrúar 2022 og var framlengdur. Niðurstöður umsagna hagaðila voru lagðar fram á fundi skóla- og frístundaráðs 5. desember 2022 (fylgiskjal 2). Áhættumat á greiningum sviðsmyndanna fimm var lagt fram í skóla- og frístundaráði 8. maí 2023 (fylgiskjal 3).

Í byrjun árs 2025 var sett af stað áframhaldandi vinna hjá starfshópnum. Í þessu minnisblaði eru ofangreind gögn yfirfarin og uppfærð eftir þörfum út frá tölfræði, húsnæðismálum og nýjum hugmyndum sem komið hafa fram frá því fyrri tillögur voru unnar. Að þeirri vinnu hafa komið þeir aðilar sem voru í upprunalega starfshópnum, þ.e. stjórnendur skóla- og frístundastarfs af skrifstofu og frá þeim skólum og frístundamiðstöð sem um ræðir, sérfræðingar frá umhverfis og skipulagssviði, að auki hefur verið haft samráð við eignaskrifstofu og menningar- og íþróttasvið.

Vinnuferli

Í vinnuferlinu var farið yfir nemendafjölda skólanna og nemendafjöldaspár til ársins 2040. Farið var yfir húsnæðismál skólanna, farið var í skoðunarferðir í alla skólana og rætt við viðhaldsdeild. Sérfræðingur í samgöngum var fenginn til að skoða málið og reiknaður var út viðmiðunarfjöldi nemenda við hvern skóla. Einnig var rætt við stjórnendur skóla- og frístundastarfs í þessum skólahverfum.

Breytingar frá því síðast

Ýmsar breytingar og hafa orðið frá því að verkefnið hófst og aukin þekking á ýmsum verkþáttum, sem tekið er tillit til í núverandi vinnu.

Leikskóli á lóð Vörðuskóla

Ævintýraborg hefur verið sett upp á lóð Vörðuskóla og starfsemi leikskóla hófst þar haustið 2024. Starfsemi leikskólans er í færanlegum einingum og á að vera tímabundið á lóð Vörðuskóla. Þegar sviðsmyndir voru unnar var horft til byggingarreits fyrir viðbyggingu við Vörðuskóla sem var fyrirliggjandi í deiliskipulagi. Ævintýraborgin var sett upp á þeim byggingarreit og hefur því áhrif á viðbyggingarmöguleika sem og á lóð og útisvæði á núverandi tímapunkti. Ekki er ljóst hversu lengi leikskóli verður á lóðinni. Þegar horft er til stöðu leikskólaplássa í borginni er ólíklegt að ævintýraborgin verði færð af lóð Vörðuskóla nema hægt væri að koma starfseminni fyrir annars staðar. Enginn leikskóli er í byggingu í nágrenninu sem stendur en áform eru um byggingu nýs leikskóla við Njálsgötu á næstu árum. Engin önnur lóð er á miðborgarsvæðinu í eigu borgarinnar sem hægt er að flytja leikskólaeiningarnar á. Þrátt fyrir að einingarnar séu færanlegar þá krefst það töluverðs fjármagns, vinnu og tíma að færa þær. Þegar litið er til ofangreinds má ætla að tímabundna húsnæðið verði a.m.k. næstu 5 árin.

Staða viðhaldsmála grunnskóla hverfisins

Í samræmi við áætlun viðhaldshaldsátaks eru margir grunnskólar í nálægð við Vörðuskóla í þörf fyrir meiriháttar viðhald á næstu árum. Vegna staðsetningar Vörðuskóla við hlið Austurbæjarskóla, sem og miðsvæðis í Reykjavík, er hagkvæmt að nýta húsnæðið fyrir skóla- og frístundastarfsemi meðan farið verður í viðhalds- og endurbótaframkvæmdir á öðru skóla- og frístundahúsnæði.

Fjöldaspár nemenda

Spár um nemendafjölda hafa verið uppfærðar, bæði í samræmi við þann tíma sem er liðinn sem og í takti við nýtt verklag. Frá því að sviðsmyndagreining var unnin hefur verið settur á stofn spálíkanahópur hjá Reykjavíkurborg.

Loftleiðir

Verið er að vinna að skipulagi og þróun við Loftleiðareit. Samkvæmt samþykkt á fundi borgarráðs 22. maí 2025 mun Reykjavíkurborg halda áfram viðræðum við viðkomandi fasteignafélag um mögulegan leikskóla á Loftleiðareit við Hlíðarenda. Þar gæti komið nýr leikskóli, með pláss fyrir 120-150 leikskólabörn, mögulega samrekinn með yngsta stigi grunnskóla og frístundaheimilis sem yrði samtals fyrir í kringum 400 börn.

Í þessu minnisblaði er tekið tillit til ofangreindra breytinga auk þekkingar og reynslu undanfarinna ára sem hefur myndast í stórum viðhaldsverkefnum og áhrifum þeirra á skóla- og frístundastarf.

Nemendafjöldaspár

Þegar sveitarfélögin tóku við grunnskólunum árið 1996 var viðmiðið að hver nemandi í grunnskólastarfi þyrfti 11 fermetra. Eftir að frístundastarf kom meira inn í skólabyggingarnar var ákveðið að miða við 12 fermetra á nemenda og þá skilgreindir samkvæmt reglum um nýtingu húsnæðis starfsstaða skóla- og frístundasviðs, sem voru samþykktar í borgarráði 5. desember

2024.

Í töflu 1 hér að neðan má sjá viðmið um hversu marga nemendur skólabyggingar Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla geta rúmað.
Jafnframt má sjá nemendafjölda skólanna í dag og lág- og háspár umræddra skóla árið 2040.
Í lágspánni er stuðst við lágspá Hagstofunnar og neðri mörkum viðbótar vegna uppbyggingar í skólahverfum Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Í háspánni er stuðst við háspá Hagstofunnar og efri mörkum viðbótar vegna uppbyggingar í fyrrnefndum tveimur skólahverfum.

Tafla 1. Nemendafjöldaspá miðað við óbreytt ástand skólanna

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Lág- og háspá*
Austurbæjarskóli	1.-10. bekkur	476*	383-418
Háteigsskóli	1.-10. bekkur	350	608-672
Hlíðaskóli	1.-10. bekkur	482	687-786
Vörðuskóli		230*	

**Viðmið Vörðuskóla m.v. núverandi húsnæði er 230 nemendur en 254 nemendur ef íþróttasalur væri nýttur undir skólastarfsemi. Nemendur geta orðið 323 ef Spennistöðin og kennslustofur þar fyrir ofan eru nýttar að auki. Þessi rými eru í dag samtengd Austurbæjarskóla og því geta fjöldatölur (Spennistöðin 41 nemandi og kennslustofur 28 nemendur) tengst öðrum hvorum skólanum. Viðmið Austurbæjarskóla er hér sýnt án fermetra Spennistöðvar og kennslustofum þar fyrir ofan.*

Samkvæmt spánni ræður skólahúsnæði Austurbæjarskóla vel við þann fjölda nemenda sem er spáð fyrir um til ársins 2040. Áframhaldandi þrengsli miðað við viðmið eru í Háteigs- og Hlíðaskóla og nauðsynlegt að bregðast við því, bæði til skamms og langs tíma. Á grunni þess er eðlilegt í náinni framtíð að skoða stækkun skólahverfis Austurbæjarskóla. Slíkri breytingu fylgir betri nýting á húsnæði Austurbæjarskóla og minnkar álag á húsnæði Háteigsskóla.

Í fylgiskjali 4, *Nemendafjöldaspár* vegna *Austurbæjar-, Háteigs-, Hlíða- og Vörðuskóla – bakgrunnur og forsendur* er að finna nánari upplýsingar um aðferðir við spágerð fyrir viðkomandi skóla.

Skóla- og frístundastarf

Skóla- og frístundasvið hefur tekið saman yfirlit um áhrif skólastærðar og skólagerðar á líðan og námsárangur nemenda auk þátttöku í starfi félagsmiðstöðva. Faglegt skóla- og frístundastarf verður skoðað ítarlega ef og þegar breytingar á skipulagi skóla- og frístundastarfs verða lagðar formlega til. Hér verður gerð grein fyrir því helsta en nánari upplýsingar er að finna í fylgiskjali 5.

Hvorki innlendar né erlendar rannsóknir sýna beinan mun á líðan eða námsárangri eftir skólagerð. Gögn úr nemendakönnunum sýna að flestum nemendum líður almennt vel í reykvískum skólum. Ekki er marktækur munur á andlegri líðan eftir skólagerð, en þó sýna tölur að hærra hlutfall nemenda í unglingaskólum segir að þeim líði vel í skólanum samanborið við nemendur í heildstæðum skólum.

Unglingaskólar bjóða tækifæri til að efla faglegt skólastarf með skýrri áherslu á þarfir unglinga, aukinni sérhæfingu kennara og fjölbreyttari námsleiðum og fjölbreyttari valgreinum. Stærri einingar geta einnig boðið upp á betra aðgengi að stoðþjónustu og öflugra félagsstarf. Á sama tíma geta yngri barna skólar (1.–7. bekkur) stuðlað að markvissari nýtingu rýmis og aðstöðu, auk þess sem skipulag kennslu getur orðið sveigjanlegra.

Starfsemi félagsmiðstöðva í borginni fer fram ýmist innan húsnæðis grunnskólans eða í nálægð við grunnskólana. Einnig er mismunandi hvort þær þjóni einum eða fleiri grunnskólum. Nokkrar ólíkar félagmiðstöðvar að stærð, gerð og staðsetningu hafa farið í gegnum ytra mat skóla- og frístundasviðs þar sem gæði starfsins var metið. Það er óhætt að segja að matið hafi almennt komið mjög vel út á starfsemi þessara félagsmiðstöðva þrátt fyrir ólíkar aðstæður þ.e. staðsettar bæði inni í skóla og utan skóla, mismunandi fjöldi unglinga o.s.frv.

Húsnæðismál

Núverandi aðstæður skólanna og frístundastarfsins eru teknar saman í *Staðreyndablaði verkefnisins* (fylgiskjal 6). Þar er samantekt um hvern skóla hvað varðar viðhald, stækkunarmöguleika og skóla- og frístundastarf. Einnig fylgja yfirlitsblöð um skólahverfin, íþróttahús hverfanna og framtíðaruppbyggingu þeirra.

Viðhald

Engin starfsemi er í húsnæði Vörðuskóla sem stendur. Búið er að skipta um þak og glugga í skólanum. Verið er að undirbúa múrkerfi sem kemur utan á húsið. Múrkerfið er þess eðlis að ef gerðar verða einhverskonar breytingar eftir að það er sett upp, eru miklar líkur á að það valdi skemmdum á kerfinu og að raki komist inn. Ekki er búið að hanna innra byrði skólans. Til að hægt sé að klára hönnunarvinnu þurfa ákvarðanir um starfsemi og notkun húsnæðis að liggja fyrir. Ljóst er að ef hönnun innra skipulags liggur ekki fyrir eykur það líkur á breytingum sem hefur áhrif á múrkerfið, s.s. vegna tæknilausna, flóttaleiða o.s.frv.. Það er því mikilvægt að klára ákvarðanatöku svo hægt sé að halda áfram í hönnunarferli. Í kjölfarið klára framkvæmdir svo hægt sé að taka húsnæðið í notkun sem fyrst.

Samþykkt var í borgarráði í febrúar 2023 áætlunin *„Viðhaldshaldsátak Reykjavíkurborgar á húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs 2022-2028“.* Tímalína og forgangur eru endurskoðuð reglulega. Í áætluninni kemur fram að margir grunnskólar á þessu svæði eru í í húsnæði sem þarf að fara í stórar viðhaldsframkvæmdir, þar sem nauðsynlegt getur verið að færa starfsemi tímabundið annað. Þá getur komið eitthvað óvænt upp á í húsnæði sem ekki er á fyrrnefndri áætlun, sem nauðsynlegt getur verið að bregðast við með því að færa til starfsemi. Þegar farið er í allsherjar viðhald og endurbætur húsnæðis er ákjósanlegast að öll starfsemi verði flutt úr húsinu á meðan. Það er bæði betra fyrir skóla- og frístundastarfstarfið og viðhaldsframkvæmdirnar.

Fulltrúar viðhaldsdeildar á skrifstofu framkvæmda og viðhalds, sem og á eignaskrifstofu hafa bent á möguleika á að nýta húsnæði Vörðuskóla til að hýsa starfsemi annarra skóla á meðan þeir fara í meiriháttar viðhaldsaðgerðir.

Austurbæjarskóli er í forgangi 2 í samræmi við forgangsröðun í áætlun um viðhaldsátak skólahúsnæði (fylgiskjal 7). Samkvæmt upplýsingum frá viðhaldsdeild þarf að fara í allsherjar viðhaldsframkvæmdir við Austurbæjarskóla þegar farið verður í viðhald. Lagnir og annað er upprunalegt og þarfnast aðgerða. Húsnæðið er í notkun fyrir starfsemi Austurbæjarskóla. Háteigs- og Hlíðaskóli eru í forgangi 3 í samræmi við forgangsröðun í áætlun um viðhaldsátak skólahúsnæðis en hún er í sífelldri endurskoðun.

Nýting húsnæðis

Fjármálaskrifstofa skóla- og frístundasviðs gerir afnotasamning við starfsstaði sviðsins um nýtingu húsnæðis þar sem fram kemur m.a. magn húsnæðis og nýtingartími, jafnt daglegur sem árlegur. Þannig getur sömu byggingunni samkvæmt afnotasamningi verið skipt milli tveggja eða fleiri notenda, t.d. grunnskóla, leikskóla, skólahljómsveita, félagsmiðstöðva og frístundaheimila.

Starfsfólk á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs skal ætíð hafa í huga *Græna planið* (fylgiskjal 8), áherslu Reykjavíkurborgar um bætta nýtingu húsnæðis með aukinni samnýtingu.

- Stefna um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf, var samþykkt 2023, (fylgiskjal 9).
- Reglur um nýtingu húsnæðis starfsstaða skóla- og frístundasviðs voru samþykktar í borgarráði í desember 2024. (fylgiskjal 10).

Í reglum um nýtingu húsnæðis starfsstaða skóla- og frístundasviðs er formfest notkun ólíkra aðila á húsnæði til að tryggja betri nýtingu húsnæðis borgarinnar. Fjármálaskrifstofa skóla- og frístundasviðs gerir afnotasamning við starfsstaði sviðsins um nýtingu húsnæðis þar sem fram kemur m.a. magn húsnæðis og nýtingartími, jafnt daglegur sem árlegur. Þannig getur sömu byggingunni samkvæmt afnotasamningi verið skipt milli tveggja eða fleiri notenda, t.d. grunnskóla, leikskóla, skólahljómsveita, félagsmiðstöðva og frístundaheimila.

Fjármálaskrifstofa skóla- og frístundasviðs gerir afnotasamning við starfsstaði sviðsins um nýtingu húsnæðis þar sem fram kemur m.a. magn húsnæðis og nýtingartími, jafnt daglegur sem árlegur. Þannig getur sömu byggingunni samkvæmt afnotasamningi verið skipt milli tveggja eða fleiri notenda, t.d. grunnskóla, leikskóla, skólahljómsveita, félagsmiðstöðva og frístundaheimila.

Nýting Vörðuskóla

Í núverandi vinnu hefur verið unnið að því að frumgreina húsnæði Vörðuskóla og skoða mögulega nýtingu svo taka megi þær ákvarðanir sem þarf til að hægt sé að fara í hönnunarferli. Húsnæðið er hannað af Guðjóni Samúelssyni árið 1947 og hefur byggingasögulegt gildi. Þó húsnæðið hafi verið upphaflega hannað sem skólahúsnæði og hafi marga kosti fyrir slíka

starfsemi, þá er margt sem þarf að vinna í kringum eða vinna með út frá byggingunni og mikilvægt að aðlaga komandi starfsemi að húsnæðinu og því sem það býður upp á.
Fyrir utan endurgerð og viðhald sem þarf að sinna eru helstu áskoranir að flóttaleiðum er ábótavant, tveir íþróttasalir eru í húsnæðinu og til að komast frá austurálmu í vesturálmu þarf að ganga í gegnum stærri íþróttasalinn, húsnæðið er minna en svo að það rúmi stærð af starfseiningu í samræmi við viðmið skóla- og frístundasviðs, hæð gólffflata er mjög mismunandi sem veldur áskorun með aðgengi og tengingar, töluvert stór gluggalaus rými og rými með lágri lofthæð. Það er því ekki rétt að nota hefðbundin viðmið fyrir brúttófermetra per barn, þar sem takmörkuð nýting er á mörgum fermetrum.
Það þarf að gera töluverðar breytingar á innra skipulagi hússins, og á sama tíma er mikilvægt að bera virðingu fyrir og halda í einkenni þess og vinna með núverandi skipulag og burðarvirki. Einnig er mikilvægt er að hafa í huga að Vörðuskóli er óhefðbundið húsnæði fyrir nútíma skóla- og frístundastarf og því er mikilvægt að vinna með sérstöðu hans sem t.d. grunnskóli með áherslu á listir.



Samgöngur

Tilgangur, samhengi, aðferðir og nálgun

„Greiningarskýrsla um skólasvæði í austurborg Reykjavíkur“ (fylgiskjal 11) hefur það markmið að veita skýrt yfirlit yfir núverandi aðstæður barna til að sækja skóla, meta lykiláskoranir í umferðaröryggi og leggja fram tillögur að forgangsröðun aðgerða til úrbóta.

Skýrslan er einnig hugsuð sem stuðningur við þá vinnu sem fram undan er í stefnumótun skóla- og frístundaþjónustu og samgöngumála í austurborginni. Hún byggir á meginmarkmiðum sem koma fram í stefnumótandi áætlunum Reykjavíkurborgar, svo sem umhverfis- og loftslagsstefnu, stefnu um virka ferðamáta, samgöngustefnu borgarinnar og áherslum um barnvæna borgarskipan.
Greiningin byggir á kortlagningu raunverulegra leiða barna frá hverfum í skóla, sundlaug og íþróttaaðstöðu. Skoðaðir voru:

- Áhrif stofnbrauta á skólasvæði og hindranir í aðgengi
- Aðgangur að göngu- og hjólastígum og gæði þeirra
- Þveranir yfir umferðarþungar götur
- Möguleikar á notkun almenningssamgangna

Helstu niðurstöður

1. **Miklar hindranir eru á sameiningu skólasvæða yfir Miklubraut**, sem krefjast mislægra lausna. Þetta á við t.d. um sameiningu Hlíðaskóla við skóla norðan Miklubrautar.
2. **Snorrabraut skapar verulega hindrun fyrir ung börn**, þó aðgerðir geti bætt aðstæður. Slíkar breytingar hafa áhrif á mikilvæga tengibraut og þurfa vandaða undirbúningsvinnu.
3. **Austurbæjarskóli og Vörðuskóli hafa mjög gott aðgengi** fyrir gangandi og hjólandi börn. Þeir eru miðlægir og innviðauppbygging góð.
4. **Háteigsskóli og Hlíðaskóli standa frammi fyrir áskorunum** vegna nálægðar við stofnbrautir og takmarkaðs aðgengis að sund- og íþróttaaðstöðu.
5. **Strætóleiðir þjóna flestum hverfum**, en nýta þarf betur möguleika almenningssamgangna í skólaakstri.

Forgangsatriði í umferðaröryggi

- Örugg þverun Miklubrautar og Snorrabrautar þarf að vera í forgangi
- Bæta samfellu og gæði stígakerfis í kringum Háteigsskóla og Hlíðaskóla
- Endurmeta skólahverfaskipan út frá öruggum samgönguleiðum
- Setja þarf skýr viðmið um ásættanlegar fjarlægðir og aðgengi eftir aldri barna

Væntingar til áframhaldandi vinnu

- Niðurstöður nýtast við stefnumótun og forgangsröðun verkefna
- Þarf að kanna betur notkun almenningssamgangna í tengslum við grunnskólagöngu
- Greiningaraðferðin má nýtast á fleiri svæðum borgarinnar

Vinnustofa um nýtingu Vörðuskóla

Þann 12. mars 2025 var haldin vinnustofa þar sem var farið yfir nýtingu Vörðuskóla og hvert hans hlutverk á að vera. Þar var farið yfir helstu gögn málsins, sem dregin hafa verið saman hér að ofan, til að meta sviðsmyndir út frá orðnum breytingum og hvaða leið sé ákjósanlegast að fara. Ásamt sviðsmyndunum fimm sem lagðar voru fram í síðustu skýrslu var nýrri sviðsmynd, nefnd sviðsmynd 6, bætt við þegar upp kom sú staða að mögulega gæti húsnæði á Loftleiðareit á Reykjavíkurflugvelli nýst fyrir yngsta stig Hlíðarendahverfis.

Hornsteinar arkitektar, sem unnið hafa að hönnun á ytra byrði hússins voru fengnir til að gera tillögur að innra skipulagi, til að auðvelda mat á hvernig skólahúsnæðið gæti nýst.
Hornsteinar arkitektar kynntu skissutillögur með fjórum útfærslum fyrir mögulega nýtingu Vörðuskóla (fylgiskjal 12). Kynntar voru útfærslur fyrir unglinga- og barnaskóla, útfærsla þar sem núverandi íþróttasalur í miðju húsnæðinu er áfram nýttur fyrir íþróttir, útfærsla þar sem þeim íþróttasal var skipt út fyrir millipall til að bæta tengingar og nýta sem mötuneyti. Þá var einnig skoðað hvort nýta mætti Spennistöðina, eða þær kennslustofur sem eru ofan á henni fyrir sameiginlegt eldhús og mötuneyti fyrir Austurbæjar- og Vörðuskóla

Helstu þemu í umræðum vinnustofunnar voru:

Sjálfstæð eining:
Í umræðum kom fram mikilvægi þess að Reykjavíkurborg hefði yfir að ráða skólahúsnæði í vesturhluta borgarinnar sem hægt væri að nýta þegar annað skólahúsnæði er í viðhaldi. Húsnæði Vörðuskóla verði þannig hannað að það geti virkað sem stakstæð eining, þ.e. þurfi ekki að vera samrekið með öðru húsnæði. Það þýðir að eldhús verði að vera til staðar, eða a.m.k. að möguleiki sé að koma því fyrir og allar helstu lagnir og loftræsting séu til staðar þannig það sé hægt að setja það auðveldlega upp og ekki þurfi að gata útveggi eftir á.

Íþróttir:
Tveir íþróttasalir eru til staðar í Vörðuskóla, sá stærri er fyrir miðju hússins og slítur vestur og austur hlutana nokkuð í sundur. Minni salurinn er í vesturálmunni og er einungis um 150m^2. Mögulegt er að fjarlægja stærri salinn og koma fyrir millipalli og mötuneyti þar. Það myndi þýða betri tengingu milli húshluta og heildstæðari byggingu. Hægt er að nýta litla íþróttasalinn í margskonar hreyfingu. Flestum þátttakendum leist best á útfærslu arkitekta þar sem millipallur er í miðjum salnum. Þó komu upp áhyggjur vegna svo mikilla breytinga á húsnæðinu t.d. hvað varðar burðarþol og kostnað. Minni íþróttasalurinn er of lítill til að kenna unglingum hefðbundnar boltaíþróttir en skoða mætti að leigja sal í Hlíðarenda fyrir þá íþróttatíma og kenna frekar minna plásskrefjandi íþróttir, svo sem þrek/lyftingar/jóga í litla salnum í Vörðuskóla. Sundkennsla færi fram í Sundhöllinni sem er í göngufæri. Algengt er að skólahópar taki rútu í sund og því má segja að þar sem sundkennsla er svona nálægt væri í lagi að ferðast lengra í íþróttakennslu. Jafnframt þarf að huga að nýtingu íþróttasalanna fyrir frístundastarfsemi, sem og annað skólastarf.

Eldhús:

Í skissutillögum arkitekta á vinnustofu var gert ráð fyrir eldhúsi í rýmum sem hafa lága lofthæð. Í eldhúsi þarf að vera næg lofthæð fyrir loftræstingu og tæknibúnað sem fylgir eldhúsinu. Vörumóttaka þarf að vera á jarðhæð og ákjósanlegt er að eldhús og vörumóttaka séu samliggjandi. Þá er einnig mikilvægt að eldhús sé staðsett sem næst mötuneyti svo ekki þurfi að vera flytja mat langar leiðir eða í lyftu. Finna þarf eldhúsi góðan stað í Vörðuskóla. Vegna hæðarkóta og lofthæðar koma ekki mörg rými til greina en mikilvægt er þó að koma því fyrir á hentugum stað til þess að gera megi Vörðuskóla að sjálfstæðri einingu.

Skólalóð:

Á skólalóð Vörðuskóla er leikskólinn Vörðuborg til húsa. Húsnæðið er til bráðabirgða en líklegt er að starfsemi hefjist í Vörðuskóla áður en leikskólinn hefur verið fluttur annað. Á skólalóðinni er því takmarkað pláss fyrir leiktæki fyrir yngri börn. Lóð Austurbæjarskóla sem hefur stóra skólalóð sem tekin verður í gegn á komandi árum. Ef samnýta á skólalóð með Austurbæjarskóla er æskilegt að eldri börn séu í Vörðuskóla og þurfi að ganga með lengri vegalengd að skólalóð.

Unglingaskóli:

Farið var yfir kosti og kalla þess að húsið þjónaði sem barna- eða unglingaskóli. Vinnustofuþátttakendur voru sammála um að húsnæðið, flæði skólans og innra skipulag, auk lóðar og óvissu með nýtingu hennar vegna leikskóla, gerði það að verkum að húsnæðið hentaði best sem unglingaskóli. Þá var rætt að kostur væri að samreka Vörðuskóla og Austurbæjarskóla. Hægt er að samreka eldhús og að einungis ein skólastjórn væri fyrir báða skóla. Verkgreinastofur fyrir unglingadeild gætu verið staðsettar í Austurbæjarskóla sem og öll helstu starfsmannarými.

Samantekt frá vinnustofu

Við rýni á gögnum varðandi stöðu húsnæðis er ljóst að fyrirliggjandi er mikil vinna við viðhald skóla- og frístundahúsnæðis í Reykjavík og brýnasta verkefnið á þessum tímapunkti er að huga að fyrirkomulagi skóla- og frístundastarfs einstakra eininga á meðan á þeirri vinnu stendur. Það er nauðsynlegt að Reykjavíkurborg hafi yfir að ráða húsnæði sem hægt er að nýta tímabundið á meðan á viðhaldi stendur. Niðurstaða skoðunar er að Vörðuskóli sé kjörinn í það hlutverk og á grundvelli þess væri mikilvægt að útbúa hann sem sjálfstæða skóla- og frístundaeiningu.

Fylgiskjöl

1. Fylgiskjal 1_Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs - Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Vörðuskóli, Draumaland, Halastjarnan og Eldflaugin, 105, Gleðibankinn og 100og1, maí 2021.docx
2. Fylgiskjal 2_Samantekt umsagna um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla. Kynning í skóla- og frístundaráði 5. desember 2022.
3. Fylgiskjal 3_Framtíðarskipan skóla í Austurbæ – Mat á kostnaði fimm sviðsmynda, áhættumat, styrkleika- og tækifæramat, dags. í júní 2022.
4. Fylgiskjal 4_Vörðuskólaspá - Forsendur og bakgrunnur
5. Fylgiskjal 5_Skóla- og frístundastarf
6. Fylgiskjal 6_Skólar í Austurborg - Staðreyndablað
7. Fylgiskjal 7_Viðhaldsátak fasteigna 2022-2028_AB LEIÐARLJÓS - Frumrit.pdf
8. Fylgiskjal 8_Græna planið - Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030
9. Fylgiskjal 9_Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf
10. Fylgiskjal 10_Reglur um nýtingu húsnæðis starfsstaða skóla- og frístundasviðs
11. Fylgiskjal 11_Skyrsla_skolasvaedi_austurborg_KJE_HRG_lok
12. Fylgiskjal 12_20241212-Vörðuskóli-A-FORHÖNNUN-drög
13. Fylgiskjal 13_Viðmið um stærðir skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva.docx

Reykjavíkurborg
Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2021
R21100288

Borgarráð

Skýrsla starfshóps um Vörðuskóla og nærliggjandi skólahverfi

Lagt er fram til kynningar skýrsla starfshóps um framtíðarskipan grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

Reykjavíkurborg samþykkti á fundi borgarráðs 29. október 2020 að festa kaup á Vörðuskóla á Skólavörðuholti og fól skóla- og frístundasviði að gera tillögu að safnskóla á unglingastigi í samráði við samliggjandi skólahverfi. Með hliðsjón af spám um þróun nemendafjölda til skemmri og lengri tíma og framtíðarsýn um spennandi skóla- og frístundastarf í anda nýrrar menntastefnu „Látum draumana rætast", var samþykkt að setja af stað starfshóp til að rýna nemendaþróun í þremur skólahverfum. Hópnum, sem skipaður var í febrúar 2021, var ætlað að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla í ljósi aukningar nemendafjölda sem orðið hefur á einstökum starfsstöðvum á undanförnum árum.

Starfshópurinn framkvæmdi SVÓT-greiningu á alls fimm sviðsmyndum sem lagðar voru til í vinnu hópsins:

I. Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.
II. Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þyrfti húsnæði Vörðuskóla með einhverjum hætti.
III. Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.
IV. Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Vörðuskóla.
V. Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingum úr hinum skólunum þremur.

Þessar fimm sviðsmyndir eru því tillögur starfshópsins til áframhaldandi vinnslu. Í rýni á skrifstofu SFS var talin ástæða til að bæta við þeirri sviðsmynd að Austurbæjarskólahúsið verði safnskóli fyrir unglinga en yngri stig í núverandi skólahverfi Austurbæjarskóla verði í Vörðuskóla. Verður þessum sex sviðsmyndum vísað annars vegar til skóla- og frístundasviðs til að leiða frekara umsagnarferli í skólasamfélaginu og hins vegar til umhverfis- og skipulagssviðs til að áhættumeta og kostnaðargreina tillögurnar. Í kjölfar þeirrar vinnu tekur skóla- og frístundasvið afstöðu til þess hvaða sviðsmynd styður best við skólastarfið í viðkomandi skólahverfum og gerir tillögu til borgarstjóra og borgarráðs á þeim grunni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Skýrsla um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs – Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Vörðuskóli, Draumaland, Halastjarnan og Eldflaugin, 105, Gleðibankinn og 100og1.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

2021

Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs

Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Vörðuskóli,
Draumaland, Halastjarnan og Eldflaugin,
105, Gleðibankinn og 100og1.

Starfshópinn skipa:

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS
Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla
Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri Hlíðaskóla
Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS
Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Austurbæjarskóla
Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjadeildar USK
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Inngangur

Reykjavíkurborg samþykkti á fundi borgarráðs 29. október 2020 að festa kaup á Vörðuskóla á Skólavörðuholti og fól skóla- og frístundasviði að gera tillögu að safnskóla á unglingastigi í samráði við samliggjandi skólahverfi. Með hliðsjón af spám um þróun nemendafjölda til skemmri og lengri tíma og framtíðarsýn um spennandi skóla- og frístundastarf í anda nýrrar menntastefnu ,,Látum draumana rætast", var samþykkt að setja af stað starfshóp til að rýna nemendaþróun í þremur skólahverfum. Hópnum, sem skipaður var í febrúar 2021, var ætlað að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla í ljósi aukningar nemendafjölda sem orðið hefur á einstökum starfsstöðvum á undanförnum árum. Hópnum var ætlað að skila af sér skýrslu fyrir lok mars 2021 en frestur fékkst. Hópurinn viðaði að sér upplýsingum og fór meðal annars í vettvangsskoðun í Vörðuskóla og fékk kynningar frá Guðnýju Reynisdóttur, mannauðsráðgjafa á SFS, Ásgeiri Björgvinssyni og Guðrúnu Mjöll Sigurðardóttur, sérfræðingum á skrifstofu sviðsstjóra SFS og Önnu Kristínu Sigurðardóttur, prófessor á Menntavísindasviði HÍ. Hópurinn framkvæmdi SVÓT-greiningu á alls fimm sviðsmyndum sem lagðar voru til í vinnu hópsins en ákveðið var að greina ekki tvær sviðsmyndir (VI og VII) vegna of margra óvissuþátta. Erindisbréf (fylgiskjal 1) og vinna starfshópsins var kynnt skólaráðum og starfsmönnum skólanna þriggja en ekki var gert ráð fyrir frekari kynningu hagaðila á þessu stigi vinnunnar. Stjórnendur Tjarnarinnar fengu einnig kynningu á erindisbréfi og vinnu starfshópsins.

Eftir greininguna var ákveðið að setja hér fram fimm sviðsmyndir og fjalla um svót-greiningu þeirra:

I. Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.
II. Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þyrfti húsnæði Vörðuskóla með einhverjum hætti.
III. Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.
IV. Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Vörðuskóla.
V. Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingum úr hinum skólunum þremur.

Sviðsmyndirnar tvær sem útilokaðar voru án svót-greiningar:

VI. Vörðuskóli og hluti húsnæðis Tækniskólans yrði fyrir unglingadeildir allra þriggja skólanna.
VII. Húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð verði nýtt undir grunnskólastarf í hverfunum þremur.

Eftir SVÓT greiningu sviðsmynda og rýni í spátölur um fjölda barna/nemenda í skólahverfunum þremur til ársins 2040 var hópurinn sammála um að ekki væri ástæða til að fjalla frekar um fleiri tillögur en fimm þar sem þær voru óhagkvæmar og of margir ágallar á sviðsmyndum.

Áhersla Reykjavíkurborgar er á þéttingu byggðar, sjálfbærni og samnýtingu húsnæðis. Þétting byggðar hefur óhjákvæmilega áhrif á innra skipulag eldri hverfa og skóla- og frístundahúsnæði nær ekki alltaf að mæta auknum barna- og nemendafjölda með góðu móti. Í vinnu sem þessari er mikilvægt að rýna vel samgöngur milli hverfa. Í *Græna plani* Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að þjónusta í hverfum verði í göngu- eða hjólafæri og yfirfara þarf göngu- og hjólaleiðir barna með tilliti til þess.

Greinargerð

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Spár til 20 ára gera ráð fyrir fjölgun nemenda í þessum skólahverfum úr 1420 árið 2020 í 1858 árið 2040 og því er ljóst að bregðast þarf við vandanum strax (mynd 1).

Mynd 1. Nemendafjöldi og þol skólanna þriggja til ársins 2040. Miðað er við að nemendur frá Hlíðarenda fari í Hlíðaskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	547	419	128	457	90	470	77
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	427	544	-117	678	-251	779	-352
Samtals	1.349	**1.420**	**-71**	**1.672**	**-323**	**1.873**	**-524**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda. Færanlegar skólastofur eru ekki teknar með í m² grunnskólanna.

Nú þegar hús Vörðuskóla býðst fyrir skóla- og frístundastarf þarf að skoða með hvaða hætti það húsnæði nýtist best. Þó þarf að hafa í huga að jafnvel þó Vörðuskóli bætist við það húsnæði sem skólarnir þrír, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar nýta nú þegar, er ljóst að þegar horft er til ársins 2040 nægir þetta húsnæði ekki til að mæta þeim aukna fjölda nemenda sem spáð er á svæðinu. Starfshópurinn ákvað strax að skoða allar mögulegar sviðsmyndir fyrir svæðið í heild jafnt sem fyrir hvern skóla auk frístundastarfs. Á tímabili var unnið með sjö hugsanlegar sviðsmyndir en eftir SVÓT-greiningu var þeim fækkað niður í fimm og er þeim lýst nánar hér á eftir.

Húsnæði

Húsnæði er stór þáttur í að þróa gott og framsækið skóla- og frístundastarf. Hér verður gerð grein fyrir húsnæði skólanna þriggja, auk Vörðuskóla. Í öllum sviðsmyndum er gert ráð fyrir að rými Spennistöðvar og stofur þar fyrir ofan fylgi því húsnæði sem unglingar eru í, þ.e. Austurbæjarskóla eða Vörðuskóla (830 m²). Í fylgiskjölum er að finna gildandi deiliskipulag skólanna (fylgiskjöl 2-5), teikningar af Vörðuskóla (fylgiskjal 6) og úttektarskýrslu um Austurbæjarskóla (fylgiskjal 7).

Austurbæjarskóli

Austurbæjarskóli var tekinn í notkun 1930 og er ytra byrði hússins friðað. Heildarstærð Austurbæjarskóla, án íþróttarýmis er um 5.380 m². Auk þess hefur skólinn til umráða 490 m² rými Spennistöðvar vestan við húsið frá 8.20-14.00 alla virka daga. Ofan á Spennistöðinni er um 340 m² rými sem hýsir fjórar kennslustofur og miðrými.

Kennslustofur í Austurbæjarskóla eru misstórar allt frá tæpum 40 m² til 53 m². Ekki er gengt á milli stofa. Í skólanum eru auk þess 5 sérgreinastofur ætlaðar til tónlistar-, textíl-, hönnunar/smíði/nýsköpunar-, heimilisfræði- og myndlistarkennslu auk 6 kennslustofa sem nú eru nýttar undir Íslenskuver, námsver, fundarými og aðstöðu fyrir námsráðgjafa. Þá eru í skólanum 3 minni rými sem nýtt eru undir stoðþjónustu.

Bíósalur með sviði og föstum sætum fyrir áhorfendur er eini samkomusalur skólans og tekur hann 125 í sæti. Þá er í húsinu 158 m² bókasafn, 157 m² íþróttasalur og 47 m² sundlaug sem nú er nýtt fyrir yngstu nemendur skólans. Aðrir sækja skólasund í Sundhöll Reykjavíkur. Í skólanum er mötuneyti fyrir nemendur og þrískiptur matsalur sem ekki er nýttur í annað.

Ein kennslustofa hýsir vinnustofu kennara, þá er kaffistofa starfsmanna, opið rými fyrir ritara, skrifstofa skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Fimm minni rými eru á neðri hæðum þar sem auk geymslurýmis er aðstaða fyrir umsjónarmann, skólahjúkrunarfræðing og tónlistarkennslu skólahljómsveitar. Í risi er rými fyrir frístundaheimili, textílkennslu, frímínútna aðstöðu fyrir nemendur í unglingadeild, skólamunastofu og geymslur. Ekki er lyfta í húsinu.

Starfsemi frístundaheimilis Draumalands er dreifð og fer fram í rými í risi skólans (90 m²) og í þremur lausum kennslustofum á lóð skólans (um 244 m²). Auk þess hefur Draumaland aðgang að Spennistöð (490 m²), tölvustofu, bókasafni og íþróttasal skólans í hverri viku.

Spennistöðin, félags- og menningarmiðstöð í miðborg Reykjavíkur, er nýtt sameiginlega af frístundamiðstöðinni Tjörninni og Austurbæjarskóla og ber Tjörnin ábyrgð á rekstri húsnæðisins. Húsnæðið sem er 490 m² er nýtt undir kennslu fyrri part dags en sem félagsmiðstöðin 100og1 utan þess ásamt fleirum. Húsnæðið er einnig notað af íbúa- og félagasamtökum til að efla menningar- og félagsstarf í miðborginni. Tjörnin ákveður nýtingu húsnæðisins utan skólatíma í samráði við húsráð Spennistöðvarinnar og er ráðgefandi varðandi nýtingu húsnæðis og starfsemi hennar.

Aðgengismálum í Austurbæjarskóla er ábótavant og ljóst að nær ógerlegt er að gera húsnæðið að fullu aðgengilegt fyrir fólk sem er bundið í hjólastól. Er það m.a. vegna þess hvernig húsið er byggt, og einnig vegna þess að það er friðað. Þó er hægt að bæta aðgengismál í skólahúsinu og á lóðinni til muna fyrir flesta aðra hópa fatlaðs fólks.

Sérfræðingar í þessum málaflokki hjá verkfræðistofunni VSÓ hafa lokið aðgengisúttekt á skólanum (fskj. 7).

Háteigsskóli

Háteigsskóli varð formlega hverfisskóli 1968 og jafnframt æfinga- og tilraunaskóli við Kennaraskólann. Heildarstærð Háteigsskóla er 4,325 m². Í Háteigsskóla eru um 460 nemendur í 1. til 10. bekk. Skipulag skólahúsnæðis miðast út frá starfsemi kennslu. Kennslustofur skólans eru allar svipaðar af stærð í kringum 60 m². Innangengt er á milli flestra stofa.

Í skólanum eru fjórar sérgreinastofur sem ætlaðar eru til 80,3 m² myndmenntarkennslu, 67,2 m² tónlistarkennslu, 94,9 m² smíða-/hönnunarkennslu, 75,2 m² matreiðslukennslu og 49,4 m² leiklistarkennslu. Einnig eru í skólanum sjö rými sem nýtt eru fyrir 140 m2 bókasafn,195 m² stoðkennslu/námsver, námsráðgjafa 8,5 m² og 42 m² skrifstofu skólans. Tvær lyftur eru í húsinu, staðsettar á unglinga- og yngsta/miðstigi. Að auki eru staðsettar á lóðinni færanlegar kennslustofur 125 m² sem hýsa einn árgang skólans vegna húsnæðisskorts.

Hátíðarsalur skólans er eini samkomusalur skólans 194 m² og tekur 120 manns í sæti, þar er svið og tækniherbergi. Skólamötuneyti er fyrir alla árganga og matur fluttur úr eldhúsi í hátíðarsal skólans þar sem nemendur matast. Sund- og íþróttakennsla skólans fer fram í Laugardalslaug og íþróttahúsi staðsettu við lóð skólans sem er í eigu Menntavísindasviðs.

Starf frístundaheimilisins Halastjörnunnar fer að stórum hluta fram í færanlegum stofum á lóð skólans 369 m² og að auki hefur Halastjarnan aðgengi að bókasafni, leiklistarstofu, matreiðslustofu og samkomusal skólans. Félagsmiðstöðin 105 er með aðstöðu inni í skólanum í stofu sem er 45,7 m². Skortur er á hjartarými og vinnuaðstöðu starfsmanna. Félagsmiðstöðin 105 samnýtir alla aðstöðu með skólanum.

Hlíðaskóli

Hlíðaskóli hóf starfsemi sína í núverandi húsnæði árið 1960. Byggt hefur verið við skólann í tvígang. Í fyrri stækkuninni bættust við 4 kennslustofur fyrir unglinga og hátíðarsalur þegar byggt var við austurenda skólans. Seinni stækkunin var gerð árið 2006 í tengslum við einsetningu skólans og sameiningu Vesturhlíðarskóla og Hlíðaskóla. Byggt var þvert á skólabygginguna, skólinn fékk aðalinngang, nýjar list- og verkgreinastofur, mötuneyti 128 m² fyrir nemendur og 85,7 m² fyrir starfsmenn, vinnuherbergi kennara 49,3 m², stjórnunarálmu og kennslurými fyrir Táknmálssvið. Í þessum framkvæmdum var kjallari í suðurenda skólans dýpkaður og útbúið rými fyrir frístundaheimili 178.1 m².

Í dag er skólahúsnæðið 6877 m², íþróttahúsið sem stendur á skólalóðinni er 788 m². Færanlegar skólastofur eru tvær og eru þær 170 m². Skólinn rúmar um 450 nemendur miðað við 11 m² fyrir hvern nemanda en í dag stunda 556 nemendur nám við skólann og fer nemendum fjölgandi. Skólinn er á tveimur til þremur hæðum. Kjallari er undir stórum hluta húsnæðisins en lofthæð þar er ekki full og nýtist hann því ekki nemendum. Níu inngangar eru inn í skólann.

Aðgengi fyrir fatlaða er ábótavant. Lyfta var sett í húsnæðið árið 2006. Í kennslustofum þar sem heyrnarskertir eða heyrnarlausir nemendur stunda nám eru hljóðkerfi til staðar. Nauðsynlegt er að kennslustofurnar séu rúmgóðar þannig að pláss sé fyrir táknmálstúlka.

Íþróttahús skólans annar ekki núverandi nemendafjölda og er hluti af nemendum í útileikfimi eða fær kennslu í hátíðarsalnum sem er engan veginn útbúinn fyrir þá kennslu.
Matsalur nemenda er of lítill og er hljóðvist þar slæm. Ekki verður hægt að bæta fleiri borðum þar við næsta haust þegar nemendafjöldi eykst enn frekar. Hljóðvist í matsal starfsmanna er slæm og vinnuaðstaða kennara er lítil.

Frístundaheimilið Eldflaugin er með aðstöðu í lausum kennslustofum sem eru á skólalóðinni auk rýmis í kjallara skólans. Auk þess nýtir frístundaheimilið matsal, tækniver, bókasafn og náttúrufræðistofu. Gleðibankinn félagsmiðstöð unglinga samnýtir kennslustofu á unglingastigi, tækniver, gang og samkomusal með skólanum en hefur ekkert sérrými til afnota og enga starfsmannaaðstöðu.

Vörðuskóli

Um nokkurt skeið hefur verið horft til þess að nota Vörðuskóla á Skólavörðuholti fyrir grunnskóla- og frístundastarf í borginni. Á fundi borgarráðs þann 29. október 2020 var tekin ákvörðun um að borgin eignaðist húsið. Húsnæðið er eitt af sköpunarverkum Guðjóns Samúelssonar arkitekts. Húsnæðið var áður í eigu Tækniskólans sem nú hefur hætt allri starfsemi í húsinu. Skólinn sem stendur við hlið Austurbæjarskóla þarfnast töluverðra endurbóta, m.a. vegna myglu en hér er horft til þeirra möguleika að nýta húsið undir grunnskóla- og frístundastarf og leysa þannig þrengingar í skólunum þremur.

Húsnæði Vörðuskóla er 2585 m². Gildandi deiliskipulag heimilar viðbyggingu við Vörðuskóla allt að 905 m² á tveimur og hálfri hæð (fylgiskjal 5). Teikningar Vörðuskóla eru í fylgiskjali 6.

Frístundastarf samofið skólastarfi

Samkvæmt *Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025* er almennt gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnæði grunnskóla.

Frístundaheimili á yngsta stigi

Í grunnskólum sem hafa yngsta stig þarf að vera góð aðstaða fyrir frístundaheimili. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi barna í 1.-4. bekk lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsemi frístundaheimila byggir á hugmyndafræði frístundamiðstöðva og frístundastarfs án aðgreiningar. Markmið frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsríkan frítíma þar sem börnin fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskipti í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu (Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS, 2015).

Til er form fyrir samninga milli grunnskóla og frístundaheimila þar sem fram kemur hvers konar rými frístundaheimili þurfa að búa yfir. Þar kemur m.a. fram að stærð sérrýmis frístundaheimilis þurfi að vera u.þ.b. 1 m² af nettó vinnurými fyrir hvert barn en 2 m² fyrir barn með fötlun og heildarrýmið 4 m² á barn en 8 m² fyrir barn með fötlun. Rými frístundaheimila getur því að ¾ hluta verið rými sem er samnýtt með grunnskóla. Æskilegt er að frístundaheimilið hafi eitt sérrými fyrir 1. og 2. bekk og annað sérrými fyrir 3. og 4. bekk. Sjá samningsform í fylgiskjali 7.

Félagsmiðstöð á miðstigi

Í grunnskólum sem hafa miðstig en ekki unglingastig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára. Gert er ráð fyrir að félagsmiðstöðin sem er við unglingaskólann sem börnin fara í sjái um starfið.

Félagsmiðstöð á unglingastigi

Í grunnskólum sem hafa unglingastig þarf að vera góð aðstaða fyrir félagsmiðstöð. Félagsmiðstöðvar eru fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára. Hlutverk félagsmiðstöðva er tvíþætt. Annars vegar er hlutverk þeirra að bjóða börnum og unglingum á aldrinum 10-16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þeirra að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á að virkja börn og unglinga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkum þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Hópastarf og opið starf eru þar kjölfestan. Gert er ráð fyrir að þjónustutími félagsmiðstöðva sé tvískiptur. Annars vegar er um að ræða viðveru frístundaráðgjafa á skólatíma barna og unglinga. Hins vegar er um að ræða almennan opnunartíma í starfi félagsmiðstöðva sem skiptist í dagopnun og kvöldopnun.

Til er form fyrir samninga milli grunnskóla og félagsmiðstöðva þar sem fram kemur hvers konar rými félagsmiðstöðvar þurfa að búa yfir. Þar kemur m.a. fram að sérrými félagsmiðstöðvar þurfi að vera að lágmarki 65 m² en að heildarrými sem börn, unglingar og starfsmenn félagsmiðstöðvar hafi aðgang að eftir skólatíma sé að lágmarki 350 m². Sérrými telst hluti af fermetrafjölda heildar rýmis. Sjá samningsform í fylgiskjali 8.

Samgöngur

Rýna þarf samgönguæðar, hvernig ferðir Strætó falla að þjónustu við nemendur sem koma úr þessum hverfum og kanna möguleika á þörf fyrir annars konar samgöngubætur. Ljóst er að nemendur þurfa að fara um mislangan veg og yfir misfjölfarnar götur ef breyta á skólahverfum t.d. með nýjum unglingaskóla.

Viðmið um skólastærðir

Varðandi stærðir skóla hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sett fram eftirfarandi viðmið:

> *Nýbyggingar heildstæðra grunnskóla skulu að jafnaði vera fyrir 550-650 nemendur. Heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk; Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglinga.*

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförnum misserum verið að móta hugmyndir um nýjar útfærslur sem fela í sér meiri samlegð skóla- og frístundastarfs og samýtingu á aðstöðu. Þar er horft til skipulags starfseminnar með þeim hætti að skynsamlegt sé að tengja betur leikskólann, yngri bekki grunnskólans og frístundaheimili til þess að tryggja samfellu í heilsdags, heilsárs þjónustu við barnafjölskyldur auk þess að tengja mið- og unglingastig og starfsemi félagsmiðstöðva betur saman.

Mismunandi skólagerðir

Hefð hefur skapast fyrir heildstæðum grunnskólum á Íslandi líkt og á hinum Norðurlöndunum. Þeir skólar í Reykjavík sem ekki eru heildstæðir skiptast oftast við unglingastig og eru unglingaskólarnir flestir safnskólar. Ekki er til opinber stefna Reykjavíkurborgar hvað þetta varðar né heldur rannsóknir sem styðja við eina skólagerð umfram aðra. Rannsóknir sýna að faglegt starf í skólum og skólastjórnun er það sem mest áhrif hefur á skólabrag. Kostur við þrengra aldursbil í skólum er kannski helst sá að sérhæfing getur orðið meiri.

Sviðsmyndir

Sviðsmynd I

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla og byggja þurfi við Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðin 105 verður starfrækt í Háteigsskóla og félagsmiðstöðin Gleðibankinn í Hlíðaskóla sameinuð 100og1. Því þarf að:

A. Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist unglingar úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.
B. Sameina félagsmiðstöðvarnar 100og1 og Gleðibankann.
C. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland í Austurbæjarskóla og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.
D. Byggja við Háteigsskóla og gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöðina 105 í skólanum.

Mynd 2. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd I. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	305	311	-6	364	-59	399	-94
Samtals	**1.589**	**1.420**	**176**	**1.673**	**-84**	**1.872**	**-283**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Mynd 3. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd I. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	305	311	-6	364	-59	399	-94
Samtals	**1.589**	**1.420**	**176**	**1.673**	**-84**	**1.872**	**-283**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum nemenda. Sterkur starfsmannahópur sem hefur sérhæft sig í kennslu unglinga. Stærri félagsmiðstöð unglinga þar sem margir sækja sama íþróttafélag. Ekki þarf að byggja við Hlíðaskóla og frístundaheimilið Eldflaugin fái meira rými innan skólans. Öll börn og unglingar af Hlíðarendasvæði færu í sömu skólana. Háteigsskóli heldur sinni sérstöðu í stærra húsnæði.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skóla- og frístundastarfi Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla með nýjum tengslum foreldra. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla- og frístundastarfs gætu orðið flóknar/erfiðar. Tryggja þarf aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk. Erfitt gæti reynst að byggja við Háteigsskóla. Mannauður gæti tapast í skóla- og frístundastarfi við sameiningu unglingastigs tveggja skóla. Sameina þarf félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann og 100og1.

Sviðsmynd II

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur og að skóla- og frístundastarf fyrir 1.-7. bekk verði í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Háteigsskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:

A. Stækka húsnæði Vörðuskóla.
B. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann, 100og1 og 105.
C. Skilgreina húsnæði Spennistöðvarinnar sem hluta af starfsemi unglingaskóla Vörðuskóla.

Mynd 4. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd II. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	305	453	-148	530	-225	592	-287
Samtals	**1.595**	**1.420**	**175**	**1.673**	**-78**	**1.872**	**-277**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Mynd 5. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd II. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	305	453	-148	530	-225	592	-287
Samtals	**1.595**	**1420**	**175**	**1.673**	**-78**	**1.872**	**-277**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla og félagsmiðstöðvar í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali, sterkri faggreinakennslu og auknum félagatengslum nemenda. Sterkur starfsmannahópur með sérhæfingu á unglingastigi. Stærri félagsmiðstöð fyrir unglinga sem margir sækja sama íþróttafélag. Ekki þarf að byggja við skólana þrjá sem fyrir eru. Möguleiki á sterku samstarfi við aðra unglingaskóla í nágrenninu. Sterkur starfsmannahópur félagsmiðstöðvarinnar 100og1 með auknum mannauði og samræmingu á starfsháttum. Hægt væri að horfa sérstaklega til unglingamenningar þegar nýr skóli yrði innréttaður.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skóla - og frístundastarfi og hefðum einingana með nýjum tengslum foreldra. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla- og frístundastarfs gætu orðið flóknar/erfiðar. Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi þarf að fá aðstöðu í yngri skólunum. Húsnæði Vörðuskóla rúmar ekki alla unglinga frá þessum þremur skólum. Fagauður gæti tapast í frístundastarfinu þar sem að þrjár félagsmiðstöðvar yrðu sameinaðar í eina þ.e. félagsmiðstöðina Gleðibankann í Hlíðaskóla, félagsmiðstöðina 105 í Háteigsskóla og 100og1 í Austurbæjarskóla

Sviðsmynd III

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin Gleðibankinn verður starfrækt í Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðvarnar 105 í Háteigsskóla og 100og1 í Austurbæjarskóla verða sameinaðar. Því þarf að:

A. Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist unglingar úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla.
B. Sameina félagsmiðstöðvarnar 105 og 100og1.
C. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Austurbæjarskóla. Einnig þarf að gera ráð fyrirrými fyrir frístundaheimiliðHalastjörnuna og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Háteigsskóla..
D. Byggja við Hlíðaskóla og gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimilið Eldflaugina og félagsmiðstöðina Gleðibankann í skólanum.

Mynd 6. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd III. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	427	544	-117	619	-192	720	-293
Vörðuskóli	305	301	4	356	-51	386	-81
Samtals	**1.589**	**1.420**	**169**	**1.672**	**-83**	**1.870**	**-281**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Mynd 7. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd III. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	427	544	-117	678	-251	779	-352
Vörðuskóli	305	301	4	338	-33	370	-65
Samtals	**1.589**	**1.420**	**169**	**1.672**	**-83**	**1.872**	**-283**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum. Stærri félagsmiðstöð nemenda sem flestir sækja sama íþróttafélag. Ekki þarf að

byggja við Háteigsskóla. Hlíðaskóli heldur sinni sérstöðu í stærra húsnæði og frístundaheimilið Eldflaugin og félagsmiðstöðin Gleðibankinn frá aðstöðu fyrir sitt starf inni í skólanum.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skóla- og frístundastarfi Austurbæjarskóla og Háteigsskóla með nýjum tengslum foreldra og barna. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla- og frístundastarfs gætu orðið flóknar/erfiðar. Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi þarf að fá aðstöðu inni í mannvirkinu. Mannauður gæti tapast. Sameina þarf félagsmiðstöðvarnar 105 og 100og1.

Sviðsmynd IV

Í sviðsmyndinni felst að Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur og nemendur í 1.-7. bekk Austurbæjarskóla færu í Vörðuskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 þjóni miðstigi og unglingum í Austurbæjarskóla auk miðstigum Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:

A. Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist nemendur 1.-7. bekkjar Austurbæjarskóla, frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöð fyrir 5.-7.bekk.
B. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla.

Mynd 8. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd IV. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	559	453	106	530	29	592	-33
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	223	260	-37	326	-103	333	-110
Samtals	**1.595**	**1.420**	**175**	**1.673**	**-78**	**1.872**	**-277**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Mynd 9. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd IV. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	559	453	106	530	29	592	-33
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	223	260	-37	285	-62	292	-69
Samtals	**1.595**	**1.420**	**175**	**1.673**	**-78**	**1.872**	**-277**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Stærð og gerð húsnæðis Vörðuskóla gæti hentað betur fyrir aldur og fjölda nemenda á yngri stigum Austurbæjarskóla. Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum. Stærri félagsmiðstöð nemenda sem margir sækja sama íþróttafélag. Ekki þarf að byggja við neinn skóla strax. Aukið rými fyrir frístundastarf skapast í yngri skólunum.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skólahaldi allra skólanna þriggja með nýjum tengslum barna og foreldra. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla gætu orðið flóknar/erfiðar. Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi gæti orðið flókið. Mannauður gæti tapast. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla.

Sviðsmynd V

Í sviðsmyndinni felst að húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli sem tæki einnig við unglingum í 8.-10. bekk úr hinum skólunum tveimur. Félagsmiðstöðin 100og1 þjóni miðstigi og unglingum í Austurbæjarskóla auk miðstigum Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:

A. Lagfæra Vörðuskóla og byggja við hann svo þar rúmist nemendur Austurbæjarskóla auk unglingadeilda Háteigsskóla og Hlíðaskóla.

B. Gera þarfráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöðina 100og1 í Austurbæjarskóla.

C. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Háteigsskóla einnig fyrir frístundaheimilið Eldflaugina og félagsmiðstöð f. miðstig í Hlíðaskóla.
D. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann, 100og1 og 105.

Mynd 10. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd V. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	782	713	69	856	-74	925	-143
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Mynd 11. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd V. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

	Skólastarf	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	782	713	69	815	-33	884	-102
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Samtals	**1.595**	**1.420**	**175**	**1.673**	**-78**	**1.872**	**-277**

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali á unglingastigi og auknum félagatengslum. Stærri félagsmiðstöð unglinga sem öll sækja sama íþróttafélag og skóla. Ekki þarf að byggja við neinn skóla strax. Samlegðaráhrif húsnæðis Austurbæjarskóla og Vörðuskóla. Betri aðstaða fyrir frístundastarf í Háteigsskóla og Hlíðaskóla fyrir 1.-7.bekk.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skólahaldi allra skólanna þriggja með nýjum tengslum barna og foreldra. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla gætu orðið flóknar/erfiðar. Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi og skólar samnýta aðstöðu. Mannauður gæti tapast. Austurbæjarskóli/Vörðuskóli mögulega orðinn of stór. Aðstaða fyrir frístundastarf gæti orðið lítil og þröng. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla.

Lokaorð

Hér hafa verið reifaðar fimm sviðsmyndir sem starfshópurinn valdi og taldi álitlegastar af þeim sjö sviðsmyndum sem fram komu í hugmynda- og greiningarvinnu hópsins. Hópurinn fundaði alls 10 sinnum frá byrjun mars til byrjun maí árið 2021. Þessar fimm sviðsmyndir eru því tillögur starfshópsins til áframhaldandi vinnslu.

Fylgiskjöl:

1. Erindisbréf fyrir starfshópinn
2. Gildandi deiliskipulag - Austurbæjarskóli
3. Gildandi deiliskipulag - Háteigsskóli
4. Gildandi deiliskipulag - Hlíðaskóli
5. Gildandi deiliskipulag - Vörðuskóli
6. Teikningar af Vörðuskóla
7. Úttektarskýrsla: Austurbæjarskóli ferlimál ástandsskoðun
8. Samningsform - frístundaheimili
9. Samningsform - félagsmiðstöð

[SFS2021010120]

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

E R I N D I S B R É F[1]

Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

Ábyrgðarmenn: Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Austurbæjarskóla.

Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði skólanna. Haustið 2020 eignaðist Reykjavíkurborg Vörðuskóla á Skólavörðuholti og var skóla- og frístundasviði falið að útfæra starfsemi fyrir unglingaskóla í húsnæðinu. Þessi staða kallar á endurskoðun á þeirri vinnu sem þegar var hafin til að fá ferska sýn á stöðuna.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla í ljósi aukningar nemendafjölda sem orðið hefur á einstökum starfsstöðvum á undanförnum árum.

Hlutverk:
Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi.

Helstu verkefni:
- Að skoða tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið í vinnu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
- Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið um skipulags- og samgöngumál í hverfunum.
- Að huga að og meta mótvægisaðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.
- Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

[1] Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-_og_styrihopa.pdf

Starfshópinn skipa:
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS
Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Austurbæjarskóla
Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri Hlíðaskóla
Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla
Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri USK, Frumathuganir mannvirkja
Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

Starfsmenn/verkefnisstjórar starfshópsins:
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir.

Til ráðgjafar og samstarfs:
Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

Starfstími:
Hópurinn starfar til 31. mars 2021.

Reykjavík, janúar 2021

Helgi Grímsson sviðsstjóri



HLUTI AF GILDANDI DEILISKIPULAGI SKÓLAVÖRÐUHOLTS, mkv. 1:1000
Samþykkt í Borgarráði Reykjavíkur 13. nóvember 2001



TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI "SKÓLAVÖRÐUHOLTS" VEGNA LÓÐAR AUSTURBÆJARSKÓLA, mkv 1:1000

HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2001-2024

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðamörk
- Byggingareitur færanlegra kennslustofa
- Gróður / græn svæði
- Göngusvæði

SKÓLAVÖRÐUHOLT

DEILISKIPULAGSBREYTING VEGNA LÓÐAR AUSTURBÆJARSKÓLA

Dags: 22. september 2011

Mælikvarði: 1:1000 /1:500/1:250

GREINARGERÐ

Upphaflegt heildardeiliskipulag fyrir svæðið "Skólavörðuholt" var samþykkt í borgarráði 25.06.1996.
13.nóvember 2001 samþykkti Borgarráð breytingu á því og er sú breyting grunnurinn að breytingu þessari.
22.júní 2005 samþykkti Skipulagsráð staðsetningu tveggja færanlegra kennslustofa – ásamt tengigangi – til bráðabirgða til tveggja ára, á lóð Austurbæjarskóla.
Forsendur fyrir breytingunni er ósk um að færanlegu kennslustofunnar geti staðið í lengri tíma en tvö ár og geti orðið þrjár. Fyrirhuguð starfsemi í þeim er m.a. starfsemi frístundaheimilis.

DEILISKIPULAGSBREYTING :
Breytingin nær til lóðar Austurbæjarskóla og felst í því að gerður er nýr byggingarreitur fyrir allt að þrjár færanlegar kennslustofur ásamt tengigangi, á norðaustur-hluta lóðar Austurbæjarskóla við Bergþórugötu.

Hver kennslustofa er allt að 70m2 að stærð auk tengigangs.
Heildarbyggingarmagn innan nýss byggingarreits getur orðið allt að 300m2.

Heimil hámarkshæð bygginga er 4.2m frá gólfkóta húss.
Sjá meðfylgjandi skýringarmynd (sneiðing A-A.)

Lóð verður aðlöguð byggingum og hæðalega verður þannig að hún valdi sem minnstu raski á skólalóðinni.

Að öðruleiti gilda eldri skilmálar



SKÝRINGARMYND, mkv. 1:500



ÁSÝND A-A, SUÐURÚTLIT, mkv. 1:250

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123 / 2010 var samþykkt í Borgarráði, þann 8. des. 2011
og í Embættist. skipul. þann 3. febr. 2012

Tillagan var auglýst frá 16. des. 2011
með athugasemdafresti til 1. febrúar 2012

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 22. júní 2012

Ritari Borgarráðs

UNNIÐ FYRIR
FRAMKVÆMDA OG EIGNASVIÐ
REYKJAVÍKURBORGAR

hornsteinar
arkitektar ehf

vinnustofa Ingólfsstræti 5, 101 reykjavík
sími: 511 7011
netfang: hornsteinar@hornsteinar.is

Bólstaðarhlíð 47 - Háteigsskóli - Breyting á deiliskipulagi v. færanlegra kennslustofa

SFS2021010120



Gildandi deiliskipulag fyrir Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóla. Breyting samþykkt í Borgarráði 30.apríl 2015. Mkv.1.1000



Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Bólstaðarhlíð 47. Mkv.1:1000

GREINAGERÐ:

Gildandi deiliskipulag.
Í gildi er breytt deiliskipulag fyrir Bólstaðarhlíð 47 samþykkt í Borgarráði 30.apríl 2015 og auglýst í B-deild Stjórnatíðinda 29.072015.

Á lóðinni er grunnskóli. Heildarstærð skólalóðar er 11.696 m² eftir breytingu á lóðamörkum.
Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er staðsetning bílastæða leiðbeinandi.
Á lóðinni eru þrjár færanlegar stofur á byggingarreit samþykktum 2015.

Breyting á deiliskipulagi.
Breytingin felst í því að koma fyrir byggingarreit fyrir tvær færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar.
Stofurnar verða nýttar fyrir kennslu.
Nýja stofan er einnar hæðar með mænisþaki og er um 80 m² hvor auk um 2m² tengigangs.
Auk þess er lóðarmörkum að Stakkahlíð 1 breytt í samræmi við gildandi deiliskipulag á þeirri lóð.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Helstu stærðir:

FYRIR BREYTINGU		EFTIR BREYTINGU	
Lóðarstærð:	11.492 m2	Lóðarstærð:	11.696 m2
Byggingar (brúttó)		Byggingar (brúttó)	
Háteigsskóli	4.199 -	Háteigsskóli	4.199 -
Færanlegar skólastofur	210 -	Færanlegar skólastofur	380 -
Alls	4.409 m2	Alls	4.579 m2
Nýtingarhlutfall á lóð	0,38	Nýtingarhlutfall á lóð	0,39

Skýringarmynd: Loftmynd með færanlegum kennslustofum bætt inn á. Mkv.1:1000

HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

Afmörkun breytingar
Lóðamörk
Byggingarreitur f. færanlegar kennslustofur
Eldri lóðamörk (falla niður)

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og samgönguráði, þann 22. ágúst 2018 og í borgarráði þann 30. ágúst 2018.

Tillagan var auglýst frá 30. maí 2018 með athugasemdafresti til 11. júlí 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____ 20__

Björn Axelsson

Staðgreinir : 0-1-1271201

Verk: BÓLSTAÐARHLÍÐ 47	Teikn.nr. 1
HÁTEIGSSKÓLI	DBÓL47-18006
Deiliskipulagsbreyting vegna færanlegra kennslustofa	Mkv. 1:1000
Teiknað/hannað af DH	Dags. 26.04.2018

Rúnar Gunnarsson arkitekt FAÍ 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt FAÍ 220849-3769
Anna María Benediktsdóttir arkitekt 041265-3969
Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík, sími: 411- 8000

DEILISKIPULAGSBREYTING FYRIR HLÍÐASKÓLA, HAMRAHLÍÐ 2



HLUTI AF DEILISKIPULAGUPPDRÆTTI FRÁ 2006 — minnkað úr mkv. 1:500 í 1:1000



DEILISKIPULAGSBREYTING — 1:1000



SKÝRINGARUPPDRÁTTUR — 1:500

GREINARGERÐ

Núverandi ástand:
Í gildi er deiliskipulag frá 2006, samþykkt í skipulagsráði þann 19.júlí 2006 og í borgarráði þann 27.júlí 2006.

Breyting á gildandi deilskipulagi nær til lóðar Hlíðaskóla, sem afmarkast af götunum Hamrahlíð, Háahlíð og Hörgshlíð.

Heimilisfang lóðarinnar sem um ræðir er Hamrahlíð 2, 105 Reykjavík.

Á lóðinni er skólabygging, 6.877 m² að stærð, íþróttahús, 788 m² að stærð og dælustöð, 18 m² að stærð.

Breytingin felst í:
-Byggingarreitur er skilgreindur fyrir færanlegar skólastofur norðan megin íþróttahúss, fyrir frístundastarf skólans.

-Byggingarreitur er hafður rúmur sökum landhalla sem getur haft áhrif á endanlega staðsetningu stofanna.

-Lagt er til að inngangar í stofur verði að vestan megin, sjá skýringaruppdrátt sem sýnir mögulegar staðsetningar á stofum.

HELSTU STÆRÐIR:

Núverandi ástand (skv. gildandi deiliskipulagi)		**Eftir breytingar**	
Lóðarstærð: 18.598 m²		Lóðarstærð: 18.598 m²	
Byggingar (brúttó):		Byggingar (brúttó):	
Hlíðarskóli	6.877 m²	Hlíðarskóli	6.877 m²
Íþróttahús	788 m²	Íþróttahús	788 m²
Dælustöð	18 m²	Dælustöð	18 m²
		Færanlegar skólastofur	um 170 m²
Alls:	**7.683 m²**	**Alls:**	**7.853 m²**
Nýtingarhlutfall á lóð: 0,41		Nýtingarhlutfall á lóð: 0,42	



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

- LÓÐAMÖRK
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- NÝR BYGGINGARREITUR FYRIR FÆRANLEGAR SKÓLASTOFUR
- (6) HÚSNÚMER

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Borgarráði þann 4. mars 2015 og á embættisst. skipulagsfulltrúa þann 29. apríl 2015.

Tillagan var auglýst frá 9. mars 2015 með athugasemdafresti til 20. apríl 2015.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 15. maí 2015

Björn Axelsson

Verk: HAMRAHLÍÐ 2, 105 REYKJAVÍK	Teikn.nr.
Staðgreinir 1.730.001	
Hlíðaskóli	Mkv. 1:1000, 1:2000, 1:200
Deiliskipulagsbreyting	
Teiknað/hannað af: EHF	Dags. 18.2.15
1.730.0	A2

Rúnar Gunnarsson arkitekt faí 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt faí 220849-3769
Eva Huld Friðriksdóttir arkitekt faí 300176-4619
Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411- 8000

SKÓLAVÖRÐUHOLT, BREYTING Á DEILISKIPULAGI



Gildandi deiliskipulagsuppdráttur "Skólavörðuholt" sem var samþykkt þann 13.nóvember 2001 og birt í b-deild 17.maí 2002.

Greinargerð og almennir skilmálar

1. Aðdragandi og forsendur

Um er að ræða breytingu á hluta deiliskipulags Skólavörðuholts frá 2001. Lóðaleigusamningar fyrir lóðirnar Bergþórugata 10-12 og 18-20 eru fallnir úr gildi og hefur Reykjavíkurborg ákveðið að byggt verði á þeim lóðum í samræmi við áðliggjandi byggð. Við Bergþórugötu 10 og 12 eru 2 óbyggðar lóðir sem nýttar hafa verið fyrir bílastæði Tækniskóla Íslands. Hvað varðar Bergþórugötu 18 og 20 þá stendur hús á lóð Bergþórugötu 20 sem í hefur verið rekinn leikskóli um árabil, en þeirri starfsemi hefur verið hætt. Lóð nr. 18 stendur auð en hefur verið nýtt sem útisvæði leikskólans. Húsið við Bergþórugötu 20 mun standa áfram en það nýtur verndar 20. aldar bygginga.
Auk uppbyggingar á ofangreindum 3 lóðum er þörf á að afmarka lóð fyrir Tækniskólann (Frakkastígur 27) og setja skilmála fyrir húsaröðina Bergþórugata 2-20 (sléttar tölur) og Frakkastíg 23-25. Lóð Bergþórugötu 6b verður stækkuð lítilsháttar að ósk lóðarhafa.

2 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

2.1. Aðalskipulag
Samkvæmt gildandi aðalskipulagi 2010-2030 er þessi hluti Bergþórugötu skilgreindur sem íbúðabyggð. **ÍB12 Skólavörðuholt.** Hverfið byggðist að stærstum hluta í samræmi við tillögu að heildarskipulagi Reykjavíkur innan Hringbrautar frá 1927 og var að mestu fullbyggt kringum 1950. Hverfið hefur heilsteypt yfirbragð. Tækniskólinn er á svæði skilgreint fyrir samfélagsþjónustu: **S3 Hallgrímskirkja/lönskólinn í Reykjavík**

2.2 Núgildandi deiliskipulag
Gildandi deiliskipulag "Skólavörðuholt" var samþykkt 13.nóv. 2001 og birt í b-deild 17.maí 2002. Breyting var gerð á því vegna lóðarinnar Bergþórugata 14a, samþykkt 20.feb. 2015, birt í b-deild 16.mars 2015. Þær heimildir sem þar koma fram eru færðar inn í deiliskipulagsbreytinguna núna og eldri breyting felld úr gildi.

3. Skipulagssvæðið

3.1. Afmörkun
Deiliskipulagssvæðið markast af Bergþórugötu til norðurs, Frakkastíg til vesturs, sameiginlegri bílastæðalóð Reykjavíkurborgar, Tækniskólans og Hallgrímskirkju til suðurs og Vitastíg til austurs.

3.2. Umhverfi lóðar og næsta umhverfi skipulagssvæðis
Um er að ræða gróna íbúðabyggð í hjarta borgarinnar. Bergþórugata er íbúðargata sem einkennist af randbyggð og einstaka stökum húsum sem öll standa að götu. Byggðist gatan um eða upp úr 1920. Austan og sunnan megin við íbúðabyggðina eru Tækniskóli Íslands, Hallgrímskirkja og Austurbæjarskóli.

3.3 Samgöngur og aðkoma
Bergþórugata er tvístefnugata. Bílastæði eru samhliða götu sunnan megin (ekki sýnt á gildandi deiliskipulagi). Góðar göngutengingar eru um miðborgina og stutt er í almenningssamgöngur og flesta þjónustu.

4. Umhverfisáhrif

4.1. Jákvæð áhrif
Fyllt verður í skörð í götumynd Bergþórugötu og lóðir sem notaðar hafa verið undir bílastæði Tækniskólans verða nýttar til íbúðabygginga. Deiliskipulagstillagan styrkir þannig svæðið með fjölgun íbúða til samræmis við stefnu um þéttingu byggðar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Með tillögunni fjölgar íbúum á svæðinu sem stuðlar að betri nýtingu á núverandi innviðum borgarinnar og þjónustu og tengist vel helstu göngu- og hjólaleiðum innan borgarinnar auk þess að almenningssamgöngur eru góðar í næsta nágrenni svæðisins.

4.2. Neikvæð áhrif
Gera má ráð fyrir auknu ónæði á meðan á framkvæmdum stendur.

5. Húsakönnun og minjar.

Húsakönnun fyrir byggingar á reitnum voru unnar árið 2006. Þar kemur fram að Bergþórugata 20 nýtur verndar í grænum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur um verndun 20. aldar bygginga. Húsið var byggt af Byggingarfélagi Reykjavíkur og er merkur áfangi í þróun fjölbýlishúsa í Reykjavík.

Í húsakönnun segir m.a.: „Árið 1921 var reist einlyft timburhús við Bergþórugötu 6a sem var rifið í kringum 1964. Við Bergþórugötu 8a vareinlyft timburhús árið 1920 sem var rifið eflaust á sama tíma og húsið númer 6a. Árið 1921 voru byggð einlyft timburhús við Bergþórugötu 10 og 12. Ekki er vitað hvenær húsið númer 10 var rifið en húsið númer 12 var rifið eftir 1957 en það ár var dæmt ólöglarhæft. Eins og áður hefur verið sagt frá brann húsið að Bergþórugötu 16 árið 1938 en Bergþórugata 18 var rifin árið 1984".
Eina breytingin sem lagt er til að gerð verði á ofangreindri húsakönnun er að byggingar Tækniskóla Íslands fái hátt varðveislugildi en í húsakönnun frá 2006 er „ekki gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum." Byggingar Tækniskólans, sérstaklega fyrri áfangi, eru metnar sem byggingarlist í háum gæðaflokki (funkistill), þær hafa hátt menningarsögulegt gildi og eru mikilvægt kennileiti í umhverfinu.

6. Skipulagstillagan

6.1. Markmið
• Uppbygging skal vera á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er með svipuðu byggingarmagni nýtingarhlutfalli.
• Taka tillit til aðliggjandi húsa bæði hvað varðar form og hlutföll og staðsetningu á lóð.
• Aukin gæði hins manngerða umhverfis.
• Þétting byggðar í grónu hverfi, Bergþórugata fái heildstæðara yfirbragð
• Áherslur um vistvænni ferðavenjur með bættri hljóðvist og loftgæðum

6.2. Lýsing tillögu
Breyting á deiliskipulagstillögu felur í sér afmörkun lóðar fyrir Tækniskóla Íslands og endurskoðun á fyrirkomulagi bílastæða hans. Auk þess felur tillagan í sér heimild til uppbyggingar á auðum lóðum við Bergþórugötu, sameiningu lóðanna nr. 10 og 12, lítilsháttar breytingar á lóðamörkum og skilmálum fyrir einstaka lóðir þar sem það á við (sjá töflu í sérskilmálum).

7. Almennir skilmálar

7.1. Almennt
• Skilmálar þessir gilda fyrir hið afmarkaða skipulagssvæði. gilda á uppbyggingarlóðum þar sem byggt er umfram svalir og garðskúra. Ef misræmi er milli almennra skilmála og sérskilmála, gilda sérskilmálar. Sjá kafla 8.

7.2. Hönnun mannvirkja
• Húsagerðir skulu vera í samræmi við það sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem um framkvæmdina gilda og samkomulag byggingaraðila og Reykjavíkurborgar segja til um.

7.3. Mæli- og hæðarblöð
• Útbúin verða mæli- og hæðablöð sem kveða nánar á um ýmis atriði framkvæmda á einstaka lóðum og kvaðir.

7.4. Byggingareitir og byggingalínur
• Byggingarreitir eru sýndir á deiliskipulagsuppdrætti, bæði í grunnmynd og sneiðingu. Heimilt er að fara með svalir út fyrir byggingarreit sjá einnig sérskilmála. Mænisstefna, hæðir húsa, þakhalli o.fl. koma fram í sérskilmálum eða á uppdrætti.

7.5. Húshæðir og þök
• Húshæðir á reitnum eru frá einni hæð og upp í þrjár hæðir og ris. Húshæðir nýbygginga koma fram á uppdrætti.
• Þakform á reitnum er mænisþak ýmist með lágu risi eða háu, hámarkshæð þakkants og mænis er gefin upp í sneiðingum.
• Sjá nánar skilmála fyrir einstaka reiti/lóðir varðandi hönnun bygginga og lóðar.

7.6. Svalir
• Heimilt er að bæta við svölum á suður/ garðhliðum þegar byggðra íbúðahúsa á skipulagssvæðinu í þeim íbúðum þar sem ekki eru svalir fyrir. Hámarksstærð nýrra svala er 4,5 m2 og mega þær fara út fyrir byggingarreit nema í þaki, en þar skulu þær ekki fara út fyrir þakbrún. Svalir á þegar byggðum húsum eru viðbót við það byggingarmagn sem fyrir er og reiknast ekki inn í nýtingarhlutfall. Sjá sérskilmála fyrir nýbyggingar.
• Útlit svala skal taka mið af byggingarstíl húss bæði hvað varðar stærð, efnisval og hönnun.

7.7 Aðkomur í byggingar, inngangur og aðgengi í garð
• Tryggja skal aðkomu fyrir íbúa Bergþórugötu, gesti, neyðarbíla og sorphirðu frá lóð Tækniskólans og er kvöð sýnd á uppdrætti.

7.8 Útlit og yfirbragð bygginga
• Leggja skal áherslu á að heildaryfirbrað nýrra bygginga og breytingar á eldri byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er. Tryggja skal hlýlegt yfirbragð, uppbrot og ásýnd sem skal endurspeglast í hlutföllum, þakgerð, efnisvali og formi bygginganna.

7.9 Útlit og yfirbragð lóða
• Halda skal í þann gróður sem fyrir er og útbúa dvalarsvæði þar sem því verður við komið.

7.10 Lýsing
• Áhersla er lögð á lágmörkun ljósmengunar frá byggingum og á lóð. Forðast skal óþarfa lýsingu umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja öryggi s.s. á bílastæðum og göngustígum.

7.11 Íbúðir, gerðir og stærðir
• Gististarfsemi önnur en sú sem leyfð er á íbúðasvæðum, er óheimil á reitnum.
• Nánar er gerð grein fyrir fjölda, gerð og stærð nýrra íbúða í sérskilmálum og í skilmálatöflu.

7.12 Bílastæði
• Ekki er gert ráð fyrir nýjum bílastæðum á þegar byggðum lóðum við Bergþórugötu. Fyrirkomulag bílastæða á lóð Tækniskólans er endurskoðað, sjá uppdrátt. Nýtt fyrirkomulag er ekki bindandi.

7.13 Sorp/endurvinnsla og hjólaskýli (garðskúrar)
• Sérstakir byggingareitir eru fyrir léttbyggða garðskúra á lóð sem heimilt er að nýta til fulls eða að hluta (sjá uppdrátt og töflu). Garðskúrana má nýta sem hjólaskýli, til sorpflokkunar, sem geymslu eða til ræktunar.
• Ekki er heimilt að nýta byggingarreiti garðskúra fyrir íbúðir enda ekki gert ráð fyrir að þeir séu upphitaðir.
• Hámarksstærð garðskúra kemur fram í skilmálatöflu og eru þeir umfram nýtingarhlutfall íbúða á lóð.
• Hjóla- og sorpskýli, giróingar og skjólveggir skulu vera hluti af hönnun húsa á svæðinu og samræma útlit þeirra.
• Hámarkshæð og dýpt garðskúra sbr. snið fyrir Bergþórugötu 10-12.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborg



Úr gildandi deiliskipulagi "Skólavörðuholt" sem var samþykkt 13.nóvember 2001 og birt í b-deild 17.maí 2002., mkv. 1:500



Hluti aðalskipulags Reykjavikur 2010-2030

SFS2021010120

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

Umhverfis- og skipulagsráði

þann 16. maí 2018 og í

Borgarráði þann 24. maí 2018

Tillagan var auglýst frá 12. feb. 2018 með athugasemdafresti til 22. mars 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann 6. júlí 2018

Björn Axelsson

A2F ARKITEKTAR
ARKITEKTUR . SKIPULAG . VISTVÆN HÖNNUN . RÁÐGJÖF
Laugavegi 178, 105 Reykjavík s. 571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is
Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt HAK kt. 1061175-2539

Skólavörðuholt

Breyting á deiliskipulagi

Dagsetning		Mælikvarði	Blaðastærð
08.12.2017			A1
Númer:	Útgáfa	Teiknað af	Yfirfarið af
1 / 3		AA	FK

SKÓLAVÖRÐUHOLT, BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Deiliskipulagsuppdráttur, mkv. 1:500



Snið 1-1 Ásýnd Bergþórugata, mkv. 1:500

Snið 5-5 mkv. 1:500



Snið 2-2 mkv. 1:500



Snið 3-3 mkv. 1:500



Snið 4-4 mkv. 1:500

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborg

8. Sérskilmálar

8.1 BERGÞÓRUGATA 6

8.1.1 Húsgerð
Um er að ræða núverandi íbúðarhús á einni hæð og með kjallara.
Heimilt er að hækka þak, bæta við rishæð og setja kvisti og svalir.
Þak skal vera mænisþak og skal þakhalli vera á bilinu 35° - 45.
Hámarksbreidd kvista er 2.2 metrar og skulu þeir standa beint upp af gluggum neðri hæða götumegin og vera 0,5m frá mæni og 0,5m frá útvegg.
Sjá nánar uppdrátt, töflu og kafla 7.6 Svalir í "Greinargerð og almennir skilmálar".

8.2 BERÞÓRUGATA 10-12 (fjölbýlishús, randbyggð)

8.2.1 Sameining lóða - skilyrði.
Heimilt er að sameina lóðirnar Bergþórugötu nr. 10 og nr. 12 í eina lóð með því skilyrði að framhlið húss (að götu) standi útlitslega sem 2-3 hús. Það skal gert með eftirfarandi aðgerðum:

• Vera með mismunandi útlit glugga og gluggasetningar.
• Draga 1/3-1/2 hluta byggingar inn um 0,5-1 metra.
• Lóðrétt skil í litum og eða efni. Litaskil mega bara vera þar sem skörun er í útvegg.
Heimilt er að byggja samtals allt að 18 nýjar íbúðir á lóðinni.

8.2.2 Húsgerð og fjöldi íbúða
Heimilt er að byggja þriggja hæða íbúðarbyggingu, tvær hæðir auk portbyggðrar rishæðar. Íbúðasvalir mega fara út fyrir byggingareit um allt að 0,7 metra nema á 1.hæð götuhliðar. Svalagangur er ekki heimilaður. Einstaka minniháttar byggingarhlutar s.s. þakskegg og gluggafrágangur sem felur í sér útkrögun mega fara 0,3 metra út fyrir byggingareit. Skyggni yfir inngangi má fara allt að 0,5 metra út fyrir byggingareit. Leggja skal áherslu á vistvæn byggingarefni og -aðferðir. Flest húsin í götunni eru múrhúðuð að utan eða með málaðri steypu. Markmið skipulagsins er að halda í þá götumynd sem fyrir er. Efnisval og heildaryfirbragð húss skal vera hlýlegt og í samræmi við núverandi byggð. Dæmi um klæðningar bygginga er steypa, múrhúðun, timburklæðning og báruklæðning. Steypa og múrhúðun eða samþærileg efni skulu þekja a.m.k. 70% af heildarfleti bygginga. Ekki er heimilt að nota slétta eða læsta málmklæðningu eða flísar. Kynna skal áform um uppbyggingu í formi fyrirspurnarteikninga í mkv. 1:100 eða 1:200 sem skal leggja inn til skipulagsfulltrúa og umhverfis- og skipulagsráðs til samþykktar þar sem öll meginatriði byggingar koma fram, þ.á.m: fjöldi og stærð íbúða; hönnun, efnisval, uppbrot byggingar og lóðarhönnun.
Heimilt er að byggja samtals allt að 18 nýjar íbúðir á lóðinni.

8.2.3 Húshæðir og þök
Þakform bygginga á Bergþórugötu 10-12 skal vera mænisþak.
Skilyrði um þakhalla má sjá í kennisniði á uppdrætti ásamt hámarkshæð þakkants og mænis.
Heimilt er að byggja kvisti á rishæð á samtals allt að 2/3 af langhlið byggingar. Hámarksbreidd kvista að götuhlið byggingar er 3 metrar. Hámarkshæðir húsa miðast við gólfkóta fyrstu hæðar sem er minnst 0,7 m hærri en gangstéttarkóti. Hámarkshæð, mælt frá botnplötu fyrstu hæðar er 10,3 metrar. Salarhæðir á uppdrætti eru leiðbeinandi. Hámarksvegghæð er 6.7 metrar og þar af má port rishæðar vera 1 meter að hámarki. Þakhalli skal vera á bilinu er 38 ° - 45°. Hámarkshæð kvista er 3.2 m frá botnplötu rishæðar.

8.2.4 Aðkomur og aðgengi
Aðalinngangar skulu vera frá Bergþórugötu. Kvöð er um að allir íbúar hafi aðgang úr byggingu að sameiginlegum garði suðvestan megin húss. Aðgengi er einnig frá lóð Tækniskólans.

8.2.5 Bílastæði
Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum umfram það sem byggingarreglugerð gerir kröfu um fyrir hreyfihamlaða. Aksturskvöð er gegnum lóð Tækniskólans að bílastæðum fyrir hreyfihamlaða.

8.2.6 Lóð
Vanda skal til hönnunar og frágangs lóðar með þarfir íbúa í huga. A.m.k. 50% yfirborðs garðs skal vera gegndræpt. Lóðarhönnun skal liggja fyrir og samþykkjast samhliða byggingarnefndarteikningum. Gert skal ráð fyrir nýjum gróðri, trjám og lággróðri. Gera skal ráð fyrir sameiginlegu dvalarsvæði fyrir íbúa hússins. Heimilt er að reisa garðskúr á lóð, sjá nánar grein 7.13 Sorp/endurvinnsla og hjólaskýli (garðskúrar) í "Greinargerð og almennir skilmálar".

8.3 BERÞÓRUGATA 18 (fjölbýlishús)

Heimilt er að byggja samtals allt að 3 nýjar íbúðir á lóð Bergþórugötu 18.

8.3.1 Húsgerð
Heimilt er að byggja tveggja hæða íbúðarbyggingu, tvær hæðir, efri hæð má hafa lágt risþak. Íbúðasvalir mega fara út fyrir byggingareit um allt að 0,8 metra. Svalagangur er ekki heimilaður. Einstaka minniháttar byggingarhlutar s.s. þakskegg og gluggafrágangur sem felur í sér útkrögun mega fara 0,3 m út fyrir byggingareit. Skyggni yfir inngangi má fara allt að 0,5 metra út fyrir byggingareit.
Leggja skal áherslu á vistvæn byggingarefni og -aðferðir. Flest húsin í götunni eru múrhúðuð að utan eða með málaðri steypu. Markmið skipulagsins er að halda í þá götumynd sem fyrir er. Efnisval og heildaryfirbragð húss skal vera hlýlegt og í samræmi við núverandi byggð. Dæmi um klæðningar bygginga er steypa, múrhúðun, timburklæðning og báruklæðning. Steypa og múrhúðun eða samþærileg efni skulu þekja a.m.k. 70% af heildarfleti bygginga. Ekki er heimilt að nota slétta eða læsta málmklæðningu eða flísar. Kynna skal áform um uppbyggingu í formi fyrirspurnarteikninga í mkv. 1:100 eða 1:200 sem skal leggja inn til skipulagsfulltrúa og umhverfis- og skipulagsráðs til samþykktar þar sem öll meginatriði byggingar koma fram, þ.á.m: fjöldi og stærð íbúða; hönnun, efnisval, uppbrot byggingar og lóðarhönnun.

8.3.2 Húshæðir og þök
Þakform bygginga á Bergþórugötu 18 skal vera mænisþak.
Skilyrði um þakhalla má sjá í kennisniði á uppdrætti ásamt hámarkshæð þakkants og mænis.
Hámarkshæðir húsa miðast við gólfkóta fyrstu hæðar sem er minnst 0,2 m hærri en gangstéttarkóti. Hámarkshæð, mælt frá botnplötu fyrstu hæðar er 8,0 metrar. Salarhæðir á uppdrætti eru leiðbeinandi. Hámarksvegghæð er 6.0 metrar. Þakhalli skal vera á bilinu er 20° - 30°.

8.3.5 Lóð
50% yfirborðs garðs skal vera gengdræpt, bæði fram og baklóð.
Ekki er heimilt að girða á lóðamörkum að götu/gangstétt.
Við lóðamörk norðan megin stendur gamall og virðulegur hlynur sem hefur verið metinn með hátt varðveislugildi og er mikilvægur hluti af götuásýnd. Tré þetta skal standa og við framkvæmdir á lóðinni skulu gerðar ítrustu ráðstafandir til að hlífa því þannig að tryggt sé að það beri ekki skaða af. Ráðstafanir skulu gerðar í samráði við Deild náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg og leggja fram áður en framkvæmdaleyfi/byggingarleyfi er gefið út.

8.3.6 Bílastæði
Gert er ráð fyrir 1 bílastæði pr. íbúð auk stæðis fyrir hreyfihamlaða. Ekki er hægt að koma fyrir bílastæðum innan lóðar og skal lóðarhafi greiða sig frá bílastæðakröfum. Sjá *Reglur um bílastæðagjald í Reykjavík nr. 440 dags. 3. maí 2016.*
Staðsetning bílastæðis fyrir hreyfihamlaða er ekki bindandi.

8.4 BERÞÓRUGATA 20 (stakstætt hús)

Núverandi bygging var byggð árið 1920. Húsið nýtur verndar í grænum flokki samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur um verndun 20. aldarbygginga. Byggingarfélag Reykjavíkur reisti húsið og hefur húsið
ótvírætt menningarsögulegt gildi. Upphaflega voru 4 íbúðir í húsinu. Útliti hússins hefur nær ekkert
verið breytt frá upphafi. 1986 var húsinu breytt í leikskóla sem nú hefur verið lagður niður og skal húsinu breytt aftur í íbúðarhús fyrir 4 íbúðir.

8.4.1 Húsgerð
Byggingin er tvílyft timburhús, með kjallara og risþaki.

Ekki er heimilt að gera breytingar á útliti hússins að öðru leyti en að heimilt er að setja litlar svalir til suðurs á allar íbúðir í húsinu. Þær skulu gerðar samkvæmt strangustu kröfum húsverndar og skal leita umsagnar Minjastofnunar og Borgarsögusafns við útfærslu þeirra.

8.4.2 Húshæðir og þök
Þakform byggingar á Bergþórugötu er lágreist mænisþak.

8.4.3 Aðkomur og aðgengi
Aðalinngangur byggingar er sunnan megin (garðmegin).

Skilmálatafla

Bergþórugata

Hús. nr.	Lóðastærð skv. fasteignamati (m2)	Lóðastærð breytt (m2)	Húsgerð	Hæðafjöldi	Íbúðafjöldi, hámark	Stærðir ofan- og neðanjarðar (m²) Núverandi stærð húss skv. Borgarvefsjá**	Nýjar heimildir stærð (stærð), sjá sjá nánar almenna og sér- skilmála	Nýjar heimildir (svalir og garðskúr), sjá sjá nánar almenna og sér- skilmála	Hámarksstærð garðhúss / geymslu á lóð (1 hæð), sjá nánar almenna skilmála	Bílastæði á lóð	Nýtingarhlutfall (garðskúr og svalir ekki inniföld)**
2	145,9	Óbreytt	Íbúðarhús	2 hæðir, ris, kjallari	5	514,0	Óbreytt	svalir			3,5**
4	346,1	Óbreytt	Íbúðarhús	2 hæðir, ris	2	209,0	Óbreytt	svalir + garðskúr	14,0	2	0,7**
6	87,0	Óbreytt	Íbúðarhús	1 hæðir, kjallari, ris	2	115,0	172,5	svalir			1,3**
6B	85,5	121,2	Íbúðarhús	2 hæðir, ris	1	147,0		svalir + garðskúr	10,0		1,2
8	173,1	Óbreytt	Íbúðarhús	2 hæðir, ris	3	207,0	Óbreytt	svalir			1,2**
10	322,5		Íbúðarhúsalóð (óbyggð)								
12	311,8		Íbúðarhúsalóð (óbyggð)								
10-12*		574,5	Íbúðarhús	2 hæðir, ris	18		920		45,0	2***	1,6
14	162,5	Óbreytt	Íbúðarhús	2 hæðir, ris	3	176,0	Óbreytt	svalir	16,5		1,1**
14A*****	178,0	Óbreytt	Íbúðarhús	2 hæðir, ris	4	279,4	Óbreytt	svalir + garðskúr	20,0		1,6
16	178,0	Óbreytt	Íbúðarhús	3 hæðir	3	251,0	Óbreytt	svalir + garðskúr	20,0		1,4**
16A	178,0	Óbreytt	Íbúðarhús	3 hæðir	3	238,0	Óbreytt	svalir + garðskúr	20,0		1,3**
18	363,4	360,6	Íbúðarhús	2 hæðir	3		216,0		0,0		0,6
20	336,6	266,4	Íbúðarhús	2 hæðir, kjallari	4	163,1	Óbreytt	svalir	10,0		0,6**

Frakkastígur

Hús. nr.	Lóðastærð skv. fasteignamati (m2)	Lóðastærð (m2)	Húsgerð	Hæðafjöldi	Íbúðafjöldi, hámark	Hámarksstærð (m²) A+B rými (ofan- og neðanjarðar) Skv. Borgarvefsjá	Skv. breyttu skipulagi	Nýjar heimildir (svalir og garðskúr), sjá nánar almenna og sér- skilmála		Bílastæði á lóð	NH
21	174,0	Óbreytt	Íbúðarhús	2 hæðir	2	172,0	Óbreytt	svalir			1,0**
23	333,0	Óbreytt	Óbyggð lóð****				Óbreytt				
23A	0,0	101,2	Veituhús	1 hæð		62,0	Óbreytt				0,6
25	345,4	Óbreytt	Óbyggð lóð				Óbreytt				
27	0,0	5.949,3	Menntastofnun	Þrjár hæðir, ris, kjallari		11.662,0	Óbreytt			23	2,0

*Lóðir að Bergþórugötu 10 og 12 sameinaðar í eina
**Stærðir og nýtingarhlutfall eru skv. Borgarvefsjá, fyrirvari um að stærðir geti verið ónákvæmar og breyst við endurreikning
***Ný bílastæði fyrir hreyfihamlaða skv. byggingarreglugerð
****Íbúðarhús var rifið árið 2007
*****Kvöð um aðgengi að baklóð Bergþórugötu 14

SFS2021010120



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Núverandi lóðamörk
- Ný lóðamörk
- Lóðamörk felld niður
- Núverandi hæðarlínur
- Núverandi byggingar
- Byggingar með hátt varðveislugildi
- Byggingarreitur hámark (Hallandi þak)
- Byggingarreitur hámark
- Megin mænisstefna
- 1KR — Hæðir / kjallari / ris
- Bílastæði
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- Núverandi tré með varðveislugildi
- 100 m² — Lóðastærð
- Kvöð um aðkomu gangandi, hjólandi og akandi
- Kvöð um aðkomu gangandi

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

Umhverfis- og skipulagsráði

þann 16. maí 2018 og í

Borgarráði þann 24. maí 2018

Tillagan var auglýst frá 12. feb. 2018 með athugasemdafresti til 22. mars 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðindа þann _____ 20_

Björn Axelsson

Breytingar gerðar eftir auglýsingu vegna athugasemda:

Útgáfa	Dags	Skýring	Br.af
1	16.5.2018	Bergþórug. 18: Afstaða húss breytt og hæð lækkuð. Kvöð um gönguleið á lóð Bergþórug. 8 bætt við. Auknar kröfur um efnisval og skilmálar skerptir. Bætt við kröfu um að leggja inn fyrirspurnarteikningar til samþ. áður en fullnaðarhönnun er lokið.	AA

A2F ARKITEKTAR
ARKITEKTUR . SKIPULAG . VISTVÆN HÖNNUN . RÁÐGJÖF
Laugavegi 178, 105 Reykjavík s. 571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is
Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt HAK kt. 1061175-2539

Skólavörðuholt

Breyting á deiliskipulagi

Dagsetning	Mælikvarði	Blaðastærð
08.12.2017		A1
Númer:	**Útgáfa**	**Teiknað af**	**Yfirfarið af**
2 / 3		SLT, AA	FK

SKÓLAVÖRÐUHOLT, BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborg

SKUGGAVARP

Skuggavarp fyrir breytingu



Jafndægur kl. 09



Sumarsólstöður kl. 09



Jafndægur kl. 13



Sumarsólstöður kl. 13



Jafndægur kl. 17



Sumarsólstöður kl. 17

Skuggavarp eftir breytingu



Jafndægur kl. 09



Sumarsólstöður kl. 09



Jafndægur kl. 13



Sumarsólstöður kl. 13



Jafndægur kl. 17



Sumarsólstöður kl. 17

SKÝRINGARMYNDIR



Horft yfir byggðina úr norðaustri

Horft yfir byggðina úr norðvestri



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

Umhverfis- og skipulagsráði

þann 16. maí 2018 og í

Borgarráði þann 24. maí 2018

Tillagan var auglýst frá 12. feb. 2018 með

athugasemdafresti til 22. mars 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann 6. júlí 2018

Björn Axelsson

Útgáfa	Dags	Skýring	Br.af
1	16.5.2018	Skuggavarp og skýringarmyndir uppfærðar í samræmi við breytingu á byggingu á lóð Bergþórugötu 18.	AA

A2F ARKITEKTAR
ARKITEKTÚR . SKIPULAG . VISTVÆN HÖNNUN . RÁÐGJÖF
Laugavegi 178, 105 Reykjavík s.:571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is
Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt HAK kt. 1061175-2539

Skólavörðuholt

Breyting á deiliskipulagi

Dagsetning	Mælikvarði	Blaðastærð
08.12.2017		A1

Númer:	Útgáfa	Teiknað af	Yfirfarið af
3 / 3		AA	FK


Gagnfræðaskólinn á Skólavörðuholti
Kjallari
M.-kvarði 1:100
Blöð als 7
Blað nr 1
Samþykt á fundi byggingarnefndar
14. maí 1945
Fatageymsla
Anddyri
Fatageymsla
Stúlkur.
Forstofa
Drengir
Gangur
Kennari
Áhöld
Áhöld
Leikfimisalur
Neðri kjallari
Baðverðir
Fatageymsla dr.
Smíðastofa
Geymsla
Kleft kennara
Gangur
Gangur
Baðklefi dr.
Gangur
Gangur
Gangur
Geymsla
Bað
Forstofa
Eldhús
Hames
Svefnh
Stofa
Hiti.
Fataeymsla st
Baðklefi st
Leikfimisalur
Fataklefi
Anddyri
Kennari
Fataklefi
Baðklefi
Gangur
Fataklefi
Reykjavík, apríl 1945
Guðjón Samúelsson


BARONSST.
Gagnfræðaskólinn á Skólavörðuholti.
Blað nr 2.
1. hæð
M-kvarði 1:100
Blöð als 7.
Byggingarmeistarar: Dags. 26/3-45
Teiknuð: Guðm. Halldórsson
Mælt inn: Teikn. Jóhannesson
Samþykt á fundi byggingarnefnda: 14. maí 1945
Skólavörðutorg
Vitastígur
Mímisvegur
Eiríksgata
Egilsgata
Barónsstígur
Afstaða, 1:2000.
Kennslust f. 35
Kennarast
Forst.
Fót
Snyrt
Skólastjóri
Geymsla
Kennslustofa f 30
Kennslust f. 25
Kennslust f 25
Kennslust f 25
Náttúrufræði, safn
Eðlisfræði
Skáli.
Þak
Leikfimisalur.
Áhöld
Reykjavík, apríl 1945
Guðjón Samúelsson



Afstöðumynd
1:500



Grunnmynd 1, hæð
1:100



Snið A-A
1:50



Snið B-B
1:50



Snið C-C
1:50



Grunnmynd kjallara
1:100

Skýringar

Byggingarlýsing

Barónstígur 34, Vörðuskóli er steinsteypt atvinnuhúsnæði
[illegible]

Breytingar

Stöðvum við [illegible]

Stigi verður staðsteyptur. Handrið skal vera úr [illegible]

Einangrun undir plötur og utan skal vera 150 mm [illegible]

Lagnaleiðir. Ú-pípa fyrir ofnvatn, stoð og gólfplötur

Gólf og veggir	0,2 W / m²K
Útveggir	0,3 W / m²K

[illegible]

Allar útihurðir skulu vera í samræmi við [illegible]

Unnið eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, dagsettum í apríl árið 1945

verk	Barónstígur 34 - Vörðuskóli
efni	Afstöðumynd, grunnmyndir og snið
staðgreind landeignarnr.	5-1-1154191 102043
verkkaupi kt. verkkaupa	Fjarðarbyggð Ráðhúsgötu 02-0001-6259
mælikvarði	1:100
blaðstærð	A1
teiknað	ASR
yfirfarið	RK
dagsetning útgáfu	13-004
	8.5.2013

VERKSÝN ehf.

VERKSÝN

Aðaluppdráttur

A-101

Gagnfræðaskólinn á Skólavörðuholti
Mkv 1:100
Hlaðnr 3
Blöð alls 7

Byggingarmeistarar. Dags. 26/3 - 1/6
Tréasmiður: Guðm. Hallvarðsson
Múrsmiður: Teikn. fylgir síðar

Samþykt á fundi byggingarnefndar
14. maí 1945
Sig. Guðmundsson



2. hæð

apríl 1945.
Teiknað [illegible] 1944
Guðjón Samúelsson

Gagnfræðaskólinn á Skólavörðuholti
Hliðar.
M-kvarði 1:100
Blöð als. 7

Byggingarmeistarar: Dags. 26/2-46
Teiknarar: Guðm. Hallgrímsson
Málarameistari: Einar Jónsson

Samþykt á fundi byggingarnefndar
14. maí 1945
Bj. Benediktsson

Blað nr 5



Suðausturhlið



Norðvesturhlið.

Reykjavík, apríl 1946
Guðjón Samúelsson

Gagnfræðaskólinn á Skólavörðuholti.
Skurðir
M.-kvarði 1:100
Blað a/s 7

Byggingarnefndarteikning: Fags. 24/3.-45
Teiknuð: Gestur Hallbjarnason
Mælingamaður: Steinn Steinsson

Blað nr. 4

Samþykt á fundi byggingarnefndar
14. maí 1945
Bjarni Benediktsson

Langskurður

Þverskurður. Langskurður og Þverskurður

Reykjavík, apríl 1945
Guðjón Samúelsson

Ebrl.

Gagnfræðaskólinn á Skólavörðuholti
Hliðar.
M.-kvarði. 1:100.
Blöð als. 7

Byggingarnefndarteikn.: Dags. 26/3-45
Teiknimeistari: Gunnl. Halldórsson
Múrarameistari: Leifur Jóhannsson

Blað nr. 6.



Suðvesturhlið



Norðausturhlið.

Samþykt á fundi byggingarnefndar
14. maí 1945
Björn Benediktsson

Reykjavík, apríl 1945.
Guðjón Samúelsson

SFS2021010120

VSÓ RÁÐGJÖF

540 AUSTURBÆJARSKÓLI

Ferlimál - Ástandsskoðun

Apríl 2021

20383
https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project821/Documents/Verkefnastaðir/540 Austurbæjarskóli/540-Austurbæjarskóli-Úttektarskýrsla.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	12.04.2021	KAL/ACG	KAL	KAL

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík
www.vso.is

Unnið fyrir:
Reykjavíkurborg
Umhverfis - og samgöngusvið
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Skoðun á húsnæðinu

Forskoðun á húsnæðinu fór fram í 8.desember 2020 með fulltrúum frá RVK, Kristínu Jóhannesdóttur skólastjóra og Vilhjálmi Hjálmarssyni arkitekt.

Ástandsskoðun var framkvæmd dags 25. janúar 2021 og viðstaddir voru eftirtaldir:

Frá Reykjavíkurborg

- *Helgi J. Kristjánsson (umsjónarmaður fasteignar)*

Frá VSÓ Ráðgjöf:

- *Ásta Camilla Gylfadóttir*
- *Kristinn Alexandersson*

Ástæða skoðunar:

Að beiðni umhverfis -og skipulagssviðs Reykjavikurborgar hefur VSÓ Ráðgjöf gert aðgengisúttekt á skólahúsnæði Austurbæjarskóla. Farið var um allan skólann til að meta hvaða úrbætur þarf að ráðast í svo hreyfihamlaður einstaklingur geti komist ferða sinna klakklaust og njóti þess sem skólinn hefur upp á að bjóða til jafns við aðra.

Mynd 1.1 Yfirlitsmynd af skólasvæðinu

1 Austurbæjarskóli – Almenn lýsing

1.1 Byggingalýsing

Austurbæjarskóli var byggður á árunum 1927- 1930. Formlega varð skólinn tekinn í notkun haustið 1930. Húsið var hannað og byggt af Sigurði Guðmundssyni húsasmiðameistara. Á síðustu áratugum hefur lóð og skólabygging verið í gagngerri endurnýjun og árið 2000 var tekin í notkun um 320 m^2 viðbygging sunnan við skólann. Vilhjálmur Hjámarsson, arkitekt hannaði viðbygginguna og hann hefur stjórnað og séð um hönnun á ýmsum breytingum og endurbótum síðustu áratugi til að aðlaga eftir bestu getu húsnæðið að breyttum kröfum og m.t.t. sögulegt gildi hússins.

Byggingin er steinsteypt, kjallari og fjórar hæðir, efsta hæðin er rishæð. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar en í viðbyggingu eru tré/ál gluggar og hurðir. Skráð heildarstærð skólans er 6.713 m^2 brúttó.

1.2 Innra skipulag

Meginbyggingin er í U laga formi sem skiptist í norðurálmu, suðurálmu og miðálmu.

Í norðurálmu er í kjallara/1.hæð lítill íþróttasalur og í suðurálmu í kjallara/1.hæð er samkomusalur (friðaður/varðveittur). Lítil sundlaug er í miðhluta 1.hæðar í miðálmu.

Kennslustofur eru í öllum álmum nema á 4. hæð (risi), kjallara og miðálmu 1.hæðar. Mötuneyti/ skólaeldhús er í suðurálmu á 1. hæð.

Meginstigahús eru í norður- og suðurenda miðálmu. Einnig eru stigahús í austurenda suðurálmu og í miðhluta norðurálmu.

Aðalinngangur nemenda er í horni mið- og suðurálmu austanmegin. Einnig er inngangur við meginstigahús í norðurenda miðálmu frá Vítastíg. Aðrir inngangar, sem aðallega eru ætlaðir starfsfólki, eru í austurenda suðurálmu og horni mið og norðurálmu austanmegin.

2 Aðgengi innanhúss

2.1 Almennt

Austurbæjarskóli hentar illa hreyfihömluðum sérstaklega vegna þess að engin fólklyfta er milli hæða í húsnæðinu og töluvert er um stiga/þrep innan sömu hæðar á 1.hæð/kjallara. Víða eru dyragöt innanhúss þröng og mikið um þröskulda og aðrar óæskilegar hindranir. Það er ekkert salerni fyrir hreyfihamlaða. Inngangar uppfylla ekki aðgengiskröfur fyrir alla.

Hér á eftir verður farið yfir helstu atriði sem fram komu í úttekt og til hvaða aðgerða þarf að grípa til svo hægt verði að gera skólabygginguna aðgengilega öllum en ljóst er að erfitt verður að uppfylla öll skilyrði vegna aldurs byggingar, byggingagerðar og minjaverndar.

2.2 Lyftur – (tillögugerð ofl.)

Í vettvangsskoðun í byrjun desember 2020 með Vilhjálmi Hjálmarssyni arkitekt, Kristínu Jóhannesdóttur skólastjóra og 2 fulltrúum Reykjavíkurborgar kom fram að Vilhjámur vinnur að að tillögugerð um staðsetningu á fólklyftu í miðálmu, sjá mynd 2.23. Þessi lyfta færi milli 1., 2. og 3. hæðar en ekki á 4.hæð (ris). Einnig er verið að skoða möguleika á því að setja pallalyftu í stigahús í suðurálmu í austurenda til að betrumbæta aðgengi í risið, sjá mynd 2.26-2.27.

2.3 Inngangar/anddyri



Mynd 2.1 Staðsetning innganga

Inngangur A: Aðalinngangur í horni mið- og suðurálmu.

- Vantar handlista
- Vantar leiðilínur að inngangi
- Vantar rampa
- Vantar rafdrifinn hurðaopnara

Mynd 2.2 Inngangur A

Inngangur B: Inngangur í horni mið- og norðurálmu, austanmegin.

- Vantar handlista
- Vantar leiðilínur að inngangi
- Vantar rampa
- Vantar rafdrifinn hurðaopnara

Mynd 2.3 Inngangur B

Inngangur C: Inngangur við Vitastíg

- Kantur við inngang, mishár
- Möguleiki að gera inngang lengst til hægri aðgengilegan með breytingum.
- Vantar leiðilínur að inngangi
- Vantar rafdrifinn hurðaopnara

Mynd 2.4 Inngangur C

Inngangur D: Inngangur við enda suðurálmu

- Kantar/þrep við inngang
- Vantar handlista
- Vantar rafdrifinn hurðaopnara
- Inngangur að væntanlegri lyftu í enda suðurálmu
- Vantar leiðilínur að inngangi

Mynd 2.5 Inngangur D

2.4 Umferðaleiðir - gangar o.fl.

Gangar á öllum hæðum eru breiðir og hátt til lofts. Eins og staðan er í dag er aðgengi milli/innan hæða ekki fullnægjandi. Sumstaðar á göngum, þar sem er að finna hurðir, eru þröskuldar sem þarf að yfirfara og gera aðgengilegri.



Mynd 2.6 Hátt til lofts og breiðir gangar

Mynd 2.7 Hér má sjá þröskulda sem eru of háir

2.4.1 *Kjallari*



Mynd 2.7 Yfirlitsteikning skipulag kjallari

2.4.2 *1. hæð (jarðhæð)*



Mynd 2.8 Yfirlitsteikning skipulag 1. hæð

Á þessari hæð er m.a. í suðurálmu samkomusalur, kennslustofa heimilisfræði, hjúkrunarfræðingur, í miðálmu er mötuneyti og sundlaug með búningsklefum og snyrtingar og í norðurálmu er íþróttarsalur með búningsklefum.

2.4.3 *2. hæð*



Mynd 2.9 Yfirlitsteikning skipulag 2. hæð

Á þessari hæð er m.a. í suðurálmu stjórnendaálma, tengigangur við viðbyggingu þar sem yngstu nemendur er til húsa og tónmenntastofa, í miðálmu eru kennslustofur, bókasafnið og í norðurálmu er líffræðistofa og almennar kennslustofur.

2.4.4 *3. hæð*



Mynd 2.9 Yfirlitsteikning skipulag 3. hæð

Á þessari hæð eru í suðurálmu almennar kennslustofur, í miðálmu eru almennar kennslustofur og í norðurálmu er myndmenntastofa, almennar kennslustofur og tölvuver.

2.4.5 *4.hæð (ris)*



Mynd 2.8 Yfirlitsteikning skipulag 4. hæð (ris)

Á þessari hæð eru í suðurálmu dægradvöl og textílstofa, í miðálmu er skólaminjasafn Hollvinafélags Austurbæjarskóla og í norðurálmu er félagsaðstaða gagnfræðideildar skólans og geymsla.

2.4.6 *Viðbygging*



Mynd 2.9 Yfirlitsteikning skipulag viðbygging

Í viðbyggingu er að finna kennslustofur yngsta stigs. Inngangar vestan megin í viðbyggingu eru aðeins notaðir sem flóttaleiðir.

2.5 Kennslustofur

Við úttekt á kennslustofum kom m.a. eftirfarandi í ljós:

- Umferðarbreidd hurða er almennt í lagi og uppfylla aðgengiskröfur fyrir alla.
- Í sumum kennslustofum er upphækkaður stallur fyrir kennara við töflu. Stallurinn er 16 cm á hæð, þessi stallur heftir aðgengi nemenda að kennara.

2.6 Snyrtingar

Við úttekt kom í ljós að það eru ekki mörg salerni fyrir nemendur í skólabyggingunni.

Þau er að finna á 1. hæð/jarðhæð, annars vegar eru þetta 3 salerni fyrir hvort kyn, samtals 6 salernisbásar, staðsett nær norðurálmu. Þau salerni hafa nýlega verið tekin í gegn. Ennfremur eru salerni í horni mið- og suðurálmu, það eru 6 salernisbásar.

Svo eru salerni fyrir nemendur á 4. hæð/rishæð, staðsetning þeirra er: 1 stk í austurenda suðurálmu, 2 stk í horni suður- og miðálmu og 1-2 stk í miðrými norðurálmu.

Í kennslustofum í viðbyggingu er að finna salerni inn í kennslustofum.

Öll salernin eiga það sameiginlegt að þau eru þröng og bjóða ekki upp á aðgengi fyrir alla og erfitt að breyta núverandi salernum í salerni hreyfihamlaðra nema fækka heildarfjölda salerna sem skólinn hefur ekki efni á miðað við núv. nemendafjölda.

2.7 Sundlaugarými og búningsaðstaða

Aðgengi að sundlaugarrými er ekki aðgengilegt öllum innanhúss. Það er mögulegt að komast að rýminu utanfrá um innganginn við Vitastíg. Búningsaðstaða sem er tengd sundlauginni eru með þröng inngangsrými, sturtusvæði eru þröng og bjóða ekki upp á að útbúa svæði fyrir einstakling sem notar hjólastól.

Mynd 2.10 F.v. Inngangur í búningsklefa, sturtuklefi, aðkoma að klósetti

Aðgengi að sundlauginni er þröngt. Aðgengi ofan í laugina er um steypt þrep sem eru mjó og án handlista.

Mynd 2.11 F.v. aðgengi ofan í sundlaug, mjóir sundlaugabakkar

Sundlaugabakkar eru mjóir og bjóða ekki upp á miklar breytingar. Aðkoma að sundlaugarsvæði frá mötuneyti er um brattan stiga og við tekur mjór sundlaugabakki til að koma sér yfir í rými búningsklefa.

2.8 Íþróttasalur og aðliggjandi rými

Íþróttasalurinn er staðsettur á jarðhæð norðurálmu. Það er mjög erfitt aðgengi að salnum, hæðamismunur og þröngar hurðir. Þegar komið er í salinn innanfrá þá þarf að ganga niður stiga, sjá nánar í kafla 2.9. Einnig er að hægt að komast inn í salinn frá lóðinni og þar er líka hæðarmismunur, þrep og kantur á hurð, sjá mynd 2.12 og 2.13.

Mynd 2.12 Flóttahurð úr íþróttasal, séð að utan



Mynd 2.13 Sniðmynd flóttahurð úr íþróttasal

2.9 Tröppur - hæðarmismunur

Innanhúss í Austurbæjarskóla er að finna víða stiga og þrep sem gerir aðlögun snúna á köflum. Handrið við stiga eru ekki að uppfylla rétta hæð skv. gildandi byggingarreglugerð.

Gólf eru dúkalögð og eru að uppfylla merkingar á köntum og leiðilínur.



Mynd 2.14 Stigi sem sýnir góða merkingu á tröppunefi.

Þegar komið er inn um dyr í hornum suðurálmu/miðálmu og norðurálmu/miðálmu þarf að ganga upp stiga til að komast í aðliggjandi álmur. Myndin hér að neðan sýnir stigann sem er við aðalinnganginn.



Mynd 2.15 Aðalandyri skólans

Í suðurálmu lækkar gólf á gangi um nokkur þrep. Í herbergi hjúkrunarfræðings og sérkennslu, sem eru staðsett við þessa lækkun, þarf að ganga upp nokkur þrep frá gangi til að komast inn í rýmin.





Mynd 2.16 Gangur í suðurálmu og séð inn til hjúkrunarfræðings

Það eru stigaþrep við íþróttasalinn, bæði til að komast niður í salinn og til að komast að svölum salarins og í stigahúsið sem er staðsett í miðhluta norðurálmunnar.



Mynd 2.18 Séð frá íþróttasal



Mynd 2.19 Tengistigi að stigahúsi norðurálmu

Vestanmegin í viðbyggingu er útgönguhurðir sem eru notaðar sem flóttahurðir. Umferðarbreidd hurðanna er 78 cm sem uppfyllir kröfur í gildandi byggingarreglugerð. Hæðarismunur á milli gólfs inni og yfirborðs fyrir utan er 13 cm. Það er mögulegt að leysa það með palli við hurð; 1,5 m breiðum rampi næst byggingu og síðan er hæðarismunur jafngildi 1 þreps.



Mynd 2.20 Tillaga um lausn á römpum við útganga í viðbyggingu

2.10 Samkomusalur



Mynd 2.21 Yfirlitsteikning samkomusalar

Mynd 2.22 Séð yfir samkomusalinn

Samkomusalurinn er í upprunalegu ástandi, með jarðföstum stólaröðum sem gefur ekki mikið rými fyrir nemendur sem notast við hjólastól þar sem rýmið fyrir aftan efstu stólaröðina er of mjótt. Vegna friðunar á salnum er erfitt að breyta skipulagi hans. Mögulegt væri að opna rýmið sem er gullitað á teikningu hér að ofan til að gera rýmri aðstöðu fyrir hreyfihamlaða. Aðgengi að samkomusal er mjög takmarkað innan skólans vegna þrepa sem eru á gangsvæði jarðhæðar suðurálmu þannig að það þarf að leysa það áður en breytingar verða gerðar.

2.11 Mötuneyti og aðliggjandi rými

Mötuneyti með eldhúsi og borðsölum er staðsett á jarðhæð miðálmu. Aðgengi innan þessa rýmis er ágætt. Fyrirhuguð fólkslyfta á að vera staðsett nálægt mötuneytinu, sjá væntanlega staðsetningu gullitaða á teikningu hér að neðan.



Mynd 2.23 Væntanleg staðsetning fólkslyftu

Þegar fólkslyftan verður komin í gagnið verður aðgengi að mötuneyti gott fyrir alla.

Hurðaop milli gangs og mötuneytis er einungis 76 cm á breidd. Lagt er til að breikka það op í 90-100cm þannig að aðgengi verði betra.

Lagt er til að inngangur austan megin, þ.e.a.s. úr porti verði breyttur og í stað þrepa komi rampi og rýmið breikkað. Lagt er til að setja rafdrifinn hurðaopnara á hurðina.

Mynd 2.24 Inngangur mötuneyti austan megin

Mynd 2.25 Inngangur mötuneyti vestan megin

2.12 Rishæð – félagsaðstaða/ Hollvinafélag

Rishæðin er illa aðgengileg þeim sem eiga við einhvers konar hreyfihömlun að stríða. Eins og áður hefur komið fram þá er á þessari hæð í suðurálmu dægradvöl og textílstofa, í miðálmu skólaminjasafn Hollvinafélags Austurbæjarskóla og í norðurálmu er félagsaðstaða gagnfræði-deildar skólans og geymsla. Salernin eru lítil og þröng. Hugmynd er uppi að setja lyftu í stigahúsið sem er staðsett í enda suðurálmu en það þarf að skoða það vel hvort það sé hægt. Það sem getur torveldað uppsetningu lyftu í þessu stigahúsi er aldur byggingar, byggingagerð og minjavernd. Ennfremur þarf að skoða framtíðarnotkun þessarar hæðar til kennslu/samveru nemenda vegna erfiðleika við rýmingu hæðarinnar við bruna.

Mynd 2.25 Snyrting í risi



Mynd 2.26 Væntanlegur lyftugangur þar sem járnbúrið er staðsett í dag



Mynd 2.27 Stigahús er þröngt

Vitað er að þessi lyfta yrði mjög einföld að gerð og myndi aðeins rúma einn einstakling. Ljóst er að breyta þarf innra skipulagi á hæðum til að gera leið greiða frá lyftu inn á hæðirnar.

3 Lóð – aðgengi utandyra

3.1 Almennt

Lóð skólans afmarkast af Barónsstíg að austanverðu, Bergþórugötu að norðanverðu, að vestanverðu Vitastíg og að lokum Egilsgötu að sunnan. Skólabyggingin lokar lóðinni vestanmegin og að hálfu norðan- og sunnanmegin. Öll lóðin, þar sem börn eru að leik í frímínútum og eftir skóla, snýr í suðaustur. Lóðin er í heild 17.425 m^2.

Mynd 3.1 Yfirlitsmynd lóðar

3.2 Skólalóð í porti

Aðalinngangur skólans er í portinu í horni suður- og miðálmu. Við skoðun kemur í ljós að það vantar leiðilínur að inngöngum og að leiksvæðum. Það er reynt að brjóta upp portið í minni rými með gróðurbeðum sem eru annars vegar upphækkuð með hleðslusteini og hins vegar gróðurbeð í plani með 10sm kantsteini. Upphækkuðu beðin og kantsteinn skera sig ekki úr hvað lit varðar á lóðinni þannig að þau eru illgreinanleg þeim sem eiga við sjónörðugleika að etja. Lagt er til að gera þau greinilegri með litamun, t.d. að mála kanta með lit sem sker sig úr umhverfinu. Lýsing er í dag mjög ábótavant í portinu en það er búið að hanna nýja lýsingu fyrir alla lóðina sem verður mjög til bóta.

3.3 Skólalóð suðaustan ports (milli rampa og Barónsstígs)

Hér er finna battavöll, fótboltavöll og körfuboltavöll annars vegar og græn svæði með leiktækjum hins vegar. Aðgengi um þennan hluta er að stórum hluta ágætur. Lagt er til að skipta út núverandi fallvarnarefni undir leiktækjum (klifurkastali og rólur) sem er í dag

leikvallaperla og nota frekar grasgúmmímottur, gúmmítartan eða gúmmíhellur, eins og gert hefur verið við hreystibrautina. Leikvallaperlan heftir aðgengi fyrir alla að leiktækjum.

Mynd 3.2 Séð yfir leiksvæði

Hreiðurrólan og rólur eru staðsettar í grassvæði, lagt er til að flytja þær á annan stað á lóðinni sem er með betra aðgengi eða útbúa gönguleið að rólum sem auðveldar þeim sem eiga erfitt með gang eða nota hjálpartæki (hjólastól, göngugrind) að komast að tækjum og nota þau sér til skemmtunar.

3.4 Skábrautir *Stóri rampurinn*

Stóri rampurinn aðskilur portið og lóðina sem við höfum nefnt hér að ofan. Rampurinn er hluti að ásýnd hússins og allar breytingar sem gerðar eru á honum verða að vera í takt við það sem er nærliggjandi, t.d. byggingum. Hallinn á rampanum er í dag ekki að uppfylla gildandi reglugerð um halla í rampa, hann er ca 1:8 en ætti að vera 1:20 til að uppfylla reglugerðina. Lagt er til að þetta verði lagfært til að auðvelda aðgengi að portinu. Mögulegt er að laga þetta en þó halda í heildarútlit svæðisins. Með því að framlengja rampann út að horni kyndiklefans þá væri hægt að ná hallanum í ~ 1:18 sem er mun betra en núverandi ástand. Vegna staðsetningar á tröppum, milli suðurálmu og kyndiklefa annars vegar og norðurálmu og kyndiklefa hins vegar, er ekki mögulegt að fara alla lengdina sem þarf til þess að ná hallanum í 1:20. Þessi rampur er einnig notaður sem aðkoma fyrir sjúkrabíla inn í portið.

Mynd 3.3 Núverandi skábrautir

Mynd 3.4. Ástand yfirborðs er orðið lélegt

3.5 Tröppur og handrið



Mynd 3.5 Staðsetning trappa á skólalóð

Það vantar handlista á flestar tröppur utandyra, sumstaðar er veggfestur handlisti aðeins öðru megin en það verður að vera beggja megin til að uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla.

Mynd 3.6 Tröppur við íþróttasal

Mynd 3.7 Tröppur við samkomusal

Tröppur við íþróttasal: Í dag er þar veggfestur handlisti á skólabyggingu en vantar á móti.

Tröppur við samkomusalinn, portmegin: Í dag er þar veggfestur handlisti á skólabyggingu en vantar á móti.

Mynd 3.8 Tröppur milli suðurálmu og félagsmiðstöðvar, neðsti hluti

Mynd 3.9 Tröppur milli suðurálmu og félagsmiðstöðvar, neðsti hluti

Tröppur milli suðurálmu og félagsmiðstöðvar: Meðfram allri suðurálmunni er gönguleið sem er með þremur tröppustöllum. Hér er einnig veggfestur handlisti aðeins öðrum megin.

Mynd 3.10 Tröppur milli suðurálmu og félagsmiðstöðvar, efsti hluti

3.6 Lýsing á lóð

Lýsing á lóð er víða mjög ábótavant en lausn er í sjónmáli eins og áður hefur komið fram. Sjá teikningu hér að neðan frá LISKA.



Mynd 3.11 Yfirlitsmynd um nýja hönnun á lýsingu á skólalóð

3.7 Bilastæði

Við úttekt var ekki ekki hægt að finna bílastæði fyrir hreyfihamlaða á bílastæðinu sem er staðsett í suðaustur horni lóðarinnar en það er möguleiki að útbúa 1-2 stæði fyrir hreyfihamlaða á núverandi bílastæði.

4 Samantekt – næstu skref

Sökum aldurs byggingar og byggingarform verður mjög erfitt að gera húsnæðið aðgengilegt þeim sem notast við hjálpartæki til að komast leiðar sinnar. Nánast útilokað er að útfæra greiðara aðgengi að íþróttasal, sundlaug og samkomusal nema farið verði út í mjög kostnaðarsamar breytingar. Þessar breytingar þurfa allar að vera samþykktar af Minjastofnun sökum sérstöðu hússins.

Hægt er að fara í ýmsar breytingar sem gerir aðgengi betra fyrir þá sem eiga við sjónörðugleika, heyrnaskerðingu, áttunarvanda og aðra skerðingu. Arkitekt hússins er að vinna að ýmsum lausnum til að bæta aðgengismál, m.a. að setja inn fólkslyftur.

Í úttektinni hefur m.a. komið fram að það er nauðsynlegt að horfa á bygginguna í heild sinni þegar kemur lausnum, því að með því að leysa eitt vandkvæði getur kallað á önnur vandamál annars staðar í húsinu, t.d. flóttaleiðir og brunavarnir. Margar lausnir hafa þau áhrif að breyta þarf innra skipulagi skólans. T.d. má nefna að salerni fyrir nemendur eru fá, þröng og illa aðgengileg og ekki er ljóst hvernig má bæta úr því með hagkvæmum hætti.

Á þessu stigi er ekki raunhæft að kostnaðarmeta þær breytingar sem þarf að ráðast í til að gera Austurbæjarskóla aðgengilegri. Það er bæði vegna umfangs þess sem þarf að gera og endanlegar lausnir liggja ekki fyrir enda er verkefnið af þeirri stærðargráðu að hanna þarf allar lausnir heildstætt.

Samstarfssamningur milli x skóla og frístundaheimilisins x, skólaárið 2020-2021

Frístundaheimilið x og grunnskólinn x gera með sér samstarfssamning fyrir 15. júní ár hvert (fyrir 1. sept. 2020) fyrir komandi skólaár, þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi:

- Hvernig reglubundnum samstarfs- og upplýsingafundum er háttað
- Samstarf frístundafræðings við grunnskóla
- Yfirlit yfir sameiginlega viðburði í skóla- og frístundastarfinu
- Yfirlit yfir sameiginlega starfsdaga/fræðslu
- Samstarf um óhefðbundna daga
- Meðferð og miðlun upplýsinga
- Samnýtingu á húsnæði
- Skiptingu kostnaðar

Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar í viðkomandi hverfi ber ábyrgð á því að boða til fundar vegna gerðar þessa samnings. Á fundinn eru boðaðir forstöðumaður frístundaheimilis og skólastjóri grunnskóla, ásamt öðrum þeim sem framkvæmdastjóri eða skólastjóri óska eftir að taki þátt í gerð samningsins. Framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að skila samningunum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

1. Reglubundnir samstarfs- og upplýsingafundir

(Hér eru nefnd dæmi um fundi, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Fundur	**Fulltrúi frístundaheimilis**	**Fulltrúi grunnskóla**	**Markmið fundar**	**Tímasetning og fyrirkomulag**
Sameiginlegur kynningarfundur fyrir foreldra að hausti				
Skilafundir með leikskóla				
Skipulagsfundir um starf frístundafræðinga				
Stöðufundir um starf frístundafræðinga				
Nemendaverndarráðsfundir				
Þátttaka í eineltisteymi[1],				
Þátttaka í lausnarteymi[2]				

[1] Úr gátlista SFS vegna eineltis: Hvatt er til þess að við alla grunnskóla séu starfrækt eineltisteymi. Í teymunum ættu að sitja þeir fagaðilar í viðkomandi skólasamfélagi/nærsamfélagi sem best eru til þess fallnir. Það geta verið námsráðgjafar, kennarar, frístundaráðgjafar, stjórnendur grunnskóla og/eða frístundamiðstöðva og annað starfsfólk sem hefur þekkingu og áhuga á að vinna gegn einelti

[2] Lausnarteymum grunnskóla er ætlað að veita kennurum og öðru starfsfólki jafningjastuðning þegar óskað er eftir því. Í lausnarteymum er unnið út frá fyrirfram skilgreindu verklagi þar sem markvisst er unnið að lausnaleit. Gerð er áætlun um næstu skref og launsateymi fylgir málum eftir í tiltekinn tíma.

Móttökuviðtal vegna barna með annað móðurmál en íslensku				
Fundur um sameiginlegt starfsfólk				
Fundir vegna aðstoðar við einstaka nemendur sem þarfnast sérfræðiþjónustu (með samþykki foreldra)				

2. Samstarf frístundafræðings við grunnskóla

Frístundafræðingur er faglærður starfsmaður sem er starfsmaður frístundaheimilis, sjá starfslýsingu.

Árgangar/bekkir/hópar sem frístundafræðingar vinna með á skólatíma:

Vikulegur starfstími/stundaskrá frístundafræðings í grunnskóla:

Inntak og áherslur í starfinu (verkefni frístundafræðings á skólatíma):

Hvernig fær grunnskóli upplýsingar um forföll frístundafræðings?

3. Yfirlit yfir sameiginlega viðburði í skóla- og frístundastarfinu
(Hér eru nefnd dæmi um viðburði, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Heiti viðburðar	**Áætluð tímasetning**	**Hlutverk skóla**	**Hlutverk frístundaheimilis**	**Verkefnastjóri/ ábyrgðarmaður viðburðar**
Heimsóknir leikskólabarna (aðlögun)				
Öskudagur				
Jólaskemmtun				
Leikjadagur				
Barnamenningahátíð				

4. Yfirlit yfir sameiginlega starfsdaga/fræðslu

Yfirskrift starfsdags/ fræðslu	**Dagsetning**	**Markmið**	**Ábyrgðarmaður**	**Þátttakendur**	**Annað (s.s. kostnaður)**

5. Samstarf um óhefðbundna daga

(Hér eru nefnd dæmi um óhefðbundna daga, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Dagsetning	**Yfirskrift**	**Hlutverk/tímasetning skóla**	**Hlutverk/tímasetning frístundaheimilis**
	Starfsdagur		
	Öskudagur		
	Jólaskóli		
	Vorgleði		

6. Meðferð og miðlun upplýsinga

- Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður á skilafundi með leikskóla að undangengnu samþykki frá foreldri/forsjáraðila (sjá eyðublað á innri vef)
- Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður á fundi nemendaverndarráðs þegar þörf krefur í samræmi við 20. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 og 11. gr. reglna Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila.
- Skólaritari í umboði skólastjóra veitir nýjum forstöðumönnum frístundaheimila aðgang að frístundagátt í Mentor (sjá leiðbeiningar á innri vef) eða Námfús
- Grunnskóli upplýsir frístundaheimili þegar nýr nemandi er að hefja nám við skólann og býður forstöðumanni að taka þátt í móttökuviðtali með samþykki foreldra.

7. Húsnæði Sjá útreikninga á rými í exel skjali.

Heildarfjöldi barna á frístundaheimili:

Fjöldi barna með fötlun:

Stærð sérrýmis þarf því að vera (1 m^2 á barn en 2 m^2 fyrir barn með fötlun):

Heildar rými þarf að vera (4 m^2 á barn en 8 m^2 fyrir barn með fötlun):

a) Sérrými frístundaheimilis

Sérrými er það rými sem er alfarið í umsjón frístundaheimilisins, ef það er nýtt af öðrum er það gert í samráði við forstöðumann frístundaheimilisins. Skv. skilgreiningu á rýmisþörf frístundaheimila skal hjarta frístundaheimilisins vera u.þ.b. 1 m^2 af nettó vinnurými fyrir hvert barn, þó aldrei minna en 60 m^2. Æskilegt er frístundaheimilið hafi eitt sérrými fyrir 1. og 2. bekk og annað sérrými fyrir 3. og 4. bekk.

b) Samnýtt rými með grunnskóla

Heildar rými sem börn og starfsmenn frístundaheimilanna hafa aðgang að eftir skólatíma ætti að vera að lágmarki 4 m^2 nettó á barn hverju sinni (8 m^2 þegar um börn með fötlun er að ræða). Rými sem frístundaheimili samnýtir með grunnskóla er þá 3 m^2 á barn (6 m^2 þegar um börn með fötlun er að ræða).

_ Aðgangur að rými sem hægt er að nýta þegar börn þurfa að komast í ró

FORSTOFA

_ Frístundaheimilið hefur afnot af forstofu sem er a.m.k. 10-15 m^2

_ Hvert barn hefur snaga fyrir föt sín

_ Hvert barn hefur pláss fyrir skólatösku

HREINLÆTISAÐSTAÐA

_ Frístundaheimilið hefur aðgang að salernum sbr. eftirfarandi töflu skv. Reglugerð um hollustuhætti nr.941/2002:

25 börn 2 salerni

50 börn 3 salerni

100 börn 4 salerni

200 börn 6 salerni

_ Aðgengi að salerni fyrir fatlaða

GEYMSLUR

_ Fyrir útidót (Viðmiðið er 5-8 m^2):

_ Fyrir innidót

MATSALUR

Frístundaheimili fái þjónustu frá eldhúsi skólans og aðgang að matsal eða annarri aðstöðu þar sem börnin geta neytt síðdegishressingar. Merkið við allt það sem við á:

_ Borða í matsal skóla

_ Borða í frístundaheimili

_ Skólinn sér um síðdegishressinguna

_ Aðgengi að eldhúsi frístundaheimilis

_ Aðgengi að eldhúsi skóla

STARFSMANNAAÐSTAÐA

_ Skrifstofa, kaffistofa, læstir starfsmannaskápar og salerni fyrir starfsfólk sem hér segir:

_ Skrifstofa forstöðumanns nálægt sérrými frístundaheimilis, að lágmarki 7 m^2 ef önnur starfsmannaaðstaða er ekki fyrir hendi, annars duga 4 m^2

Önnur starfsmannaaðstaða:

_ Læstir skápar

_ Kaffistofa

_ Starfsmannasalerni

_ Samningsaðilar hafa kynnt sér reglur um þjónustu frístundaheimila þar á meðal grein 11 um samstarf.

8. Skipting kostnaðar

Er einhver kosnaður sem grunnskóli og frístundaheimili þurfa að deila með sér, s.s. varðandi húsnæði, þrif, kaffistofu, búnað eða annað? Tilgreinið hér fyrir neðan:

_ Samningsaðilar hafa kynnt sér Reglur um þjónustu frístundaheimila þar á meðal grein 11 um samstarf.

Ef breyting verður á forsendum samnings geta báðir aðilar óskað eftir endurnýjun á samningi þessum.

_____

Dagsetning

_____ _____

Skólastjóri

forstöðumaður frístundaheimilisins/

framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar

Samstarfssamningur milli x skóla og félagsmiðstöðvarinnar x, skólaárið 2020-2021

Félagsmiðstöðin x og grunnskólinn x gera með sér samstarfssamning fyrir 15. júní ár hvert (1. sept. 2020) fyrir komandi skólaár, þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi:

- Hvernig reglubundnum samstarfs- og upplýsingafundum er háttað
- Yfirlit yfir sameiginlega viðburði í skóla- og frístundastarfinu
- Yfirlit yfir sameiginlega starfsdaga/fræðslu
- Meðferð og miðlun upplýsinga
- Samnýtingu á húsnæði
- Skipting kostnaðar

Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar í viðkomandi hverfi ber ábyrgð á því að boða til fundar vegna gerðar þessa samnings. Á fundinn eru boðaðir forstöðumaður félagsmiðstöðvar og skólastjóri grunnskóla, ásamt öðrum þeim sem framkvæmdastjóri eða skólastjóri óska eftir að taki þátt í gerð samningsins. Framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að skila samningunum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

1. Reglubundnir samstarfs- og upplýsingafundir

(Hér eru nefnd dæmi um fundi, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Fundur	**Fulltrúi félagsmiðstöðvar**	**Fulltrúi grunnskóla**	**Markmið fundar**	**Tímasetning og fyrirkomulag**
Sameiginlegur kynningarfundur fyrir foreldra að hausti				
Reglulegir samráðsfundir tengiliða grunnskóla og félagsmiðstöðva				
Nemendaverndarráðs fundir				
Þátttaka í eineltisteymi[1]				
Þátttaka í lausnarteymi[2]				
Móttökuviðtal vegna barna með annað móðurmál en íslensku				

[1] Úr gátlista SFS vegna eineltis: Hvatt er til þess að við alla grunnskóla séu starfrækt eineltisteymi. Í teymunum ættu að sitja þeir fagaðilar í viðkomandi skólasamfélagi/nærsamfélagi sem best eru til þess fallnir. Það geta verið námsráðgjafar, kennarar, frístundaráðgjafar, stjórnendur grunnskóla og/eða frístundamiðstöðva og annað starfsfólk sem hefur þekkingu og áhuga á að vinna gegn einelti

[2] Lausnarteymum grunnskóla er ætlað að veita kennurum og öðru starfsfólki jafningjastuðning þegar óskað er eftir því. Í lausnarteymum er unnið út frá fyrirfram skilgreindu verklagi þar sem markvisst er unnið að lausnaleit. Gerð er áætlun um næstu skref og launsateymi fylgir málum eftir í tiltekinn tíma.

Fundir um viðbrögð við niðurstöðum kannana á högum og líðan barna og unglinga í skólanum				
Skilafundir vegna einstaklinga og/eða hópa (ath. leyfi frá foreldrum)				
Fundir vegna aðstoðar við einstaka nemendur sem þarfnast sérfræðiþjónustu (með samþykki foreldra)				

2. Yfirlit yfir sameiginlega viðburði/verkefni í skóla- og frístundastarfinu
(Hér eru nefnd dæmi um viðburði, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Heiti viðburðar/verkefnis	**Áætluð tímasetning**	**Hlutverk skóla**	**Hlutverk félagsmiðstöðvar**	**Verkefnastjóri/ ábyrgðarmaður viðburðar**
Viðvera starfsfólks félagsmiðstöðva á skólatíma				
Árshátíð/ball				
Skrekkur				
Öskudagur				
Jólaskemmtun				
Leikjadagur				
Barnamenningarhátíð				
Nemendafélag				
Ferðir				
Skólabúðir / íþrótta- og tómstundabúðir				
Kortlagning félagstengsla og fyrirlögn tengslakannana				

3. Yfirlit yfir sameiginlega starfsdaga/fræðslu

Yfirskrift starfsdags/ fræðslu	**Dagsetning**	**Markmið**	**Ábyrgðarmaður**	**Þátttakendur**	**Annað (s.s. kostnaður)**

4. Meðferð og miðlun upplýsinga

_ Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er boðaður á fundi nemendaverndarráðs þegar þörf krefur í samræmi við 20. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 og 11. gr. reglna Reykjavíkurborgar um þjónustu félagsmiðstöðva.

_ Skólaritari í umboði skólastjóra veitir nýjum forstöðumönnum félagsmiðstöðva aðgang að frístundagátt í Mentor, sjá leiðbeiningar á innri vef eða Námfús.

_ Grunnskóli upplýsir félagsmiðstöð þegar nýr nemandi er að hefja nám við skólann og býður forstöðumanni að taka þátt í móttökuviðtali með samþykki foreldra.

5. Húsnæði

Sjá nánari skilgreiningu á rými í exel skjali.

_ Sérrými félagsmiðstöðvar er X m^2 (lágmarkið er 65 m^2).

> Sérrými félagsmiðstöðvar er það rými sem er alfarið í umsjón félagsmiðstöðvar, ef það er nýtt af öðrum er það gert í samráði við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar. Skv. skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva þarf sérrými að vera amk. 65 m^2.

_ Heildar rými félagsmiðstöðvar er X m^2 (lágmarkið er 350 m^2)

> Heildarrými er það rými sem börn, unglingar og starfsmenn félagsmiðstöðvar hafa aðgang að eftir skólatíma. Sérrými telst hluti af fermetrafjölda heildar rýmis.

_ Aðgangur er að rými sem hægt er að nýta þegar börn þurfa að komast í ró

_ Félagsmiðstöðin hefur afnot af forstofu sem er a.m.k. 10-15 m^2

_ Rýmið býður upp á nægjanlegt pláss/hillur/snaga fyrir skó, útiföt og skólatöskur

_ Félagsmiðstöðin hefur aðgang að salernum sbr. eftirfarandi töflu skv. Reglugerð um hollustuhætti nr.941/2002:

25 börn	2 salerni
50 börn	3 salerni
100 börn	4 salerni
200 börn	6 salerni

_ Aðgengi að salerni fyrir fatlaða

_ Geymsla fyrir borð, stóla, leiktæki, svið, borðtennisborð og önnur leiktæki (viðmiðið er 5-8 m^2)

_ Grindur á hjólum fyrir borð og stóla

Starfsmannaaðstaða:

	Já	Nei	m^2	Samnýtt m/skóla
Skrifstofa forstöðumanns nálægt sérrými félagsmiðstöðvar				
Önnur starfsmannaaðstaða				
Læstir skápar				
Kaffistofa				
Starfsmannasalerni				

6. Skipting kostnaðar

Er einhver kostnaður sem grunnskóli og félagsmiðstöð þurfa að deila með sér, s.s. varðandi húsnæði, þrif, kaffistofu, búnað eða annað? Tilgreinið hér fyrir neðan:

_ Samningsaðilar hafa kynnt sér Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva þar á meðal grein 11 um samstarf.

Ef breyting verður á forsendum samnings geta báðir aðilar óskað eftir endurnýjun á samningi þessum.

_____

Dagsetning

_____ _____

Skólastjóri

forstöðumaður félagsmiðstöðvar/
framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar

Samantekt umsagna

Umsagnir um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

SIGRÚN HARPA MAGNÚSDÓTTIR

MATSFRÆÐINGUR Á SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI REYKJAVÍKURBORGAR

DESEMBER 2022

Sviðsmyndir











Umsagnir voru frá eftirfarandi hagsmunaaðilum frá mars-apríl 2022.

Grunnskólar	Frístundastarf	Íbúaráð/samtök og nemendur
Austurbæjarskóli, skólaráð	Frístundamiðstöðin Tjörnin	Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
Austurbæjarskóli, starfsfólk	**Félagsmiðstöðin 101, starfsfólk**	Íbúasamtök Miðborgar
Austurbæjarskóli, foreldrafélag	**Félagsmiðstöðin 105, starfsfólk**	
Háteigsskóli, skólaráð	**Félagsmiðstöðin Gleðibankinn, starfsfólk**	Íbúasamtök Hlíða-Holts og Norðurmýris
Háteigsskóli, foreldrafélag	Frístundaheimilið Draumaland starfsfólk	**Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða**
Háteigsskóli, starfsfólk	Frístundaheimilið Eldflaugin starfsfólk	**Vinnusmiðja barna 5.-10. bekk. Háteigs- Hlíða- og Austurbæjarskóla**
Hlíðaskóli, foreldrafélag		
Hlíðaskóli, skólaráð og starfsfólk	Frístundaheimilið Halastjarnan starfsfólk	**Vinnusmiðja barna í 1.-4 bekk. Háteigs- Hlíða- og Austurbæjarskóla**

Kynningarfundur og umsagnir.

Kynningarafundur 1. desember 2021 á skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla, Vörðuskóla, Draumalandi, Halastjörnunni, Eldflauginni, 105, Gleðibankanum og 100og1. Óskað var eftir umsögnum um tillögur skýrslunnar frá ofangreindum hópum fyrir 1. febrúar 2022, en var framlengt til 15. febrúar 2022. Umsagnir voru sendar á netfangið sfs@reykjavik.is.

Fundarboð var sent á:

- Skólaráð Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla
- Stjórn foreldrafélag Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla
- Starfsmenn skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla og Austurbæjarskóla, Draumalands, Eldflaugarinnar, Halastjörnunnar, 105, 100og1, Gleðibankans, Frostheima og deildarstjórar og framkvæmdastjóri Tjarnarinnar
- Íbúaráð - Ungmennaráð

Fundurinn var rafrænn og tekinn upp og því möguleiki á að nota upptökuna til frekari umræðna og vinnu við umsagnir. Allir sem fengu fundarboð á höfðu aðgang að upptöku fundarins.

Umsagnir frá nemendum

Vinnusmiðjur nemenda í 1.-4. bekk

Upplýsingum var safnað á tvenns konar máta:

- Nemendur spurðir munnlega og/eða skriflega, inni í bekkjum/frístundaheimilunum opinna spurninga um hvernig draumaskólinn/frístundaheimilið lítur út og hvað léti þeim líða vel í skóla- og frístundastarfinu.
- Fundir voru haldnir með nokkrum börnum úr hverjum bekk (1.-4. bekk). Sviðsmyndir í skýrslunum og gögn úr bekkjar-/frístundaheimilavinnunni höfð til hliðsjónar. Í einhverjum tilfellum voru unglingar úr Réttindaráði ritarar og fundastjórar.

Vinnusmiðjur nemenda í 5.-10. bekk

- Skóla- og frístundasvið stóð fyrir stórfundi 10. mars s.l. með um 100 börnum og unglingum úr Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla vegna tillagna er varðar hugmyndir um breytingar á skóla- og frístundastarfi í hverfinu.
- Hluti barnanna var boðið úr slembiúrtaki meðal nemenda skólanna og hluti barnanna eru í nemendaráðum og öðrum ráðum á vegum skólanna þriggja.

SVÓT GREINING
Samantekt allra sviðsmynda.

SAMANTEKT ÚR 21 UMSÖGNUM.

SVÓT

Styrkleikar

Fleiri unglingar og fleiri geta fundið sér vini. Tengja meira við krakka út frá áhugamálum, hinsegin pælingum ofl. Eykur félagsþroska. Nýjar raddir stækka sjóndeildarhringinn.

Meira námsframboð, hægt að leita til fleiri kennara. Meira val og fjölbreyttara nám.

Meira og skemmtilegra félagslíf. Meiri opnun í félagsmiðstöð. Betri aðstaða.

Góður undirbúningur fyrir menntaskóla.

Býður upp á margvíslega möguleika í samstarfi við margar stofnanir.

Möguleikar á sérhæfingu skóla sem og meiri samvinnu milli skóla.

Veikleikar

Meira foreldraskutl, ekki umhverfisvænt. Unglingar sem eiga heima lengra frá ólíklegri til að mæta í félagsmiðstöðina. Langt ferðalag getur verið fráhrindandi

Minni nánd milli kennara og nemenda í stórum hópi. Ólíklegar að maður lendi með vinum í bekk. Meiri samkeppni um að komast í nemendaráð.

Verið að aðskilja systkini á ólíkum aldri.

Áhyggjur af því hvort húsnæði Vörðuskóla sé öruggt og heilsusamlegt.

Meirihluti foreldra valdi búsetu kýs að börn þeirra geti verið í skóla innan hverfis. Flestir foreldrar mótfallnir hugmyndum um safnskóla.

Ógnanir

Ekki samhljómur milli hópa, engin ein sviðsmynd þótti afgerandi best. Flestir geta ekki sætt sig við neinn af þeim kostum sem í boði eru.

Áhyggjur af vegalengdum og öryggi nemenda í umferð. Umferðarálag og aukin slysahætta. Samgöngur á milli hverfa þurfa að batna. Strætósamgöngur ekki nægilega góðar, stangast á við áherslur Græna plansins.

Mikilvægt atriði er að húsnæði sé heilsusamlegt. Mikilvægt að frístundaheimili fái viðunandi aðstöðu.

Áhyggjur af þjónustu við heyrnarskert börn. Tryggja þarf aðgengi fyrir fatlaða.

Áhyggjur af því að þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfi dvíni og yfirsýn starfsmanna verði ekki eins mikil.

Áhyggjur af mannauðsmissi úr skólanum ef breytingar verða gerðar.

Tækifæri

Spennandi verkefni. Mikilvægt að auka aðkomu ólíks fagfólks inn í skólana.

Mikilvægt að húsnæði henti öllum og hæfi nútíma starfs- og kennsluháttum. Hanna og endurhugsa eldri mannvirki í takt við Græna planið þar sem samnýting er í fyrirrúmi, sem og endurbætur á lóðum.

Leggja áherslu á að viðhalda öflugu foreldrasamstarfi. Kynna þarf breytingarnar vel.

Halda áfram að vera með heildstæða hverfisskóla og byggja við.

Sýna fram á að safnskóli sé í reynd betri kostur fyrir nemendur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum, en ekki bara rekstrarlega hagkvæmara.

Greining eftir umsagnaraðilum

Grænn litur: Styrkleikar, atriði sem hagsmunahópur telur jákvætt við tillögurnar.

Rauður: Veikleiki, atriði sem hagsmunahópur telur neikvætt við tillögurnar.

Svartur: Ábendingar, til umhugsunar eða þættir sem þarf að hafa í huga við breytingarnar.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða – Miðborgar - Hlíða, Holts og Norðurmýris

ÍBÚARÁÐ MIÐBORGAR OG HLÍÐA

Uppbygging skóla- félags- og frístundastarfs í hverfunum er spennandi verkefni.

Fulltrúar íbúaráðinu taka ekki afstöðu með hvaða sviðsmynd sé best en vilja þegar umsagnir skólasamfélagins í heild sinni liggja fyrir á því hvar styrkleikar og veikleikar liggja að þeirra mati.

Spennandi tækifæra í stöðunni þar sem byggja má upp nýjan skóla í rótgrónum hverfum en eru meðvituð um áskoranir og áhyggjur sem hafa komið fram hjá foreldrum.

- Mikilvægt atriði er að húsnæði sé heilsusamlegt.
- Mikilvægt að horfa til algildrar hönnunar, sama hver framtíðarskipan verður.
- Mikilvægt að húsnæði henti öllum börnum og hæfi nútíma starfs- og kennsluháttum.
- Mikilvægt að almenningssamgöngur séu góðar og öruggar og einnig göngu- og hjólaleiðir.
- Mikilvægt að byggja á góðri reynslu um reynslu, nýsköpun og frampróun, horft sé t.d. til Réttarholtsskóla og Hagaskóla sem báðir eru unglingaskólar. Bent á meiri möguleika í félagavali.
- Mikilvægt að auka aðkomu ólíks fagfólks inn í skólana. Sem dæmi má nefna iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, sálfræðinga, félags-og tómstundafræðinga eins og gert er ráð fyrir í BBB verkefninu.

ÍBÚASAMTÖK MIÐBORGAR

Ekki var óskað umsagnar frá þessum hópi en íbúasamtök eiga fulltrúa í íbúaráði.

Stjórn íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur fagnar kaupum Reykjavíkurborgar á Vörðuskóla.

Hugnast ekki að Austurbæjarskóli verði unglingaskóli.

- Áhyggjur af umferðarálagi og aukinni slysahættu af því á álagstímum.
- Ábendingar um ólíka skólabyrjun að morgni ef skólastarf verður í báðum skólum.

ÍBÚARÁÐ HLÍÐA, HOLTS OG NORÐURMÝRIS

Mikið rask á högum unglinga í hverfinu.

Í könnun foreldra er talsverð andstaða gegn hugmyndinni um safnskóla fyrir unglinga. Hættulegt að senda börn yfir stórar götur, vinnur gegn Græna planinu að foreldrar skutli börnum í skóla.

Í könnun kemur fram að flestir vilja byggt verði við Háteigs- og Hlíðaskóla. Umhverfisvænna að nýta húsnæði sem fyrir er í stað þess að byggja nýtt.

Húsnæði Vörðuskóla þarfnast „töluverðra endurbóta, m.a. vegna myglu“, ekki hefur verið gerð sementsrannsókn og því ekki hægt að vita hvort hægt sé að nota húsnæðið. Spurning hvort húsnæðið þjóni best nútíma kennsluháttum og skólastarfi.

Mikilvægt að sýna þurfi fram á að safnskóli sé í reynd betri kostur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum – áður en hróflað verði með afgerandi hætti við starfsemi hverfisskólanna.

Nemendur: Ungmennaráð, 5.-10. bekkur og 1.-4. bekkur í Háteigs- Hlíða- og Austurbæjarskóla.

UNGMENNARÁÐ VESTURBÆJAR, MIÐBORGAR OG HLÍÐA (8.-10. BEKKKUR)

Stór plús að vera með fleiri unglingum í unglingadeildinni.

- Fjölbreyttari vinir og krakkar með fleiri áhugamál sem eykur líkur á að stækka tengslanetið og auka félagsþroska.
- Jákvætt að hafa meira námsframboð og að hægt er að leita til fleiri kennara.
- Jafnvel myndi aukast metnaður nemenda gagnvart skólanum með meiri „samkeppni“.

Samgöngur á milli hverfa þurfa að batna til muna ef að sameiningunni yrði.

- Sérstaklega með strætó, eru alls ekki nógu auðveldar samgöngur þarna á milli.

Hætta á að unglingar sem eiga heima í hverfunum í kringum Háteigs- og Hlíðaskóla séu ólíklegri til að mæta í félagsmiðstöðina á kvöldin.

- Langt ferðalag getur verið ansi fráhrindandi.
- Þau sem höfðu reynslu af slíku umhverfi í Hagaskóla, sögðu að margir unglingar töluðu oft um það sem ástæðu fyrir að mæta ekki á félagsmiðstöðvaropnanir.

VINNUSMIÐJUR BARNA Í 5.-10. BEKK

(HLÍÐA-HÁALEITI OG AUSTURBÆJARSKÓLA)

Fleiri unglingar fá að vera saman, möguleikar á að kynnast fleiri krökkum þar sem allir geta fundið sér vini.

Fá meira val í skólanum, fjölbreyttara nám og meira pláss.

Félagslífið yrði meira og skemmtilegra en áður. Jákvætt ef þetta myndi auka opnun í félagsmiðstöðinni.

Betri aðstaða fyrir unglinga. Að fara í unglingaskóla líka talin góður undirbúningur fyrir menntaskóla. Getur verið af hinu góða að breyta um umhverfi eftir 7. bekk og fara í nýjan skóla.

Lengra fyrir suma að fara í skólann, meira foreldraskutl en annars, ekki umhverfisvænt. Þarf góðar samgöngur og samgönguleiðir. Strætósamgöngur eru ekki nægilega góðar eins og staðan er núna.

Áhyggjur af því að nánd yrði minni á milli kennara og nemenda í svona stórum hópi og að það myndi ekki henta öllum vel að vera í svona stórum unglingahópi. Breytingarnar gætu aukið líkurnar á stríðni og einelti og einnig verið að aðskilja systkini á ólíkum aldri. Það er ólíklegt að maður lendi með vinum í bekk í stórum unglingaskóla og getur verið erfitt að takast á við breytingar og kynnast nýju fólki eins og þyrfti að gera við þessar breytingar.

Meiri samkeppni um að komast í nemendaráð

Vangaveltur: Hvað með táknmálið sem er kennt í Hlíðaskóla? Bent á betra aðgengi er fyrir fatlaða i Vörðuskóla en í Austurbæjarskóla. Kynna þarf breytingarnar vel.

SAMANTEKT BARNA Í 1.-4. BEKK

(HLÍÐA-HÁALEITI OG AUSTURBÆJARSKÓLA)

Meira pláss fyrir alla - Meira pláss í skólunum og minni hávaði (hávaði í unglingum). En líka gott að hafa unglingana með. Bæði gaman og leiðinlegt að vera með unglingum. Gaman að hafa mörg börn því það er skemmtilegra.

Skólalóðin með fleiri leiktækjum (sem hentar yngri) og meira pláss á skólalóðinni. Vinir úr Val yrðu með þeim í skóla. Unglingar koma úr öðrum skólum þá eignist þeir miklu fleiri vini og það er skemmtilegt fyrir alla. ,,Þá hætta þau kannski að rífast og vera alltaf í símanum“!

Hafa áhyggjur af því að hafa ekki eins stóra lóð til að leika á, þar eru engin leiktæki og bara bílastæði, hættulegt fyrir börn. Segja krakkana ekki vilja vakna fyrr til að fara í annan skóla. Vegalengdin meiri, sumir þurfa að labba lengra. Sumir þurfa að taka strætó.

Hvort er betra að hafa unglinga og börn saman í skóla eða í sitthvorum skólanum og af hverju?

- Vinir vilja vera saman og geta verið á mismunandi aldri.
- Saman því við þekkjum alveg unglingana
- Saman, því hver er eiginlega munurinn á barni og unglingi?
- Saman, betra að hafa systkini saman í skóla, en ekki að foreldrar þurfi að skutla á mismunandi staði.

- Ekki saman því að unglingar eru að chilla á göngunum og eru fyrir
- Í sitthvoru lagi því þau eru fyrir okkur
- Sitthvoru lagi því unglingar eru svo pirrandi,
- Ekki saman, því þá er meira pláss fyrir alla

Frístundamiðstöðin Tjörnin

Hugsa þarf öll mannvirki þannig að hægt sé að hafa góða samnýtingu og samstarf milli þeirra sem að nýta mannvirkið.

Mikilvægt að hafa vinnurými stjórnenda í skóla- og frístundastarfi á sama plani þannig að samtal verði auðvelt og gott.

- Hanna og endurhugsa þarf eldri mannvirki í takt við *Græna planið* þar sem samnýting er í fyrirrúmi. Til að nýta mannafla, búnað og áhöld er mikilvægt að hugsa nýtingu á skólaeldhúsa fyrir bæði frístunda- og skólastarf líkt og mannvirkið allt.

Huga þarf vel að samgöngum og leiðarkerfi strætó komi til þess að börn og unglingar þurfi að fara út úr hverfinu til að sækja skóla- og frístundastarf.

Tökum ekki afstöðu til hvaða sviðmynd myndi henta best heldur leggjum ríka áherslu á að hver starfsstaður fái aðstöðu sem að hentar starfinu til að geta unnið í takt við Menntastefnu, Frístundastefnu og Græna planið.

Félagsmiðstöðvarnar Gleðibankinn, 105 og 101 (Starfsfólk)

GLEÐIBANKINN

Þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfi Gleðibankans er gríðarlega mikil.

- Áhyggjur af því að sú þátttaka dali ef farið verður í safnskólahugmyndir.

Mikið forvarnarstarf fer fram og er yfirsýn starfsmanna mikil

- Áhyggjur af því að það kunni að glatast í safnskóla.

Ábending um mikilvægi þess að hlúa áfram vel að þjónustu fyrir heyrnarskert börn í skóla- og frístundastarfi.

Bent á mikilvægi öruggra samgangna milli hverfa þar sem umferð er mikil t.d. á Miklubraut og vegalengdir meiri.

Mikil barnafjölgun er í Hlíðarendahverfi og því þarf að huga að í þessu samhengi

105

Leggja áherslu á að viðhalda öflugu foreldrasamstarfi.

Ábendingar eru um að mikilvægt sé að hlúa að félagsstarfi fyrir miðstigsnemendur.

Áhyggjur starfsmanna að félagsmiðstöð fyrir sameinaðar unglingadeildir verði orðin of stór og yfirsýn starfsfólks verði minni og erfiðara geti reynst að ná inn félagslega einangruðum börnum inn í starfið.

Bent er á hvort fjarlægðir séu orðnar of miklar.

Stór sameinuð unglingadeild tækifæri á borð við að hafa stærri og fjölbreyttari hópa innanhúss hjá sér.

101

Sóknarfæri í stórum og fjölbreyttum nemendahópum

- Fleiri geta speglað sig og fundið sig í öðrum vinahópum
- Tengja meira við krakka út frá til dæmis áhugamálum, hinsegin pælingum ofl.

Mikilvægt að hlúa vel að foreldrastarfi

- Tryggja þarf samheldni í foreldrahópnum við breytta mynd

Frístundaheimilin Draumaland, Eldflaugin og Halastjarnan (Starfsfólk)

DRAUMALAND

Mikilvægt að hafa í huga, eftir því hvaða breytingar verða gerðar

- Að Draumaland fái bætta húsnæðisaðstöðu fyrir starfið.
  - Mikill áhugi að fá að hanna í sameiningu rými sem myndi henta bæði frístund og skóla.
  - Erfitt að átta sig á hve vel húsnæði Vörðuskóla henti fyrir frístundastarf, þarf að skoða í nánu samstarfi við stjórnendur frístundar.

Gera þarf miklar endurbætur á lóð og huga að leiksvæði ef yngra stigið myndi vera í Vörðuskóla.

ELDFLAUGIN

Huga þarf sérstaklega að döff börnum við allar breytingar.

Langt fyrir börn sem búa í Suðurhlíðunum að sækja skóla í Vörðuskóla.

Minna á mikilvægi lóðar við Vörðuskóla ef yngri börn fara þangað. Þyrfti að fara í miklar framkvæmdir og endurbætur á lóðinni.

Aðgengi fatlaðra þarf að tryggja.

HALASTJARNAN

Mikilvægt er að starfssemi frístundaheimilisins hafi öruggt og viðeigandi húsnæði.

Áhersla lögð á að, þar til niðurstaða skýrist, að hugað verði að því að frístundaheimilið fái viðunandi aðstöðu.

Núverandi húsnæði er ekki framtíðarhúsnæði og þarf að huga að því, hvaða sviðsmynd verður ofan á.

Áhyggjur eru af því að viðbygging við Háteigsskóla taki langan tíma, en þó myndi slík framkvæmd gera ráð fyrir þörfum frístundaheimilis.

Austurbæjarskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

SKÓLARÁÐ

Skólaráð telur það spennandi kost að allir unglingar úr hverfunum þremur safnist saman í einn safnskola.

Kostur að yngri nemendur séu aðskilin frá þeim eldri.

Aukinn fjöldi nemenda gæti skapað aukna fjölbreytni í námi og kennslu nemenda á unglingastigi m.a. fleiri og fjölbreyttari valgreinar.

Mikilvægt að við sameiningu unglingadeilda skólanna þyrfti að vinna með félagsfærni og skapa og festa nýja og jákvæða skólamenningu í sessi.

Huga þarf að því allt húsnæði henti starfseminni. Einnig að horft verði til skólalóða.

Tryggja þarf öruggar samgöngur milli hverfa.

STARFSFÓLK

Hver sviðsmynd skoðuð, styrkleikar og veikleikar metnir, auk tækifæra og ógnana.

Ekki var samhljómur milli niðurstaðna hópanna og engin ein sviðsmynd þótti afgerandi best. Ákveðin stef sem starfsmenn voru á einu máli um.

- Styrkur að unglingadeildin verði stærri, skapaði tækifæri til fjölbreyttari kennsluhátta og samstarfs nemenda og kennara.
- Með sameiningu felast tækifæri í því að bjóða upp á aukið val, aukin námstækifæri og fleiri námsúrræði við hæfi.
- Fjölbreytni nemendahópsins skapar sóknarfæri þegar kemur að því að móta nýja skólamenningu.
- Helsti veikleikinn er fjarlægðin milli skóla sem getur skapað meiri bílaumferð.

FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélagið framkvæmdi könnun meðal foreldra. Rúmlega 100 manns svöruðu. 81,4% svarenda voru búin að kynna sér tillögur starfshóps. Í svörum kom fram að foreldrar eru opnir fyrir því að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir börn í 8.- 10. bekk og þá jafnvel safnskóli fyrir nemendur úr öðrum skólum í hverfinu.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að foreldrum Austurbæjarskóla hugnast best sviðsmyndir IV (að Austurbæjarskóli verði safnskóli á unglingaskóli á unglingastigi úr öllum skólunum þremur) og V (að Vörðuskóli verði hluti af Austurbæjarskóla sem heildstæður skóli en taki jafnframt við nemendum úr öðrum skólum).

Jákvætt að við þau tímamót að hefja nám á unglingastigi fari börnin um leið yfir í nýjan skóla.

Bent er á að staðsetning er spennandi og býður upp á margvíslega möguleika í samstarfi við margar stofnanir. Foreldrafélag sér fyrir sér öflugt skólasamfélag á Skólavörðuholtinu til framtíðar. Foreldrafélagið telur safnskóla auka félagaval fyrir unglingana og hægt að sinna fjölbreyttari áhugasviðum. Nýjar raddir stækka sjóndeildarhringinn. Foreldrafélagið bendir einnig á að sameinaður unglingaskóli styður við undirbúning fyrir menntun í framhaldsskólum og þær áskoranir sem felast í því.

Austurbæjarskóli hefur stóra skólalóð sem þykir henta betur fyrir yngri börnin í 1. – 7. bekk. Sundlaug og samkomusalur í Austurbæjarskóla hentar betur fyrir yngri börnin.

Þess skal þó getið að einnig kom fram það sjónarmið að Austurbæjarskóli búi yfir það miklum menningarsögulegum og sterkum sérkennum til að honum sé skipt upp.

Áhyggjur komu fram um hvort húsnæði Vörðuskóla væri öruggt og heilsusamlegt.

Spennistöðin er nú þegar á svæðinu með sínu öfluga starfsfólki og húsnæði þar sem er frábærar aðstaða fyrir unglinga í hverfinu. Allir skólarnir sameinast nú í íþróttafélaginu Val og tengjast margir krakkar í þessum skólum innbyrðis í gegnum íþróttastarfið nú þegar. Valsrúta gengur nú milli þessara skóla fyrir 1. – 4. bekk.

Vegalengdir eru áskorun fyrir þá sem koma lengra að og verður að huga vel að samgöngum til og frá skóla.

Háteigsskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

SKÓLARÁÐ

Mikilvægt er að bregðast strax við bráðri rýmisþörf Háteigsskóla. Ákall um aukið húsrými við Háteigsskóla jafngildir ekki ósk um safnskóla utan Háteigshverfis sbr. niðurstöður úr nýlegri könnun foreldrafélags (meirihluti svarenda valdi sér búsetu í Háteigshverfi vegna Háteigsskóla og kýs að börn þeirra geti verið í skóla innan hverfis). Skólaráð Háteigsskóla telur ekki skynsamlegt að umbylta skólastarfi hverfisins í algjörri andstöðu við meirihlutavilja foreldrasamfélagins.

Áhersla á Græna plan Reykjavíkurborgar og þjónustustefna hennar stangast á við aukna notkun einkabíls við þessar breytingar. Skólaráð hefur áhyggjur af vegalengdum og öryggi nemenda í umferð.

Í ljósi þess að flestar sviðsmyndirnar sem kynntar eru í skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs fela í sér heilmikið rask á högum unglinga hverfisins og fjölskyldum þeirra, telur skólaráð Háteigsskóla æskilegt að ekki sé farið í svo róttækar breytingar nema fyrst sé sýnt fram á það að safnskóli sé í reynd betri kostur fyrir nemendur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum, en ekki bara rekstrarlega hagkvæmara fyrir borgina.

Skólaráð hefur áhyggjur af mögulegri myglu í Vörðuskóla og að ekki verði mögulegt að uppræta hana.

Skólaráð hvetur til þess að hugað verði sem fyrst að úrbótum vegna rýmisþarfar Háteigsskola í kjölfar þéttingar byggðar innan hverfisins.

STARFSFÓLK

Allar sviðsmyndir voru svót-greindar en ekki tekin afstaða um forgang sviðsmynda.

Stór unglingadeild getur skapað aukin tækifæri. Fjölbreytileiki nemenda verður meiri og aukið námsframboð.

Áhyggjur starfsmanna eru að nemendur geti „týnst“ í stærri einingum.

Við breytingar geta orðið miklar áskoranir varðandi samgöngur, einkum varðandi öryggi.

Mikilvægt að sinna döff börnum, að þau gleymist ekki við breytingar.

Áhyggjur af mannauðsmissi úr skólanum ef breytingar verða gerðar.

Nefndir eru sem tækifæra möguleikar á sérhæfingu skóla sem og meiri samvinnu milli skóla.

Ekki er tekið tillit til ábendinga og hugmynda um húsnæði menntavísindasviðs háskóla Íslands sem fram koma í ábendingum starfsfólks þar sem það húsnæði var ekki hluti af þeim byggingum sem starfshópurinn átti að fjalla um.

Í Háteigsskóla hafa starfsmenn náð að byggja upp jákvæða og einstaka unglingamenningu., málefni hinsegin nemenda fá mikinn hljómgrunn. Jákvæð hegðun unglinga er ráðandi og gott utanumhald kennara og starfsmanna

FORELDRAFÉLAG

Vísað í þjónustustefnu um að nærþjónusta skuli vera eins nálægt notendum og kostur er á.

Foreldrafélagið setti fram könnun til foreldra/forráðamanna í Háteigsskóla. Svör bárust frá 142 foreldrum/forráðamönnum.

- 80,8% foreldra og forráðamanna höfðu kynnt sér skýrslu starfshópsins. 83,8% vilja að barnið þeirra sé í heildstæðum skóla.
- 47,9% lýst best á tillögu I (Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla og byggt verði við Háteigsskóla).
- 76% foreldra segja skólann hafa haft áhrif á val á búsetu. Telja að safnskóli eigi að vera innan hverfis, í Hlíðunum.

Áhyggjur af umferðaröryggi nemenda ef Vörðuskóli verður safnskóli og áhyggjur af því að vegalengd verði lengri en áður. Áhyggjur af samgöngum og fjarlægð. Vitnað í kolefnishlutlaust borgarsamfélag. Bent á að öll þétting byggðar á þessu svæði verði að taka tillit til þess að stækka þurfi skólann á næstu árum.

Áhyggjur af Vörðuskóla varðandi ástand húsnæðis. Bent er á að skoða nýtingu á öðru húsnæði í nágrenni Háteigsskóla s.s. Ísaksskóla og húsnæði háskólans við Stakkahlíð.

Skorað á borgaryfirvöld að standa við fyrirheit um uppbyggingu og stækkun Háteigsskóla, til að þjóna því hlutverki að vera heildstærður hverfisskóli og þar með þungamiðja hverfisins í félagslegum samskiptum. Styður líka við græna borg, bíllausan lífsstíl, sjálfbær hverfi og að þjónusta sé veitt nálægt notendum hennar.

Hlíðaskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

STARFSFÓLK

UMSÖGN STARFSFÓLKS Í HLÍÐASKÓLA VAR SKILAÐ MEÐ UMSÖGN SKÓLARÁÐS

SKÓLARÁÐ

Skólaráð Hlíðaskóla er ekki mótfallið hugmyndum um safnskóla á unglingastigi og telur marga kosti við slíkt fyrirkomulag ef útfærslan er vönduð. Fjölreytt framboð valgreina, meira félagaval eru meðal kosta við safnskóla á unglingastigi.

Staðsetning safnskóla í Vörðuskóla kemur þó ekki til greina. Ástand húss, fjarlægðir og öryggissjónarmið ráða þar mestu.

Af þeim kostum sem settir eru fram í skýrslunni, telur skólaráð Hlíðaskóla að þriðji valkosturinn, að "Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf" sé sá eini sem ráðið getur sætt sig við.

Könnun meðal foreldra í skólanum hefur auk þess leitt í ljós að meirihluti þeirra sem taka afstöðu til þessara fimm valkosta styður valkost númer þrjú (47.1 %). Rúm 32% telja sig ekki geta sætt sig við neinn af þeim kostum sem í boði eru.

Umsagnir frá starfsfólki fóru með fulltrúum kennara í skólaráði inn í umsögn skólaráðs.

FORELDRAFÉLAG

Gerð var könnun meðal foreldra/forráðamanna. 174 skiluðu svörum og 80% þeirra höfðu kynnt sér skýrslu starfshóps. Niðurstaða könnunar er að foreldrar í Hlíðaskóla eru afdráttarlaust mótfallnir hugmyndum um flutning unglingadeildar í Vörðuskóla og einnig eru flestir almennt mótfallnir hugmyndum um safnskóla.

Húsnæði Vörðuskóla ekki talið valkostur vegna ástands hússins. Staðsetning fyrir safnskóla í Vörðuskóla er ekki raunhæfur kostur. Bent á álag á fjölskyldur vegna fjarlægðar og um leið aukna mengun. Mikil áskorun yfir veturinn fyrir gangandi börn og unglinga.

Safnskóli er ekki valmöguleiki, mikilvægt að byggt verði við Hlíðaskóla.

Foreldrafélagið leggur áherslu á að ekki verði farið í breytingar nema í góðu samstarfi við foreldrana í hverfinu og að foreldrar og nemendur fái að taka þátt í undirbúningi og ákvarðanatöku á öllum stigum máls.

Mikill meirihluti foreldra í könnun kölluðu eftir því að Hlíðaskóli yrði áfram heildstæður hverfisskóli. Verði sá valkostur fyrir valinu, að setja á stofn safnskóla, teljum við húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð mögulegan kost.

SVÓT GREINING – lengri útgáfa

SAMANTEKT ÚR 21 UMSÖGNUM.

SVÓT

Styrkleikar

Fleiri unglingar fá að vera saman, möguleikar á að kynnast fleiri krökkum þar sem allir geta fundið sér vini. Stækkar tengslanetið og eykur félagsþroska. Félagslífið yrði meira og skemmtilegra en áður. Meiri opnun í félagsmiðstöð.

Betri aðstaða fyrir unglinga. Góður undirbúningur fyrir menntaskóla (að fara í safnskóla). Jákvætt að hafa meira námsframboð og að hægt er að leita til fleiri kennara. Meira pláss fyrir alla. Meira val í skólanum og fjölbreyttara nám. Sóknarfæri í stórum og fjölbreyttum nemendahópum. Fleiri geta speglað sig og fundið sig í öðrum vinahópum. Tengja meira við krakka út frá til dæmis áhugamálum, hinsegin pælingum ofl.

Spennandi að allir unglingar úr hverfunum þremur safnist saman í einn safnskola.

Kostur að yngri nemendur séu aðskilin frá þeim eldri. Nýjar raddir stækka sjóndeildarhringinn

Býður upp á margvíslega möguleika í samstarfi við margar stofnanir.

Möguleikar á sérhæfingu skóla sem og meiri samvinnu milli skóla.

Foreldrafélag sér fyrir sér öflugt skólasamfélag á Skólavörðuholtinu til framtíðar.

Veikleikar

Meira foreldraskutl en annars, ekki umhverfisvænt. Hætta á að unglingar sem eiga heima í hverfunum lengra frá séu ólíklegri til að mæta í félagsmiðstöðina á kvöldin. Langt ferðalag getur verið fráhrindandi

Áhyggjur af því að nánd yrði minni á milli kennara og nemenda í stórum hópi og að það myndi ekki henta öllum vel. Breytingarnar gætu aukið líkurnar á stríðni og einelti. Verið að aðskilja systkini á ólíkum aldri. Það er ólíklegt að maður lendi með vinum í bekk. Meiri samkeppni um að komast í nemendaráð.

Austurbæjarskóli býr yfir það miklum menningarsögulegum og sterkum sérkennum til að honum sé skipt upp.

Áhyggjur af því hvort húsnæði Vörðuskóla sé öruggt og heilsusamlegt.

Ákall um aukið húsrými við skóla jafngildir ekki ósk um safnskóla utan hverfis

Meirihluti foreldra (í könnun) valdi sér búsetu í hverfi vegna skóla og kýs að börn þeirra geti verið í skóla innan hverfis. Ekki skynsamlegt að umbylta skólastarfi hverfisins í algjörri andstöðu við meirihlutavilja foreldrasamfélagins. Flestir foreldrar mótfallnir hugmyndum um safnskóla.

Ógnanir

Ekki var samhljómur milli niðurstaðna hópanna og engin ein sviðsmynd þótti afgerandi best. Get ekki sætt sig við neinn af þeim kostum sem í boði eru.

Áhyggjur af umferðarálagi og aukinni slysahættu. Samgöngur á milli hverfa þurfa að batna til muna ef að sameiningunni yrði. Strætósamgöngur eru ekki nægilega góðar eins og staðan er núna.

Áhersla á Græna plan Reykjavíkurborgar og þjónustustefna hennar stangast á við aukna notkun einkabíls við þessar breytingar. Áhyggjur af vegalengdum og öryggi nemenda í umferð.

Mikilvægt atriði er að húsnæði sé heilsusamlegt.

Hvað með táknmálið sem er kennt í Hlíðaskóla? Ábending um mikilvægi þess að hlúa áfram vel að þjónustu fyrir heyrnarskert börn í skóla- og frístundastarfi. Bent á mikilvægi þess að hafa aðgengi fyrir fatlaða, þarf að tryggja.

Áhyggjur af því að þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfi dvíni og yfirsýn starfsmanna verði ekki eins mikil í stórum skóla. Áhersla lögð á frístundaheimilið fái viðunandi aðstöðu.

Áhyggjur af mannauðsmissi úr skólanum ef breytingar verða gerðar.

Tækifæri

Uppbygging skóla- félags- og frístundastarfs í hverfunum er spennandi verkefni. Mikilvægt að auka aðkomu ólíks fagfólks inn í skólana.

Mikilvægt að húsnæði henti öllum börnum og hæfi nútíma starfs- og kennsluháttum. Mikill áhugi að fá að hanna í sameiningu rými sem myndi henta bæði frístund og skóla.

Minna á mikilvægi lóða, þyrfti að fara í miklar framkvæmdir og endurbætur á lóðinni. Hanna og endurhugsa þarf eldri mannvirki í takt við Græna planið þar sem samnýting er í fyrirrúmi.

Leggja áherslu á að viðhalda öflugu foreldrasamstarfi.

Kynna þarf breytingarnar vel.

Halda áfram að vera með heildstæða hverfisskóla og byggja við.

Æskilegt að ekki sé farið í svo róttækar breytingar nema fyrst sé sýnt fram á það að safnskóli sé í reynd betri kostur fyrir nemendur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum, en ekki bara rekstrarlega hagkvæmara fyrir borgina.

VSÓ RÁÐGJÖF

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

FRAMTÍÐARSKIPAN SKÓLA Í AUSTURBÆ

MAT Á KOSTNAÐI FIMM SVIÐSMYNDA, ÁHÆTTUMAT, STYRKLEIKA- OG TÆKIFÆRAMAT

Júní 2022

22120

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	18.02.2022	SBB/STP/ÞA	SDD	SDD
2	24.06.2022	SBB/STP/ÞA	SDD	SDD
3	2.09.2022	SBB/STP	SDD	SDD

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:

Efnisyfirlit

1 Inngangur 3
1.1 Stutt samantekt niðurstaðna 4
2 Forsendur kostnaðarútreikninga 5
2.1 Sviðsmyndir 6
3 Kostnaðarmat 9
3.1 Verkþættir og forsendur 9
3.1.1 Sviðsmynd I 10
3.1.2 Sviðsmynd II 11
3.1.3 Sviðsmynd III 12
3.1.4 Sviðsmynd IV 13
3.1.5 Sviðsmynd V 14
4 Niðurstaða kostnaðarútreikninga 15
5 Endurbætur á núverandi skólum 15
6 Forsendur kostnaðarútreikninga á endurbótum 16
7 Áhættumat 18
7.1 Samantekt áhættumats 18
7.2 Áhættumat fyrir sviðsmynd I 19
7.3 Áhættumat fyrir sviðsmynd II 20
7.4 Áhættumat fyrir sviðsmynd III 21
7.5 Áhættumat fyrir sviðsmynd IV 22
7.6 Áhættumat fyrir sviðsmynd V 23
8 Styrkleika- og tækifærismat 24
8.1 Samantekt styrkleika og tækifæramats 24
8.2 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd I 25
8.3 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd II 25
8.4 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd III 26
8.5 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd IV 26
8.6 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd V 27

1 Inngangur

VSÓ Ráðgjöf var falið að vinna frumkostnaðaráætlun vegna breytinga og viðbygginga á skólum og frístundarheimilum í Austurbæ, þ.e. Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíða-skóla og Vörðuskóla, samkvæmt fyrirliggjandi sviðsmyndum fyrir þróun skólastarfs við þessa skóla. Einnig var VSÓ falið að gera áhættumat og styrkleika- og tækifæramat fyrir þessar sömu sviðsmyndir.

Fyrir liggur þarfagreining fyrir skólastarfið sem Reykjavíkurborg hefur unnið, sjá skýrslu: „*Framtíðarskipan skóla og frístundarstarfs Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Hlíðarskóli, Vörðuskóli, Draumaland, Halastjarnan og Eldflaugin,105, Gleðibankinn og 100og1 “*. Í fyrirliggjandi skýrslu eru lagðar fram fimm mismunandi sviðsmyndir sem allar koma til greina vegna fjölgunar barna í Austurbæ.

Ítarleg forhönnun húsnæðisins og þarfagreining fyrir breytingar á húsnæðinu liggur ekki fyrir og er því ljóst að kostnaðarmat þetta er háð töluverðri óvissu. Í því sambandi er mikilvægt að um þessar mundir er sérstaklega mikil óvissa vegna hráefnaskorts.

Áhættumat og styrkleika- og tækifæramat fólst í að meta helstu áhættuþætti verkefnisins í samvinnu við starfshóp verkefnisins og gera tillögu að vægi og einkunn. Einnig voru skilgreindir þættir sem geta talist styrkleikar og/eða tækifæri og byggðist að hluta á áður skilgreindum styrkleikum sviðsmyndanna í fyrrnefndri skýrslu Reykjavíkurborgar. Var matsþáttunum gefið vægi og einkunn með svipuðum hætti og í áhættumatinu.

Næsta skref er að velja þá sviðsmynd sem þykir fýsilegust og gera nánari þarfagreiningu með tilliti til uppbyggingar og hönnunar. Þegar frekari upplýsingar liggja fyrir og farið hefur verið í framkvæmdagreiningu og hönnun verður hægt að gera ítarlegra mat á kostnaði og framkvæmdatilhögun.

1.1 Stutt samantekt niðurstaðna

Í eftirfarandi töflu er samantekt af niðurstöðum frumkostnaðarmats framkvæmda fyrirhugaðra stækkunar ásamt endurbótum núverandi skóla, auk áhættumats og styrkleika- og tækifæramati fyrir sviðsmyndirnar fimm.

Niðurstöður þessa eru fengnar út frá þeim forsendum sem skilgreindar eru í skýrslu Reykjavíkurborgar sbr. umfjöllun hér fyrir ofan.

Þar sem endanleg hönnun og ítarleg þarfagreining á endurbótum liggur ekki fyrir ríkir töluverð óvissa. Tölur geta því breyst þegar lengra er haldið með verkefnið og má því líta á þær sem frumtölur þessa verkefnis.

Sviðsmynd	A	B
Sviðsmynd I	13.265.741.970 kr.	7.997.407.470 kr.
Sviðsmynd II	13.681.741.866 kr.	8.413.407.366 kr.
Sviðsmynd III	13.785.741.840 kr.	9.245.407.158 kr.
Sviðsmynd IV	10.145.742.750 kr.	4.877.408.250 kr.
Sviðsmynd V	12.048.942.274 kr.	6.395.807.870 kr.

Tafla 1: Samantekt heildarkostnaðar framkvæmda og endurbóta með 35% óvissu.

Sviðsmynd	Áhættumat Einkunn (0-10)	Styrkleika- og tækifæramat Einkunn (0-10)
Sviðsmynd I	5,49	8,35
Sviðsmynd II	7,60	8,00
Sviðsmynd III	6,04	6,59
Sviðsmynd IV	6,46	8,71
Sviðsmynd V	7,58	8,71

Tafla 2: Samantekt áhættumats og styrkleika- og tækifæramats fyrir sviðsmyndirnar fimm. Tölur fyrir minni eða meiri áhættu, styrkleika og tækifæri frá 0 upp í 10.

2 Forsendur kostnaðarútreikninga

Skýrsla Reykjavíkurborgar sýnir þarfir og framtíðarspár hvers skóla miðað við núverandi aðstæður.

Útfærslur sviðsmynda geta hins vegar verið nokkuð frábrugðnar og því eru eftirfarandi kostnaðaráætlanir háðar mikilli óvissu. Hér er unnið út frá fyrirliggjandi gögnum sem felast í fyrrnefndri skýrslu Reykjavíkurborgar og tengdum gögnum. Í sumum tilvikum gefa þau ekki ítarlega mynd af framkvæmdahluta mannvirkjanna og þarf því að fara yfir þann hluta sérstaklega þegar ljóst er hvaða sviðsmynd verður metin fýsilegust.

Útreikningar eru byggðir á reynslutölum sambærilegra verkefna og er einingarverð miðað við fermetratölur (byggingarmagn) eins og þær voru settar fram í sviðmyndum. Gengið er út frá að um brúttótölur sé að ræða.

Við gerð frumkostnaðaráætlana var einingarverð verkþátta fundið og óvissu bætt við þau. Þar sem þetta er frumkostnaðaráætlun og ekki liggja fyrir hönnunarforsendur, ítarleg þarfagreining og efnisval, var 30% óvissu bætt við. Einnig kann núverandi ástand vegna heimsfaraldurs að hafa afleiðingu á óvissu til hækkunar. Einingaverð voru áætluð út frá fermetraverðum í sambærilegum verkefnum. Við gerð viðbygginga þarf að gera ráð fyrir talsverðu raski og auknum kostnaði við samskeytingu og tengingu við núverandi byggingar sem þarf að skoða sérstaklega á næstu stigum.

Innifalið

- Gjöld sem greidd eru til BREEAM vegna vottunar
- Hönnun, eftirlit og umsjón

Ekki innifalið

- Opinber gjöld s.s. byggingarleyfisgjöld, gatnagerðargjöld o.þ.h. gjöld.
- Laus búnaður á borð við laus húsgögn og tölvubúnað.
- Hugsanleg endurgreiðsla virðisauka vegna ráðgjafavinnu, sem og endurgreiðslu virðisauka vegna „allir vinna“ átaks (tímabundið úrræði).
- Afvegaleiddur kostnaður vegna skipulags á skólastarfi meðan á framkvæmdum stendur svo sem leiga á húsnæði o.þ.h.
- Kostnaður við deiliskipulagsgerð ef þörf krefur.

Eftirfarandi þarfagreining frá Reykjavíkurborg eru forsendur útreikninganna, sem móttekin voru 27.01.22.

Skýrsla starfshóps um Vörðuskóla og nærliggjandi skólahverfi maí 2021

Eftirfarandi forsendur eru dregnar úr skýrslunni og notaðar við kostnaðarmatið:

- Rýmisþörf nemenda er 11m^2 (brúttó m^2) vegna viðbættra rýma.
- Rýmisþörf vegna frístundar er 1m^2 á hvern nemenda (nettó m^2)
- Félagsmiðstöð er 65m^2 (nettó m^2)

Við nettó-rýmisþörf bætast gangar, tengirými, veggir o.s.frv. eða samtals 35% ofan á ofangreindartölur.

2.1 Sviðsmyndir

Í þarfagreiningu Reykjavíkurborgar var þol skólanna metið miðað við núverandi aðstöðu ásamt spá um fjölda nemenda fyrir árin 2030 og 2040. Sjá neðangreindar töflur sem sýna sviðsmyndir 1- 5. Hver sviðsmynd hefur að geyma tvö tilfelli, sem hér eftir verða skilgreindar sem tilfelli A og B innan hverrar sviðsmyndar.

Í hverri sviðsmynd miðast tölur um þol húsnæðis við 11m^2 fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m^2 fyrir barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65m^2 fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

SVIÐSMYND I (A & B)

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	305	311	-6	364	-59	399	-94
Samtals	**1.589**	**1.420**	**176**	**1.673**	**-84**	**1.872**	**-283**

Tafla 3: Sviðsmynd 1 A; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd I. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	305	311	-6	364	-59	399	-94
Samtals	**1.589**	**1.420**	**176**	**1.673**	**-84**	**1.872**	**-283**

Tafla 4: Sviðsmynd 1 B; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd I. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

SVIÐSMYND II (A & B)

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	305	453	-148	530	-225	592	-287
Samtals	**1.595**	**1.420**	**175**	**1.673**	**-78**	**1.872**	**-277**

Tafla 5: Sviðsmynd II A; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd II. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	305	453	-148	530	-225	592	-287
Samtals	1.595	1420	175	1.673	-78	1.872	-277

Tafla 6: Sviðsmynd II B; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd II. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

SVIÐSMYND III (A & B)

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	427	544	-117	619	-192	720	-293
Vörðuskóli	305	301	4	356	-51	386	-81
Samtals	1.589	1.420	169	1.672	-83	1.870	-281

Tafla 7: Sviðsmynd III A; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd III. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	427	544	-117	678	-251	779	-352
Vörðuskóli	305	301	4	338	-33	370	-65
Samtals	1.589	1.420	169	1.672	-83	1.872	-283

Tafla 8: Sviðsmynd III B; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd III. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

SVIÐSMYND IV (A & B)

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	559	453	106	530	29	592	-33
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	223	260	-37	326	-103	333	-110
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

Tafla 9: Sviðsmynd IV A; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd IV. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	559	453	106	530	29	592	-33
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	223	260	-37	285	-62	292	-69
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

Tafla 10: Sviðsmynd IV B; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd IV. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

SVIÐSMYND V (A & B)

		2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	782	713	69	856	-74	925	-143
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

Tafla 11: Sviðsmynd V A; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd V. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

	Skólastarf	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	782	713	69	815	-33	884	-102
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

Tafla 12: Sviðsmynd V B; Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd V. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

Hver sviðsmynd var skoðuð og var fermetrafjöldi metin út frá ofangreindum forsendum. Rýmisþörf fyrir hvern nemanda var margfölduð við þann fjölda nemenda sem áætlaður er að verði umfram þolgetu hvers skóla á komandi árum. Stærð frístunda og félags-miðstöðva var bætt við, eftir mati hverrar sviðsmyndar.

Til að meta fjölda barna sem gengur í frístund var heildarfjölda deilt niður í tíu bekki til þess að finna stærð hvers árgangs. Gert var ráð fyrir tveimur árgöngum í frístund og sá fjöldi margfaldaður með skilgreindri rýmisþörf (1m^2/nemenda).

3 Kostnaðarmat vegna nýframkvæmda

3.1 Verkþættir og forsendur

Í eftirfarandi undirköflum er lýst nánar þeim frágangi sem gert er ráð fyrir. Um er að ræða grófa lýsingu sem gefur mynd af þeim kostnaði sem er innifalinn.

Hönnun og umsjón

Áætlað er að hönnun sé 7% af framkvæmdarkostnaði og að eftirlit og umsjón á verkefni á borð við slíkar framkvæmdir sé 6% af framkvæmdarkostnaði.

Umhverfisvottanir

Gert er ráð fyrir vitsvænni vottun á borð við BREAAM, kostnaður er metinn sem 2% af framkvæmdarkostnaði.

Aðstaða og jarðvinna

Í hverri sviðsmynd er gert ráð fyrir aðstöðu og jarðvinnu.

Burðaþol

Gert er ráð fyrir að allar byggingarnar séu staðsteyptar, eða að notaðar séu steyptar einingar.

Lagnir

Gert er ráð fyrir öllum nauðsynlegum hreinlætisbúnaði, neysluvatnslögnum, fráveitulögnum, snjóbræðslulögnum og brunalögnum.

Loftræsing

Loftstokkar og allur meðfylgjandi búnaður, bruna og reyklokum ásamt stjórnbúnaði.

Rafkerfi

Gert er ráð fyrir raflögnum, lágspennukerfi, lýsingarkerfi, brunaviðvörunarkerfi, fjarskiptakerfi ásamt öryggiskerfi.

Frágangur innanhúss

Við frágang innan húss var hugað að múrverki, trésmíði, málun, innréttingum, gólfefnum og öðrum hefðbundnum lokafrágangi.

Frágangur utanhúss

Miðað er við almennan frágang utanhúss m.a. ytri hjúp bygginga, trésmíði, þakfrágang, járnsmíði, glugga og útihurðir.

Lóðarfrágangur

Tekið er mið af því að sett verði upp girðing, leiktæki, leikvellir og tengdur búnaður ásamt öðrum frágangi á yfirborði lóðar.

3.1.1 Sviðsmynd I

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir Austurbæjarskóla og Hlíða-skóla og byggja þurfi við Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðin 105 verður starfrækt í Háteigsskóla og félagsmiðstöðin Gleðibankinn í Hlíðaskóla sameinuð 100og1. Því þarf að:

a) *Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist unglingar úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.*
b) *Sameina félagsmiðstöðvarnar 100og1 og Gleðibankann.*
c) *Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland í Austurbæjarskóla og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.*
d) *Byggja við Háteigsskóla og gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöðina 105 í skólanum.*

Áætlaður kostnaður vegna sviðsmyndar I er birtur í eftirfarandi töflum fyrir bæði tilfelli A og B:

Stærð Skóla [m²]	Einingarverð	Háteigsskóli 3000	Heildarkostnaður
Aðstaða og jarðvinna	40.000 kr	120.000.000 kr	120.000.000 kr
Burðarþol	160.000 kr	480.000.000 kr	480.000.000 kr
Lagnir	56.000 kr	168.000.000 kr	168.000.000 kr
Loftræsing	40.000 kr	120.000.000 kr	120.000.000 kr
Rafmagn	85.000 kr	255.000.000 kr	255.000.000 kr
Fr. Innanhúss	130.000 kr	390.000.000 kr	390.000.000 kr
Fr. Utanhúss	110.000 kr	330.000.000 kr	330.000.000 kr
Lóðarfrágangur	75.000 kr	225.000.000 kr	225.000.000 kr
Framkvæmdarkostnaður	696.000 kr	2.088.000.000 kr	2.088.000.000 kr
Hönnun	7%	146.160.000 kr	146.160.000 kr
Eftirlit og umsjón	6%	124.079.400 kr	124.079.400 kr
BREEAM vottun	2%	41.760.000 kr	41.760.000 kr
Annað og ófyrirséð	30%	719.999.820 kr	719.999.820 kr
Heild samtals með vsk	1.040.000 kr	3.119.999.220 kr	3.119.999.220 kr

Tafla 13: Sviðsmynd I A – Frumkostnaðaráætlun.

Stærð Skóla [m²]		3000	
Aðstaða og jarðvinna	40.000 kr	120.000.000 kr	120.000.000 kr
Burðarþol	160.000 kr	480.000.000 kr	480.000.000 kr
Lagnir	56.000 kr	168.000.000 kr	168.000.000 kr
Loftræsing	40.000 kr	120.000.000 kr	120.000.000 kr
Rafmagn	85.000 kr	255.000.000 kr	255.000.000 kr
Fr. Innanhúss	130.000 kr	390.000.000 kr	390.000.000 kr
Fr. Utanhúss	110.000 kr	330.000.000 kr	330.000.000 kr
Lóðarfrágangur	75.000 kr	225.000.000 kr	225.000.000 kr
Framkvæmdarkostnaður	696.000 kr	2.088.000.000 kr	2.088.000.000 kr
Hönnun	7%	146.160.000 kr	146.160.000 kr
Eftirlit og umsjón	6%	124.079.400 kr	124.079.400 kr
BREEAM vottun	2%	41.760.000 kr	41.760.000 kr
Annað og ófyrirséð	30%	719.999.820 kr	719.999.820 kr
Heild samtals með vsk	1.040.000 kr	3.119.999.220 kr	3.119.999.220 kr

Tafla 14: Sviðsmynd I B – Frumkostnaðaráætlun.

3.1.2 Sviðsmynd II

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur og að skóla-og frístundastarf fyrir 1.-7. bekk verði í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Háteigsskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:

a) *Stækka húsnæði Vörðuskóla.*
b) *Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann, 100og1 og 105.*
c) *Skilgreina húsnæði Spennistöðvarinnar sem hluta af starfsemi unglingaskóla Vörðuskóla.*

Áætlaður kostnaður vegna sviðsmyndar II er birtur í eftirfarandi töflum fyrir bæði tilfelli A og B:

	Einingarverð	Vörðuskóli	Heildarkostnaður
Stærð Skóla [m²]		**3400**	
Aðstaða og jarðvinna	**40.000 kr**	**136.000.000 kr**	**136.000.000 kr**
Burðarþol	**160.000 kr**	**544.000.000 kr**	**544.000.000 kr**
Lagnir	**56.000 kr**	**190.400.000 kr**	**190.400.000 kr**
Loftræsing	**40.000 kr**	**136.000.000 kr**	**136.000.000 kr**
Rafmagn	**85.000 kr**	**289.000.000 kr**	**289.000.000 kr**
Fr. Innanhúss	**130.000 kr**	**442.000.000 kr**	**442.000.000 kr**
Fr. Utanhúss	**110.000 kr**	**374.000.000 kr**	**374.000.000 kr**
Lóðarfrágangur	**75.000 kr**	**255.000.000 kr**	**255.000.000 kr**
Framkvæmdarkostnaður	**696.000 kr**	**2.366.400.000 kr**	**2.366.400.000 kr**
Hönnun	**7%**	**165.648.000 kr**	**165.648.000 kr**
Eftirlit og umsjón	**6%**	**140.623.320 kr**	**140.623.320 kr**
BREEAM vottun	**2%**	**47.328.000 kr**	**47.328.000 kr**
Annað og ófyrirséð	**30%**	**815.999.796 kr**	**815.999.796 kr**
Heild samtals með vsk	**1.040.000 kr**	**3.535.999.116 kr**	**3.535.999.116 kr**

Tafla 15: Sviðsmynd II A – Frumkostnaðaráætlun.

Stærð Skóla [m²]	Einingarverð	Vörðuskóli 3400	Heildarkostnaður
Aðstaða og jarðvinna	**40.000 kr**	**136.000.000 kr**	**136.000.000 kr**
Burðarþol	**160.000 kr**	**544.000.000 kr**	**544.000.000 kr**
Lagnir	**56.000 kr**	**190.400.000 kr**	**190.400.000 kr**
Loftræsing	**40.000 kr**	**136.000.000 kr**	**136.000.000 kr**
Rafmagn	**85.000 kr**	**289.000.000 kr**	**289.000.000 kr**
Fr. Innanhúss	**130.000 kr**	**442.000.000 kr**	**442.000.000 kr**
Fr. Utanhúss	**110.000 kr**	**374.000.000 kr**	**374.000.000 kr**
Lóðarfrágangur	**75.000 kr**	**255.000.000 kr**	**255.000.000 kr**
Framkvæmdarkostnaður	**696.000 kr**	**2.366.400.000 kr**	**2.366.400.000 kr**
Hönnun	**7%**	**165.648.000 kr**	**165.648.000 kr**
Eftirlit og umsjón	**6%**	**140.623.320 kr**	**140.623.320 kr**
BREEAM vottun	**2%**	**47.328.000 kr**	**47.328.000 kr**
Annað og ófyrirséð	**30%**	**815.999.796 kr**	**815.999.796 kr**
Heild samtals með vsk	**1.040.000 kr**	**3.535.999.116 kr**	**3.535.999.116 kr**

Tafla 16: Sviðsmynd II B – Frumkostnaðaráætlun.

3.1.3 Sviðsmynd III

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglinga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin Gleðibankinn verður starfrækt í Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðvarnar 105 í Háteigsskóla og 100og1 í Austurbæjarskóla verða sameinaðar. Því þarf að:

a) *Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist unglingar úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla.*
b) *Sameina félagsmiðstöðvarnar 105 og 100og1.*
c) *Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Austurbæjarskóla. Einnig þarf að gera ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Háteigsskóla.*
d) *Byggja við Hlíðaskóla og gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimilið Eldflaugina og félagsmiðstöðina Gleðibankann í skólanum.*

Áætlaður kostnaður vegna sviðsmyndar III er birtur í eftirfarandi töflum fyrir bæði tilfelli A og B:

Stærð Skóla [m²]	Einingarverð	Hlíðaskóli 3500	Heildarkostnaður
Aðstaða og jarðvinna	40.000 kr	140.000.000 kr	140.000.000 kr
Burðarþol	160.000 kr	560.000.000 kr	560.000.000 kr
Lagnir	56.000 kr	196.000.000 kr	196.000.000 kr
Loftræsing	40.000 kr	140.000.000 kr	140.000.000 kr
Rafmagn	85.000 kr	297.500.000 kr	297.500.000 kr
Fr. Innanhúss	130.000 kr	455.000.000 kr	455.000.000 kr
Fr. Utanhúss	110.000 kr	385.000.000 kr	385.000.000 kr
Lóðarfrágangur	75.000 kr	262.500.000 kr	262.500.000 kr
Framkvæmdarkostnaður	696.000 kr	2.436.000.000 kr	2.436.000.000 kr
Hönnun	7%	170.520.000 kr	170.520.000 kr
Eftirlit og umsjón	6%	144.759.300 kr	144.759.300 kr
BREEAM vottun	2%	48.720.000 kr	48.720.000 kr
Annað og ófyrirséð	30%	839.999.790 kr	839.999.790 kr
Heild samtals með vsk	1.040.000 kr	3.639.999.090 kr	3.639.999.090 kr

Tafla 17: Sviðsmynd III A – Frumkostnaðaráætlun: Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

Stærð Skóla [m²]	Einingarverð	Hlíðaskóli 4200	Heildarkostnaður
Aðstaða og jarðvinna	40.000 kr	168.000.000 kr	168.000.000 kr
Burðarþol	160.000 kr	672.000.000 kr	672.000.000 kr
Lagnir	56.000 kr	235.200.000 kr	235.200.000 kr
Loftræsing	40.000 kr	168.000.000 kr	168.000.000 kr
Rafmagn	85.000 kr	357.000.000 kr	357.000.000 kr
Fr. Innanhúss	130.000 kr	546.000.000 kr	546.000.000 kr
Fr. Utanhúss	110.000 kr	462.000.000 kr	462.000.000 kr
Lóðarfrágangur	75.000 kr	315.000.000 kr	315.000.000 kr
Framkvæmdarkostnaður	696.000 kr	2.923.200.000 kr	2.923.200.000 kr
Hönnun	7%	204.624.000 kr	204.624.000 kr
Eftirlit og umsjón	6%	173.711.160 kr	173.711.160 kr
BREEAM vottun	2%	58.464.000 kr	58.464.000 kr
Annað og ófyrirséð	30%	1.007.999.748 kr	1.007.999.748 kr
Heild samtals með vsk	1.040.000 kr	4.367.998.908 kr	4.367.998.908 kr

Tafla 18: Sviðsmynd III B – Frumkostnaðaráætlun: Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

3.1.4 Sviðsmynd IV

Í sviðsmyndinni felst að Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum *skólunum þremur og nemendur í 1.-7. bekk Austurbæjarskóla færu í Vörðuskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 þjóni miðstigi og unglingum í Austurbæjarskóla auk miðstigum Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:*

a) *Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist nemendur 1.-7. bekkjar Austurbæjarskóla, frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöð fyrir 5.-7.bekk.*
b) *Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla.*

Eftirfarandi sviðsmynd felur aðeins í sér endurbætur og má sjá forsendur kostnaðar í kafla 6.*“ Forsendur kostnaðarútreikninga á endurbótum“*

Áætlaður kostnaður vegna sviðsmyndar IV er birtur í eftirfarandi töflum fyrir bæði tilfelli A og B:

	Sviðsmynd IV	
	A	B
Kostnaður vegna endurbóta	**10.145.742.750 kr**	**4.877.408.250 kr**
Samanlagður kostnaður	**10.145.742.750 kr**	**4.877.408.250 kr**

Tafla 19: Sviðsmynd IV A og B – Frumkostnaðaráætlun: Hér er stuðst við útreikninga kafla 6 þar sem hér er aðeins um endurbætur að ræða.

3.1.5 Sviðsmynd V

Í sviðsmyndinni felst að húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli sem tæki einnig við unglingum í 8.-10. bekk úr hinum skólunum tveimur. Félagsmiðstöðin 100og1 þjóni miðstigi og unglingum í Austurbæjarskóla auk miðstigum Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:

a) Lagfæra Vörðuskóla og byggja við hann svo þar rúmist nemendur Austurbæjarskóla auk unglingadeilda Háteigsskóla og Hlíðaskóla.

b) Gera þarfráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöðina100og1í Austurbæjarskóla.

c) Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Háteigsskóla einnig fyrir frístundaheimilið Eldflaugina og félagsmiðstöð f. miðstig í Hlíðaskóla.

d) Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann, 100og1 og 105.

Eftirfarandi sviðsmynd felur í sér endurbætur og viðbyggingu á Vörðuskóla. Áætlaður kostnaður vegna sviðsmyndar V er birtur í eftirfarandi töflum fyrir bæði tilfelli A og B:

Stærð Skóla [m²]	Einingarverð	Vörðuskóli 1830	Heildarkostnaður
Aðstaða og jarðvinna	40.000 kr	73.200.000 kr	73.200.000 kr
Burðarþol	160.000 kr	292.800.000 kr	292.800.000 kr
Lagnir	56.000 kr	102.480.000 kr	102.480.000 kr
Loftræsing	40.000 kr	73.200.000 kr	73.200.000 kr
Rafmagn	85.000 kr	155.550.000 kr	155.550.000 kr
Fr. Innanhúss	130.000 kr	237.900.000 kr	237.900.000 kr
Fr. Utanhúss	110.000 kr	201.300.000 kr	201.300.000 kr
Lóðarfrágangur	75.000 kr	137.250.000 kr	137.250.000 kr
Framkvæmdarkostnaður	696.000 kr	1.273.680.000 kr	1.273.680.000 kr
Hönnun	7%	89.157.600 kr	89.157.600 kr
Eftirlit og umsjón	6%	75.688.434 kr	75.688.434 kr
BREEAM vottun	2%	25.473.600 kr	25.473.600 kr
Annað og ófyrirséð	30%	439.199.890 kr	439.199.890 kr
Heild samtals með vsk	1.040.000 kr	1.903.199.524 kr	1.903.199.524 kr

Tafla 20: Sviðsmynd V A – Frumkostnaðaráætlun.

Stærð Skóla [m²]	Einingarverð	Vörðuskóli 1460	Heildarkostnaður
Aðstaða og jarðvinna	40.000 kr	58.400.000 kr	58.400.000 kr
Burðarþol	160.000 kr	233.600.000 kr	233.600.000 kr
Lagnir	56.000 kr	81.760.000 kr	81.760.000 kr
Loftræsing	40.000 kr	58.400.000 kr	58.400.000 kr
Rafmagn	85.000 kr	124.100.000 kr	124.100.000 kr
Fr. Innanhúss	130.000 kr	189.800.000 kr	189.800.000 kr
Fr. Utanhúss	110.000 kr	160.600.000 kr	160.600.000 kr
Lóðarfrágangur	75.000 kr	109.500.000 kr	109.500.000 kr
Framkvæmdarkostnaður	696.000 kr	1.016.160.000 kr	1.016.160.000 kr
Hönnun	7%	71.131.200 kr	71.131.200 kr
Eftirlit og umsjón	6%	60.385.308 kr	60.385.308 kr
BREEAM vottun	2%	20.323.200 kr	20.323.200 kr
Annað og ófyrirséð	30%	350.399.912 kr	350.399.912 kr
Heild samtals með vsk	1.040.000 kr	1.518.399.620 kr	1.518.399.620 kr

Tafla 21: Sviðsmynd V B – Frumkostnaðaráætlun.

3.2 Niðurstaða kostnaðarútreikninga - samantekt

Kostnaðarmat vegna nýframkvæmda miðaði við áætlaða fermetraþörf í fyrirliggjandi gögnum. Miðað var við sama einingarverð fyrir hvern verkþátt fyrir allar fimm sviðsmyndirnar. Niðurstöður þessar eru byggðar á ofangreindum forsendum og má ætla að skekkja liggi í frumkostnaði. Ljóst er að við nánari útfærslur á framkvæmdum og hönnun eins og t.d. efnisvali hönnuða getur einingarverð breyst. Eftirfarandi er samantekt á kostnaðarmatinu í kafla 3.

Fermetraþörf[m²] árið 2040	A	B
Sviðsmynd I	3.000	3.000
Sviðsmynd II	3.400	3.400
Sviðsmynd III	3.500	4.200
Sviðsmynd IV	Endurbætur á vörðuskóla	
Sviðsmynd V	1.830	1.460

Tafla 22 : Fermetraþörf hverrar sviðsmyndar fyrir sig.

Sviðsmynd	A	B
Sviðsmynd I	3.119.999.220 kr	3.119.999.220 kr
Sviðsmynd II	3.535.999.116 kr	3.535.999.116 kr
Sviðsmynd III	3.639.999.090 kr	4.367.998.908 kr
Sviðsmynd IV	10.145.742.750 kr	4.877.408.250 kr
Sviðsmynd V	1.903.199.524 kr	1.518.399.620 kr

Tafla 23 : Framkvæmdarkostnaður hverrar sviðsmyndar fyrir sig.

4 Endurbætur á núverandi skólum

Ljóst er að ef ein af fimm ofangreindum sviðsmyndum verða fyrir valinu má áætla að endurbætur á núverandi skólum þurfi að eiga sér stað. Ef farið verður í að byggja við skóla má áætla að breyta þurfi m.a. stoðrýmum og kennslustofum til þess að aðlaga kennslustarf að nýrri viðbyggingu, einnig þarf að huga að breytingum vegna aðlögunar barna í núverandi skólum t.d. eins þegar unglingadeildir eru sameinaðar.

Þess má geta að áður en farið er í framkvæmdir á einni af eftirfarandi fimm sviðsmyndum er æskilegt að útbúa ýtarlega þarfagreiningu á því sem þarf að breyta í núverandi skólum.

Hvernig hátta á skipulagi rýma, svo sem hvernig skóla stofum verði háttað og hvað þurfi nauðsýnlega að lagfæra, breyta eða skipta út en slík þarfagreining liggur ekki fyrir í dag.

Við útreikninga á frumkostnaði er ekki tekið mið af viðhaldskostnaði.

4.1 Forsendur kostnaðarútreikninga á endurbótum

Gengið er út frá að ef farið verður í framkvæmdir á núverandi skólum verði jafnframt farið verður í almennar endurbætur á eldra skólahúsnæði, bæði vegna aldurs og til að aðlaga þær að viðbyggingum og nýju eða breyttu hlutverki.

Hertar kröfur byggingarreglugerðar hafa tekið gildi frá því að upprunalegar byggingar voru byggðar, t.d. bruna- og hljóðvistar kröfur og tekið er tillit til þess að endurbætur á eldra húsnæði uppfylli nýjar kröfur eins og hægt er.

Heildarverð endurbóta miðast við hlutfallsútreikninga, verðmismunur á milli ofangreindra sviðsmynda liggur því í fermetramismun. Eftirfarandi er lykilforsenda við mat á kostnaði við endurbætur á fyrirliggjandi húsnæði:

- Áætlað að 10% af núverandi flatarmáli þurfi miklar og ýtarlegar endurbætur
- Áætlað að 90% af núverandi flatarmáli þurfi endurbætur að einhverju leyti

Það sem felst í 10% hlutfalli endurbóta, er m.a. niðurrif, færsla veggja, breyting á rýmum, ný loft-og rafmagnskerfi.

Það sem felst í 90% hlutfalli endurbóta er m.a. niðurrif, endurskipulagning á núverandi rýmum og ný loft-og rafmagnskerfi.

Ofangreind hlutföll eru aðeins mat á hugsanlegum endurbótum, þar sem lítil vitneskja er um þær endurbætur sem raunverulega þarf að framkvæma og ríkir því töluverð óvissa í kostnaðarmati.

Gert er ráð fyrir endurbótum í hverri sviðmynd og byggist heildarkostnaður því á samanlögðum kostnaði framkvæmdakostnaðar og kostnaðarmati endurbóta í hverri sviðsmynd.

Einingarverð vegna endurbóta eru reynslu tölur sambærilegra framkvæmda, en þar sem mikil óvissa er í eftirfarandi kostnaðarmati má áætla að kostnaður geti verið á tilteknu bili. Áætlaður kostnaður var fundinn og 35% óvissu bætt við, ásamt því að geta verið 35% undir kostnaðarmati.

Eftirfarandi töflur sýna kostnaðarmat hugsanlegra endurbóta allra skólanna á fyrrgreindu bili:

Verð vegna ýtarlegra endurbóta, 10% af heildarflatarmáli núv. skóla			Heildarkostnaður	Kostnaður með 35% óvissu	Kostnaður 35% undir mati
Einingarverð	425.000 kr	m²			
Austurbæjarskóli		638	270.980.000 kr	365.823.000 kr	176.137.000 kr
Háteigsskóli		454	192.950.000 kr	260.482.500 kr	125.417.500 kr
Hlíðarskóli		688	292.272.500 kr	394.567.875 kr	189.977.125 kr
Vörðuskóli		323	137.232.500 kr	185.263.875 kr	89.201.125 kr
Samtals			893.435.000 kr	1.206.137.250 kr	580.732.750 kr

Tafla 24: Kostnaðarmat vegna ýtarlegra endurbóta á núverandi skólum.

Verð vegna endurbóta, 90% af heildarflatarmáli núv. skóla			Heildarkostnaður	Kostnaður með 35% óvissu	Kostnaður 35% undir mati
Einingarverð	350.000 kr	m²			
Austurbæjarskóli		5.738	2.008.440.000 kr	2.711.394.000 kr	1.305.486.000 kr
Háteigsskóli		4.086	1.430.100.000 kr	1.930.635.000 kr	929.565.000 kr
Hlíðarskóli		6.189	2.166.255.000 kr	2.924.444.250 kr	1.408.065.750 kr
Vörðuskóli		2.906	1.017.135.000 kr	1.373.132.250 kr	661.137.750 kr
Samtals			6.621.930.000 kr	8.939.605.500 kr	4.304.254.500 kr

Tafla 25: Kostnaðarmat vegna endurbóta á núverandi skólum.

Heildarverð vegna endurbóta	Heildarverð	Heildarverð með 35%óvissu	Heildarverð 35% undir mati
Austurbæjarskóli	2.279.420.000 kr	3.077.217.000 kr	1.481.623.000 kr
Háteigsskóli	1.623.050.000 kr	2.191.117.500 kr	1.054.982.500 kr
Hlíðarskóli	2.458.527.500 kr	3.319.012.125 kr	1.598.042.875 kr
Vörðuskóli	1.154.367.500 kr	1.558.396.125 kr	750.338.875 kr
Heildarkostnaður	7.515.365.000 kr	10.145.742.750 kr	4.884.987.250 kr

Tafla 26: Heildarkostnaðarmat endurbóta á núverandi skólum

5 Áhættumat

Í samvinnu við starfshóp verkefnisins voru skilgreindir 13 áhættuþættir sem gefið var vægi og einkunn. Þættirnir sem valdir voru eru eftirfarandi:

- Rými til uppbyggingar á lóð
- Verndunarsjónarmið
- Aðal- og deiliskipulagsbreytingar
- Andstaða ytri hagmunaaðila
- Áskorun við innleiðingu
- Samnýting íþróttamannvirkja
- Langtímaröskun í innra starfi
- Skammtímaröskun vegna t.d. framkvæmda
- Áhætta vegna kostnaðar
- Umhverfismál, BREEAM og Græna planið
- Samgöngur og umferðaröryggi
- Næmni fyrir uppbyggingu íbúðahúsnæðis
- Hentugleiki rekstrareininga

Áhættuþættirnir fengu vægi sem talið var að endurspeglaði áhrif þeirra á verkefnið. Með því er átt við að ef áhættan raungerist hve alvarlegar afleiðingarnar eru gagnvart verkefninu og markmiðum þess. t.d. fá þættir eins og langtímaröskun á skólastarfi, hentugleiki rekstrareininga og áhætta vegna kostnaðar mesta vægið, á meðan þættir eins og skammtímaröskun vegna framkvæmda, samnýting við íþróttamannvirki og skipulagsbreytingar fá lægra vægi. Þetta er háð ákveðnu gildismati sem getur verið ólíkt eftir því frá hvaða sjónarhorni er litið. Einnig getur tilsvarandi einkunn líka verið háð einstaklingsbundnu gildismati en hér var reynt að gæta eins mikils hlutleysis og frekast var unnt.

Vægið er frá 1 og upp í 10 og einkunnirnar fyrir hvern matsþátt geta verið frá 0 og upp í 5. Sviðsmyndirnar geta síðan skorað frá 0 og upp í 10 eftir því hve mikil áhættan er.

5.1 Samantekt áhættumats

Niðurstaðan var að áhætta er til staðar í öllum sviðsmyndum en eðlismunur sé milli sviðsmyndanna, hvað það er sem hækki áhættuna.

Tekið saman skora sviðsmyndirnar eftirfarandi einkunnir:

Sviðsmynd	Einkunn (áhætta, 0-10)
Sviðsmynd I	**5,49**
Sviðsmynd II	**7,60**
Sviðsmynd III	**6,04**
Sviðsmynd IV	**6,46**
Sviðsmynd V	**7,58**

Tafla 29 Samantekt um metna áhættu eftir sviðsmynd

5.2 Áhættumat fyrir sviðsmynd I

Í töflu 30 er yfirlit yfir metna áhættu.

		Sviðsmynd I		
		Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.		
Áhættuþættir		**Umfjöllun**	**Áhætta**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Rými á lóð, núverandi eða nýrri allt eftir sviðsmynd	*8*	Reisa þarf um 3.000 fm viðbyggingu við Háteigsskóla til að fullnægja þörf. Rými er fyrir hana á skólalóð Háteigsskóla og ef lausar kennslustofur eru fjarlægðar má endurheimta hluta af skólalóð til baka svo útisvæði nemenda verði áfram viðunandi.	*2*	0,32
2 Verndarsjónarmið	*10*	Nýleg húsakönnun mælir ekki með sérstakri húsvernd á skólahús Háteigsskóla og því unnt að stækka hann án sérstaks tillits til húsverndarsjónarmiða. Vörðuskóli hefur hlotið vernd í rauðum flokki en það hefur ekki áhrif á innri breytingar húsnæðisins.	*1*	0,20
3 Aðal- og deiliskipulags-breytingar	*2*	Stækkun Háteigsskóla myndi kalla á deiliskipulagsbreytingu en fátt sem bendir til að hún ætti ekki að ganga vel. Breytingar á Vörðuskóla krefðist ekki deiliskipulagsbreytingar.	*2*	0,08
4 Andstaða ytri hagsmuna-aðila s.s. nágranna og aðila utan við sjálft skólastarfið	*8*	Einhver andstaða getur orðið við viðbyggingu Háteigsskóla þótt rými innan lóðar sé gott og viðbyggingin ekki frek á umhverfi sitt. Starfsemi unglingaskóla í Vörðuskóla gæti kallað á andstöðu íbúa í næsta nágrenni.	*2*	0,32
5 Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólastarfsins	*10*	Töluverð andstaða er úr baklandi skólastarfs í Hlíðahverfi við að færa efsta stigið úr Hlíðaskóla í Vörðuskóla, einkum vegna fjarlægðar og umferðaröryggissjónarmiða. Áhyggjur af aukinni bílumferð við Austurbæjarskóla.	*4*	0,81
6 Samnýting íþrótta-mannvirkja	*6*	Skólalóðir skólanna allra eru fjarri öðrum íþróttamannvirkjum ef frá er talin Sundhöll Reykjavíkur sem nýtist fyrir skólasund Austurbæjar-skóla og Vörðuskóla. Mögulega má samnýta íþróttasali Vörðuskóla og Austurbæjarskóla.	*5*	0,61
7 Langtímaröskun á skólamenningu og innra starfi vegna nýrra húsakynna	*10*	Með tilkomu unglingaskóla með mörgum nemendur verður til ný skólamenning sem ekki er til staðar í þessum hluta borgarinnar. Með Austurbæjarskóla myndar Vörðuskóli stórt svæði þar sem ungt fólk nemur og dvelur saman. Því fylgja bæði áskoranir og tækifæri.	*4*	0,81
8 Skammtímaröskun á skólastarfi, vegna framkvæmda, flutninga o.fl.	*6*	Unnt er að standsetja Vörðuskóla þannig að ekki verði mikil truflun af því gagnvart yfirstandandi skólastarfi. Unnt er að byggja viðbyggingu við Háteigsskóla án þess að það trufli skólastarf skólans mikið, en þó óumflýjanlega verður hún einhver.	*2*	0,24
9 Áhætta vegna kostnaðar	*10*	Vörðuskóli er næstum 80 ára gömul bygging. Líkur eru á að fjárfesta þurfi mikið í innra skipulagi hússins til að hún sé í stakk búin fyrir unglingadeild en kostnaðarleg áhætta ætti ekki að vera mjög mikil. Viðbygging Háteigsskóla ætti að vera frekar einfalt verkefni	*2*	0,40
10 Umhverfismál og BREEAM vistvottun, nýting innviða samræmi við Græna planið	*5*	Ákveðinn kostur að nýta eldri skólabyggingu sem nú er tóm fyrir vaxandi skólastarf. Endurbætur á Vörðuskóla og viðbygging Háteigsskóla ættu að geta fengið BREEAM vistvottun nokkuð vandkvæðalaus. 3000 fm nýbygging (viðbygging).	*4*	0,40
11 Samgöngur, göngufjarlægðir og umferðaröryggi	*10*	Austurbæjarskóli og Vörðuskóli eru ekki vel staðsettir m.t.t. strætó. Framtíðar leiðarnet gerir ekki ráð fyrir beinni tengingu þaðan og í t.d. Hlíðar eða Hlíðarenda. Gönguvegalengd skólabarna úr Hlíðahverfi í Vörðuskóla og er mjög löng og liggur yfir stofnbrautir.	*4*	0,81
12 Næmni fyrir uppbyggingar-hraða nýs íbúðarhúsnæðis	*4*	Rík þörf er á að undirbúa viðbyggingu Háteigsskóla nú þegar verði þessi sviðsmynd fyrir valinu. Sama á við um að létta álaginu af Hlíðaskóla fyrr en síðar. Vörðuskóli yrði frá opnun hans vel nýttur.	*1*	0,08
13 Hentugleiki rekstareiningar og húsnæðis hvers skóla	*10*	Allar rekstrareiningar eru á bilinu 200-600 nemendur til langrar framtíðar og allar einingar því ágætlega hentugar sem slíkar. Skólahúsnæði Austurbæjarskóla verður þó dálítið vannýtt verði þessi sviðsmynd fyrir valinu.	*2*	0,40
	Niðurstaða			**5,49**

Tafla 30 Áhættumat fyrir sviðsmynd I.

5.3 Áhættumat fyrir sviðsmynd II

Í töflu 31 er yfirlit yfir metna áhættu.

		Sviðsmynd II		
		Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þarf Vörðuskóla		
Áhættuþættir		**Umfjöllun**	**Áhætta**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Rými á lóð, núverandi eða nýrri allt eftir sviðsmynd	*8*	Gildandi deiliskipulag Vörðuskóla heimilar viðbyggingu en lóð skólans er þó mjög lítil og nær ekkert rými verður utandyra fyrir útiveru nemenda. Viðbygging þyrfti að vera umtalsvert stór (3.400 skv. sviðsmynd IIB) til að taka við nemendafjöldanum.	*5*	0,81
2 Verndarsjónarmið	*10*	Vörðuskóli nýtur verndar í rauðum flokki sem gerir viðbyggingar vandasamari. Núverandi byggingarreitur fyrir viðbyggingu skyggir t.d. á anddyri og framhlið skólans frá Barónsstíg. Hugsanlega má breyta byggingarreitnum til að draga úr neikvæðum áhrifum.	*4*	0,81
3 Aðal- og deiliskipulags-breytingar	*2*	Gildandi deiliskipulag Vörðuskóla heimilar viðbyggingu en mögulegt er að breyta þurfi deiliskipulagi til að byggingarreitur viðbyggingar henti betur nútímalegri viðbyggingu við skólann. Einnig til að taka betra tillit til húsverndar sbr. fyrri punktur.	*3*	0,12
4 Andstaða ytri hagsmuna-aðila s.s. nágranna og aðila utan við sjálft skólastarfið	*8*	Viðbygging við Vörðuskóla gæti mætt andstöðu nágranna og annarra sem láta sig húsvernd varða, en hið síðarnefnda er þó að einhverju leyti háð útfærslu viðbyggingar.	*3*	0,48
5 Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólastarfsins	*10*	Töluverð andstaða er úr baklandi skólastarfs í Hlíða- og Háteigshverfi við að færa efsta stigið úr Hlíðaskóla í Vörðuskóla, einkum vegna fjarlægðar og umferðaröryggissjónarmiða. Áhyggjur af aukinni bílumferð við Austurbæjarskóla.	*5*	1,01
6 Samnýting íþrótta-mannvirkja	*6*	Skólalóðir skólanna allra eru fjarri öðrum íþróttamannvirkjum ef frá er talin Sundhöll Reykjavíkur sem nýtist fyrir skólasund Austurbæjar-skóla og Vörðuskóla. Mögulega má samnýta íþróttasali Vörðuskóla og Austurbæjarskóla.	*5*	0,61
7 Langtímaröskun á skólamenningu og innra starfi vegna nýrra húsakynna	*10*	Með tilkomu unglingaskóla með mjög mörgum nemendur verður til ný skólamenning sem ekki er til staðar í þessum hluta borgarinnar. Með Austurbæjarskóla myndar Vörðuskóli stórt svæði þar sem ungt fólk nemur og dvelur saman. Því fylgja bæði áskoranir og tækifæri.	*5*	1,01
8 Skammtímaröskun á skólastarfi, vegna framkvæmda, flutninga o.fl.	*6*	Unnt er að standsetja og byggja við Vörðuskóla þannig að ekki verði mikil truflun af því gagnvart yfirstandandi skólastarfi.	*2*	0,24
9 Áhætta vegna kostnaðar	*10*	Vörðuskóli er næstum 80 ára gömul bygging. Líkur eru á að fjárfesta þurfi mikið í innra skipulagi hússins til að hún sé í stakk búin fyrir unglingadeild en kostnaðarleg áhætta ætti ekki að vera mjög mikil. Viðbygging við Vörðuskóla ætti að vera frekar einfalt verkefni.	*2*	0,40
10 Umhverfismál og BREEAM vistvottun, nýting innviða samræmi við Græna planið	*5*	Ákveðinn kostur að nýta eldri skólabyggingu sem nú er tóm fyrir vaxandi skólastarf. Endurbætur á Vörðuskóla og viðbygging við hann ættu að geta fengið BREEAM vistvottun nokkuð vandkvæðalaus. 3400 fm nýbygging (viðbygging).	*4*	0,40
11 Samgöngur, göngufjarlægðir og umferðaröryggi	*10*	Austurbæjarskóli og Vörðuskóli eru ekki vel staðsettir m.t.t. strætó. Framtíðar leiðarnet gerir ekki ráð fyrir beinni tengingu þaðan og í Hlíðar, Hlíðarenda eða Háteigshverfið. Gönguvegalengd skólabarna úr Hlíðahverfi í Vörðuskóla er löng og liggur yfir stofnbrautir.	*5*	1,01
12 Næmni fyrir uppbyggingar-hraða nýs íbúðarhúsnæðis	*4*	Vörðuskóli með viðbyggingu yrði frá opnun hans vel nýttur.	*1*	0,08
13 Hentugleiki rekstareiningar og húsnæðis hvers skóla	*10*	Allir skólar eru á bilinu 200-600 nemendur til langrar framtíðar og allar einingar því ágætlega hentugar sem slíkar. Vörðuskóli verður þó stærsta einingin. Skólahúsnæði Austurbæjarskóla verður þó töluvert mikið vannýtt verði þessi sviðsmynd fyrir valinu.	*3*	0,61
	Niðurstaða			**7,60**

Tafla 31 Áhættumat fyrir sviðsmynd II.

5.4 Áhættumat fyrir sviðsmynd III

Í töflu 32 er yfirlit yfir metna áhættu.

		Sviðsmynd III		
		Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.		
Áhættuþættir		**Umfjöllun**	**Áhætta**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Rými á lóð, núverandi eða nýrri allt eftir sviðsmynd	*8*	Reisa þarf 3.500-4.200 fm viðb. við Hlíðaskóla til að fullnægja þörf. Þegar hefur verið byggt tvisvar við Hlíðaskóla og ekki alveg mjög hvernig megi byggja á ný við hann svo vel sé. Þó er ekki útilokað að góð lausn finnist. Útisvæði í lóð líklega viðunandi með endurhönnun.	*2*	0,32
2 Verndarsjónarmið	*10*	Hlíðaskóli er ekki bundin af húsvernd og því unnt að stækka hann án sérstaks tillits til húsverndarsjónarmiða. Vörðuskóli hefur hlotið vernd í rauðum flokki en það hefur ekki áhrif á innri breytingar húsnæðisins.	*1*	0,20
3 Aðal- og deiliskipulags-breytingar	*2*	Stækkun Hlíðaskóla myndi kalla á deiliskipulagsbreytingu en fátt sem bendir til að hún ætti ekki að ganga vel. Breytingar á Vörðuskóla krefðist ekki deiliskipulagsbreytingar.	*3*	0,12
4 Andstaða ytri hagsmuna-aðila s.s. nágranna og aðila utan við sjálft skólastarfið	*8*	Einhver andstaða getur orðið við viðbyggingu Hlíðaskóla þótt rými innan lóðar sé gott og viðbyggingin ekki frek á umhverfi sitt. Starfsemi unglingaskóla í Vörðuskóla gæti kallað á andstöðu íbúa í næsta nágrenni.	*2*	0,32
5 Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólastarfsins	*10*	Töluverð andstaða er úr baklandi skólastarfs í Háteigshverfi við að færa efsta stigið í Vörðuskóla, einkum vegna fjarlægðar og umferðaröryggissjónarmiða. Áhyggjur af aukinni bílumferð við Austurbæjarskóla.	*4*	0,81
6 Samnýting íþrótta-mannvirkja	*6*	Skólalóðir skólanna allra eru fjarri öðrum íþróttamannvirkjum ef frá er talin Sundhöll Reykjavíkur sem nýtist fyrir skólasund Austurbæjar-skóla og Vörðuskóla. Mögulega má samnýta íþróttasali Vörðuskóla og Austurbæjarskóla.	*5*	0,61
7 Langtímaröskun á skólamenningu og innra starfi vegna nýrra húsakynna	*10*	Með tilkomu unglingaskóla með mörgum nemendur verður til ný skólamenning sem ekki er til staðar í þessum hluta borgarinnar. Með Austurbæjarskóla myndar Vörðuskóli stórt svæði þar sem ungt fólk nemur og dvelur saman. Því fylgja bæði áskoranir og tækifæri.	*4*	0,81
8 Skammtímaröskun á skólastarfi, vegna framkvæmda, flutninga o.fl.	*6*	Unnt er að standsetja Vörðuskóla þannig að ekki verði mikil truflun af því gagnvart yfirstandandi skólastarfi. Unnt er að byggja viðbyggingu við Hlíðaskóla án þess að það trufli skólastarf skólans mikið, en þó óumflýjanlega verður hún einhver.	*2*	0,24
9 Áhætta vegna kostnaðar	*10*	Vörðuskóli er næstum 80 ára gömul bygging. Líkur eru á að fjárfesta þurfi mikið í innra skipulagi hússins til að hún sé í stakk búin fyrir unglingadeild en kostnaðarleg áhætta ætti ekki að vera mjög mikil. Viðbygging Hlíðaskóla ætti að vera frekar einfalt verkefni	*2*	0,40
10 Umhverfismál og BREEAM vistvottun, nýting innviða samræmi við Græna planið	*5*	Ákveðinn kostur að nýta eldri skólabyggingu sem nú er tóm fyrir vaxandi skólastarf. Endurbætur á Vörðuskóla og viðbygging Hlíðaskóla ættu að geta fengið BREEAM vistvottun nokkuð vandkvæðalaus. 3500-4200 fm nýbygging (viðbygging).	*5*	0,51
11 Samgöngur, göngufjarlægðir og umferðaröryggi	*10*	Austurbæjarskóli og Vörðuskóli eru ekki vel staðsettir m.t.t. strætó. Framtíðar leiðarnet gerir ekki ráð fyrir beinni tengingu þaðan og í t.d. Hlíðar eða Hlíðarenda. Gönguvegalengd skólabarna úr Háteigshverfi í Vörðuskóla og er frekar löng og liggur yfir tengibraut.	*3*	0,61
12 Næmni fyrir uppbyggingar-hraða nýs íbúðarhúsnæðis	*4*	Rík þörf er á að undirbúa viðbyggingu Hlíðaskóla nú þegar verði þessi sviðsmynd fyrir valinu. Sama á við um að létta álaginu af Háteigsskóla fyrr en síðar. Vörðuskóli yrði frá opnun hans vel nýttur.	*1*	0,08
13 Hentugleiki rekstareiningar og húsnæðis hvers skóla	*10*	Hlíðaskóli verður býsna stór rekstareining og vel yfir 600 nemenda markinu sem talin eru vera æskileg efri mörk í nemendafjölda. Skólahúsnæði Austurbæjarskóla verður þó töluvert mikið vannýtt verði þessi sviðsmynd fyrir valinu.	*5*	1,01
Niðurstaða				**6,04**

Tafla 32 Áhættumat fyrir sviðsmynd III.

5.5 Áhættumat fyrir sviðsmynd IV

Í töflu 33 er yfirlit yfir metna áhættu.

		Sviðsmynd IV		
		Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla fari í Vörðuskóla		
Áhættuþættir		**Umfjöllun**	**Áhætta**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Rými á lóð, núverandi eða nýrri allt eftir sviðsmynd	*8*	Gildandi deiliskipulag Vörðuskóla heimilar viðbyggingu sem þyrfti ekki að vera jafn stór og í sviðsmynd 2. Slík viðbygging myndi samt sem áður rýra pláss á lóð fyrir útiveru nemenda.	*3*	0,48
2 Verndarsjónarmið	*10*	Vörðuskóli nýtur verndar í rauðum flokki sem gerir viðbyggingar vandasamari. Núverandi byggingarreitur fyrir viðbyggingu skyggir t.d. á anddyri og framhlið skólans frá Barónsstíg. Hóflegri viðbygging og breyttur byggingarreitur draga úr neikvæðum áhrifum.	*3*	0,61
3 Aðal- og deiliskipulags-breytingar	*2*	Gildandi deiliskipulag Vörðuskóla heimilar viðbyggingu en mögulegt er að breyta þurfi deiliskipulagi til að byggingarreitur viðbyggingar henti betur nútímalegri viðbyggingu við skólann. Einnig til að taka betra tillit til húsverndar sbr. fyrri punktur.	*3*	0,12
4 Andstaða ytri hagsmuna-aðila s.s. nágranna og aðila utan við sjálft skólastarfið	*8*	Viðbygging við Vörðuskóla gæti mætt andstöðu nágranna og annarra sem láta sig húsvernd varða, en hið síðarnefndar er þó að einhverju leyti háð útfærslu viðbyggingar.	*3*	0,48
5 Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólastarfsins	*10*	Töluverð andstaða er úr baklandi skólastarfs í Hlíða- og Háteigs-hverfi við að færa efsta stigið í Vörðuskóla, einkum vegna fjarlægðar og umferðaröryggissjónarmiða. Andstaða íbúasamtaka um að Austurbæjarskóli verði fyrir efsta stig. Áhyggjur af aukinni bílumferð.	*5*	1,01
6 Samnýting íþrótta-mannvirkja	*6*	Skólalóðir skólanna allra eru fjarri öðrum íþróttamannvirkjum ef frá er talin Sundhöll Reykjavíkur sem nýtist fyrir skólasund Austurbæjar-skóla og Vörðuskóla. Mögulega má samnýta íþróttasali Vörðuskóla og Austurbæjarskóla.	*5*	0,61
7 Langtímaröskun á skólamenningu og innra starfi vegna nýrra húsakynna	*10*	Með tilkomu unglingaskóla með mjög mörgum nemendur verður til ný skólamenning sem ekki er til staðar í þessum hluta borgarinnar. Með Austurbæjarskóla myndar Vörðuskóli stórt svæði þar sem ungt fólk nemur og dvelur saman. Því fylgja bæði áskoranir og tækifæri.	*5*	1,01
8 Skammtímaröskun á skólastarfi, vegna framkvæmda, flutninga o.fl.	*6*	Unnt er að standsetja og byggja við Vörðuskóla þannig að ekki verði mikil truflun af því gagnvart yfirstandandi skólastarfi.	*2*	0,24
9 Áhætta vegna kostnaðar	*10*	Vörðuskóli er næstum 80 ára gömul bygging. Líkur eru á að fjárfesta þurfi mikið í innra skipulagi hússins til að hún sé í stakk búin fyrir unglingadeild en kostnaðarleg áhætta ætti ekki að vera mjög mikil. Viðbygging við Vörðuskóla ætti að vera frekar einfalt verkefni.	*2*	0,40
10 Umhverfismál og BREEAM vistvottun, nýting innviða samræmi við Græna planið	*5*	Ákveðinn kostur að nýta eldri skólabyggingu sem nú er tóm fyrir vaxandi skólastarf. Endurbætur á Vörðuskóla ætti að geta fengið BREEAM vistvottun nokkuð vandkvæðalaus. Engin nýbygging (viðbygging).	*2*	0,20
11 Samgöngur, göngufjarlægðir og umferðaröryggi	*10*	Austurbæjarskóli og Vörðuskóli eru ekki vel staðsettir m.t.t. strætó. Framtíðar leiðarnet gerir ekki ráð fyrir beinni tengingu þaðan og í Hlíðar, Hlíðarenda eða Háteigshverfið. Gönguvegalengd skólabarna úr Hlíðahverfi í Vörðuskóla og er löng og liggur yfir stofnbrautir.	*5*	1,01
12 Næmni fyrir uppbyggingar-hraða nýs íbúðarhúsnæðis	*4*	Vörðuskóli með viðbyggingu yrði frá opnun hans vel nýttur.	*1*	0,08
13 Hentugleiki rekstareiningar og húsnæðis hvers skóla	*10*	Allir skólar eru á bilinu 200-600 nemendur til langrar framtíðar og allar einingar því ágætlega hentugar sem slíkar. Austurbæjarskóli er best nýttur í þessari sviðsmynd af öllum sviðsmyndunum.	*1*	0,20
	Niðurstaða			**6,46**

Tafla 33 Áhættumat fyrir sviðsmynd IV.

5.6 Áhættumat fyrir sviðsmynd V

Í töflu 34 er yfirlit yfir metna áhættu.

	Sviðsmynd V			
	Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingunum úr hinum skólunum þremur.			
Áhættuþættir	**Umfjöllun**		**Áhætta**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Rými á lóð, núverandi eða nýrri allt eftir sviðsmynd	*8*	Gildandi deiliskipulag Vörðuskóla heimilar viðbyggingu en lóð skólans er þó mjög lítil og nær ekkert rými verður utandyra fyrir útiveru nemenda. Viðbygging þarf þó ekki að vera mjög stór (1.830 fm) til að taka við nemendafjöldanum m.v. t.d. sviðsmynd 2	*3*	0,48
2 Verndarsjónarmið	*10*	Vörðuskóli nýtur verndar í rauðum flokki sem gerir viðbyggingar vandasamari. Núverandi byggingarreitur fyrir viðbyggingu skyggir t.d. á anddyri og framhlið skólans frá Barónsstíg. Hugsanlega má breyta byggingarreitnum til að draga úr neikvæðum áhrifum.	*4*	0,81
3 Aðal- og deiliskipulags-breytingar	*2*	Gildandi deiliskipulag Vörðuskóla heimilar viðbyggingu en mögulegt er að breyta þurfi deiliskipulagi til að byggingarreitur viðbyggingar henti betur nútímalegri viðbyggingu við skólann. Einnig til að taka betra tillit til húsverndar sbr. fyrri punktur.	*3*	0,12
4 Andstaða ytri hagsmuna-aðila s.s. nágranna og aðila utan við sjálft skólastarfið	*8*	Viðbygging við Vörðuskóla gæti mætt andstöðu nágranna og annarra sem láta sig húsvernd varða, en hið síðarnefndar er þó að einhverju leyti háð útfærslu viðbyggingar.	*3*	0,48
5 Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólastarfsins	*10*	Töluverð andstaða er úr baklandi skólastarfs í Hlíða- og Háteigshverfi við að færa efsta stigið í Vörðuskóla, einkum vegna fjarlægðar og umferðaröryggissjónarmiða. Áhyggjur af aukinni bílumferð við Austurbæjarskóla.	*5*	1,01
6 Samnýting íþrótta-mannvirkja	*6*	Skólalóðir skólanna allra eru fjarri öðrum íþróttamannvirkjum ef frá er talin Sundhöll Reykjavíkur sem nýtist fyrir skólasund Austurbæjar-skóla og Vörðuskóla. Mögulega má samnýta íþróttasali Vörðuskóla og Austurbæjarskóla.	*5*	0,61
7 Langtímaröskun á skólamenningu og innra starfi vegna nýrra húsakynna	*10*	Með tilkomu unglingaskóla með mjög mörgum nemendur verður til ný skólamenning sem ekki er til staðar í þessum hluta borgarinnar. Með Austurbæjarskóla myndar Vörðuskóli stórt svæði þar sem ungt fólk nemur og dvelur saman. Því fylgja bæði áskoranir og tækifæri.	*5*	1,01
8 Skammtímaröskun á skólastarfi, vegna framkvæmda, flutninga o.fl.	*6*	Unnt er að standsetja og byggja við Vörðuskóla þannig að ekki verði mikil truflun af því gagnvart yfirstandandi skólastarfi.	*2*	0,24
9 Áhætta vegna kostnaðar	*10*	Vörðuskóli er næstum 80 ára gömul bygging. Líkur eru á að fjárfesta þurfi mikið í innra skipulagi hússins til að hún sé í stakk búin fyrir unglingadeild en kostnaðarleg áhætta ætti ekki að vera mjög mikil. Viðbygging við Vörðuskóla ætti að vera frekar einfalt verkefni.	*2*	0,40
10 Umhverfismál og BREEAM vistvottun, nýting innviða samræmi við Græna planið	*5*	Ákveðinn kostur að nýta eldri skólabyggingu sem nú er tóm fyrir vaxandi skólastarf. Endurbætur á Vörðuskóla og viðbygging við hann ættu að geta fengið BREEAM vistvottun nokkuð vandkvæðalaus. 1800 fm nýbygging (viðbygging).	*3*	0,30
11 Samgöngur, göngufjarlægðir og umferðaröryggi	*10*	Austurbæjarskóli og Vörðuskóli eru ekki vel staðsettir m.t.t. strætó. Framtíðar leiðarnet gerir ekki ráð fyrir beinni tengingu þaðan og í Hlíðar, Hlíðarenda eða Háteigshverfið. Gönguvegalengd skólabarna úr Hlíðahverfi í Vörðuskóla og er mjög löng og liggur yfir stofnbrautir.	*5*	1,01
12 Næmni fyrir uppbyggingar-hraða nýs íbúðarhúsnæðis	*4*	Vörðuskóli með viðbyggingu yrði frá opnun hans vel nýttur.	*1*	0,08
13 Hentugleiki rekstareiningar og húsnæðis hvers skóla	*10*	Vörðu-/Austurbæjaskóli verður mjög stór rekstareining og langt yfir 600 nemenda markinu sem talin eru vera æskileg efri mörk í nemendafjölda.	*5*	1,01
Niðurstaða				**7,58**

Tafla 34 Áhættumat fyrir sviðsmynd V.

6 Styrkleika- og tækifærismat

Til viðbótar við áhættuþætti voru metnir styrkleikar og tækifæri sviðsmyndanna fimm. Byggt var á styrkleikamati úr skýrslu Reykjavíkurborgar en þeir dýpkaðir nokkuð og bætt við umfjöllun um líkleg tækifæri. Milli sviðsmyndanna fimm voru skilgreindir eftirfarandi matsþættir og þeim gefið vægi og einkunn fyrir styrkleika og tækifæri, á svipaðan hátt og í kafla 5.

- Skólabragur og skólagerð
- Tengsl við íþróttamannvirki
- Lóð
- Félagsmiðstöð og frístundastarf
- Húsnæði

Líkt og fyrir áhættumatið er matið alltaf háð ákveðnu gildismati sem getur verið ólíkt eftir því frá hvaða sjónarhorni er litið. Í matinu var reynt að gæta eins mikils hlutleysis og frekast var unnt.

6.1 Samantekt styrkleika og tækifæramats

Niðurstaðan var að allar sviðsmyndir hafi ákveðna styrkleika og tækifæri en mismikið. Þær skora á bilinu 6,59 til 8,71 á skalanum 0-10.

Tekið saman skora sviðsmyndirnar eftirfarandi einkunnir:

Sviðsmynd	Einkunn (styrkleikar, 0-10)
Sviðsmynd I	**8,35**
Sviðsmynd II	**8,00**
Sviðsmynd III	**6,59**
Sviðsmynd IV	**8,71**
Sviðsmynd V	**8,71**

Tafla 35 Samantekt um metna styrkleika og tækifæri eftir sviðsmynd

6.2 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd I

	Sviðsmynd I			
	Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.			
Matsþættir	**Umfjöllun**		**Tækifæri**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Skólabragur og skólagerð	*10*	Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum nemenda. Sterkur starfsmanna-hópur sem hefur sérhæft sig í kennslu unglinga.	*5*	2,94
2 Tengsl við íþróttamannvirki	*8*	Tækifæri eru á að efla tengingu við íþróttahús Háteigsskóla og mögulega reisa litla kennslusundlaug við það. Möguleikar eru á því að reisa lítið íþróttahús á lóð Austubæjarskóla, t.d. næst Barónsstíg og hafa það töluvert niðurgrafið til að lágmarka umhverfisáhrif.	*3*	1,41
3 Lóð	*6*	Áhugavert væri að kanna möguleikann á að fá hluta af lóð Kennara-háskólans (t.d. íþróttahús og nágrenni) undir meira útisvæði og e.t.v. kennslusundlaug og fella við lóð Háteigsskóla. Einnig að skoða að sam-eina lóð Vörðuskóla við lóð Austurb.skóla og sameina útisvæði þeirra að vissu marki. E.t.v. loka á bílaumferð upp Egilsgötu samhliða.	*5*	1,76
4 Félagsmiðstöð og frístundastarf	*4*	Tækifæri er á að búa til stóra félagsmiðstöð unglinga við Vörðuskóla þar sem margir sækja sama íþróttafélag. Við Háteigsskóla eru góð tækifæri til að búa til öfluga félagsmiðstöð í góðum tengslum við frístundastarf yngsta stigs.	*5*	1,18
5 Húsnæði	*6*	Húsnæðisuppbyggingunni er beint á einn stað, Háteigsskóla. Viðbygging þarf þó að vera ansi stór m.v. núverandi áætlanir um fjölgun nemenda. Stækkun skólalóðarinnar yfir á lóð Kennaraháskólans myndi hjálpa mikið til svo að hlutfall húsnæðis sé ekki of hátt m.v. stærð lóðarinnar.	*3*	1,06
Niðurstaða				**8,35**

Tafla 36 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd I

6.3 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd II

	Sviðsmynd II			
	Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þarf Vörðuskóla með einhverjum hætti.			
Matsþættir	**Umfjöllun**		**Styrkleikar**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Skólabragur og skólagerð	*10*	Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali, sterkri faggreinakennslu og auknum félaga-tengslum nemenda. Sterkur starfsmannahópur með sérhæfingu á unglingastigi. Möguleiki á sterku samstarfi við aðra unglingaskóla í nágrenninu.	*5*	2,94
2 Tengsl við íþróttamannvirki	*8*	Tækifæri eru á að efla tengingu við íþróttahús Háteigsskóla og mögulega reisa litla kennslusundlaug við það. Möguleikar eru á því að reisa lítið íþróttahús á lóð Austubæjarskóla, t.d. næst Barónsstíg og hafa það töluvert niðurgrafið til að lágmarka umhverfisáhrif.	*3*	1,41
3 Lóð	*6*	Áhugavert væri að kanna möguleikann á að fá hluta af lóð Kennara-háskólans (t.d. íþróttahús og nágrenni) undir meira útisvæði og e.t.v. kennslusundlaug og fella við lóð Háteigsskóla. Einnig að skoða að sam-eina lóð Vörðuskóla við lóð Austurb.skóla og sameina útisvæði þeirra að vissu marki. E.t.v. loka á bílaumferð upp Egilsgötu samhliða.	*5*	1,76
4 Félagsmiðstöð og frístundastarf	*4*	Stærri félagsmiðstöð fyrir unglinga sem margirsækja sama íþróttafélag. Sterkur starfsmannahópur félagsmiðstöðvarinnar 100og1 með auknum mannauði og samræmingu á starfshættum.	*5*	1,18
5 Húsnæði	*6*	Það þarf að tvöfalda skólahúsnæði Vörðuskóla til að hann geti tekið við unglingum úr öllum skólunum þremur. Það er stærri viðbygging en áður hefur verið gert ráð fyrir á skólalóð sem er frekar lítil. Tækifæri gætu verið á að stækka lóð Vörðuskóla á kostnað Austurbæjarskóla þar sem nemendum við hann fækkar mikið í þessari sviðsmynd.	*2*	0,71
Niðurstaða				**8,00**

Tafla 37 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd II

6.4 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd III

	Sviðsmynd III			
	Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.			
Matsþættir		**Umfjöllun**	**Styrkleikar**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Skólabragur og skólagerð	*10*	Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum. Sterkur starfsmanna-hópur sem hefur sérhæft sig í kennslu unglinga.	*5*	2,94
2 Tengsl við íþróttamannvirki	*8*	Tækifæri eru á að efla tengingu við íþróttahús Háteigsskóla og mögulega reisa litla kennslusundlaug við það. Möguleikar eru á því að reisa lítið íþróttahús á lóð Austubæjarskóla, t.d. næst Barónsstíg og hafa það töluvert niðurgrafið til að lágmarka umhverfisáhrif. Einnig eru tækifæri til að stækka og betrumbæta íþróttahús Hlíðaskóla.	*3*	1,41
3 Lóð	*6*	Áhugavert væri að kanna möguleikann á að fá hluta af lóð Kennara-háskólans (t.d. íþróttahús og nágrenni) undir meira útisvæði en annars ekki rík þörf á stærri skólalóð. Engir sjáanlegir möguleikar á að stækka lóð Hlíðaskóla.	*2*	0,71
4 Félagsmiðstöð og frístundastarf	*4*	Stærri félagsmiðstöð nemenda sem flestir sækja sama íþróttafélag. Tækifæri á að efla frístundaheimilið Eldflaugina og félagsmiðstöðina Gleðibankann og þau fá aðstöðu fyrir sitt starf inni í skólunum.	*5*	1,18
5 Húsnæði	*6*	Húsnæðisuppbyggingunni er beint á einn stað, Hlíðaskóla. Viðbygging þarf þó að vera ansi stór m.v. núverandi áætlanir um fjölgun nemenda og hlutfall húsnæðis á lóð (nýtingarhlutfall) orðið mjög stórt.	*1*	0,35
Niðurstaða				**6,59**

Tafla 38 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd III

6.5 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd IV

	Sviðsmynd IV			
	Austurbæjarskóli verði unglingaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla fari í Vörðuskóla			
Matsþættir		**Umfjöllun**	**Styrkleikar**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Skólabragur og skólagerð	*10*	Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum.	*5*	2,94
2 Tengsl við íþróttamannvirki	*8*	Tækifæri eru á að efla tengingu við íþróttahús Háteigsskóla og mögulega reisa litla kennslusundlaug við það. Möguleikar eru á því að reisa lítið íþróttahús á lóð Austubæjarskóla, t.d. næst Barónsstíg og hafa það töluvert niðurgrafið til að lágmarka umhverfisáhrif.	*3*	1,41
3 Lóð	*6*	Þar sem sviðsmyndin dreifir álaginu einna best á það skólahúsnæði sem fyrir er í dag er ekki aðkallandi að huga að möguleikum á lóðabreytingum í sama mæli og í hinum sviðsmyndunum.	*4*	1,41
4 Félagsmiðstöð og frístundastarf	*4*	Stærri félagsmiðstöð nemenda sem margirsækja sama íþróttafélag. Aukið rými fyrir frístundastarf skapast í yngri skólunum.	*5*	1,18
5 Húsnæði	*6*	Stærð og gerð húsnæðis Vörðuskóla gæti hentað betur fyrir aldur og fjölda nemenda á yngri stigum Austurbæjarskóla. Sviðsmyndin dreifir best álagi á það húsnæði sem fyrir er í dag og kallar ekki á meiriháttar viðbyggingar fyrr en eftir alllangan tíma.	*5*	1,76
Niðurstaða				**8,71**

Tafla 39 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd IV

6.6 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd V

	Sviðsmynd V			
	Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglingunum úr hinum skólunum þremur.			
Matsþættir		**Umfjöllun**	**Styrkleikar**	
	Vægi 1-10		**Einkunn**	**Mat**
1 Skólabragur og skólagerð	*10*	Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali á unglingastigi og auknum félagatengslum.	*5*	2,94
2 Tengsl við íþróttamannvirki	*8*	Tækifæri eru á að efla tengingu við íþróttahús Háteigsskóla og mögulega reisa litla kennslusundlaug við það. Möguleikar eru á því að reisa lítið íþróttahús á lóð Austubæjarskóla, t.d. næst Barónsstíg og hafa það töluvert niðurgrafið til að lágmarka umhverfisáhrif.	*3*	1,41
3 Lóð	*6*	Þar sem sviðsmyndin dreifir álaginu einna best á það skólahúsnæði sem fyrir er í dag er ekki aðkallandi að huga að möguleikum á lóðabreytingum í sama mæli og í hinum sviðsmyndunum. Sameinuð lóð Vörðuskóla og Austurbæjarskóla gæti styrkt útisvæði nemenda.	*5*	1,76
4 Félagsmiðstöð og frístundastarf	*4*	Stærri félagsmiðstöð nemenda sem margirsækja sama íþróttafélag. Aukið rými fyrir frístundastarf skapast í Hlíðaskóla og Háteigsskóla.	*5*	1,18
5 Húsnæði	*6*	Sviðsmyndin dreifir best álagi nokkuð vel á það húsnæði sem fyrir er í dag og kallar ekki á meiriháttar viðbyggingar fyrr en eftir alllangan tíma. Samlegðaráhrif húsnæðis Austurbæjarskóla og Vörðuskóla. Stærð og gerð húsnæðis Vörðuskóla gæti hentað betur fyrir aldur og fjölda nemenda á yngri stigum.	*4*	1,41
Niðurstaða				**8,71**

Tafla 40 Styrkleika- og tækifæramat fyrir sviðsmynd V

Fylgiskjal 4

Nemendafjöldaspár vegna Austurbæjar-, Háteigs-, Hlíða- og Vörðuskóla.

Hér er gerð grein fyrir nemendafjöldaspám vegna skólanna fjögurra og umfjöllun skipt upp í yfirkaflana: A*ðferðir við grunnspá; Bakgrunnur um skólahverfi og skólasókn; Spár á uppbyggingarreitum; Sviðsmyndir* og S*pá um fjölda barna í skólahverfunum og hærri skil í Austurbæjarskóla.*

.

Aðferðir við grunnspá

- Byrjað er með fjölda barna í skólahverfunum eins og hann er í dag samkvæmt þjóðskrá. Svo er hópurinn "dreginn" áfram í tíma eins langt og hægt er (fjöldi barna fædd í fyrra verður fjöldi barna í 10. bekk 2039).
- Þegar ekki er hægt að styðjast við börn sem þegar eru fædd í dag, þ.e. rauntölur, er stuðst við lág- og miðspá Hagstofu Íslands (sem uppfærðar voru seint á árinu 2024) til að klára spár til ársins 2040. Háspá Hagstofunnar hefur ekki reynst Reykjavíkurborg vel í spám sínum og því var hún ekki notuð hér.
- Þar sem Hagstofan gefur ekki út spár niður á skólahverfi var skoðað meðalhlutfall hvers hóps sem unnið er með í spánum, af samskonar hópi á öllu landinu síðastliðin 15 ár. Svo eru hlutföll tekin af landspám Hagstofunnar fyrir hvern aldurshóp. Vegna þess að verið er að skoða 15 ár fram í tímann, var ákveðið að horfa einnig 15 ár aftur í tímann.
- Í öllum hverfunum þremur á sér stað fækkun barna í árgöngum frá fæðingu og að unglingastigi. Til þess að fá sem raunhæfastar tölur í framtíðarspána, er því notuð meðalþynning síðastliðin 15 ár milli hvers aldursárs (s.s. milli 1. og 2. árs, svo 2. og 3. árs o.s.frv.). Þessi hlutföll voru síðan notuð til að minnka fjölda barna eins og hann er í dag, inn í framtíðina.
- Skil nemenda í skólana þrjá eru ólík en allir liggja þeir nálægt nokkrum af sjálfstætt starfandi skólum borgarinnar sem vafalítið hefur áhrif. Skil nemenda í Austurbæjarskóla eru heilt yfir lægri en í Háteigs- og Hlíðaskóla. Svo eru skil í öllum þremur lægri hjá yngri börnum en hjá eldri börnum. Hér hefur það sjálfsagt áhrif að Ísaksskóli er eingöngu fyrir yngsta stig og Barnaskóli Hjallastefnunnar bara fyrir yngsta og miðstig.
- Til þess að taka skil nemenda með inn í myndina voru meðalskil síðustu fimm ára eftir bekkjum notuð til að áætla skil fram í tímann.
- Hér er gert ráð fyrir að skil nemenda í skólana haldi áfram á svipaðan hátt í framtíðinni. Þannig þarf að hafa í huga að breytt starfsemi sjálfstætt starfandi skólanna myndi mjög líklega hafa meiri áhrif á skil í þessa þrjá almennu skóla en flestum öðrum í Reykjavík.

Bakgrunnur um skólahverfi og skólasókn

Austurbæjarskóli

Skólahverfi Austurbæjarskóla hefur um langt skeið verið með lægsta hlutfall grunnskólanemenda (6-15 ára) á íbúð í borginni en hlutfall borgarinnar er í dag 0,26. Í dag er hlutfallið í skólahverfi Austurbæjarskóla 0,11 og hefur verið óbreytt í nokkur ár. Í hverfinu er venjulega töluverð fækkun barna frá því börn eru á leikskólaaldri og þangað til þau komast á grunnskólaaldur. Mikið er um leikskólabörn í hverfinu en hluti fjölskyldna virðist flytja annað áður en börnin byrja í grunnskóla.

Heildarskil nemenda í Austurbæjarskóla hafa á undanförnum árum verið á bilinu 60-75% og farið lækkandi. Í dag eru þau með þeim lægstu í borginni. Ef horft er til seinustu 5 ára þá eru um 59% nemenda Austurbæjarskóla með lögheimili í hverfinu. Hin koma úr öðrum skólahverfum. Á yngsta stigi skólans hafa skil úr hverfinu sjálfu verið undir 50% og tiltölulega lítið af nemendum komið í skólann úr öðrum hverfum. Á unglingastiginu eru skilin úr hverfinu aðeins hærri en á yngsta stiginu en helsti munurinn þar hefur verið sá að unglingar úr öðrum hverfum hafa sótt skólann töluvert.

Hvað veldur lágum skilum nemenda í Austurbæjarskóla geta verið margvíslegar ástæður. Staðsetning skólans hefur áhrif en líkt og með Háteigs- og Hlíðaskóla þá er skólinn staðsettur nálægt öllum sjálfstætt reknu skólum borgarinnar. Í gegnum tíðina hafa margir nemendur búsettir í skólahverfinu stundað nám í þeim skólum. Á síðustu fimm árum hafa 27% barna á yngsta stigi, 17% á miðstigi og 12% á unglingastigi, sem búsett eru í skólahverfi Austurbæjarskóla, verið í sjálfstætt starfandi skólum. Þetta eru töluvert hærri hlutföll en meðaltölin í borginni allri (Rvk alls: 8%, 5% og 5%).

Fyrri kannanir hafa bent til þess að það búa margir fráskildir í hverfinu með börn þar sem umrædd börn eru með lögheimili hjá því foreldri, en stunda nám í hverfisskóla hins foreldrisins. Sem skýrir væntanlega að einhverjum hluta lág skil. Einnig er hlutfall barna með lögheimili í hverfinu, sem ekki er vitað hvar stundar nám, hærra fyrir Austurbæjarskóla en gengur og gerist í Reykjavík allri. Þetta gæti gefið til kynna hærra hlutfall af nemendum sem nýfluttir eru til landsins. Eftir að ferðamannabylgjan byrjaði fyrir 15 árum hefur einnig mikill fjöldi íbúða í hverfinu verið notaður sem AirBnB íbúðir.

Mikil uppbygging hefur verið í hverfinu á seinustu 15 árum en fjölgun grunnskólabarna verið frekar lítil. Meiri uppbygging er framundan í hverfinu.

Háteigsskóli

Skólahverfi Háteigsskóla er í dag ásamt einu öðru skólahverfi í borginni, með næstlægsta hlutfall grunnskólanemenda á íbúð. Hlutfallið er í dag 0,16 og hefur farið lækkandi á seinustu árum. Að einhverju leyti stafar þetta af því að í hverfinu hafa verið að rísa íbúðir fyrir stúdenta þar sem venjulega er lítið er af börnum á grunnskólaaldri. Búsetuíbúðum hefur einnig fjölgað í hverfinu að undanförnu og þar er líka að meðaltali lítið um grunnskólabörn. Í hverfinu er nokkur þynning frá því börn eru á leikskólaaldri og þangað til þau komast á grunnskólaaldur en þó minni en í skólahverfi Austurbæjarskóla.

Skil í Háteigsskóla hafa verið á bilinu 80-92% í skólann sem er með þeim lægstu í borginni. Líkt og með Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla þá hefur staðsetning Háteigsskóla hér áhrif, ekki síst sú staðreynd að steinsnar frá skólanum er Ísaksskóli sem er sjálfstætt rekinn skóli fyrir nemendur á yngsta stigi. Líkt og í Austurbæjarskóla eru skilin síst hjá bekkjum á yngsta stigi á síðastliðnum 5 árum, en hækka með

hækkandi aldri nemenda. Af þeim börnum sem eru með lögheimili í skólahverfi Háteigsskóla hafa 20% barna á yngsta stigi, 6% á miðstigi og 5% á unglingastigi (meðaltöl 2020-2024) verið nemendur i sjálfstætt starfandi skólum.

Mikil uppbygging hefur verið í hverfinu á seinustu 15 árum líkt og áður segir en hún skýrir þó lítið þá fjölgun grunnskólabarna sem orðið hefur í hverfinu á þeim tíma, en hún er nokkur. Fjölgunin er meira vegna þess að „gamli hluti“ hverfisins hefur verið að yngjast upp. Meiri uppbygging er framundan í hverfinu, fyrst og fremst á svokölluðum Heklureit.

Hlíðaskóli

Skólahverfi Hlíðaskóla er í dag með hlutfallið 0,28 grunnskólanemenda á íbúð. Hlutfallið hefur farið hækkandi á undanförnum árum og er núna yfir meðaltali Reykjavíkur ólíkt skólahverfum Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Ástæðan er sú að í alllangan tíma hefur mikið af fólki með börn flutt inn í hverfið í stað fólks sem ekki var lengur með börn á heimilinu. Ólíkt hinum tveimur hverfunum hefur þannig ekki verið fækkun í árgöngum í skólahverfi Hlíðaskóla frá því börn eru á leikskólaaldri og þangað til þau komast á grunnskólaaldur, í mörgum tilvikum hafa árgangar í skólahverfinu verið að vaxa á milli ára.

Skil nemenda í Hlíðaskóla hafa einnig verið hærri en í bæði Austurbæjar- og Háteigsskóla eða í kringum 90%. Líkt og í hinum skólahverfunum tveimur er hátt hlutfall barna á yngsta stigi í skólahverfi Hlíðaskóla, í sjálfstætt starfandi skólum. Um 75% unglinga í hverfinu eru nemendur í Hlíðaskóla og fjórðungur nemenda unglingadeildarinnar koma úr öðrum skólahverfum.

Líkt og í skólahverfum Austurbæjar- og Háteigsskóla, er hátt hlutfall barna í skólahverfi Hlíðaskóla á yngsta stigi í sjálfstætt starfandi skólum eða 15% en á mið- og unglingastigum í skólahverfinu er hlutfall barna í sjálfstætt starfandi skólum hins vegar lægri en hjá borginni allri.

Mikil uppbygging hefur verið í hverfinu á seinustu 15 árum líkt og áður segir og skýrir hún að hluta til þá fjölgun grunnskólabarna sem orðið hefur í hverfinu á þeim tíma, en hún er mikil. Fjölgunin er þó aðallega komin til vegna þess að „gamli hluti“ hverfisins hefur verið að yngjast upp.

Hlíðarendahverfið er uppspretta óvissu í spánum þar sem ekki er komin mikil reynsla á hvernig hverfið hagar sér. Þangað hefur töluvert af fólki með börn á leikskólaaldri flutt og ekki er ljóst hvort þau muni búa áfram í hverfinu, eins og raunin hefur verið í eldri hluta Hlíðaskólahverfisins, eða flytja annað. Líklegt er að uppbygging skóla og leikskóla í nágrenninu muni hafa áhrif á þá þróun. Meiri uppbygging er framundan í hverfinu, fyrst og fremst áframhaldandi uppbygging á Hlíðarenda.

Spár á uppbyggingarreitum

Forsendur

Vegna uppbyggingarinnar er hér stuðst við skilin í hverfunum þremur í dag og þau lækkuð fyrir ákveðnar tegundir íbúðagerða líkt og gert í reglulegum nemendaspám skóla- og frístundasviðs. Aðferðin varðandi uppbyggingarreiti í nemendaspánum er viðmið ákveðið í samstarfi umhverfis- og skipulagssviðs og skóla- og frístundasviðs. Reynslan af viðmiðinu hefur verið góð enda hefur minna

Gerði athugasemd [SP1]: skil ekki nógu vel, er þetta viðmið skilin í hverfunum þremur og þau lækkuð f. ákveðnar teg. íbúðagerða eins og kemur fram í setn. á undan?

Gerði athugasemd [ÁB2R1]: rétt

verið af grunnskólabörnum í nýjum íbúðum hverfa en þeim sem fyrir voru á seinustu 15 árum (hér miðað árið 2010 þegar Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var samþykkt).

Stuðullinn í Austurbæjarskóla er í dag 0,11 grunnskólabörn i íbúð. Þann stuðul fá nýjar íbúðir i hverfinu sem eru í þeim flokki sem þykja barnavænlegastar. Í þeim flokki íbúða sem þykja næstvænlegastar til að þar búi börn er notaður 0,11 margfaldaður með 0,75 og í flokki íbúða sem þykja ekki sérlega barnavænlegar er 0,11 margfaldað með 0,5. Sömu aðferð er beitt við Háteigsskóla nema þar er unnið með stuðulinn 0,16 og í Hlíðaskóla unnið með stuðulinn 0,28. Hluti íbúða er fyrir eldri borgara og þar er ekki gert ráð fyrir börnum

Ólíkt nýjum borgarhlutum eins og Grafarholti á sínum tíma og Úlfarsárdal síðar, er vandasamt að spá fyrir um fjölda barna á uppbyggingarreitum í grónum hverfum. Mikil uppbygging í gömlum hverfum hefur á seinustu 15 árum oft skilað lítilli eða engri fjölgun grunnskólabarna í viðkomandi hverfi. Vegna þessarar óvissu hefur því viðmiði verið fylgt hér líkt og í skýrslu um skóla í Laugardal, að líta svo á að Hagstofuspár dekki þá aukningu sem uppbygging kann að hafa í för með sér nema ef fjöldi nýrra íbúða er yfir 1000 á umræddu tímabili. Fari íbúðafjöldinn yfir 1000, þá er sérstaklega skoðað hvað íbúðafjöldinn yfir 1000 kann að hafa í för með sér hvað barnafjölda varðar.

- Í skólahverfi Austurbæjarskóla á að byggja 699 íbúðir á árunum 2025-2040, ekki er litið á þær sem viðbót umfram Hagstofuspá heldur felldar inn í Hagstofuspá.
- Í skólahverfi Háteigsskóla á að byggja 1145 íbúðir á árunum 2025-2040 (íbúðir fyrir eldri borgara ekki taldar með), gert er ráð fyrir 168 íbúðum sem viðbót umfram Hagstofuspá.
- Í skólahverfi Hlíðaskóla á að byggja 1287 íbúðir á árunum 2025-2040 (íbúðir fyrir eldri borgara ekki taldar með), gert er ráð fyrir 310 íbúðum sem viðbót umfram Hagstofuspá.

Vegna uppbyggingarinnar er *Miklabraut í göng* skilgreint sem framtíðarsvæði og tilbúið um það bil 2040. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdinni í spánum en þær eru sagðar telja 960 íbúðir. Mikil óvissa er um hvenær ráðist verður í framkvæmdina og eins nákvæmlega hvar þessar 960 íbúðir verða. Jafnvel hefur verið talað um að hluti þeirra verði alls ekki í skólahverfum Háteigs- og Hlíðaskóla. Spálíkanahópur Reykjavíkurborgar þarf að yfirfara þær spár er nær dregur, sem og alla uppbyggingu næstu 15 ára í hverfunum þremur.

Þegar spár lágu fyrir var sú aðferð einnig notuð að einblína á fjölda íbúða í skólahverfunum þremur, bæði í nútíð og framtíð, og skoða hvað íbúðakostur skólahverfanna er líklegur til að grunnskólabörn muni búa í. Þessi aðferð skilaði nemendafjölda sem var mjög í takti við spárnar sem hér hefur verið lýst og styrkti þannig spátölur sem notaður eru í minnisblaðinu.

Spár

Austurbæjarskóli

Í skólahverfi Austurbæjarskóla er á árunum 2025-2040 gert ráð fyrir uppbyggingu næstum 700 íbúða. Þótt að um verulegan fjölda íbúða sé að ræða er hér gert ráð fyrir að spár Hagstofunnar sem hér er stuðst við, dekki þá fjölgun barna sem uppbyggingin kann að skila.

Háteigsskóli

Í skólahverfi Háteigsskóla er áætlað að byggja u.þ.b. 1150 íbúðir á árunum 2025-2040. Hér gerum við ráð fyrir að lítillegri aukaviðbót sem Hagstofuspár ná ekki yfir sem sjá má í töflu 1. Hér er stuðst við eftirfarandi:

- Hlutfallið 0,16 sem í dag er hlutfall grunnskólanemenda 6-15 ára á íbúð í skólahverfi Háteigsskóla.
- Efri mörk gera ráð fyrir ofangreindu hlutfalli á allar nýjar íbúðir, en lægri talan gerir ráð fyrir lægra hlutfalli barna í minni íbúðir.

Hér er gert við ráð fyrir lítilli aukaviðbót sem Hagstofuspár ná ekki yfir en gert er ráð fyrir 17-27 börnum 6-15 ára til viðbótar á uppbyggingareitum.

Tafla 1. Spá um aukaviðbót 6-15 ára barna af uppbyggingarreitum í skólahverfi Háteigsskóla árin 2025-2040.

	Fjöldi barna 6-12 ára	*Fjöldi barna 13-15 ára*	*Samtals*
Neðri mörk	12	5	17
Efri mörk	19	8	27

Hlíðaskóli

Í skólahverfi Hlíðaskóla er áætlað að byggja ríflega 1800 íbúðir (hluti þeirra er fyrir eldri borgara og þar ekki gert ráð fyrir börnum) á árunum 2025-2040. Hér er stuðst við eftirfarandi:

- Hlutfallið 0,28 sem í dag er hlutfall grunnskólanemenda 6-15 ára á íbúð í skólahverfi Hlíðaskóla.
- Efri mörk gera ráð fyrir ofangreindu hlutfalli á allar nýjar íbúðir, en lægri talan gerir ráð fyrir lægra hlutfalli barna í minni íbúðir.

Hér gerum við ráð fyrir að nokkurri aukaviðbót sem Hagstofuspár nær ekki yfir en gert er ráð fyrir 60-87 börnum til viðbótar á aldri 6-15 ára frá uppbyggingareitum. Spáin er í töflu 2.

Tafla 2. Spá um aukaviðbót 6-15 ára barna af uppbyggingarreitum í skólahverfi Hlíðaskóla árin 2025-2040.

	Fjöldi barna 6-9 ára	*Fjöldi barna 10-12 ára*	*Fjöldi barna 13-15 ára*	*Samtals*
Neðri mörk	24	18	18	60
Efri mörk	35	26	26	87

Taflan í minnisblaðinu byggir á því sem útskýrt er hér að ofan, annarsvegar grunnspám og hins vegar aukaviðbótinni af uppbyggingarreitum í skólahverfum Háteigsskóla og Hlíðaskóla.

Sviðsmyndir

Sviðsmynd 7

Líkt og í fyrri vinnu starfshóps var í þessari vinnu lagt upp með sömu fimm sviðsmyndir og þá hafði verið unnið með. Sú sjötta bættist við þegar upp kom sú staða að mögulega gæti húsnæði í eigu Loftleiða á Reykjavíkurflugvelli nýst fyrir yngsta stig Hlíðaskóla. Eftir vinnustofur bættist sjöunda sviðsmyndin við sem þótti vænlegust líkt og fram kemur í minnisblaðinu. Hér væru Austurbæjar- og Vörðuskóli samreknir þar sem það rímar vel við *„Viðmið um stærðir skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva"* (sjá fylgiskjal 10), þar sem þeir eru staðsettir hlið við hlið og unglingar úr Austurbæjar- og Háteigsskóla gætu sótt starf í húsnæði Vörðuskóla. Samrekinn skóli gæti hinsvegar ekki tekið líka við unglingum úr Hlíðaskóla og því þyrfti að leysa húsnæðisvandamál Hlíðaskóla með öðrum hætti. Samgöngulega séð liggur það líka betur við að unglingar úr skólahverfi Háteigsskóla sæki Austurbæjarskóla/Vörðuskóla heldur en jafnaldrar þeirra úr skólahverfi Hlíðaskóla. Í töflu 3 má sjá nemendafjöldaspána úr töflu 1 í minnisblaðinu, rammaða inn í sviðsmynd 7.

Tafla 3. Sviðsmynd 7 - Samrekinn heildstæður Austurbæjarskóli/Vörðuskóli og unglingaskóli fyrir nemendur Austurbæjarskóla og Háteigsskóla.

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Núverandi nemendafjöldi*	*Lág- og háspá 2040*
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	1.-10. bekkur	706*	340	575-628
Háteigsskóli	1.-7. bekkur	350	510	416-462
Hlíðaskóli	1.-10. bekkur	482	640	687-786

**Viðmið Vörðuskóla m.v. núverandi húsnæði er 230 nemendur en 254 nemendur ef íþróttasalur væri nýttur undir skólastarfsemi. Nemendur geta orðið 323 ef Spennustöðin og kennslustofur þar fyrir ofan eru nýttar að auki. Þessi rými eru í dag samtengd Austurbæjarskóla og því geta fjöldatölur (Spennistöðin 41 nemandi og kennslustofur 28 nemendur) tengst öðrum hvorum skólanum. Viðmið Austurbæjarskóla er hér sýnt án fermetra Spennistöðvar og kennslustofum þar fyrir ofan. Gengið er út frá sömu forsendum í töflunum hér fyrir neðan.*

Eins og áður sagði voru sex sviðsmyndir til umfjöllunar í verkefninu áður en hópurinn sammæltist um að sviðsmynd 7 væri sú vænlegasta. Hér að neðan verður gerð grein fyrir sviðsmyndum 1-6 og í töflum sýnt hvernig nemendafjöldaspáin fellur að þeim sviðsmyndum.

Sviðsmynd 1

Sviðsmynd 1 gerir ráð fyrir að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir skólahverfi Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Sú sviðsmynd, sem sjá má í töflu 4, hentar illa inn í skólabyggingarnar fjórar, t.d. yrði þannig ekkert tekið á húsnæðisvandamálum Háteigsskóla sem þýðir að vandamálið yrði með tímanum líklega enn verra en það er í dag. Þar að auki yrði skólabygging Austurbæjarskóla enn verr nýtt en hún er í dag og þrengsli yrðu í Hlíðaskóla og Vörðuskóla. Þá eru áskoranir samgöngulega séð að nemendur fari frá skólahverfi Hlíðaskóla í Vörðuskóla.

Tafla 4. Sviðsmynd 1 – Vörðuskóli unglingaskóli fyrir nemendur Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Lág- og háspá 2040*
Austurbæjarskóli	1.-7. bekkur	476	238-262

Háteigsskóli	1.-10. bekkur	350	608-672
Hlíðaskóli	1.-7. bekkur	482	494-558
Vörðuskóli	8.-10. bekkur	230	338-384

Sviðsmynd 2

Í sviðsmynd 2 er Vörðuskóli hugsaður sem unglingaskóli fyrir öll skólahverfin þrjú, sjá töflu 5. Slíkan fjölda unglinga myndi Vörðuskóli ekki ráða við og skólabygging Austurbæjarskóla væri illa nýtt. Þrengsli yrðu líka í Háteigsskóla og Hlíðaskóla.

Tafla 5. Sviðsmynd 2 – Vörðuskóli unglingaskóli fyrir alla skólana þrjá.

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Lág- og háspá 2040*
Austurbæjarskóli	1.-7. bekkur	476	238-262
Háteigsskóli	1.-7. bekkur	350	416-462
Hlíðaskóli	1.-7. bekkur	482	494-558
Vörðuskóli	8.-10. bekkur	230	530-594

Sviðsmynd 3

Að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir skólahverfi Austurbæjarskóla og Háteigsskóla er inntak sviðsmyndar 3 og sjá má í töflu 6. Hér væri húsnæði Austurbæjarskóla illa nýtt og hæpið að Vörðuskóli réði sem sjálfstæður skóli við þessa stærð unglingadeildar.

Tafla 6. Sviðsmynd 3 – Vörðuskóli unglingaskóli fyrir Austurbæjarskóla og Háteigsskóla.

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Lág- og háspá 2040*
Austurbæjarskóli	1.-7. bekkur	476	238-262
Háteigsskóli	1.-7. bekkur	350	416-462
Hlíðaskóli	1.-10. bekkur	482	687-786
Vörðuskóli	8.-10. bekkur	230	337-366

Sviðsmynd 4

Austurbæjarskóli sem unglingaskóli fyrir alla er það sem sviðsmynd 4 gengur út á (tafla 7). Fjöldalega séð gengur hún betur upp en að hafa Vörðuskóla sem unglingaskóla fyrir skólahverfin þrjú en þó væri hæpið að Austurbæjarskóli réði vel við fjöldann.

Tafla 7. Sviðsmynd 4 – Austurbæjarskóli unglingaskóli fyrir alla.

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Lág- og háspá 2040*
Austurbæjarskóli	8.-10. bekkur	476	530-594
Háteigsskóli	1.-7. bekkur	350	416-462
Hlíðaskóli	1.-7. bekkur	482	494-558
Vörðuskóli	1.-7. bekkur	230	238-262

Sviðsmynd 5

Sviðsmynd 5 gengur út að Austurbæjarskóli og Vörðuskóli yrðu samrekinn skóli og unglingaskóli fyrir alla, hana má sjá í töflu 8. Fjöldinn yrði líklega of mikill fyrir slíkan skóla.

Tafla 8. Sviðsmynd 5 – Samrekinn Austurbæjarskóli/Vörðuskóli heildstæður og unglingaskóli fyrir alla.

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Lág- og háspá 2040*
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	1.-10. bekkur	706	768-856
Háteigsskóli	1.-7. bekkur	350	416-462
Hlíðaskóli	1.-7. bekkur	482	494-558

Sviðsmynd 6

Sú hugmynd kom upp að húsnæði Loftleiða á Reykjavíkurflugvelli gæti hýst yngsta stigið vegna barna á Hlíðarenda, Nauthólsvegi og Loftleiðareit (Hlíðarendahverfi) ásamt leikskólastiginu þaðan Þessi möguleiki blandaður sviðsmynd 3 varð að því sem hér er kölluð sviðsmynd 6 (tafla 9). Mikil óvissa er hins vegar varðandi hvort þessi sviðsmynd sé framkvæmanleg og þarfnast hún gaumgæfilegrar skoðunar yrði unnið með hana áfram. Hér yrði áfram Austurbæjarskóla illa nýttur.

Tafla 9. Sviðsmynd 6 – Vörðuskóli unglingaskóli fyrir Austurbæjarskóla og Háteigsskóla og Loftleiðir fyrir yngsta stig á Hlíðarenda.

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Lág- og háspá 2040*
Austurbæjarskóli	1.-7. bekkur	476	238-262
Háteigsskóli	1.-7. bekkur	350	416-462
Hlíðaskóli (án Hlíðarendahverfis í 1.-4. bekk)	1.-10. bekkur	482	557-628
Loftleiðir (Hlíðarendahverfi)	1.-4. bekkur		130-158
Vörðuskóli	8.-10. bekkur	230	337-366

Spá um fjölda barna í skólahverfunum og hærri skil í Austurbæjarskóla

Fjöldi barna á grunnskólaaldri í skólahverfunum þremur

Til að gera sér betur grein fyrir umfangi barnafjölda í skólahverfunum þremur er í töflu 10 m.a. fjöldi barna sem er í grunnskólahverfunum þremur í dag og spá um þann fjölda fyrir árið 2040. Hér er fjöldinn meiri en í spánum enda öll börn á grunnskólaaldri í hverfunum þremur undir, þ.e. að færri börn eru í skólunum þremur en í hverfunum. Þetta þýðir að ef skil í skólana þrjá myndu ná 100% ólíkt því sem gert er ráð fyrir í spánum, yrði plássvandinn enn viðameiri í skólunum þremur. Staðsetning skólanna er hinsvegar þannig að allar líkur eru á því að í framtíðinni muni áfram ákveðinn hópur nemenda í skólahverfunum þremur sækja sjálfstætt reknu skólanna líkt og nú er og þar með halda fjöldanum í almennu skólunum áfram eitthvað lægri en sem nemur fjöldanum í skólahverfunum. En það er mikilvægt að gera sér grein fyrir fjöldanum í hverfunum því þau börn sem þar búa eiga samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar rétt á skólagöngu í sínu skólahverfi.

Tafla 10. Fjöldi barna á grunnskólaaldri í skólahverfunum þremur.

Skólahverfi	*Viðmið skólabygginga*	*Núverandi nemendafjöldi*	*Núverandi fjöldi barna á grunnskólaaldri í skólahverfi*	*Fjöldi barna á grunnskólaaldri í skólahverfi skv. spá 2040 (með uppbyggingu)*
Austurbæjarskóli	476	340	556	636-711
Háteigsskóli	350	510	551	698-810
Hlíðaskóli	482	640	716	860-981

Sviðsmynd 7 með hærri skilum barna í Austurbæjarskóla/Vörðuskóla.

Skil barna í Austurbæjarskóla úr skólahverfi skólans hafa í alllangan tíma verið lág en það er auðvitað eitthvað sem gæti breyst. Vegna þessa getur verið gott að hafa hugmynd um hver fjöldinn í skólanum gæti orðið árið 2040 ef skilin væru hærri en þau hafa verið undanfarin ár. Í töflu 11 er útgangspunktur tekinn í þeirri sviðsmynd sem vænlegust þykir, sem er sviðmynd 7 og sjá má í töflu 4 hér að ofan, en með skilin hærri í Austurbæjarskóla. Þá hækka tölur töluvert í Austurbæjarskóla en minna fyrir Vörðuskóla. Fjöldinn í Austurbæjarskóla/Vörðuskóla árið 2040 gæti samkvæmt þessari töflu mögulega að rúmast í skólabyggingum samrekins skóla.

Tafla 11. Sviðsmynd 7 miðað við hærri skil barna úr skólahverfi Austurbæjarskóla.

Skóli	*Árgangar*	*Viðmið skólabygginga*	*Lág- og háspá 2040*
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	1.-10. bekkur	706	701-779
Háteigsskóli	1.-7. bekkur	350	416-462
Hlíðaskóli	1.-10. bekkur	482	687-786

Spárnar voru unnar af starfsfólki skóla- og frístundasviðs en bornar undir spálíkanahóp Reykjavíkurborgar en sá hópur vinnur að mótun miðlægs spálíkans fyrir fólksfjöldaspár í Reykjavík. Sú vinna er ekki búin en hópurinn samþykkti aðferðafræði SFS í spám um nemendafjölda í skólahverfum Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla til ársins 2040.

Skóla- og frístundastarf

Skóla- og frístundasvið hefur tekið saman yfirlit um áhrif skólastærðar og skólagerðar á líðan og námsárangur nemenda auk þátttöku í starfi félagsmiðstöðva. Hér verður gerð grein fyrir því helsta.

Markmiðið er að búa til heildstæða mynd, en áréttað er að faglegt skóla- og frístundastarf verður skoðað ítarlega ef og þegar breytingar á skipulagi skóla- og frístundastarfs verða lagðar formlega til.

Engar afgerandi rannsóknir sýna að ein skólagerð sé betri en önnur. Hvorki innlendar né erlendar rannsóknir sýna beinan mun á líðan eða námsárangri eftir skólagerð, og því þarf að skoða margvíslega aðra þætti svo sem félagslegt umhverfi, skipulag kennslu og stuðning innan skólanna. Þá eru viðmið um skólastærðir mismunandi milli landa og stundum skiptir meira máli hvernig skólinn er skipulagður en hversu stór hann er í heild.

Starfsemi félagsmiðstöðva í borginni fer fram ýmist innan húsnæðis grunnskólans eða í nálægð við grunnskólana. Einnig er mismunandi hvort þær þjóni einum eða fleiri grunnskólum. Nokkrar ólíkar félagmiðstöðvar að stærð, gerð og staðsetningu hafa farið í gegnum ytra mat skóla- og frístundasviðs þar sem gæði starfsins var metið. Það er óhætt að segja að matið hafi almennt komið mjög vel út á starfsemi þessara félagsmiðstöðva þrátt fyrir ólíkar aðstæður þ.e. staðsettar bæði inni í skóla og utan skóla, mismunandi fjöldi unglinga o.s.frv.

Gögn úr nemendakönnunum sýna að flestum nemendum líður almennt vel í reykvískum skólum. Ekki er marktækur munur á andlegri líðan eftir skólagerð, en þó sýna tölur að hærra hlutfall nemenda í unglingaskólum segir að þeim líði vel í skólanum samanborið við nemendur í heildstæðum skólum.

Unglingaskólar bjóða tækifæri til að efla faglegt skólastarf með skýrri áherslu á þarfir unglinga, aukinni sérhæfingu kennara og fjölbreyttari námsleiðum og valgreinum. Stærri einingar geta einnig boðið upp á betra aðgengi að stoðþjónustu og öflugra félagsstarf. Á sama tíma geta yngri barna skólar (1.–7. bekkur) stuðlað að markvissari nýtingu rýmis og aðstöðu, auk þess sem skipulag kennslu getur orðið sveigjanlegra.

Áhersla er lögð á að enginn týnist í kerfinu, óháð stærð eða gerð skóla eða félagsmiðstöðvastarfi. Menntastefna borgarinnar leggur áfram áherslu á inngildingu, fjölbreytni og jöfn tækifæri, en endanleg fagleg útfærsla verður unnin í nánara samráði ef tillögur um breytingar verða lagðar fram.

Námsárangur og líðan eftir skólagerð og skólastærð

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs tók saman upplýsingar varðandi rannsóknir um áhrif skólastærðar á námsárangur og líðan nemenda í ólíkum skólagerðum og út frá skólastærð. Hér verður gerð grein fyrir því helsta.

Ljóst er að það eru fjölmargir þættir sem hafa áhrif á gæði skóla- og frístundastarfs og skóla- og staðarbrag. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á fjölbreytt námsúrval og inngildandi skóla- og frístundastarfstarf fyrir alla.

Gerði athugasemd [AG1]: @Soffía Pálsdóttir @Arndís Steinþórsdóttir nú er þetta textinn sem er í minnisblaðinu sjálfu. - þ.e. fram að Námsárangur... - ætti þá ekki að sleppa honum hér?
Annað - má þá texinn f. neðan standa óbreyttur - er efri helmingurinn ekki samantekt úr honum? Það þarf amk. að passa það.
Eitt enn - það truflar mig að aftast sé fjallað um breytingu á Háteigsskóla, af því að þetta er almennur texti. Held kannski að hangi inni því við byrjuðum öðruvísi

Gerði athugasemd [AS2R1]: Þetta er gamalt sem hangir inni frá síðustu version - sammála að það passar ekki inn...

Gerði athugasemd [SP3R1]: Ég er búin að ritskoða textann í minnisblaðinu í þessum kafla svo mér finnst þessi texti hér alveg mega vera ítarlegur þ.e. í fylgiskjali

Skólarnir, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar vinna öll eftir sameiginlegri framtíðarsýn og stefnu: Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan leggur áherslu á framsækið skóla- og frístundstarf þar sem öll börn hafa jöfn tækifæri til náms í fjölbreyttu náms- og starfsumhverfi sem samræmist þeirra áhuga og hæfileikum. Skólarnir og frístundastarfið starfa því eftir sameiginlegum leiðarljósum sem eru *„Barnið sem virkur þátttakandi“* og *„fagmennska og samstarf í öndvegi“.* Skólarnir, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar leggja einnig ríka áherslu á inngildingu og farsæld barna auk þess sem unnið er að því að efla grundavallarþætti menntastefnunnar: félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Engar íslenskar samanburðarrannsóknir eru til á ólíkum skólagerðum og áhrifum ólíkra skólagerða á líðan og námsárangur barna. Að sama skapi fundust engar erlendar rannsóknir sem gera beinan samanburð á áhrifum skólategundar á líðan og námsárangur barna. Það er því ekki hægt að segja til um hvort eitthvað eitt skólaform sé betra eða verra en annað í því samhengi. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að það eru fjölmargir þættir í innra og ytra umhverfi barna og ungmenna sem geta haft áhrif á líðan og farsæld þeirra.

Varðandi rannsóknir á áhrifum skólastærðar á námsárangur og líðan nemenda er ljóst að nauðsynlegt er að taka tillit til áhrifa annarra þátta í umhverfinu til að fá heildræna mynd af áhrifum skólastærðar á námsárangur eða námslíðan. Þar sem fjölmargir aðrir þættir hafa áhrif líkt og félagslegur bakgrunnur nemenda.

Annað sem gerir samanburð á rannsóknum á skólastærðum flókinn eru að viðmið um skólastærðir geta verið ólík og alla jafna eru þau önnur erlendis en hér á landi. Þá eru einnig fordæmi fyrir því hægt sé að skipuleggja skólastarf í stórum skólum með þeim hætti að nemendahópnum sé skipt upp í minni einingar og því skipta breytur eins og bekkjarstærð, hlutfall nemenda á kennara og úrræði skólans ekki síður máli en heildarstærð skóla. Það er því ekki neitt eitt einfalt svar við því hvort ein ákveðin stærð skóla sé betri en önnur með tilliti til námsárangurs og líðan nemenda. Öllum stærðum skóla (litlum, miðlung stórum og stórum) fylgja ákveðnir kostir og gallar.

Við vöktun á líðan reykvíska barna er rýnt í niðurstöður nemendakannana Íslenskra æskulýðrannsókna, Rannsóknar og greiningar og eftir aðstæðum Skólapúlsins (þátttaka í skólapúlsinum er valkvæð). Niðurstöður síðustu ára benda til þess að heilt yfir sé líðan nemenda í reykvískum skólum nokkuð góð. Til að mynda sýndu niðurstöður úr könnun Íslenskra æskulýðrannsókna frá árinu 2023 að 86% nemenda í 6. bekk, 82% nemenda í 8. bekk og 86% nemenda í 10. bekk líki mjög vel eða þokkalega í skólanum.

Þegar niðurstöður úr könnun Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir nemendur í 8. til 10. bekk í maí 2023 eru skoðaðar út frá skólategund er ekkert sem bendir til þess að andleg heilsa og líðan nemenda í unglingaskólum sé betri eða verri en líðan nemenda í heildstæðum skólum. Hins vegar var marktækur munur á líðan í skólanum eftir skólategund en 63,1% nemenda í heildstæðum grunnskólum segja nær alltaf eða oft að þeim líði vel í skólanum samanborið við 71,4% nemenda í unglingaskólunum. Að sama skapi reyndist ekki vera marktækur munur á því hversu auðvelt eða erfitt nemendur upplifðu að þau væru að fá umhyggju og hlýju frá vinum sínum eftir skólagerð. Tekið skal sérstaklega fram að hér er aðeins horft til skólategunda en ekki tekið tillit til annarra breytna.

Unglingaskóli

Fagleg sjónarmið um skóla- og frístundastarf í unglingaskóla
Í Reykjavík eru fjölbreyttar skólagerðir og ólík samsetning nemenda í aldri. Þar sem um heilstæða skóla er að ræða (1.-10. bekkur) er daglegt skipulag skólans í flestum tilvikum skipt eftir aldursstigum (yngsta, mið- og unglingastig). Þannig er nám og kennsla og félagsstarf skipt eftir þessum stigum. Daglegt samstarf kennara snýst að langmestu leyti um skipulag, framkvæmd og úrvinnslu kennslu á þessum aðskildu stigum. Jafnvel eru skólareglur ólíkar milli skólastiganna. Sannarlega er það þannig að skólar skipuleggja einhverja viðburði yfir skólaárið þar sem aldursstigin blandast og í heilstæðum skóla fá unglingar tækifæri til að vera fyrirmynd yngri nemenda til dæmis á viðburðum eins og leiksýningum.

Starfsemi félagsmiðstöðva í borginni fer fram ýmist innan húsnæðis grunnskólans eða í nálægð við grunnskólana. Einnig er mismunandi hvort þær þjóni einum eða fleiri grunnskólum. Nokkrar ólíkar félagmiðstöðvar að stærð, gerð og staðsetningu hafa farið í gegnum ytra mat skóla- og frístundasviðs þar sem gæði starfsins var metið. Það er óhætt að segja að matið hafi almennt komið mjög vel út á starfsemi þessara félagsmiðstöðva þrátt fyrir ólíkar aðstæður þ.e. staðsettar bæði inni í skóla og utan skóla, mismunandi fjöldi unglinga o.s.frv.

Með unglingaskóla eru tækifæri til að efla bæði mannauð og starfsumhverfi með hag unglingsins að leiðarljósi. Skólabragur og skólamenning er öll sniðin að þörfum þessa aldurshóps. Opnari möguleikar eru á kennslu í verklegum greinum ásamt því að byggja upp öflugt og fjölbreytt valgreinastarf sem mætir ólíkum námslegum hugðarefnum, eflir skapandi hugsun og verklega greind. Sérhæfing kennara er auðveldari í unglingaskóla þar sem fleiri bekkjardeildir gera það að verkum að kennari hefur meiri möguleika á að kenna í fullu starfi námssvið sem varða hans sérþekkingu. Einnig aukast líkur á að kennarar verði hluti af fagteymi með kennurum sem kenna sama námssvið sem og þverfaglegu teymi í árgangi. Sterk fagvitund leiðir af sér fagmennsku og gróskumikið skólastarf.

Stoðþjónusta við börn með sérþarfir/námserfiðleika er hægt að sníða með markvissari hætti að þörfum þessa aldurshóps þar sem möguleiki á fjölbreyttum námsúrræðum verður frekar til staðar því fjármagn til stuðnings er beintengt stærð skóla. Sem dæmi gæti í stórum unglingaskóla verið tvö stöðugildi námsráðgjafa í stað eins.

Í stórum skóla og félagsmiðstöð aukast líkur á að unglingarnir finni „sinn hóp“ og hægt er að bjóða upp á félags- og íþróttastarf sem mætir ólíkum þörfum ólíkra hópa og einstaklinga. Stærri félagsmiðstöð býður upp á fjölbreyttara starf og meiri möguleika varðandi það að halda stærri viðburði. Miklir möguleikar felast í því að skipuleggja starf skóla og félagsmiðstöðvar í samnýttu húsnæði sem er sérsniðið að þörfum unglinga 21. aldarinnar.

Sannarlega er áskorun að allir njóti sannmælis og njóti sín í skóla- og frístundastarfi, það á jafnt við um stóra sem litla skóla og félagsmiðstöðvar. Skipulag skóla- og frístundastarfs þarf að fanga það að „enginn týnist“ og öllum sé fylgt eftir. Nauðsynlegt er að virkja stærðina til að auka fjölbreytni en ekki bara stækka viðburði og ætla öllum það sama. Einnig þarf að rýna spurningar eins og: Eru möguleikar unglinganna til þátttöku í Skrekk og Skólahreysti að minnka þegar tveir skólar sameinast um unglingastig? Verður ekki hægt að fara í skólaslitaferð með allan hópinn?

Fækkar þeim unglingum hlutfallslega sem geta fengið miða á hátíðina SamFestinginn sem haldin er árlega af samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi? Öllum áskorunum fylgja tækifæri og möguleikar á að finna nýjar leiðir.

~~Yngri barna skólar~~

~~Þessi tilhögun barnaskóla frá 1. – 7. bekk og safnunglingaskóla er þekkt í skólastarfi í Reykjavík og víðtæk reynsla af henni. Háteigsskóli myndi verða barnaskóli fyrir nemendur í 1. til 7. bekk. Með þessu móti þyrfti ekki að byggja við Háteigsskóla og hann myndi þá rúma vel nemendahópinn sem barna yrði áfram.~~

~~Þessi breidd í aldri nemenda getur skapað fjölbreytni fyrir starfsfólk í verkefnavali í kennslu og starfi með ólíkum árgöngum. Koma þyrfti fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar inni í skólanum, í dag er frístundaheimilið með aðstöðu í færanlegum einingum á skólalóð. Staðsetning eininga á skólalóðinni skerðir töluvert leiksvæði nemenda.~~

Gerði athugasemd [SP4]: má ekki bara sleppa þessum kafla?

Yfirlitsblað

Skólahverfaskipting

Yfirlitsblað

Skipting í íþróttafélög

Hlíðarendi - Valssvæðið	31.6m x16m
Íþróttahús Háteigsskóla (Kennaraháskólinn)	33m x 18m
Íþróttasalur Austurbæjarskóla	18m x 9m
Íþróttasalur Vörðuskóla	19.5m x 14.7m
Íþróttasalur Hlíðaskóla	27.4m x 14.8m

Yfirlitsblað

Uppbygging skólahverfa

Í byggingu / framkvæmd	2025-2026
Byggingarhæfar lóðir	2027-2028
Samþykkt deiliskipulag	2027-2028
Svæði í skipulagsferli	2029-2031
Þróunarsvæði	2032-2040
Framtíðarsvæði	Eftir 2040

STAÐREYNDABLAÐ

Hlíðaskóli

(1960)

Ástand hússins:
Hlíðaskóli er í forgangi 3 í samræmi við forgangsröðun í áætlun um viðhaldsátak skólahúsnæðis. Húsnæðið þarf líklega meira heldur en minna hvað varðar viðgerðir og endurgerð og þá sérstaklega eldri byggingarnar. Búið var að laga ytra byrði á húsi 5 en það heldur ekki nægjanlega vel. Það liggja fyrir teikningar með skissutillögum að klæðningu. Ábendingar hafa borist varðandi ónæg loftgæði í húsi 3, sem er er nýjasta húsið þar er skrifstofuálman er staðsett, sem þarf að skoða betur.

Viðbyggingamöguleikar:
Gildandi skipulagsskilmálar fyrir Hlíðarskóla og lóð er *Hverfisskipulag Hlíðar 3.2 Hlíðarhverfi*. Byggingareitur er þröngur og því erfitt að koma fyrir viðbyggingu. Ef henni er komið fyrir er lítið eftir af skólalóð. Leyfilegt er þó að byggja 1-3 hæða hús skv. hverfisskipulagi. Skólastjórnendur leggja til að byggja ofan á eins hæðar hús milli austasta hlutans og þeim sem er fyrir miðju.

Starfið:
Í Hlíðaskóla eru 640 nemendur í 1.-10. bekk. Þröngt er um starfsemina. Táknmálssvið er í skólanum og tekur skólinn við börnum utan hverfis, og utan sveitarfélags, sem sækja táknmálssvið. Um 20 nemar eru á táknmálssviði og fleiri starfsmenn per nema en við almenna kennslu. Á lóð eru 7 færanlegar stofur flestar nýttar fyrir kennslu en 2 fyrir félagsmiðstöð og frístundaheimili. Frístundaheimilið Eldflaugin hefur til umráða rými innan skólans, ma.a í kjallara skólans, og svo eina færanlega kennslustofu á lóð skólans. Félagsmiðstöðin Gleðibankinn er staðsett í millirými byggingar sem er austast á lóðinni. Þar er ágætt pláss þótt það mætti vera meira. Félagsmistöðin er vel sótt en í henni eru 196 börn á miðstigi og 214 börn á unglingastigi. Íþróttakennsla fer að mestu fram í íþróttahúsi Hlíðaskóla, en unglingadeild að hluta fer í íþróttahúsið að Hlíðarenda með rútu. Þau sækja sundkennslu bæði í Sundhöllina og Laugadalsslaug með rútu.

Stærð hússins:
8.086 m^2

Stærð lóðar:
18.129 m^2

Möguleiki á viðbyggingu:
2.173 m^2 (1-3 hæðir)

Viðmið nemendafjölda:
482 nemendur

Bekkir:
1.-10. bekkur

Félagsmiðstöð:
Gleðibankinn

Frístundaheimili:
Eldflaugin

Nemendafjöldi:
640

Börn á grunnskólaaldri í skólahverfi:
716

STAÐREYNDABLAÐ

Háteigsskóli
(1968)



Ástand hússins:.
Háteigsskóli er í forgangi 3 í samræmi við forgangsröðun í áætlun um viðhaldsátak skólahúsnæðis. Engar nýjar ástandsskoðanir hafa verið gerðar síðan 2019. Gluggaskipti eru búin á skólabyggingunni og engin bráð þörf á meiriháttar viðhaldi. Frístundaheimilið Halastjarnan er í færanlegum kennslustofum á lóð skólans. Það húsnæði var hugsað sem skammtímalausn en hefur verið aðalrými hennar á annan áratug. Færanlegar kennslustofur voru settar niður í flýti og ekki gengið vel frá á sínum tíma.

Viðbyggingamöguleikar:
Gildandi skipulagsskilmálar fyrir Háteigsskóla og lóð er *Hverfisskipulag Hlíðar 3.1 Háteigshverfi*. Á byggingareitum hússins eru færanlegar kennslustofur í dag. Leyfilegt er að byggja 1-2,5 hæða hús. Skólastjórnendur leggja til að hægt væri að byggja á bílastæði hússins norðvestan megin við núverandi byggingu og tengigangur yrði á milli.

Starfið:
Í skólanum í dag eru 510 nemendur í 1.-10. bekk. Þröngt er um starfsemina. Á lóð eru 6 færanlegar stofur auk einnar á lóð íþróttahúss sem einnig er nýtt af starfseminni. Þar af 4 eru nýttar fyrir frístundaheimili og 3 fyrir kennslu. Starfsemi frístundaheimilis Halastjörnunnar fer fram að stórum hluta í færanlegum kennslustofum á lóð skólans. Félagsmiðstöðin 105 er staðsett innan veggja skólans í mjög takmörkuðu rými. Bæði starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar myndu hafa ávinning af því ef skólinn yrði stækkaður og þær fengju betrumbætt húsnæði. Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi KÍ á næstu lóð. Háteigsskóli leigir þá aðstöðu, en hefur bent á að ástand íþróttahússins er ekki gott. Þau sækja sundkennslu í Laugardalslaug með rútu.

Stærð hússins:
4.779 m^2

Stærð lóðar:
11.696 m^2

Möguleiki á viðbyggingu:
1.475 m^2 (1-2,5 hæðir)

Viðmið nemendafjölda:
350 nemendur

Bekkir:
1.-10. bekkur

Félagsmiðstöð:
105

Frístundaheimili:
Halastjarnan

Nemendafjöldi:
510

Börn á grunnskólaaldri í skólahverfi:
551

YFIRLITSMYND

Austurbæjar- og Vörðuskóli



STAÐREYNDABLAÐ

Austurbæjarskóli
(1930)



Ástand hússins:
Austurbæjarskóli er í forgangi 2 í samræmi við forgangsröðun í áætlun um viðhaldsátak. Austurbæjarskóli er tæplega 100 ára gamalt hús sem er komið á tíma hvað varðar meiriháttar viðhald, en engar heildar endurbætur hafa verið gerðar síðan húsið var byggt. Vatnslagnir eru byrjaðar að springa á jarðhæð og mikill raki er í kjallaraplötu og þaki. Líklegt er að fara þurfi í meiriháttar viðhald á byggingunni á næstu árum.

Viðbyggingamöguleikar:
Gildandi skipulagsskilmálar fyrir Austurbæjarskóla og lóð er Deiliskipulag skólavörðuholts. Gera þyrfti deiliskipulagsbreytingu ef óskað væri eftir að byggja við skólann. Húsnæði Austurbæjarskóla er friðað. Ekki er talið ákjósanlegt að byggja við núverandi húsnæði. Ólíklegt er að þurfi að byggja við Austurbæjarskóla þar sem nemendafjöldi er innan viðmiða um þolmörk og Vörðuskóli er staðsettur við hlið hans.

Starfið:
Í skólanum í dag eru 340 nemendur í 1.-10. bekk sem er undir viðmiði um þolmörk húsnæðisins rúmast því skólastarf því vel. Ýmsu er þó ábótavant, t.d. er enginn ákjósanlegur salur í húsnæðinu og aðgengismálum er verulega ábótavant. Þá er gluggasetning há fyrir nemendur. Sundlaug er í húsinu en hún er ekki í notkun. Frístundaheimilið Draumaland er skipt í yngri og eldri hóp (1. og 2. bekkur saman og 3. og 4. bekkur saman). Þau yngri eru að stærstum hluta í færanlegum kennslustofum neðst á lóðinni og þau eldri eru með rými á 4. hæð Austurbæjarskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 er til húsa í Spennustöðinni við hlið skólans. Þar er mjög góð mæting og húsnæðið vel nýtt. Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi Austurbæjarskóla og sundkennsla í Sundhöllinni.

Stærð hússins:
6.920 m^2

Stærð lóðar:
17.425 m^2

Möguleiki á viðbyggingu:
-

Viðmið nemendafjölda:
476-545 nemendur

Bekkir:
1.-10. bekkur

Félagsmiðstöð:
100og1

Frístundaheimili:
Draumaland

Nemendafjöldi:
340

Börn á grunnskólaaldri í skólahverfi:
556

STAÐREYNDABLAÐ

Vörðuskóli

(1947)



Ástand hússins:
Frá 2022 hafa staðið yfir viðgerðir á á ytra byrði Vörðuskóla en framkvæmdir munu taka allavega 3-4 ár til viðbótar. Verið að gera við það að utan núna og svo þarf að taka ákvörðun um hvað verður gert að innan. Vor/sumar 2026 ætti ytra byrði að vera tilbúið. Áætlað er að verklok allra framkvæmda gæti verið 2028/2029.

Viðbyggingamöguleikar:
Skv. skipulagi er möguleiki á 2,5 hæða byggingu á lóð Vörðuskóla. Eins og er þá er nýbúið að opna leikskólann Vörðuborg á byggingarreit lóðarinnar í tímabundnu húsnæði. Möguleikar á viðbyggingu eru því ekki miklir eins og er þar sem líklegt er að leikskólinn standi í einhver ár til viðbótar.

Starfið:
Ekkert starf er í skólanum í dag en finna þarf skólanum framtíðarhlutverk. Vörðuskóli er staðsettur við hlið Austurbæjarskóla á Skólavörðuholti. Hann er með tvo íþróttasali í dag en lagt hefur verið til að breyta þeim báðum í kennslurými.

Stærð hússins:
3.230 m^2

Stærð lóðar:
5.762 m^2

Möguleiki á viðbyggingu:
905 m^2 (2,5 hæðir)

Viðmið nemendafjölda:
230-254 nemendur

Bekkir:
-

Félagsmiðstöð:
-

Frístundaheimili:
-

Nemendafjöldi:

VIÐHALDSÁTAK

Á HÚSNÆÐI LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAR 2022-2028

FORSENDUR

- Í kjölfar ástandsskoðunar á leik- og grunnskólum og frístundamiðstöðvum/frístunaheimilum árin 2020-2021 kom í ljós uppsöfnuð viðhaldsþörf sem þarf að bregðast við. Borgarráð samþykkti á fundi sínum 4. nóvember 2021 að ráðast í sérstakt viðhaldsátak sem byggir m.a. á þessum ástandsskoðunum.
- Vinnuhópur frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds (SFV), skóla- og frístundasviði (SFS) og eignaskrifstofu (ESR) hefur unnið greiningar út frá þessum ástandsskoðunum auk annarra ítarskoðana.
- Vinnuhópurinn hefur undir stjórn verkefnastofu USK forgangsraðað framkvæmdum og skoðað í samhengi við aðrar áætlaðar framkvæmdir s.s. endurgerð húsnæðis og/eða stækkun.
- Við forgangsröðun framkvæmda er haft samráð við stjórnendur og fulltrúa notenda og reynt að finna leiðir til að lágmarka rask meðan á framkvæmdum stendur.
- Grænar lausnir eru hafðar að leiðarljósi við undirbúning og framkvæmdir og að byggingarefni sem notuð eru séu umhverfisvottuð. Einnig er horft til orkunýtni og sparnaðaráhrifa aðgerða á rekstur húsnæðis til lengri tíma.

MARKMIÐ OG STEFNA

- Markmið Reykjavíkurborgar er að tryggja notendum öruggt og heilsusamlagt húsnæði sem fullnægir nútíma þörfum auk þess að viðhalda verðmæti fasteigna borgarinnar. Viðhaldsátak þetta er þáttur í þessari viðleitni.
- Ef endurgerð eða viðbyggingarframkvæmdir eru áætlaðar eða í gangi eru átaksverkefni unnin samhliða þeim framkvæmdum. Þannig er nýting fjármuna hámörkuð og rask í skólastarfi mögulega minna vegna samlegðaráhrifa.
- Viðhaldsátakið styður við sparnað í rekstri borgarinnar með framkvæmdum sem bæta m.a. orkunýtingu bygginga og með fyrirbyggjandi aðgerðum í viðhaldi til að koma í veg fyrir eða minnka líkur á kostnaðarsömu meiriháttar viðhaldi í framtíðinni.
- Með því að horfa til umhverfisins við framkvæmdir, velja umhverfisvæn byggingarefni og fara í orkusparandi aðgerðir styður viðhaldsátakið grænar lausnir og lágmarkar áhrif framkvæmda á umhverfið til lengri tíma litið.

UMFANG OG HEILDARKOSTNAÐUR

- Verkefnið er mjög viðamikið en 136 fasteignir hýsa leikskóla/grunnskóla/frístundamiðstöðvar. Fasteignirnar eru allar í eigu/rekstri Reykjavíkurborgar og eru um 265 þúsund fermetrar.
- Áætlaður kostnaður viðhaldsátaksins er um 30 milljarðar króna og skiptist nokkuð jafnt milli ára.

2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028
4 ma.kr.	4,5 ma.kr.	4,5 ma.kr.	5 ma.kr.	4 ma.kr.	4 ma.kr.	4 ma.kr.

- Áætlunin verður endurskoðuð árlega og mun taka breytingum bæði hvað varðar forgangsröðun verkefna, umfang og fjárþörf.

HEILDARSTÆRÐ FASTEIGNA OG ALDUR EFTIR HVERFUM





- Aldur húsnæðis hefur áhrif á viðhaldsþörf bygginga. Þar af leiðandi er að öllu jöfnu meiri framkvæmdaþörf í eldri hverfum borgarinnar.
- Í hluta bygginga liggja fyrir áform um breytingar og endurnýjun. Þær framkvæmdir sem og viðbyggingar eru ekki hluti af viðhaldsátakinu en geta haft áhrif á forgangsröðun verkefna.

Öryggi notanda eigna

Heilnæmt umhverfi góð innivist/hljóðvist

Aðgengi fyrir alla

Fyrirbyggjandi aðgerðir og hagkvæm nýting fjármuna

Umhverfisvænt efnisval og endurnýting

Bætt orkunýting

- Forgangsröðun um viðhaldsþörf er m.a. metin út frá ástandsskoðunum
- Samtal við notendur eigna
- Ef upp hefur komið sérstakt ástand í byggingu sem þarfnast skjótra lausna
- Áætlaðar breytingar á húsnæði
- Forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf
- Möguleikar til að leysa húsnæðisþörf meðan á framkvæmdum stendur

FORGANGSRÖÐUN OG ÁHERSLUR

FORGANGSRÖÐUN

FORGANGUR 1	Brýn þörf er á meiriháttar viðhaldi skv. ástandsskoðun. Tilfelli um leka og/eða innivist er ófullnægjandi. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á tímabilinu 2022-2024
FORGANGUR 2	Þörf er á meiriháttar viðhaldi skv. ástandsskoðun. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á tímabilinu 2024-2025
FORGANGUR 3	Þörf er á meiriháttar viðhaldi skv. ástandsskoðun. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á tímabilinu 2025-2026
FORGANGUR 4 og 5	Þörf er á meiriháttar viðhaldi skv. ástandsskoðun. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á tímabilinu 2026-2028
ALMENNT- OG TILFALLANDI VIÐHALD	Samhliða viðhaldsátakinu er almennu- og tilfallandi viðhaldi sinnt skv. fyrirliggjandi þjónustusamningum.
ENDURBÆTUR OG VIÐBYGGINGAR 2022-2028	Gagngerar endurbætur og/eða viðbyggingar verða unnar samhliða viðhaldsátaki.

FORGANGUR 1

Forgangur 1 (37 eignir)

- Vesturbær: Grandaborg,Vesturborg, Melaskóli, Hagaskóli*.
- Miðborg: Miðborg-Njálsborg,Vörðuskóli*.
- Hlíðar: Hlíð-Hlíðaborg, Hlíð-Sólhlíð, Sólborg.
- Laugardalur: Laugasól-Laugaborg, Sunnuás-Ásborg, Sunnuás-Hlíðarendi, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Laugarnesskóli*,Vogaskóli, Þróttheimar, Laugasel.
- Háaleiti-Bústaðir: Fossvogsskóli*, Kvistaborg*, Álftamýrarskóli, Réttarholtsskóli.
- Breiðholt: Borg-Arnarborg, Hálsaskógur-Hálsaborg, Suðurborg, Breiðholtsskóli**, Hólabrekkuskóli, Gerðuberg 1.
- Árbær: Árborg, Norðlingaskóli, Ársel.
- Grafarvogur: Brekkuborg, Sjónarhóll-Ársól, Sunnufold-Frosti, Rimaskóli**, Hamraskóli.
- Grafarholt-Úlfarsárdalur, Kjalarnes: Ingunnarskóli**.

FORGANGUR 2

Forgangur 2 (25 eignir)

- Vesturbær: Sæborg, Grandaskóli, Undraland.
- Miðborg: Laufásborg, Austurbæjarskóli
- Hlíðar: Bjartaborg-Hamraborg, Gulahlíð/Klettaskóli.
- Laugardalur: Langholt-Sunnuborg, Laugasól-Lækjarborg
- Háaleiti-Bústaðir: Garðaborg, Hvassaleitisskóli, Breiðagerðisskóli/Staðarborg, Vinagerði
- Breiðholt: Hálsaskógur-Hálsakot, Hólaborg, Seljakot, Fellaskóli, Seljaskóli, Ölduselsskóli, Hellirinn Kleifarseli.
- Árbær: Kvarnaborg, Ártúnsskóli.
- Grafarvogur: Sunnufold-Logi, Foldaskóli
- Grafarholt-Úlfarsárdalur, Kjalarnes: Maríuborg, Klébergsskóli.

FORGANGUR 3

Forgangur 3 (27 eignir)

- Vesturbær: Drafnarsteinn-Drafnarborg, Hagaborg, Ægisborg, Öldukot, Vesturvallargata frístund.
- Miðborg: Miðborg-Barónsborg, Miðborg-Lindarborg, Tjarnarborg
- Hlíðar: Stakkaborg, Stakkakot, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Brúarskóli-Vesturhlíðarskóli, Ísaksskóli.
- Laugardalur: Langholt-Holtaborg, Dalheimar.
- Háaleiti-Bústaðir: Furuskógur-Skógarborg, Múlaborg.
- Breiðholt: Bakkaborg, Borg-Fálkaborg, Hraunborg, Jöklaborg, Stóra Holt-Völvuborg, Ösp, Regnboginn Hólmaseli, Hraunkot/Hraunheimar.
- Árbær: Árbæjarskóli.

FORGANGUR 4 OG 5

Forgangur 4 og 5 (24 eignir)

- Vesturbær: Drafnarsteinn-Dvergasteinn, Gullborg, Vesturbæjarskóli.
- Hlíðar: Klettaskóli, Bjartahlíð-Sólbakki, Klambrar, Nóaborg
- Laugardalur: Brákaborg (gamla), Hof.
- Háaleiti-Bústaðir: Furuskógur-Furuborg, Breiðagerðisskóli, Austurborg, Álftaborg, Jörvi.
- Breiðholt: Seljaborg, Litla Holt-Fellaborg.
- Árbær: Rauðaborg, Rofaborg, Selásskóli, Heiðaborg, Blásalir, Rauðhóll-Norðlingaskóli, Rauðhóll-Sandavað, Rauðhóll-Skógarhús.

ORKUNOTKUN BYGGINGA OG VARMATAP

ORKUNOTKUN BYGGINGA:

- 82,1% er vegna húshitunar
- 5,0 % er neysluvatn
- 10.3% er vegna raflýsingar
- 2,6% er vegna tæknibúnaður

HVAR VERÐUR VARMATAPIÐ:

- 22,3% í gegnum þak
- 10,1% í gegnum útveggi
- 32,1% vegna útloftunar
- 20,7% í gegnum glugga/dyr
- 8,5% í gegnum gólf
- 6,3% vegna kuldabrúa

TAKK FYRIR

Reykjavík

— Uppfært nóvember 2022

Græna planið

Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030

Yfirlit

Þetta skjal er gagnvirkt. Smelltu kaflaheitin til að hoppa á viðeigandi kafla. Merkið upp í vinstra horni leiðir þig aftur á þessa síðu.

— **Framtíðarsýn Græna plansins**

Græn borg
1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur

Vaxandi borg
1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutækifæri framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

Borg fyrir fólk
1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir alla
5. Bætt lýðheilsa
6. Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

— **Innleiðing Græna plansins**

— **Græna planið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna**

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn.

- Borgarstjórn ákvað 2. júní 2020 að vinna langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar undir heitinu Græna planið
- Græna planið var unnið samhliða undirbúningi fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025
- Græna planið var unnið sem viðbragð við áhrifum af heimsfaraldri kórónaveirunnar og uppfært í ársbyrjun 2022
- Græna planið teiknar upp framtíðarsýn borgarinnar til lengri tíma og tengir lykilstefnur og verkefni borgarinnar við þá framtíðarsýn
- Græna planið snýr bæði að þróun á þjónustu og stjórnkerfi borgarinnar auk þess að draga fram forgangsröðun á fjárfestingu borgarinnar og tengdra fyrirtækja

Nánari umfjöllun um Græna planið má finna á
www.graenaplanid.reykjavik.is

Nánar um samþykkta stefnumörkun borgarinnar má finna á
www.reykjavik.is/stefnur

Framtíðarsýn

Reykjavík er borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum, góðri þjónustu og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Lykilvíddir Græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Græn borg

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

Vaxandi borg

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna.

Borg fyrir fólk

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin eru skilin eftir.

Framtíðarsýn Grænna plansins
í umhverfis- og loftslagsmálum

Græn borg

Helstu markmið í umhverfis- og loftslagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

1 | Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Markmið Reykjavíkurborgar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040 og að aðlögun að loftslagsbreytingum verði með vistvænum og mannvænum hætti.

- Samgöngur eru grænar með breyttum ferðavenjum og orkuskiptum í samgöngum
- Ferðaþörf hefur minnkað með bættri stafrænni og sjálfvirkri þjónustu og aukinni grunnþjónustu í nærumhverfi
- Myndun úrgangs hefur dregist saman
- Hringrásarhagkerfið er komið til að vera
- Aukin áhersla er á vistvæn mannvirki og minni orkunotkun
- Rekstur, innkaup og þjónusta Reykjavíkurborgar er grænni og sjálfvirkari

2 | Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða

Markmið Reykjavíkurborgar um eflingu kolefnisbindingar og grænna svæða til 2030 fela í sér aukna ræktun, nýtingu sem og samtengingu milli grænna svæða.

- Skógrækt og gróður í borgarumhverfinu hefur aukist og íbúar fá notið jákvæðrar áhrifa náttúru á andlega og líkamlega heilsu
- Græn svæði tengjast innbyrðis til að efla þau og mynda þannig grænt net sem styðja við virka samgöngumáta og líffræðilega fjölbreytni.
- Vel er farið með náttúruauðlindir, þjónustu vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni með sjálfbærri landnotkun

3 | Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga

Markmið Reykjavíkurborgar um aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga til 2030 felast bæði í að vinna gegn loftslags-breytingum og í aðlögun að þeim.

- Borgin aðlagast að breyttu veðurfari og aukinni úrkomu með náttúrumiðuðum lausnum við styrkingu innviða
- Hafnarmannvirki og strandsvæði eru búin undir hækkandi yfirborð sjávar
- Auknum kostnaði vegna ágengra gróðurtegunda er mætt

4 | Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum

Markmið Reykjavíkurborgar til að bæta aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum til 2030 felast í áherslu á lýðheilsusjónarmið og auknum borgarbúskap.

- Staðinn er vörður um neysluvatn sem er grunnurinn að allri matvælaframleiðslu
- Staðinn er vörður um loftgæði og vatnsgæði sjávar og ferskvatns sem er grunnurinn að allri útivist
- Stutt er við hverskyns hreyfingu og útivist samhliða uppbyggingu á grænum svæðum
- Sjálfbærni hefur aukist við framleiðslu og neyslu matvæla og matarsóun minnkað
- Bætt aðgengi og aukið framboð er á grænmetisfæði og matvælum með takmörkuðu kolefnisspori

5 | Vistvænar samgöngur

Markmið Reykjavíkurborgar í fjárfestingu í samgönguinnviðum til 2030 er að hún verði á grænum og fjölbreyttum forsendum.

- Samgöngur í Reykjavík setja gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt almenningssamgöngum í forgang og draga um leið úr svifryki, loftmengun og hávaða
- Umferðaröryggi er megináhersla í allri ákvarðanatöku. Í samræmi við núllsýn borgarinnar er ekki réttlætanlegt að fórna heilsu vegfarenda fyrir aðra hagsmuni samfélagsins, eins og til dæmis minni tafir
- Almenningssamgöngur eru tíðar og þéttofið net hjóla- og göngustíga tengir borgarhverfin saman
- Borgarrýmið er aðlaðandi og öruggt fyrir alla með lágum umferðarhraða þar sem fjölda bílastæða er stillt í hóf og þeim komið þannig fyrir að dýrmætt land nýtist vel
- Uppbygging Borgarlínu og framkvæmd annarra þátta Samgöngusáttamála höfuðborgarsvæðisins tengir helstu uppbyggingarsvæði borgarinnar saman við aðra hluta svæðisins

Framtíðarsýn Grænna plansins
í efnahagsmálum

Vaxandi borg

Helstu markmið í samfélagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutæki framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna. Borg sem setur grænan vöxt í forgang.



1 | Ábyrg fjármálastjórnun

Markmið Reykjavíkurborgar í fjármálum til 2030 er ábyrg fjármálastjórnun sem byggir á grunngildum fjármálastefnu Reykjavíkurborgar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáan leika og gagnsæi.

- Fjármálastjórn er öguð og með áherslu á ábyrga ráðstöfun fjármuna og aðhald í rekstri
- Þjónusta borgarinnar við íbúa er tryggð
- Stöðugleiki er tryggður með því að haga útgjöldum til rekstrar og fjárfestinga til langs tíma í takt við þróun tekjustofna
- Tekjustofnar borgarinnar hafa verið styrktir og viðspyrna mynduð í hagkerfinu

2 | Þétt og blönduð byggð

Markmið Reykjavíkurborgar í íbúðauppbyggingu er að byggðar verði 1.000-1.500 nýjar íbúðir á ári til 2030 í þéttri, blandaðri byggð með sjálfbærni hverfa að leiðarljósi.

- Borgin hefur vaxið og íbúum og störfum fjölgað á sama tíma. Útblástur vegna bílaumferðar hefur dregist saman
- 10.000-15.000 nýjar íbúðir hafa risið í Reykjavík síðastliðinn áratug; allar á þéttingarreitum sem auka sjálfbærni hverfa og nýta betur innviði borgarinnar
- 80% nýrra íbúða hafa risið innan áhrifasvæðis Borgarlínu og a.m.k. 90% hafa risið innan núverandi þéttbýlismarka
- Fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla hópa - 25% af nýjum íbúðum innan hverfa byggðar á vegum óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga
- Lykiluppbyggingarsvæðin eru: Ártúnshöfði, Skejafjörður, Vogabyggð og þróunarsvæði meðfram Borgarlínu

3 | Ný atvinnutækifæri framtíðar

Markmið Reykjavíkurborgar í þróun atvinnutækifæra til 2030 er að hún verði á forsendum þekkingar, nýsköpunar og sjálfbærni til framtíðar.

- Aukin áhersla er lögð á að rækta nýsköpunarhugsun og skilning borgarkerfisins á forsendum nýsköpunar í atvinnulífi og menningu
- Þjónustu borgarinnar, þ.m.t. við atvinnulífið hefur verið umbreytt til stafrænna, einfaldara og aðgengilegra horfs
- Grænar og skapandi greinar hafa verið efldar og störfum í nýsköpun fjölgað með áherslu á sprotastarfsemi og fjölda nýsköpunarlausna
- Í þróun hefðbundinna atvinnugreina innan borgarinnar er áhersla lögð á aukna nýsköpun, sjálfbærni og atvinnuþátttöku allra þjóðfélagshópa
- Reykjavíkurborg tekur þátt í ýmiss konar árangursríku klasasamstarfi og alþjóðlegu nýsköpunar- og rannsóknarsamstarfi
- Reglulega er skoðað hvaða hæfni og þekkingu Reykjavík framtíðarinnar kallar eftir og hvernig við tryggjum að hún sé til staðar m.a. í gegnum skólakerfið

4 | Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

Markmið Reykjavíkurborgar í þróun nýrra athafnasvæða fyrir atvinnulíf til 2030 eru góð landnýting, fjölbreytt atvinnulíf og athafnasvæði fyrir allar tegundir fyrirtækja af öllum stærðum.

- Uppbygging innviða og aðstöðu fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi er í takt við framtíðarsýn borgarinnar
- Fyrirtæki fá rými til athafna og tryggðir eru möguleikar fyrir aðila sem hyggjast þróa land á þéttingarreitum og færa starfsemi sína til innan borgarinnar
- Í Reykjavík er að finna öfluga nýsköpunar- og þekkingarkjarna
- Ný öflug athafnasvæði eru fyrir lítil og stór fyrirtæki á Hólmsheiði, Esjumelum og Álfsnesi
- Atvinnutækifæri hafa þróast og ný störf hafa dreifst um alla borg, inn í þegar byggð hverfi og inn á nýja uppbyggingarreiti

Framtíðarsýn Græna plansins
í samfélagsmálum

Borg fyrir fólk

Helstu markmið í samfélagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir alla
5. Bætt lýðheilsa
6. Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir. Reykjavík okkar allra.

1 | Fyrir okkur öll

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita velferðarþjónustu sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll.

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn.

- Grundvallarnálgun í velferðarþjónustu borgarinnar er að engin tvö eru eins. Mál hvers einstaklings er metið á eigin forsendum og þjónusta sniðin að hverjum og einum
- Velferðarþjónusta er margþætt og fjölbreytt. Hún er skipulögð á notendavænan, heildstæðan og skilvirkan hátt og gerð aðgengileg og nálæg þeim sem þurfa á þjónustunni að halda
- Þjónusta sem snýr að heill og hamingju einkennist af samkennd, umhyggju, skaðaminnkandi nálgun og umfram allt virðingu fyrir einstaklingnum. Ekki er gefist upp á neinum og áhersla lögð á valdeflingu og hjálp til sjálfshjálpar
- Velferðarþjónusta hvílir á fyrirbyggjandi aðgerðum þar sem traustar upplýsingar og vísbendingar eru nýttar í forvarnir
- Árvekni gagnvart fjölbreyttum þörfum fólks er lykillinn að trausti í garð velferðarþjónustu
- Í velferðarþjónustu starfar faglegt og framsýnt starfsfólk sem vinnur saman að árangursríkum lausnum í takt við nýjustu þekkingu og tækni

2 | Látum draumana rætast

Markmið Reykjavíkurborgar er að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldar-innar. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum umhverfis, samfélags- og tæknibreytingum.

Leiðarljós stefnu frístundaþjónustu er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.

- Börn öðlast sterka sjálfsmynd, góða félagsfærni, trú á eigin getu og ná árangri
- Börnin lesa sér til gagns og gamans, afla sér þekkingar og öðlast skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýna frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl
- Börn vaxa, dafna og una sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreyti-leika mannlífs. Þau hafa áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi
- Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti
- Uppeldi og menntun barna og unglinga er samfélagslegt verkefni. Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi

3 | Menning og listir verði samofin borgarlífinu

Markmið Reykjavíkurborgar er að allir borgarbúar hafi jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista.

- Öllum íbúum Reykjavíkurborgar óháð aldri stendur til boða að taka þátt og njóta menningar og lista
- Menningarstarf er sýnilegt og lifandi í öllum hverfum borgarinnar
- Lista- og menningarlífið er jarðvegur fyrir þann fjölbreytileika sem borgin býr yfir og endurspeglar hann
- Reykjavík er borg sem innlendir og erlendir gestir heimsækja til að njóta lista og menningar
- Reykjavík er borg sem listafólk hvaðanæva úr heiminum sækist eftir að starfa í

4 | Íþróttir fyrir alla

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði íþróttamála er að flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu.

- Íþróttir, líkamsrækt og hreyfing er fyrir alla á öllum æviskeiðum óháð afreksmiðaðri nálgun
- Öll börn og unglingar fá tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi án tillits til uppruna, kyns, kynvitundar, trúarbragða, stéttar, fötlunar, holdarfars, atgervis eða annarrar stöðu
- Hagkvæm og hentug aðstaða til íþróttaiðkunar og hreyfingar er til staðar byggt á algildri hönnun þar sem gert er ráð fyrir öllum kynjum
- Í Reykjavík er skipulögð umgjörð, gott samstarf og stuðningur við öflugt og faglegt starf íþróttafélaga
- Keppnis- og afreksfólk borgarinnar er framúrskarandi og veitir framtíðarkynslóðum hvatningu til íþróttaiðkunar

5 | Bætt lýðheilsa

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að skapa heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra í heilsuborginni Reykjavík.

- Í Reykjavík er umhverfi til að auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar fá tækifæri til að búa við góða heilsu og góð lífsgæði
- Einstaklingum og fjölskyldum er gert kleift að takast á við samfélagslegar, líkamlegar og tilfinningalegar áskoranir
- Áhersla er lögð á jákvæða virkni barna sem stuðlar að vellíðan, aukinni færni og árangri
- Forvörnum sem miða að valdeflingu, virkni og trú á eigin getu og árangri er beitt á öllum æviskeiðum
- Sérstaklega er hugað að geðheilsu og andlegri líðan s.s. einmanaleika og kvíða
- Stutt er við hreyfingu með fjölbreyttum ferðavenjum, uppbyggðum útivistarsvæðum og íþróttamannvirkjum, aðlaðandi borgarrýmum og góðu aðgengi að grænum svæðum

6 | Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

Markmið Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og lýðræðismálum er inngilding og að íbúar hafi tækifæri til þess að vinna með borginni að bættum lífsgæðum í umhverfi sínu.

- Borgarbúum er ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs- og stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, íkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu
- Reykjavíkurborg hefur jafnræði borgaranna, öryggi og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi, vinnur gegn margþættri mismunun og leggur áherslu á heildstæða sýn í þágu borgarbúa
- Reykjavíkurborg hvetur til lýðræðislegrar þátttöku íbúa og styður við fjölbreyttar leiðir þeirra til að hafa áhrif á nærsamfélag sitt, ákvarðanatöku og stjórnun sveitarfélagsins
- Lýðræðisferlar eru virkir út frá hringrás lýðræðislegra vinnubragða um að hlusta, rýna, breyta og miðla þar sem reglulegt gagnvirkt samtal við íbúa og hagsmunaaðila á sér stað. Þess er gætt að ná til alls konar fólks og fjölbreyttra hópa
- Aðgengi allra borgarbúa að kosningum er tryggt með góðu aðgengi og auðskildu efni
- Reykjavíkurborg vinnur að stafrænni umbreytingu sem auðveldar aðgengi að upplýsingum til allra hópa og gefur þeim rödd

Reykjavík

Innleiðing
Græna plansins

Innleiðing

Framtíðarsýn Græna plansins verður innleidd nánar á komandi misserum í nýjum og uppfærðum stefnum og aðgerðaáætlunum

Á meðal lykilverkfæra Græna plansins er fjármálastefna til 10 ára, fjárhagsáætlun til fimm ára og fjárfestingar-áætlun til 10 ára

Þá verður sóknaráætlun yfir helstu áætlanir og aðgerðir í forgangi uppfærð til 1-2 ára í senn og framgangi hennar gerð skil í árshlutaskýrslum Græna plansins

Helstu þættir

Innleiðing Grænna plansins á næstu árum felur í sér markvissa áherslu á fjárfestingu, samstarf, forgangsröðun og mælingar:

- Fjárfestingaráætlun
- Stafræn umbreyting þjónustu
- Innlent samstarf
- Alþjóðlegt samstarf
- Mælikvarðar Grænna plansins

Fjárfestingaráætlun til 2030 í stuttu máli

1. Á næstu 10 árum mun Reykjavíkurborg fjárfesta 220 milljörðum í að byggja upp vaxandi græna borg fyrir fólk undir merkjum Græna plansins sem stefnir að betra umhverfi, efnahag og samfélagi. Fyrirtæki í eigu borgarinnar munu jafnframt auka fjárfestingar sínar, einkum í grænum innviðum veitufyrirtækjanna og félagslegu húsnæði fyrir tekjulága.

2. Átak verður í uppbyggingu búsetuúrræða fatlaðs fólk og heimilislausra og eftir þörfum fjárfest í nýjum störfum fyrir atvinnulausa og stuðningsúrræðum og virkni fyrir fólk á fjárhagsaðstoð.

3. Borgarlínan verður byggð upp auk heildstæðs hjólastígakerfis fyrir höfuðborgarsvæðið í samvinnu við ríkið og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík vill verða hjólaborg á heimsmælikvarða með fjármögnun nýrrar hjólreiðaáætlunar.

4. Allri þjónustu og afgreiðslu sem hægt er að færa á netið verður umbreytt á næstu árum með fjárfestingu í upplýsingatækni og stafrænni umbreytingu borgarinnar.

5. Nýir skólar rísa í Skerjafirði, Vogabyggð og Ártúnshöfða og leikskólaplássum verður fjölgað til að taka einnig inn 12 mánaða gömul börn. Markmiðið er að nýju hverfin í Ártúnshöfða og Skerjafirði verði grænustu hverfi sem risið hafa í Reykjavík.

6. Fjárfest verður í viðhaldsframkvæmdum. Fjárveitingar til endurnýjunar eldra skólahúsnæðis verða stórhækkaðar og borgarbókasafnið í Grófarhúsið og Listarsafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi munu ganga í endurnýjun lífdaga.

7. Götur í öllum hverfum fái grænna yfirbragð en áður og meiri gróður, græn svæði og almenningsgarðar verða fegraðir, ásýnd borgarinnar verður blómlegri og skógrækt verður aukin með gróðursetningu Loftslagsskóga Reykjavíkur.

8. Lýðheilsa, hreyfing og íþróttaþátttaka verður efld með fimleikahúsum í Breiðholti og Árbæ, knatthúsum í Vesturbæ og betri íþróttaaðstöðu víða um borgina. Þrjár nýjar sundlaugar eru á tíu ára áætlun: í Úlfarsárdal, Fossvogi og í Elliðaárvogi. Laugardalslaug verður endurnýjuð frá grunni.

9. Áningarstaðir og inniviðir til útivistar verða byggðir upp í Elliðaárdal og Öskjuhlíð og sjóbaðsaðstaða á völdum stöðum við strandlengjuna. Vetrargarður verður byggður upp í Breiðholti og skíðasvæðin í Bláfjöllum stórefld. Útivistarmöguleikar verða bættir við Rauðavatn og á Hólmsheiði þar sem einnig verða gerðar reiðleiðir.

10. Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir að fjárfesta í innviðum þar sem næstu 10.000 íbúðir í Reykjavík rísa. Þær verða af öllum stærðum og gerðum, fyrir allan aldur og tekjuhópa og flestar staðsettar nálægt Borgarlínu og lifandi atvinnukjörnum.

11. Grænt fjárfestingarátak er eitt af lykilverkfærum Græna plansins til að flýta þróun borgarinnar í átt að kolefnishlutleysi. Áhersla er á að fjárfestingar uppfylli skilyrði fjármögnunar með grænum og samfélagslegum skuldabréfum. Markmiðið er að samhæfa fjárfestingar fyrirtækja í eigu borgarinnar við grænt fjárfestingarátak Reykjavíkurborgar.

Stafræn umbreyting þjónustu Reykjavíkurborgar

Stafræn umbreyting er fyrst og fremst stafræn aðlögun á þeirri þjónustu sem borgin sinnir í dag.

Sérstakt átak hefur verið ræst til að hrinda þessari umbreytingu af stað sem nær til loka árs 2023. Það er risastórt verkefni sem á sér fáar hliðstæður hér á landi og nær til allra starfsstaða og starfsfólks sem brennur fyrir betri þjónustu með hjálp nútíma tækni.

Umbreyting á þjónustunni með bættum tæknilegum innviðum, beislun gagnastrauma, sjálfvirknivæðingu ferla, aukinni hagnýtingu gagna, greiningartólum og umhverfisvænni upplýsingatæknirekstri er liður í innleiðingu Græna plansins.

Stafræn umbreyting þjónustu felst í endurskoðun og skipulagningu út frá notendum þjónustunnar, að þeim sé mætt á þeirra forsendum. Hagnýting gagna skilar sér svo í auknu virði til borgarbúa í formi hnitmiðaðrar þjónustu, aukins gagnsæis og skilvirkari nýtingu á tíma þegar leita þarf eftir upplýsingum eða þjónustu innan borgarkerfisins.

Stafræn umbreyting þjónustu Reykjavíkurborgar

Áherslur í stafrænni umbreytingu borgarinnar:

Nútímaleg kerfi

Áframhaldandi þróun á upplýsingakerfum í takt við tækninýjungar og umhverfissjónarmið. Einfaldara skipulag kerfa, ferla og aukin samvirkni.

Snjöll nýsköpun

Nýjar leiðir til að leysa áskoranir í starfsemi borgarinnar. Samstarf við frumkvöðla til að undirbúa Reykjavík fyrir komandi áskoranir.

Sjálfvirk stjórnsýsla

Sjálfvirk stjórnsýsla einfaldar umsóknarferla og aðgengi að þjónustu borgarinnar. Aukin sjálfvirkni mun stuðla að minni sóun í kerfinu, hagræðingu og einföldun.

Hagnýting gagna

Hagnýting gagna er eitt af undirstöðuatriðum til að taka upplýstar ákvarðanir, hjálpar til við að bera kennsl á tækifæri til hagræðingar og verðmætasköpunar og skapa þar með grundvöll fyrir þróun og nýsköpun.

Innlent samstarf

Til þess að Græna planið nái árangri þarf að efna til samstarfs við ýmsa innlenda aðila.

Nauðsynlegt er að starfa með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldinu til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.

Til að auka grænar samgöngur hefur verið ráðist í víðtækara samstarf en nokkru sinni fyrr við ríkið og nágrannasveitarfélögin um betri samgöngur, fjárfestingu í Borgarlínu og öðrum innviðum.

Reykjavíkurborg á hlut í nokkrum leiðandi fyrirtækjum á Íslandi sem munu beita sér fyrir grænni umbreytingu og sjálfbærni í borginni.

Við innleiðingu á almennri eigendastefnu Reykjavíkurborgar og góðum stjórnarháttum skapast forsendur til að annast tiltekna starfsemi í þágu almennings.

Samstarf Reykjavíkurborgar, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sameiginlegra fyrirtækja þeirra er lykilþáttur í innleiðingu Græna plansins.

Innlent samstarf

Reykjavíkurborg leggur megináherslu á eftirfarandi í samstarfi sínu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og sameiginlegra fyrirtækja þeirra:

Almenningssamgöngur

Uppbygging Borgarlínu og tengdra innviða.

Orkuskipti

Samstarf til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.

Hringrásarhagkerfi

Samstarf um uppbyggingu hringrásarhagkerfis, úrgangsforvarnir og endurnýtingu.

Græn fjármögnun

Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál.

Alþjóðlegt samstarf

Reykjavíkurborg mun styðja við innleiðingu Grænna plansins með því að nýta þau tækifæri sem felast í þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Áhersla verður á nýja rannsóknaráætlun ESB, Horizon Europe, sem gildir 2021-2027 en hún mun ráðstafa 100 milljörðum evra til rannsókna og nýsköpunar á komandi árum með megináherslu á umhverfismál.

Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum mun auka aðdráttarafl Reykjavíkur sem borg framfara, tækifæra og lífsgæða og efla viðnámsþrótt hennar og hæfni til að takast á við framtíðina og umbreytingar og óvissu sem henni fylgja.

Reykjavíkurborg hefur verið valin sem þátttakandi í Evrópusamstarfi um hundrað kolefnishlutlausar og snjallar borgir. Megin hlutverk borga í leiðangrinum byggir á verkefnum í þágu kolefnishlutleysis í orkumálum, samgöngumálum, byggingum, iðnaði, matvælaframleiðslu o.fl.

Markmið Reykjavíkurborgar með þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og rannsóknaráætlun ESB:

- **Afla þekkingar á lykiláskorunum og tækifærum í sjálfbærri þróun borga**
- **Efla þátttöku og árangur Reykjavíkur í rannsókna- og nýsköpunar-umhverfi Evrópu**
- **Afla rannsókna- og nýsköpunarstyrkja sem styðja við og fjármagna stefnur og áherslur Reykjavíkur og efla Reykjavík sem borg nýsköpunar og sjálfbærni**

Mælikvarðar Grænna plansins

Til að mæla árangur Grænna plansins innleiðir Reykjavíkurborg þrjá staðla frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD) sem mæla stöðu borga með tilliti til sjálfbærni.

Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga á hverju áherslusviði fyrir sig.

Alls innihalda staðlarnir 250 mælikvarða. Hægt er að tengja hvern og einn mælikvarða við undirmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og er þessi vinna því góður undirbúningur fyrir innleiðingu þeirra.

- **ISO 37120 um þjónustuveitingu borga og lífsgæði íbúa þeirra. Staðallinn mælir umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borga og gerir þeim kleift að fylgjast með eigin vegferð og bera sig saman við aðrar borgir.**
- **ISO 37122 um snjallvæðingu borga. Staðallinn mælir árangur og þroskaferli borgarinnar sem snjallborg. Þá er m.a. átt við framvindu deili- og hringrásahagkerfisins og framsækni í nýjungagjörnum lausnum.**
- **ISO 37123 mælir seiglu (resilience) borga. Þá er átt við hversu vel borgir geti aðlagast og jafnað sig á þeim áföllum sem þær geta orðið fyrir af völdum náttúruhamfara og loftslagbreytinga, heimsfaraldra, netárása og fleira.**

WCCD | WORLD COUNCIL ON CITY DATA

Græna planið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Græna planið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Framtíðarsýn og markmið Græna plansins styðja við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmiðin horfa til efnahags, samfélags og umhverfis líkt og Græna planið.

Heimsmarkmið 17 leggur ríka áherslu á samstarf til að ná fram markmiðunum líkt og Græna planið á að gera.



Graphics by Jerker Lokrantz/Azote

Græna Planið



Reykjavík

— Uppfært nóvember 2022

Græna Planið

Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030

Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI 4
MEGINÞEMU HÖNNUNAR 5

MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFI 6

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST 8
FAGMENNSKA OG SAMSTARF Í ÖNDVEGI 14
SAMFELLA OG STÍGANDI Í STARFI MEÐ BÖRNUM 15

BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG 18

INNI OG ÚTI ÁRIÐ UM KRING 25

ÁBYRG HÖNNUN **29**

FORMÁLI

Reykjavík er borg í vexti. Nýjum hverfum fylgja nýjar byggingar fyrir skóla- og frístundastarfið. Á sama tíma er verið að þétta byggð og við það fjölgar börnum í rótgrónum hverfum. Því er þörf á margvíslegum endurbótum á eldra húsnæði fyrir frístunda- og skólastarf svo að tryggt sé að það mæti þörfum nútíðar og framtíðar.

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skapar umgjörð um starf í anda menntastefnu borgarinnar. Jafnframt er hún leiðarljós sem tekur mið af „Græna plani" Reykjavíkurborgar sem er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hafa einnig sett fram viðmið fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar.

Í viðmiðunum er að finna nánari leiðsögn til hönnuða um kröfur sem settar eru fram um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað ofl.

Þá er sett fram forsögn fyrir hvert og eitt verkefni sem tengist nýbyggingum, viðbyggingum og endurbótum. Lögð er áhersla á breiða þátttöku í forsagnarvinnu þar sem helstu hagsmunaaðilar fá tækifæri til að móta sérstöðu hverrar byggingar. Mikilvægt er að hafa þarfir væntanlegra notenda að leiðarljósi þegar ráðist er í nýbyggingar, endurnýjun eða viðbætur húsnæðis og útisvæða. Þarfagreining forsagnar er lykill í öflun slíkra upplýsinga þar sem samráð við notendur varpar ljósi á fjölbreyttar þarfir þeirra og væntingar og mætir kröfum Reykjavíkurborgar um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun.

Lögð er áhersla á að stefnan og viðmiðin séu endurskoðuð reglulega til að fanga reynslu, nýjar hugmyndir, breyttar kröfur og þarfir. Þessar þrjár stoðir; stefna, viðmið og forsögn, mynda heild sem hönnuðum ber að fylgja, auk þeirra laga og reglugerða sem eiga við í hverju og einu verkefni.

MEGINÞEMU HÖNNUNAR

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf markast af þremur þemum sem fanga meginmarkmið og áherslur. Hvert þema felur í sér áherslur um mannvirki og umhverfi og styður við markmið menntastefnunnar, gæði í hinu manngerða umhverfi og framtíðarsýn Græna plansins.

MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFIÐ

Hér er horft til þeirrar umgjarðar sem skapa þarf í húsnæði skóla- og frístundastarfs til að hlúa að grundvallarþáttum menntastefnunnar. Þar er barnið í öndvegi og ólíkum þörfum þeirra og starfsfólks er mætt í umhverfinu og tekið tillit til jafnréttis- og margbreytileikasjónarmiða.

BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Þetta þema hverfist um rýmisgildi byggingarinnar, þ.e. hvernig einstakir byggingarhlutar tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Samhliða er lögð áhersla á að byggingin skapi samfellu við umhverfi og samfélag.

ÁBYRG HÖNNUN

Græna planið er framtíðarsýn fyrir borgina og áætlun um græna endurreisn samfélagsins til framtíðar. Umhverfis-, fjárhags- og félagsleg sjálfbærni verður leiðarljós í ákvörðunum um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Með ásýnd sinni og virkni eiga þær að vera fyrirmynd barna og fullorðinna um það hvernig megi hanna og byggja, án þess að ganga á auðlindir komandi kynslóða og um leið að vera leiðarljós um gefandi og mannvænt samfélag. Mannvirki og umhverfi þeirra skulu styðja við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFIÐ

Í framtíðarsýn menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Menntun er mikilvægur hluti af lífshlaupi allra og frístunda- og skólastarfið er sífellt að verða ríkari þáttur í daglegu lífi barna og unglinga. Framtíðin er hins vegar óráðin, við vitum ekki hvernig við högum frítíma okkar, hvaða tækni eða atvinnugreinar verða ríkjandi árið 2030. Við vitum þó að einstaklingar þurfa að búa yfir hæfni til að menntast, bæði formlega og óformlega, með virkri þátttöku í samfélaginu.

Menntastefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Stefnan leggur áherslu á að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag. Hún hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð, en um leið um valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Vinna á að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi, náttúru og heiminum öllum. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmenningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Þegar ráðist er í nýbyggingar, viðbyggingar og endurbætur á aðstöðu í skóla- og frístundastarfi skapast tækifæri til að endurskoða starfshætti og inntak menntunar og þróa umhverfi sem hæfir formlegu og óformlegu námi frá sjónarhóli nútíðar og framtíðar. Nota þarf sérhvert tækifæri til að skapa aðstöðu og umgjörð fyrir framsækna starfshætti, breyttar þarfir og væntingar samfélagsins og nýja hæfni þar sem barnið og framtíð þess er í forgrunni.

Hafa ber í huga að þarfir barna eru mismunandi, m.a. eftir aldri, kyni, námsstigi, hæfni og áhugasviði. Huga þarf að líkamlegum, andlegum, vitsmunalegum og félagslegum þörfum einstaklinga og hópa allan daginn, allan ársins hring. Jafnréttis- og margbreytileikasjónarmið eru því nauðsynleg í allri hönnun aðstöðu fyrir frístunda- og skólastarf og kröfum um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun skal mætt.

Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að þátttöku, heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.

„LÁTUM DRAUMANA RÆTAST“

Í menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ er lögð áhersla á að í öllu skóla- og frístundastarfi sé unnið með grundvallarþættina: félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Mikilvægt er að við hönnun húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf sé horft til grundvallarþáttanna og hvaða kröfur þeir gera til húsnæðis, umhverfis og aðstöðu. Einnig ættu leiðarljós um markvisst samstarf starfsfólks og virkni barna og þátttöku þeirra í starfinu að vera í öndvegi hönnunar. Lögð er áhersla á að barnafjölskyldur upplifi samfellu með viðeigandi stíganda í umhverfi og starfi barnanna.

Það gerum við með því að:

- hafa stærri rými fyrir menningarviðburði og samveru stórra hópa
- hafa rými þar sem auðvelt er fyrir minni og stærri hópa að vera saman í námi, starfi, samveru og leik
- hafa minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna
- hafa útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla
- hafa fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna.

FÉLAGSFÆRNI

Úr menntastefnu:
Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Mikilvægt er að húsnæðið styðji við þjálfun og eflingu félagsfærni í skóla- og frístundastarfi.

Rými fyrir menningarviðburði og samveru stærri hópa



© Stapaskóli, Arkís arkitektar

minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna



© xxxx

© Unisport.dk. Frediksbjergskole

Fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna

Útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla

SJÁLFSEFLING

Úr menntastefnu:
Sjálfsefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Unnið er að því að börn sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Það gerum við með því að

- hafa umhverfi og aðbúnað aldurssamsvarandi svo það haldi vel utan um börn á ólíkum aldri og styrki öryggiskennd þeirra
- bjóða upp á umhverfi og aðbúnað sem ýta undir sjálfshjálp, sjálfstæð vinnubrögð og þrautseigju
- skapa umhverfi sem styður við sjálfsmynd barna og gefur þeim tækifæri til að vinna með áhugamál sín og styrkleika
- hafa rými sem bjóða upp á fjölbreytni og skapandi nálgun í vinnubrögðum, úrvinnslu og miðlun verkefna
- hafa „svið" bæði úti og inni fyrir leikræna tjáningu og framsögu
- hafa umhverfið, jafnt innan sem utandyra sem býður upp á fjölbreytt tækifæri til að takast á við líkamlegar og félagslegar áskoranir um leið og jafnréttis- og margbreytileik-sjónarmiðum er mætt

Læsi

Úr menntastefnu:
Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Í öllu skóla- og frístundastarfi er áhersla lögð á að styðja börn við að afla sér þekkingar og auka skilning á samfélagi og umhverfi.

Það gerum við með því að:

- hafa gott aðgengi að fjölbreyttum upplýsingum og lesefni, bæði stafrænu og í bókum
- sýna fjölbreyttar afurðir úr námsvinnunni með sýningum eða margbreytilegri miðlun
- hafa notaleg rými til að setjast niður með bók eða taka þátt í sögustund
- skapa góða aðstöðu til að tileinka sér vísindalega hæfni, náttúru-, miðla- og tæknilæsi
- bjóða upp á umhverfi sem hvetur til uppgötvana og áframhaldandi þekkingarleitar
- bjóða upp á lóð/útisvæði þar sem má upplifa og gera vísindalegar athuganir á náttúrunni og lögmálum hennar
- skapa námsrými sem bjóða upp á samstarf og samvinnunám þar sem hugað er að tilfinningalæsi, fjölbreyttum tjáningarformum og getunni til að setja sig í spor annarra.

Sköpun

Úr menntastefnu:
Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar.
Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

Sköpun og skapandi hugsun þjálfast á fjölbreyttan hátt, bæði innan dyra og utan, í samvinnu við aðra eða með okkur sjálfum. Húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf og staðsetning þess þarf að skapa þessa möguleika.

Það gerum við með því að

- hafa viðeigandi aðstöðu og rými fyrir fjölbreytt list- og verknám, skapandi og listræna tjáningu.
- hafa rými fyrir þjálfun í leikrænni tjáningu, framkomu eða listflutningi einstaklinga og hópa
- hafa svæði/lóð utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold
- hafa viðeigandi aðstöðu þar sem börn geta notið sín í frjálsum leik og tjáð sig á skapandi og listrænan hátt í gegnum fjölbreyttan efnivið.
- hafa aðstöðu til nýta framsækna tækni og aðferðarfræði hönnunar (e. design thinking) til náms og nýsköpunar m.a. í snillismiðjum („makerspaces“ og „fablab“),
- hafa fjölnýtanleg einstaklingsrými fyrir tónlistarsköpun og hljóðfæranám, myndvinnslu o.fl.

Svæði utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold.

© Dalskóli, Vaarkítektar

Aðstaða til nýta framsækna tækni og aðferðarfræði hönnunar (e. design thinking) til náms og nýsköpunar m.a. í snillismiðjum („makerspaces“ og „fablab“)

©AdobeStock

© Unisport.dk. Frediksbjergskole

Fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna

© Dalskóli, Vaarkítektar

Kaffi- og mataraðstaða starfsfólks

Heilbrigði

Úr menntastefnu:
Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu.. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

Unnið verður að því að öll börn tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og öðlist hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Það gerum við með því að:

- hafa rými og aðbúnað sem stuðlar að öryggiskennd og vellíðan allra barna
- hafa sameiginleg rými þar sem börn geta þjálfað fín- og grófhreyfingar, s.s. stikl, klifur, skrið, jafnvægi og fleira
- hafa góðar tengingar milli úti og innisvæða og stuðla þannig að markvissu útinámi
- hafa aðstöðu til náttúruupplifunar og ræktunar innan- og utandyra og á nálægum grænum svæðum
- hafa rými þar sem börn geta matast í ró og næði og bjargað sér sjálf
- hafa aðstöðu sem býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir einstaklinga, minni og stærri hópa jafnt í námi, starfi og leik.
- Hafa aðstöðu þar sem hægt er að finna ró og næði í dagsins önn

FAGMENNSKA OG SAMSTARF Í ÖNDVEGI

Úr menntastefnu:

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða og milli starfsstaða stuðlar að þróun menntunar.

Til þess að stuðla að þverfaglegu starfi þarf að tryggja starfsfólki góða aðstöðu og búnað, en einnig að skapa rými og tíma fyrir ígrundun og hvíld.
Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi. Því er mikilvægt að byggingar bjóði upp á aðlaðandi aðstöðu sem er tekur vel á móti foreldrum og fjölskyldum með ólíkan bakgrunn þannig að öll séu þau tilbúin til að taka þátt í námi, starfi og leik barnanna.

Það gerum við með því að

- tryggja rými sem bjóða upp á samstarf starfsmanna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi
- staðsetja rými starfsfólks innan byggingar þannig að tími þeirra nýtist vel
- hafa aðstöðu til einbeitingar og hvíldar fyrir starfsfólk
- hafa skýra leiðarvísa inn í og um húsnæðið
- hafa bjóðandi og hlýlegan inngang
- bjóða upp á aðgengileg fundarherbergi
- hafa rými þar sem foreldra geta hitt hvert annað og starfsfólk

SAMFELLA OG STÍGANDI Í STARFI MEÐ BÖRNUM

Ungabörn

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að tryggja að börn geti hafið leikskólagöngu strax að loknu fæðingarorlofi foreldra, hvort heldur er í sérstökum ungbarnaleikskólum eða ungbarnadeildum. Umhverfi barna sem sækja leikskóla frá eins árs aldri verður að taka mið af tilfinninga-, félags-, líkams- og hreyfiþroska þeirra. Aðlögun einkennir fyrstu ár barns í leikskóla, sem og umhyggja í fyrstu skrefum í námi þess með öðrum börnum. Vellíðan og öryggi barna og foreldra eru lykilþættir svo leikskólagangan fari vel af stað. Umhverfi leikskólastarfs fyrir börn á þessum aldri þarf því að vera notalegt, afmarkað og umfaðmandi. Skapa þarf góða aðstöðu til að mæta grunnþörfum barnanna, til dæmis fyrir hvíld og svefn, mat og drykk, skiptiaðstöðu, leik og hreyfingu, jafnt innan- sem utandyra. Einnig þarf að huga að því hvernig rými tekur á móti foreldrum og fjölskyldum og stuðlar að vellíðan þeirra og að því að þau séu velkomin og mikilvægir samverkamenn í leikskólastarfinu.

Elstu börn leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla

Sífellt fleiri fjölskyldur velja frístundaheimili fyrir börn sín að loknum skóladegi í 1.-4. bekk. Grunnþættir starfs í leikskóla og grunnskóla hafa verið samræmdir í gegnum aðalnámskrá og sveitarfélögum gert að bjóða upp á frístundaheimili sem framfylgja viðmiðum um gæði í starfi. Mikilvægt er að bregðast við ákalli samfélagsins um aukið samstarf og sveigjanleika um nám, starf og leik barna. Það er því skynsamleg ráðstöfun að starfsemi leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis samnýti aðstöðu, eins og kostur er. Undir einu þaki fléttast saman umhyggja, nám og þroskavænlegt umhverfi, þar sem ólíkar fagstéttir skapa samfellt skóla- og frístundastarf í nánu samstarfi. Slíkt fyrirkomulag krefst nýrrar hugsunar og skörunar á mörgum sviðum, allt frá hönnun bygginga til skipulags og stjórnunar. Þarna mætast þrjár hefðir, leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili. Þekking og menning renna saman í daglegum leik og starfi og skapar samfellu.

Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starf og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.

Í leikskólum þykir sjálfsagt að börn sulli í pollum, búi til moldarkökur, velti sér í snjónum, rúlli sér í grasinu og bjóði vindinum byrginn. Viðhalda þarf slíkri útivistarmenningu og aðstöðu til hennar á útisvæði fram til níu eða tíu ára aldurs og skapa tækifæri til útiveru, útikennslu, náttúruskoðunar og til að þjálfa úthald og seiglu. Skýr tenging þarf að vera milli byggingar og lóðar sem jafnframt skapar barnvæna heild. Útisvæði þarf að hafa náttúrlegt yfirbragð og hið náttúrulega og manngerða þarf að renna vel saman. Skapa þarf skjólsæl svæði með byggingunum sjálfum og með náttúrulegum hætti úti á lóðinni.

Eldri grunnskólabörn og unglingar í grunnskóla

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir miklum sveigjanleika í námi og að börn eigi ríkulegt val um viðfangsefni, námsaðferðir, námsaðstæður og verkefnaskil. Á sama tíma er lögð áhersla á að börnin hafi góðan aðbúnað til náms á öllum námssviðum grunnskólans og aukast kröfurnar um þetta eftir því sem nemendur eldast. Unglingar vilja eiga fjölbreytt val um félaga og vini, hitta aðra með fjölbreytt áhugamál, geta horfið um stund í fjöldann eða verið stjarna dagsins eftir því hvernig dagsformið er. Mikilvægt er að unglingarnir njóti stuðnings fagfólks með ólíkan bakgrunn; kennara með sérþekkingu á ólíkum námssviðum, frístundaráðgjafa, námsráðgjafa, íþróttaþjálfara, markþjálfa, listamanna og matreiðslumanna sem geta gefið þeim byr undir báða vængi og stuðlað að því að hver og einn fái notið styrkleika sinna. Koma þarf til móts við börn og unglinga svo þau geti blómstrað út frá sínu áhugasviði og látið drauma sína rætast.

Mikilvægt er að í byggingu fyrir skóla- og frístundastarf fyrir eldri grunnskólabörn og unglinga sé góð aðstaða til náms á öllum námssviðum sem samnýtist vel í verk- og listnámi, í starfi félagsmiðstöðva, og til íþróttaiðkunar. Húsnæðið getur um leið verið samfélagsmiðstöð fyrir hverfið. Gera þarf ráð fyrir því í rýminu og skapa tækifæri til að samnýta húsið fyrir ólíka hópa barna, unglinga og fullorðinna. Horfa má til þess að unglingarnir vilji aðra aðstöðu til að matast en hefðbundinn matsal. „Kaffihús“, og sófakrókar gagnast vel í skóla- og frístundastarfi allan daginn, t.d. í hópastarfi, í starfi félagsmiðstöðvar og öðru félags- og menningarstarfi. Á lóð þarf að gera ráð fyrir áhugamálum og þörfum eldri barna og unglinga til athafna, íþrótta og samveru. Mikilvægt er að byggingin tengist vel umhverfinu og styrkleikar umhverfis séu nýttir til að efla tengsl skóla, frístundastarfs, samfélags og umhverfis.

Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starf og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.

© Unisport.dk. Frediksbjergskole

BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Mannvirki eru byggð til að endast í áratugi eða jafnvel aldir. Með þeim er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða. Markmið borgarinnar er að vönduð byggingarlist skapi góða umgjörð fyrir skóla- og frístundastarfið þar sem fer saman framsækni, fagurfræði og notagildi. Byggingarnar, útisvæðið og nærumhverfið (náttúra og samfélag) halda utan um starfið og styðja við athafnir allra þeirra sem taka þátt í starfinu eða eiga erindi í aðstöðu leikskóla, frístundaheimila, grunnskóla, skólahljómsveita og félagsmiðstöðva í borginni.

Til að umgjörðin um fagstarfið á hverjum stað sé sem best er mikilvægt að vanda undirbúning, hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja allan líftíma þeirra.

Menntasamfélagið og manngerða umhverfið

Mikilvægt er að byggingar fyrir skóla- og frístundastarf tengist vel nærumhverfinu og að styrkleikar þess séu nýttir í hönnun. Byggingin og útisvæðið, staðsetning og hönnun á að styrkja stöðu skóla- og frístundastarfsins í samfélaginu, efla nærsamfélagið og styðja börn í að læra á nærumhverfi sitt.

Menntasamfélagið byggist alltaf upp í sameiningu af börnum, starfsfólki, foreldrum og öllum öðrum sem því tilheyra. Manngerða umhverfið og hönnun þess þarf að styðja við líf, leik og starf og gefa fólki þá tilfinningu að það tilheyri samfélagi. Byggingin og umhverfið þarf að styrkja samfélagið og mæta fjölbreyttum þörfum.

Vissulega skiptir miklu hvort verkefnið á hverjum tíma snúist um nýja byggingu, viðbyggingu við eldri byggingu eða endurgerð byggingar sem hefur átt sess í samfélagi sínu. Ætíð skal hafa í huga hvernig byggingin getur styrkt samfélagið og staðarkenndina og stuðlað að farsælum starfsháttum í skóla- og frístundastarfi til framtíðar.

Bygging og útisvæði eiga að mynda heildstætt umhverfi fyrir skóla- og frístundastarf en styðja jafnframt við ólíkar þarfir þeirrar starfsemi sem fram fer í hverri byggingu eða byggingarhluta.

Samhengið og sérstaðan í byggingunni og umhverfinu á að skapa notendum samastað, stað sem þeir eiga hlut í og eiga þátt í að móta.

Það gerum við með því að

- hafa samráð í hönnunarferlinu við aðila skólasamfélagsins
- láta sérkenni umhverfis og staðaranda lita hönnun húsnæðis og útisvæðis
- hafa góðar tengingar milli útisvæðis og helstu samgönguleiða
- staðsetja innganga þannig að aðgengi að helstu starfsemi sé einfalt og skýrt

Styðjast frekar við færanlegar innréttingar og húsbúnað en fastar innréttingar sem hæfa aðeins ákveðnum aldri



© Dokkl, Shl

Huga sérstaklega að því að dagsbirtan flæði vel inn í rými þar sem dvalið er í lengri tíma



© Dokkl, Shl

© Ævintýraborgir

Lita- og efnisval stuðli að vellíðan. Hafa fjölbreytt rými af ólíkum stærðum og gerðum og stuðla að ólíkri rýmisupplifun



© Dalskóli, Vaarkítektar

Huga skal vel að hljóðhönnun, hljóðeinangrun og hljóðdreifingu

Líðan og skynhrif

Góð líðan er forsenda náms og starfs. Mannvirki og umhverfi þeirra hafa áhrif á líðan okkar. Arkitektúr og rýmismyndun er sterkur áhrifavaldur og góð hönnun stuðlar þannig að vellíðan. Umhverfi og rými örvar skynjun okkar og stuðlar að auknum þroska. Þess vegna á umhverfið ekki að vera hlutlaust, heldur styðja og styrkja skóla- og frístundastarfið. Byggingin og nærumhverfi hennar á að örva með birtu, hljóði, lykt og yfirborði. Góð skynhrif af fallegu og örvandi umhverfi hafa líkamleg og tilfinningaleg áhrif sem eykur skilning á umhverfinu og skerpir upplifun. Myndlist og listskreytingar eru mikilvægur hluti sjónrænnar örvunar og þarf að vera hluti af heildarmynd hverrar byggingar.

Mikilvægt er að hægt sé að móta rýmin og stærð þeirra svo þau henti þeim aldurshópum sem þar vinna hverju sinni, haldi vel utan um börnin og stuðli að öryggiskennd þeirra og vellíðan. Þannig er mikilvægt að börnin upplifi að þau rými sem þau nota mest yfir daginn taki mið af aldri þeirra og þeim verkefnum sem þau vinna að á hverjum tíma.

Áherslu þarf að leggja á birtuskilyrði og áhrif góðrar birtu á notendur. Sérstaklega skal huga að því að sem flest rými njóti góðs af dagsbirtunni, þær stundir sem hennar nýtur. Vinna skal sérstaklega vel með hljóðvist í allri byggingunni, þannig að notendur geti unnið í ró og næði en upplifi ekki óþarfa streitu vegna hávaða frá öðrum.

Það gerum við með því að

- hafa fjölbreytta formmyndun
- lita- og efnisval stuðli að vellíðan
- hafa fjölbreytt rými af ólíkum stærðum og gerðum og stuðla að ólíkri rýmisupplifun
- styðjast frekar við færanlegar innréttingar og húsbúnað en fastar innréttingar sem hæfa aðeins ákveðnum aldri
- gera ráð fyrir því í hönnun og útfærslu að það sé mismunandi á milli ára hvaða og hvernig ólíkir aldurshópar nýta rýmin
- huga sérstaklega að því að dagsbirtan flæði vel inn í rými þar sem dvalið er í lengri tíma
- gera þarf ráð fyrir í tilteknum rýmum að hægt sé að útiloka dagsbirtu (leiksýningar, dansleikir o.þ.h.)
- nýta dagsbirtu til fulls í íverurýmum barna og starfsfólks
- huga vel að hljóðhönnun, hljóðeinangrun og hljóðdreifingu

Samspil rýma, samnýting og fjölnýting

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf á að móta þannig að flæði ólíkra starfshátta verði einfalt, eðlilegt og vel tengt innbyrðis. Almennt á að vera fjölbreytni og sveigjanleiki í rýmum byggingarinnar, mótun þeirra og hönnun. Það á einnig að vera möguleiki á því að hólfa rými af og loka þannig að hægt sé að vera í næði og ró og skapa öruggt umhverfi. Byggingin/byggingarnar og útisvæði skulu mynda heild sem þrátt fyrir ólík hlutverk tengjast vel.

Tryggja þarf að aðlaga megi bygginguna að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að byggingin og einstakar einingar hennar séu fjölnýttar og samnýttar. Lögð er áhersla á að sem flest rými nýtist frá morgni til kvölds, alla daga. Mikilvægt er að hafa í huga hvernig afmarka megi notkun húsnæðis þegar mikil áhersla er lögð á sam- og fjölnýtingu.

Það gerum við með því að

- hafa góðar tengingar á milli svæða og rýma innan bygginga sem og góða tengingu á milli úti- og innirýma
- búa til vettvang fyrir ólíkar starfs- og kennsluaðferðir
- líta á öll rými barnanna sem samfellt námssvæði
- skapa með gluggum og gluggaveggjum sjónrænar tengingar innan byggingar sem stuðla að tilfinningu fyrir lífinu í byggingunni, yfirsýn og öryggi og hleypa birtu milli rýma
- stuðla að samnýtingu og samstarfi milli leikskóla, grunnskóla, skólahljómsveitar, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar með mjúkum mörkum og sveigjanleika rýma
- haga aðgangsstýringu milli byggingahluta þannig að fjölnýting sé tryggð
- staðsetja innganga í bygginguna með markvissum hætti
- nýta létta veggi og stór dyraop svo hægt sé að breyta rýmum með auðveldum hætti
- gera ráð fyrir felliveggjum og renniflekum þar sem það er nauðsynlegt.

Stapaskóli / Arkís

Búa skal börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu.

© Unisport.dk. Fredikshjergskole

T.d. hlaupabrautir, rimla, kaðla og klifurveggi á göngum og í fjölnota svæðum

© Unisport.dk. Fredikshjergskole

© Dalskóli, Vaarkítektar

Skipuleggja matstofur með breytilegum búnaði, háum og lágum borðum, næðisaðstöðu, heimilislegum matar-krókum eða „kaffihúsi" sem hæfir ólíkum aldri

© Dalskóli, Vaarkítektar

Afmarka ákveðin svæði fyrir ákveðna barnahópa sem eru þeirra, s.s. fatahólf og hvíldarsvæði

Inni - Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi

Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi á að vera ráðandi í allri mótun og afmörkun svæða. Hugtakið „heima" skiptir börn og fullorðna máli því það felur í sér að allir tilheyri og finni fyrir öryggi og vellíðan. Börn eiga að hafa tækifæri til að setja sinn svip sinn á umhverfið með sköpun og gera það að sínu.

Hreyfing og íþróttir eiga ekki lengur einungis heima í íþróttahúsinu heldur um alla bygginguna. Börnin eiga að fá fjölbreytta aðstöðu til hreyfingar og margvíslegrar líkamsbeitingar.

Í matartíma er boðið upp á hollan, fjölbreytan og næringarríkan mat. Málsverðir eru mismunandi eftir aldri barnanna, en geta m.a. verið hafragrautur að morgni, heit máltíð í hádegi, síðdegishressing og ávaxtastund. Aðstaða til að matast þarf að vera aðlaðandi og notaleg og skapa góða matarmenningu, því það að framreiða, borða saman og ganga frá er hluti af menntun. Huga þarf að rýmisumgjörð og hljóðvist málsverða í samræmi við aldur og þroska barna. Í matstofu eiga börnin að geta sótt sér mat, snætt og gengið frá að máltíð lokinni. Boðið eru upp á fjölbreytni í húsbúnaði og börnin geta valið sér sæti eftir dagsforminu.

Það gerum við með því að

- búa börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu, t.d. hlaupabrautir, rimla, kaðla og klifurveggi á göngum og í fjölnota svæðum
- bjóða upp á tækifæri til hreyfingar og virkni jafnt innan- sem utandyra með hreyfistöðvum sem hvetja til leikja, í frjálsum tíma og stuttum hléum
- hafa hreyfisali í ýmsum stærðum, þar sem má stunda boltaíþróttir, jóga, dans, glímu eða aðra hreyfingu
- afmarka ákveðin svæði fyrir ákveðna barnahópa sem eru þeirra, s.s. fatahólf og hvíldarsvæði
- skipuleggja matstofur með breytilegum búnaði, háum og lágum borðum, næðisaðstöðu, heimilislegum matar-krókum eða „kaffihúsi" sem hæfir ólíkum aldri

Úti – Þar sem lífið er

Útisvæði, lóðir og nærumhverfi er aflvaki í öllu samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við samfélagið. Mannvirkið og útisvæðið eru sameign borgarbúa og nýtast nærsamfélaginu allan ársins hring. Ríkulegt og spennandi leiksvæði eykur og bætir útiveru barna í frjálsum leik og fjölbreyttri hreyfingu, líka eftir að hefðbundnum skóla- og frístundadegi lýkur. Skapa þarf góð skilyrði á lóð fyrir útiveru, útinám og hreyfingu en einnig uppbyggilega samveru og samskipti sem efla félagsfærni. Hanna ber útisvæði þannig að þau skapi góð tengsl við náttúruna og efli náttúru- og fegurðarskynjun.
Mikilvægt er að huga að veðurfari á hverjum stað. Skapa þarf sólrík og skjólsæl útisvæði til að styðja við leik og samskipti og vanda til verka þannig að form og útfærsla mannvirkja dragi úr vind- og úrkomuálagi. Sérstaklega skal hafa í huga skjólmyndun á helstu aðkomuleiðum og við innganga að byggingunni.

Útinám er eðlilegur hluti starfsins allan daginn og allt árið um kring. Umhverfið á að vera hluti af námsumhverfinu og eiga sess í náminu.

Leiksvæði allra yngstu barnanna (1–3 ára) þarf að vera afmarkað, öruggt og á sama tíma krefjandi fyrir þennan aldur og bjóða upp á skynhrif og uppgötvanir í útivistinni. Börn hafa gaman að fara inn í, ofan í og undir hluti. Enda þótt leiksvæði séu örugg er mikilvægt að ekki sé gúmmíkúlugólf yfir öllu, heldur að börnin komist í snertingu við náttúruleg efni, ekki aðeins mold, sand og grjót heldur einnig runna, lyng og mosa. Útisvæði yngstu barnanna þurfa að vera í mikilli nálægð við innisvæði þessa hóps.
Leiksvæði eldri leikskólabarna og yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis þarf að vera spennandi og bjóða upp á upplifun og ævintýri. Þau geta verið í örlítið meiri fjarlægð frá skóla- og frístundahúsnæðinu.

Leiksvæði eldri barna og unglinga þurfa að mæta þörfum þeirra fyrir hreyfingu og slökun og skapa námstækifæri í útikennslu. Útisvæði unglinga þarf að vera sérlega hvetjandi til útiveru s.s. með góðri aðstöðu fyrir knattspyrnu og körfuknattleik og aðra íþróttaiðkun.

Það gerum við með því að:

- bjóða upp á slitsterkt efni og setja gúmmímottur á álagssvæði þar sem það er nauðsynlegt
- hafa afmarkaða íþróttavelli og parísa, s.s. knattspyrnuvelli með gervigrasi og körfuboltavelli þannig að í stað hins ríkjandi, miðjusetta fótboltavallar á að skipta útisvæðinu upp í mörg ólík svæði, með áherslu á hlutlaust lita- og leikfangaval þannig að börn geti kosið hvar og hvernig þau leika sér, laus undan þrýstingi um að laga sig að staðalmyndum í umhverfi sínu
- afmarka hluta lóðar fyrir útikennslustofu
- hafa svæði sem mest með náttúrlegu yfirbragði og láta hið náttúrulega og manngerða renna vel saman
- hafa skúra, byrgi, skemmur eða kistur á útisvæðum til að geyma búnað
- setja upp endingargóð leiktæki sem örva hreyfigetu
- bjóða upp á áskoranir, tækifæri til að hlaupa, klifra, skríða í gegnum göng, moka, drullumalla eða fela sig fyrir ljónum og tígrisdýrum eða æfa sig fyrir þátttöku í skólahreysti.
- gera skjól úr steinhleðslum eða með náttúrulegum veggjum, trjám, gróðri eða mönum og skapa þannig notalegar aðstæður til samskipta og samtals.
- skapa börnum tækifæri til beinna tengsla og snertingar við gras, sand, vatn, mold, drullu, tré, lauf og fjölbreyttan gróður og þá um leið fjölbreytt smádýralíf
- bjóða upp á spjallaðstöðu fyrir miðstig og unglingastig (kofar/skýli o.fl.)
- hugsa útisvæðið sem vettvang náms á mörgum námssviðum

Skipta útisvæðinu upp í mörg ólík svæði, með áherslu á hlutlaust lita- og leikfangaval þannig að börn geti kosið hvar og hvernig þau leika sér, laus undan þrýstingi um að laga sig að staðalmyndum í umhverfi sínu

© Frederiksbjergskóli / Henning Larsen



© Dokk1

© Frederiksbjergskóli / Henning Larsen

Hafa skúra, byrgi, skemmur eða kistur á útisvæðum til að geyma búnað. Blágrænar ofanvatnslausnir

© Helgafellsskóli / Yrki arkítektar

Setja upp endingargóð leiktæki sem örva hreyfigetu

ÁBYRG HÖNNUN

Engin skilin eftir.
Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Með ábyrgri hönnun er skapaður farvegur til framtíðar. Ábyrg hönnun tekur tillit til umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta. Ábyrg hönnun tekur framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

Græna planið

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Það er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Lykilvíddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Grænn vöxtur

Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna.

Kolefnishlutlaus borg

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

Reykjavík okkar allra

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er suðlað að inngildingu þar sem engin er skilinn eftir.

Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fylgja skal samþykktum borgarráðs frá 8. október 2015 um vistvæna vottun bygginga í samræmi við umhverfisvottunarkerfið BREEAM, þeim markmiðum sem sett eru fram í græna planinu og græna skuldabréfaramma Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að í hönnunarferlinu sé unnið markvisst að sjálfbærni, s.s. í stjórnun og skipulagi, við efnisval og með gerð lífsferilsgreininga.

Það gerum við með því að

- láta heilsu og vellíðan notenda byggingarinnar vera leiðarljós í hönnunarferlinu
- vistspor byggingarinnar sé lágmarkað með vandaðri hönnun
- vinna lífsferilsgreiningar
- efnisval og hönnun tryggi sem minnst umhverfisspor og að rekstrarkostnaður byggingarinnar sé í lágmarki
- í undirbúnings- og hönnunarferli sé tekið tillit til líftímakostnaðar en ekki einungis stofnkostnaðar

INNI OG ÚTI ÁRIÐ UM KRING

Leikskólinn, grunnskólinn, frístundaheimilið og félagsmiðstöðin er allt í senn námsumhverfi barnsins, heimili að heiman, samkomustaður og næðisrými. Þetta er vettvangur barnsins allan ársins hring, jafnt sumar, vetur, vor og haust.

Allan daginn

Leikskólabörn eru í skólanum árið um kring fyrir utan fjögurra vikna sumarleyfi. Þegar skóladegi og skólaári grunnskólans lýkur tekur frístundaheimilið og félagsmiðstöðin við og starf skólahljómsveitar fer fram allan skóladaginn og að loknum skóladegi. Starfsfólk er við störf í byggingunni fram eftir kvöldi og húsnæðið nýtist almenningi með fjölbreyttum hætti. Sú hugsun að skólahúsnæði sé lokað og nánast „líflaust“ að loknum skóladegi og skólaári heyrir sögunni til. Taka þarf tillit til þessa í allri hönnun, jafnt í aðstöðu fyrir börnin, starfsfólk, aðra notendur, hönnun stoðrýma, lóðar og útisvæðis og aðkomu að byggingunni. Þetta gerir einnig ríkari kröfur um gæði byggingarefna og hönnunar þannig að viðhaldsþörf sé í lágmarki og að íverurýmin þoli bæði sólarálag, úrhelli og frosthörkur. Ræsting fer fram allan daginn, starfsfólk er við störf árið um kring, mötuneytið er í notkun allt árið, lóðin er sífellt undir átroðningi, viðhald byggingar þarf að fara fram á starfstímanum, anddyri þurfa jafnt að geta takið á móti snjóugum kuldagöllum og moldugum stígvélum. Það þarf að koma til móts við fjölbreytta starfsemi og fjölbreytt veðurfar allan daginn, árið um kring.

Það gerum við með því að

- skipta grunnhönnun rýma annars vegar í rými barna, almannarými og rými starfsmanna
- inngangar og anddyri þjóni tilgangi sínum í öllum veðrum, allan ársins hring
- tryggja að lofræstikerfi og gluggasetning mæti mismunandi hitastigi í umhverfinu
- haga gluggasetningu og staðsetningu íverurýma þannig að sólarálag skapi ekki vanda vegna ónógra loftgæða
- haga gluggasetningu þannig að notendur geti notið dagsbirtu og fylgst með lífinu í nærumhverfinu
- tryggja að öll byggingin og þá sérstaklega gluggar, hurðar, þök og ytri frágangur loftræstikerfa sé þannig að húsnæðið þoli vatns- og snjóálag í úrkomu og stórviðrum þannig að ekki komi leki að byggingu
- sjá til þess að síræsting geti farið fram
- efnisval á útisvæði, val á leiktækum og gróðri taki mið af stöðugri notkun allan ársins hring

Inngangar og anddyri skulu þjóna tilgangi sínum í öllum veðrum, allan ársins hring og vera vel merkt.



© Frederiksbjerg / Henning Larsen

Skipta grunnhönnun rýma annars vegar í rými barna, almannarými og rými starfsmanna

© Urriðaholtsskóli / Úti og inni arkitektar



© Frederiksbjerg / Henning Larsen

© Frederiksbjerg / Henning Larsen

Efnisval á útisvæði, val á leiktækum og gróðri taki mið af stöðugri notkun allan ársins hring

Upplýsingalíkan mannvirkja - BIM

Mikilvægt er að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð við undirbúning, hönnun, framkvæmd og rekstur mannvirkis. Í stafrænni umbreytingu er nauðsynlegt að horfa til þess hvernig nýta megi tæknilausnir við hönnun og til að stjórna upplýsingum í hönnunar- og framkvæmdaferli. Þá skal horfa til hvernig má auka gæði og gagnsæi, bæta áhættustýringu og fá betri skilning og yfirsýn frá frumáætlunum og út líftíma mannvirkja.

Það gerum við með því að

- vinna upplýsingalíkan mannvirkja (BIM - building information model)
- borgin eigi upplýsingalíkan að lokinni framkvæmd og geti nýtt það við rekstur mannvirkis
- að upplýsingakerfi séu unnin í samræmi við byggingarflokkunar-kerfi borgarinnar
- að líkön séu hæf til magntöku, kostnaðaráætlana og lífsferilsgreininga.

Byggingararfurinn okkar og sagan

Mikil verðmæti eru fólgin í mannvirkjum, byggingararfi og byggðamynstri. Byggingararfleiðin og menningararfurinn tengja okkur við og söguna og ræturnar. Arfleiðin hefur mótað og skapað okkur og er hluti af sjálfsmyndinni.

Í borginni setja skóla- og frístundamannvirki svip sinn á hverfin. Þau eru tilvísun í þann tíma sem þau voru byggð á og þá framtíð sem þá áttu að rúma. Þau og segja og sýna söguna, bæði áherslur í sýn til menntunar og arkitektúrs. Það er mikilvægt að hlúa að þeim mannvirkjum sem við eigum, byggja við þau af virðingu fyrir byggingarlistinni og sögulegu samhengi og muna að áfram er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða.

Það gerum við með því að

- tryggja verndun og viðhald hins manngerða umhverfis í samræmi við sögulegt og byggingarlistalegt gildi þess
- stuðla að lifandi notkun og þróun mannvirkja með virðingu fyrir uppruna þeirra
- að tryggja mikilvæg sérkenni bæði byggingum og því umhverfi sem hún tengist og er hluti af

Tryggja skal verndun og viðhald hins manngerða umhverfis í samræmi við sögulegt og byggingarlistalegt gildi þess

© Laugalækjaskóli

Stuðla skal að lifandi notkun og þróun mannvirkja með virðingu fyrir uppruna þeirra

© Laugarnesskóli

© Melask´óli

tryggja skal mikilvæg sérkenni bæði byggingum og því umhverfi sem hún tengist og er hluti af

© Laugalækjaskóli / Studio Granda

Taka skal tillit til aðgengis fyrir alla
í allri hönnun jafnt innan sem utandyra

Tryggja skal að hljóðvist sé viðeigandi og hæfi þeirri starfsemi sem fer fram í hverju og einu rými

Dalskóli / Vaarkitektar

Menntun án aðgreiningar – allir með

Náms- og leikumhverfi, jafnt innan sem utan dyra, á að skipuleggja þannig að það styðji við þátttöku allra barna og starfsmanna. Við stækkun og breytingu á húsnæði á ætíð að huga að aðgengi fyrir alla, farsælli menntun án aðgreiningar, auknu jafnrétti, virkara lýðræði, menningarlegum fjölbreytileika og aukinni virkni allra barna í námi, starfi og leik.

Algild hönnun er höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku, hönnun og útfærslur til að koma til móts við margbreytileika fólks sem hefur mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir. Þannig er byggt á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í öllu starfi sem boðið er uppá í byggingunum og umhverfi þess. Þannig skal gera umhverfið aðgengilegra, stuðla jafnari tækifærum og auka lífsgæði. Þetta þarf bæði að hugsa um í efnislegu umhverfi, en einnig í samgöngutækifærum, upplýsingagjöf, búnaði og kerfum.

Góðar tengingar milli svæða innan og utan útisvæðis hafa mikið að segja um jafnt aðgengi, og er brýnt að huga að hugsanlegum hindrunum. Tilfinningalegt ástand og sjálfstæði barna með líkamlega fötlun og skynhömlun ræðst m.a. af aðgengi þeirra í húsnæðinu og útisvæði. Huga þarf sérstaklega að hönnun sértækra rýma fyrir börn með langvarandi stuðningsþarfir. Slæm hljóðvist eins og bergmál, kliður, sem og slæm lýsing geta valdið viðkvæmum einstaklingum raunverulegum sársauka.

Rými þurfa því almennt að hafa viðeigandi hljóðvist og lýsing má ekki vera of skær eða flöktandi í sértækum rýmum. Þá verður að vera kostur að bjóða börnum og unglingum upp á afmörkuð rými þar sem hægt er að t.d. spila, lesa og spjalla saman án stöðugs áreitis, s.s. umgangs eða hávaða.

Það gerum við með því að

- taka tillit til aðgengis fyrir alla í allri hönnun jafnt innan sem utandyra
- tryggja að hljóðvist sé viðeigandi og hæfi þeirri starfsemi sem fer fram í hverju og einu rými
- sjá til þess að lýsing sé viðeigandi í hverju og einu rými
- Huga að því að byggingarefni gefi ekki frá sér ertandi lykt
- tryggja að lykt tengd starfsemi eins og mötuneyti og list- og verkgreinum berist ekki um bygginguna.
- hafa jafnréttis-, lýðræðis- og margbreytileikasjónarmið að leiðarljósi við alla hönnun

Vistvænar samgöngur

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu taka mið af samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og bjóða upp á vistvænar samgöngur. Í stefnunni er gert ráð fyrir að færri komi á bíl og fleiri komi gangandi, hjólandi eða nýti almenningssamgöngur. Umferð bíla við byggingarnar þarf því að halda í algjöru lágmarki en þeim mun meira lagt upp úr góðum stígatengingum við stofn- og tengileiðir umhverfis svæðið. Huga skal vel að innviðum og styðja markvisst við virka og vistvæna samgöngumáta.

Huga þarf vel að útfærslum og umhverfi á hjólastígum í tengslum við það svæði sem verið er að fara um, t.d. að hraðleiðir séu ekki í gegnum útisvæðið.

Það gerum við með því að

- hafa hjólastæði og aðstöðu til að geyma hjól barna og foreldra gjarnan í námunda við innganga
- hafa yfirbyggða hjólageymslu eða aðra góða, læsta aðstöðu til að geyma hjól og hjálma, rafhlaupahjól og aðra fararskjóta.
- hafa góða vagnageymslu við leikskóla fyrir foreldra sem ganga með börn sín í leikskólann
- huga vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og í frístundastarf, sem og aðgengi að almennings-samgöngum
- bjóða upp á búningsaðstöðu og sturtur fyrir starfsfólk

hafa hjólastæði og aðstöðu til að geyma hjól barna og foreldra gjarnan í námunda við innganga



Dalskóli / Vaarkitektar

huga vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla ogí frístunda-starf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum

Huga skal vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og í frístundastarf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum

útisvæði þar sem er mögulegt að hengja skyggnisegl yfir

Öryggismál

Húsnæði, lóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði að börnum, starfsfólki og gestum sé búið öruggt og heilsusamlegt umhverfi og aðbúnaður sem skapar öryggi og vellíðan. Í því tilliti þarf að hafa í huga m.a. aðkomu, aðgengi, aðgangsstýringu, aðgangsvöktun, öryggisleiðbeiningar, rýmingarleiðir, fallvarnir, eldvarnir, undirlag, gólfefni, loftræsingu, lýsingu, hitastig, hljóðvist og varnir gegn hávaða.

Heilbrigt húsnæði

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu stuðla að heilbrigðu umhverfi til þess að vernda heilsu, bæta frammistöðu, tryggja viðveru og auka hæfni til úrlausna hjá nemendum og starfsfólki. Heilbrigð innivist byggir meðal annars á eftirfarandi þáttum: loftgæðum, hljóðvist, lýsingu, rýmisnotkun, öryggi, aðgengi og umgjörð. Við hönnun, endurbætur og rekstur bygginga þarf að taka tillit til þessara þátta og fylgja leiðarvísum sem byggja á rannsóknum sem sýna fram á betri heilsu, vellíðan og frammistöðu notenda.

Umhverfi skólabygginga þarf að styðja við en ekki hindra tækifæri til þess að þroskast og dafna þar sem börn dvelja mestum hluta í skóla- og frístundabyggingum utan við heimili sitt. Tíðni sýkinga, sjúkdóma og kvilla má lækka með heilbrigðu umhverfi í byggingum og þar með minnka fjarveru frá skóla.

Heilbrigt umhverfi samanstendur af tengingu bygginga og náttúru og aðgengi þeirra sem nota byggingar að umhverfi sem gefur tækifæri til hreyfingar, snertingar við náttúru, tækifæri til að eiga samskipti og að njóta hollrar fæðu.

Inniloft hverrar byggingar sem er háð hönnun og rekstri er stór umhverfis- og áhrifaþáttur heilsu. Loftgæði ráðast af tíðni loftskipta, rakaástandi byggingar, efnisnotkun og hegðun notenda.

Börn eru einkar næm fyrir umhverfisáhrifum efna og því er mikilvægt að huga að efnisvali í þeirra umhverfi, hvort sem er við framkvæmd, viðhald eða rekstur, til þess að tryggja vellíðan þeirra til framtíðar. Mörg efni sem eru til staðar í hreinsiefnum og byggingarvörum geta haft raskandi áhrif á heilsu. Vistvænar vörur eru ekki heilnæmar í öllum tilfellum og því ætti ávallt að hafa það í huga við efnisval.

Til þess að stuðla að góðri upplifun nemenda og vellíðan í byggingum þarf einnig að huga að umgjörð, rýmisnotkun og fagurfræði. Þá þarf að halda byggingum vel við og tryggja að á rekstrartíma bygginga séu þær í samræmi við þann ásetning og kröfur sem lagt var upp með.

Það gerum við með því að

Hönnun:

- tryggja rakaöryggi; byggja þurrt, fylgja Rb blaði um rakaöryggi, velja hentug byggingarefni miðað við aðstæður og rakaálag, lágmarka viðhald, tryggja líftíma byggingarefna með því að velja gæði.
- huga að loftskiptum; loftræsing sé til staðar, loftskipti séu nægjanleg og uppfylli að minnsta kosti kröfur byggingarreglugerðar um skólahúsnæði, aðgengi og möguleiki til umsjónar loftræsibúnaðar, opnanleg fög séu aðgengileg og staðsett með tilliti til notkunar,
- velja efni sem eru með lága útgufun af rokgjörnum efnum sem spilla síður loftgæðum (þetta á við um innréttingar, húsbúnað, málningu, gólfefni og annað sem er veggfast)
- skrá notkun byggingarefna til að auðvelda endurbætur eða breytingar síðar
- taka tillit til þrifa í hönnun, svo að auðveldara verði að fylgja eftir góðum þrifum og rykhreinsun
- tryggja góða hljóðvist, þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til aðstæðna hverju sinni
- passa lýsingu, Þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til mismunandi þarfa eftir rýmum
- uppfylla allar kröfur um öryggi og aðgengismál í byggingu og umhverfi hennar

Það gerum við með því að

Framkvæmdir/endurbætur:

- tryggja gæði í framkvæmd, fylgja leiðarvísum framleiðanda um notkun og uppsetningu
- tímasetning framkvæmda verði þannig að þær trufli ekki loftgæði eða öryggi nemenda
- tryggja að við endurbætur sé hugað að betri innivist, betri loftgæðum, lýsingu og hljóðvist í samræmi við kröfur á hverjum tíma
- tryggja að framkvæmdir trufli ekki loftgæði, byggingarefnum sé ekki raskað þar sem notendur eru nálægt, tryggja að afmörkun viðgerðarrýma sé til staðar sérstaklega þegar er verið að laga rakaskemmdir
- fylgja leiðarvísum við hreinsun á raka- og myglusvæðum og fá fagaðila til verksins með réttan búnað og þekkingu
- fyrir framkvæmd þarf að ganga úr skugga um hvaða efni fari í niðurrif, sérstaklega kanna tilvist asbest
- velja byggingarefni með lága útgufun
- velja byggingarefni sem henta betur hverjum stað m.t.t. rakaálags, ágangs og notkunar
- taka sérstakt tillit til loftræsingar þar sem breytingar eru á notkun rýma eða skipulagi



Það gerum við með því að

Rekstur:

- fræða starfsfólk um mikilvægi loftgæða og hvernig sé hægt að stuðla að þeim í daglegu starfi
- tryggja þjónustu á loftræsikerfum samkvæmt handbók (s.s. tryggja hreinsun og að skipt sé um síur
- tryggja að loftflæði henta starfseminni hverju sinni
- tryggja aðgengi að opnanlegum fögum, opna glugga reglulega og a.m.k. á milli kennslustunda
- velja vistvæn og heilnæm efni án ilmefna við ræstingar
- huga að efnum sem eru notuð í skóla- og frístundastarfi t.d. í handmennt, myndmennt og smíðum og geta haft áhrif á loftgæði

Reglur um nýtingu húsnæðis starfsstaða skóla- og frístundasviðs

Gildissvið og markmið

Reglur þessar gilda um nýtingu húsnæðis og gerð afnotasamninga vegna húsnæðis sem skrifstofa skóla- og frístundasviðs (SFS) leigir af eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Á þetta við um húsnæði leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita.

Markmið reglnanna er að tryggja öllum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs viðunandi húsnæði með samnýtingu í huga. Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna (Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030).

Starfsfólk á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs skal ætíð hafa í huga ***Græna planið***, áherslu Reykjavíkurborgar um bætta nýtingu húsnæðis með aukinni samnýtingu.

https://wp.graenaplanid.reykjavik.is/wp-content/uploads/2020/12/graena-planid-textaskjal-lokautgafa-7.0.pdf.

1. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs er leigutaki húsnæðis

Fjármálaskrifstofa skóla- og frístundasviðs er leigutaki húsnæðis sem sviðið og einstaka stofnanir þess nýta í starfsemi sinni og ber ábyrgð á nýtingu þess. Innri leiga húsnæðis er ákvörðuð af eignaskrifstofu fjármálasviðs og færist til gjalda hjá fyrsta notanda (sjá síðar), það er starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Stjórnendur starfsstaða eru upplýstir um leiguverð.

2. Afnotasamningur

Fjármálaskrifstofa skóla- og frístundasviðs gerir afnotasamning við starfsstaði sviðsins um nýtingu húsnæðis þar sem fram kemur m.a. magn húsnæðis og nýtingartími, jafnt daglegur sem árlegur. Þannig getur sömu byggingunni samkvæmt afnotasamningi verið skipt milli tveggja eða fleiri notenda, t.d. grunnskóla, leikskóla, skólahljómsveita, félagsmiðstöðva og frístundaheimila.

3. Skilgreining á notendum og ábyrgð þeirra

Fyrsti notandi

Fyrsti notandi er sá aðili sem er með afnotasamning við fjármálaskrifstofu SFS um tiltekið húsnæði og ræður mestu um umgengnisvenjur og frágang þess hluta byggingar (að 1. notandi geti alltaf gengið að skipulagi rýmis eins og hann vill hafa það) og er um leið sá starfsstaður sem notar þann hluta mest.

Stjórnandi starfsstaðar sem telst fyrsti notandi hefur umsjón og ákveður afnot af þeim hluta byggingar sem hann hefur til umráða í viðkomandi starfsemi. Áhersla er lögð á að húsnæði skóla- og frístundasviðs nýtist fyrst og fremst fyrir starfsemi sem er rekin á vegum skóla- og frístundasviðs, þ.e. leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili, félagsmiðstöð eða skólahljómsveit.

Annar notandi

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs sem ekki teljast til fyrsta notanda geta verið annar notandi af hluta af húsnæði fyrsta notanda.

Mikilvægt er að þar sem um mikla samnýtingu er að ræða að aðilar komi sér saman um uppröðun, skipulag og umgengni svo sem hægast sé um vik fyrir báða aðila að nýta rýmið með sem minnstum breytingum og tilkostnaði. Fyrsti notandi getur ekki nýtt rýmið á þeim tíma sem samið er um, án samráðs við annan notanda.

Þriðji notandi
Þriðji notandi er annar en starfsstaður á vegum skóla- og frístundasviðs. Þriðji notandi og fyrsti notandi gera með sér samkomulag um frágang húsnæðis að lokinni notkun þriðja notanda. Þriðji notandi getur t.d. verið tónlistarskóli, foreldrafélag, sjálfstætt starfandi leikskóli eða grunnskóli, æskulýðs- og íþróttafélag. Fyrsti notandi getur eingöngu gert samning við þriðja aðila ef annar notandi (á vegum skóla- og frístundasviðs) kýs að gera ekki samning um viðkomandi rými.

4. Umsjónarmaður
Umsjónarmaður, ef honum er til að skipa, er umsjónarmaður allrar byggingarinnar, færanlegra stofa og lóðar óháð nýtingu hennar milli ólíkra aðila. Umsjónarmaður ber ábyrgð á að þrifum, söltun, mokstri og öllu sem snýr að viðhaldi húsnæðis sé sinnt. Ef ekki er ráðinn umsjónarmaður hefur stjórnandi starfsstaðar umsjón með húsnæði og lóð. Umsjónarmaður hefur umsjón með húsnæði allt árið um kring á meðan skóla- og/eða frístundastarfsemi fer fram í því, svo sem á sumrin og í jóla- og páskafríum grunnskóla.

5. Fjármagn
Starfsstöðvar sem eru fyrsti notandi, fá úthlutað fjármagni til reksturs þess húsnæðis sem þær gera afnotasamning um (rafmagn, hiti, þrif).Starfsstöðvar sem eru fyrsti notandi af húsnæði gera afnotasamning um það við fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Annar notandi gerir síðan samning við fyrsta notanda um samnýtingu húsnæðis. Fjármálaskrifstofa skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á gerð og formi allra samninga.

6. Ferli vegna fyrirsjáanlegra breytinga á fjölda barna

Ef fyrirséð er að breyting verði á fjölda barna, hvort sem er til fækkunar eða fjölgunar, sem hefur áhrif á húsnæðisþörf starfsstaðar ber notendum fasteignarinnar að senda minnisblað til fjármálaskrifstofu SFS og benda á breytta þörf eigi síðar en 1. nóvember vegna næsta skólaárs. Framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs fjallar um málið og vísar því eftir atvikum til úrlausnar hjá eignaskrifstofu FAS/ USK .

7. Útleiga og önnur afnot
Starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs er heimilt að leigja út húsnæði, sem þeir eru fyrstu notendur að til þriðja aðila vegna félags- eða frístundastarfs á vegum grenndarsamfélags svo framarlega að það raski ekki starfsemi annars notanda og hafi ekki áhrif á fjárreiður fyrsta notanda.

Þar sem starfsstaðir SFS hafa ekki aðgang að fjárhagskerfum borgarinnar þá fer innheimta leigugjalds fram hjá fjármálaskrifstofu SFS í samráði við stjórnanda viðkomandi stofnunar. Leitast skal við að innheimta „markaðsleigu“ að svo miklu leyti sem það er mælanlegt eða gjaldskrá Reykjavíkurborgar en þó aldrei lægri upphæð en sem nemur útlögðum kostnaði vegna leigunnar (þrif, húsvarsla o.fl.). Leigutekjur renna til viðkomandi stofnunar.

Fyrsti notandi húsnæðis/rýmis sér um samningagerð samkvæmt samningsformi frá fjármálaskrifstofu SFS og daglega umsýslu húsnæðis vegna útleigu.

Fyrsta notanda er í undantekningartilvikum heimilt að lána húsnæði án greiðslu til stakra viðburða á vegum grenndarsamfélags sem ætlað er að efla félagsauð hverfisins svo framarlega að það raski ekki starfsemi annars notanda og hafi ekki áhrif á fjárreiður fyrsta notanda.

Óheimilt er að nota húsnæði á vegum skóla- og frístundasviðs til geymslu muna einkaaðila, s.s. húsgögn, reiðhjól og bíldekk.

Óheimilt er að lána/leigja til þriðja aðila húsnæði þar sem áfengi er haft um hönd.

Samþykkt í skóla- og frístundaráðið 11. nóvember 2024 og í borgarráði 5. desember 2024.

Greining á skólasvæðum í austurborg Reykjavíkur

Greining á skólasvæðum í austurborg Reykjavíkur

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er sett fram heildstæð greining á aðstæðum nemenda við grunnskóla í austurborginni með hliðsjón af skipulagi skólasvæða, vegalengdum, aðgengi og umferðaröryggi. Greiningin byggir á fjölda staðsetningarpunkta þar sem metið er hver sé styst leið barna að skóla, íþróttaaðstöðu og sundlaug, auk þess sem áhrif stofnbrauta og aðgengis að almenningssamgöngum eru skoðuð.

Skýrslan er einnig hugsuð sem stuðningur við þá vinnu sem fram undan er í stefnumótun skólaþjónustu og samgöngumála í austurborginni. Hún byggir á meginmarkmiðum sem koma fram í stefnumótandi áætlunum Reykjavíkurborgar, svo sem umhverfis- og loftslagsstefnu, stefnu um virka ferðamáta, samgöngustefnu borgarinnar og áherslum um barnvæna borgarskipan.

Ekki hefur verið greind nákvæm fjarlægð í metrum fyrir hvert barn, heldur er unnið út frá leiðarvali frá mörgum lykilstöðum innan hverfa til að fá raunhæfa mynd af aðstæðum. Með því móti er hægt að skoða hvaða hverfi og götur bjóða upp á öruggar og stuttar leiðir og hvar séu áskoranir sem krefjast úrbóta. Greiningin tekur einnig mið af skipulagsforsendum, s.s. hverfaskipan og staðsetningu stofnbrauta, og getur því nýst við mat á framtíðarskipulagi skólasvæða.

2. Aðferð og gögn

Við greininguna voru valdir 45 mælipunktar víðsvegar um austurborgina þar sem kannað var hver sé styst og raunhæfasta leið að grunnskóla, sundlaug og íþróttaaðstöðu fyrir börn á grunnskólaaldri. Leiðarvalið tekur mið af gönguleiðum og stígakerfi og forðast umferðarmiklar götur eins og kostur er.



Mynd 1Greining á þverun stofnbrauta og áhrif þeirra á aðgengi skóla

Mynd 2 Yfirlitskort með staðsetningu mælipunkta í greiningu -

Fjarlægðir og aðgengi voru skoðuð með tilliti til þess hversu auðvelt væri fyrir börn að nýta göngu- og hjólastíga, og hvort þverun umferðargatna eða aðrar hindranir væru til staðar. Einnig var litið til strætóleiða og fjarlægðar frá helstu stoppistöðvum til að meta raunverulega notkunarmöguleika almenningssamgangna fyrir börn.

Gögn sem notuð voru við greininguna eru:

- Staðsetning skóla, íþróttamannvirkja og sundlauga
- Stígakerfi og vegakerfi samkvæmt opnum gögnum Reykjavíkurborgar
- Leiðarkerfi Strætó
- Mælipunktar staðsettir í byggð og hverfum með tilliti til búsetu barna

3. Greining á skólasvæðum og samgönguleiðum nemenda

Í framhaldinu er fjallað sérstaklega um hvert skólasvæði fyrir sig, út frá greiningu á vegalengdum, aðgengi og helstu áskorunum í umferðaröryggi. Sérstök áhersla er lögð á möguleika nemenda til að ferðast gangandi eða hjólandi til og frá skóla og íþróttastarfsemi.

Mynd 3 Leiðarnet strætó. Strætó, 2025

Kortagreiningar og sjónrænt efni eru birt með hverjum skóla og má sjá þær einnig í stærra formi í viðauka skýrslunnar.

3.1 Austurbæjarskóli

Austurbæjarskóli nýtur mjög góðrar staðsetningar fyrir stóran hluta nemenda í nágrenninu. Leiðir að skólanum liggja að mestu leyti um íbúðargötur og stígakerfi og forðast stofnbrautir. Austurbæjarskóli er jafnframt vel í sveit settur til að þjónusta hluta Háteigsskólahverfis, einkum austurhlutann. Vegalengdir eru þó þar meiri. Til framtíðar væri mikilvægt að Reykjavíkurborg setji viðmið um hvað teljist góð, sæmileg eða slæm fjarlægð til skóla eftir aldri nemenda.



Mynd 4 Dæmi um leiðarval nemenda í Austurbæjarskóla

Strætóleiðir liggja vel meðfram skólanum, þar á meðal leiðir 5, 6, 11, 13 og 15. Aðgengi að sundlaug og íþróttaaðstöðu er mjög gott, þar sem bæði eru staðsett í næsta nágrenni við skólann. Mikilvægt er að halda áfram að viðhalda stígakerfi í hverfinu og forgangsraða öryggi barna á göngu- og hjólaleiðum að skóla og íþróttaaðstöðu.



Mynd 5 ferðahlutdeild í Austurbæjarskóla árið 2022 (n=138).

3.2 Vörðuskóli

Vörðuskóli hefur sambærilega staðsetningu og Austurbæjarskóli, með aðgengi frá suðurhluta hverfisins og góðum tengingum við íþróttasvæði og sundlaug. Nemendur sem búa í

nærliggjandi götum og íbúðahverfum geta nýtt stíga og kyrrlátar götur að skólanum. Leiðirnar eru að mestu greiðar og með litlum umferðarþunga.

Strætóleiðir eru sömu og við Austurbæjarskóla, sem styrkir aðgengi fyrir nemendur sem koma lengra að. Leiðir 5, 6, 11, 13 og 15 eru ekki langt frá skólanum. Áfram þarf að huga að því að bæta merkingar á stígum og tryggja samfelldar leiðir frá öllum áttum að skólanum. Annars eru þetta mjög sambærilegar aðstæður og hjá Austurbæjarskóla.

3.3 Háteigsskóli

Háteigsskóli stendur við tengibraut (Háteigsveg), en er innan áhrifasvæðis stofnbrautanna Kringlumýrarbrautar, Miklubrautar og Laugarvegar og Snorrabrautar sem umlykja svæðið. Þessar brautir setja sterkan svip á umhverfið og takmarka aðgengi gangandi og hjólandi barna, sérstaklega frá Hlíðunum og vesturhluta Háteigsskólahverfis.



Mynd 6 Greiningar á vegalengdum og styðstu leiðum fyrir Háteigsskóla. Punktalínur sína styðstu leiðir, fjólubláar punktalínur styðstu leið til íþrótta- eða sundaðstöðu. Rauði punkturinn sýnir staðsetningu skóla

Aðgengi að skólanum frá nærliggjandi hverfum er þó víða viðunandi, sérstaklega úr suður- og austurhluta hverfisins þar sem stígakerfi og þveranir eru tiltölulega öruggar. Þó má finna áskoranir við að þvera Miklubraut á mörgum stöðum. Strætóleiðir þjóna hverfinu með viðunandi hætti, en ekki er skýrt hvort þær nái að tengja nemendur í vesturhluta hverfisins með góðu móti við skólann.

Greina þarf sérstaklega möguleika á undirgöngum eða öðrum tengingum sem draga úr áhrifum Snorrabrautar á daglegt leiðarval barna.



Mynd 7 ferðahlutdeild í Háteigsskóla árið 2022 (n=213)

3.4 Hlíðaskóli

Hlíðaskóli er staðsettur á suðvesturjaðri skólasvæðisins og þjónar hluta barna sem búa bæði ofan og neðan Miklubrautar. Miklubraut og Skipholt eru mikilar umferðargötur sem hafa áhrif á leiðir barna, sérstaklega þeirra sem búa norðan megin við skólann.

Mynd 6. Yfirlit yfir skólasvæði Hlíðaskóla og leiðir nemenda.



Mynd 8 Greiningar á vegalengdum og styðstu leiðum fyrir Hlíðaskóla. Punktalínur sína styðstu leiðir, fjólubláar punktalínur styðstu leið til íþrótta- eða sundaðstöðu. Rauði punkturinn sýnir staðsetningu skóla

Hlíðaskóli þjónustar í dag ekki svæðið norðan Miklubrautar. Miklubraut myndar í raun óyfirstíganlega hindrun fyrir ung börn þegar kemur að daglegum ferðum til og frá skóla. Sameining skólavæða sunnan og norðan brautarinnar myndi kalla á afar krefjandi úrbætur, þar sem ásættanlegar yfirborðslausnir eru ekki tiltækar og mislæg þverun er eina raunhæfa leiðin

Hlíðaskóli er sá eini í hópnum sem hefur íþróttasal á lóðinni, sem er verulegur kostur. Hins vegar vantar sundlaug í næsta nágrenni, og þurfa nemendur að ferðast til sundkennslu. Þessi ferð krefst góðrar skipulagningar og öruggra leiða, sérstaklega fyrir yngri nemendur.

Aðgengi að stígakerfi er misjafnt. Á köflum eru gönguleiðir slitnar eða illa tengdar hverfinu. Brýnt er að bæta samfelldni í stígakerfi, merkja leiðir og draga úr þörf á að þvera stærri götur þegar börn ferðast að og frá skóla.



Mynd 9 ferðahlutdeild í Hlíðarskóla árið 2009 (n=158)

4. Skipulag skólasvæða til framtíðar

Greiningar á aðstæðum nemenda og umhverfisþáttum við skólana í austurborginni leiða í ljós mikilvægar forsendur sem nýta má við skipulag skólasvæða í framtíðinni. Markmiðið er að styðja við öryggi og sjálfbærni í skólakerfinu, þar sem öll börn hafa raunhæfan möguleika á að ferðast gangandi eða hjólandi að skóla.

Samþætt skipulag og skólasvæðaskipting

Við mótun nýrra skólasvæða þarf að horfa til raunverulegra aðstæðna barna – ekki eingöngu til formlegra hverfaskila eða skráðrar búsetu. Leiðarval barna, umferðarmynstur og staðsetning stofnbrauta ráða miklu um það hvaða skóli er í raun aðgengilegur hverju barni. Því þarf að vega og meta:

- Hvar skólarnir eru staðsettir í tengslum við stofnbrautir og náttúruleg mörk

- Hvernig stígakerfi og almennar samgöngur nýtast nemendum
- Hverjir njóta hagstæðra vegalengda og hverjir þurfa að fara um flóknari eða hættulegri leiðir

Miklubraut og Snorrabraut sem takmarkandi þættir

Miklubraut og Snorrabraut sker skólasvæðin í sundur og mynda sterkar hindranir fyrir nemendur í austurborginni. Jafnvel þegar fjarlægð í metrum er stutt, getur þverun slíkra gatna gert leið ófær fyrir börn, sérstaklega yngri nemendur.

Miklabraut og Snorrabraut gegna báðar mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi borgarinnar en hafa gjarnan mismunandi áhrif á leiðarval barna. Miklabraut er í dag nánast óþveranleg fyrirstaða nema með mislægum lausnum, og það er óraunhæft að ætla að leysa þveranir með yfirborðsaðgerðum. Snorrabrautin er einnig veruleg hindrun fyrir ung börn, en með markvissum úrbótum og endurskoðun á hönnun hennar væri hugsanlega hægt að bæta aðgengi með yfirborðslausnum. Slíkar breytingar myndu þó kalla á ítarlega greiningu á áhrifum á umferð, þar sem Snorrabrautin gegnir lykilhlutverki í tengingu borgarhluta.

Við Snorrabraut eru núverandi þveranir ekki taldar fullnægjandi fyrir ung börn. Þó að mislægum þverunum sé víða erfitt að koma fyrir vegna takmarkaðs rýmis og byggðar í nágrenni götunnar, má samt grípa til aðgerða til að bæta yfirborðslausnir. Sérstök áhersla þarf að vera á bæði upplifað og raunverulegt öryggi gangandi vegfarenda.

Við skipulagningu nýrra skólasvæða þarf að tryggja að sem fæst börn þurfi að þvera þessar götur. Þá þarf að huga sérstaklega að því hvernig undirgöng og tengingar eru hannaðar – og hvort þær eru raunhæfur valkostur í augum barna og foreldra.

Miðsvæðis staðsetning Austurbæjarskóla

Eins og fram kemur í kafla 3.1 hefur Austurbæjarskóli fremur miðlæga staðsetningu, sem nýtist mörgum hverfum í nágrenninu. Þessi staðsetning getur styrkt Austurbæjarskóla sem kjarnaskóla í framtíðarskipulagi – með þeirri forsendu að aðgengi haldist gott og engar nýjar hindranir bætist við.

Samnýting íþróttaaðstöðu og sundlauga

Skólar í hverfum þar sem sundlaug og íþróttaaðstaða er utan lóðar þurfa að treysta á öruggar samgönguleiðir að slíkri aðstöðu. Þetta á við um alla skólana nema Hlíðaskóla, þar sem íþróttasalur er á lóðinni. Sameining skóla kallar því á sérstakt mat á því hvernig slík samnýting sé möguleg og hvernig börn komist milli staða.

Sveigjanleiki og framtíðarrými

Til þess að skólasvæðaskipting nýtist til lengri tíma, þarf hún að rúma breytingar á íbúasamsetningu og uppbyggingu nýrra hverfa. Við þetta þarf að huga að:

- Breytilegum fækkunum eða fjölgunum barna í hverfum
- Sveigjanlegu inntökusvæði skóla
- Jöfnun aðstæðna til göngu og hjólreiða

Samanburðartafla skóla í austurborginni

Skóli	Miðlæg staðsetning	Íþróttasalur á lóð	Sundlaug nálægt	Mikil þverun stofnbrauta	Aðgengi að stígakerfi	Nothæfar strætóleiðir
Austurbæjarskóli	Já	Já	Já	Nei	Mjög gott	Leiðir 5, 15, 6, 11, 13
Vörðuskóli	Já	Já	Já	Nei	Mjög gott	Leiðir 5, 15, 6, 11, 13
Háteigsskóli	Hluta til	Nei	Nei	Já (Snorrabraut, Miklubraut)	Takmarkað á sumum leiðum	Leiðir 6, 11, 13, 18
Hlíðaskóli	Hluta til	Já	Nei	Já (Miklubraut, Skipholt)	Takmarkað á köflum	Leiðir 6, 11, 13

Samanburðartafla valkosta um framtíðarskipulag skólasvæða

Valkostur	Kostir	Ókostir
Viðhalda núverandi skipulagi	Engar tafarlausar breytingar á skólasókn	Óbreytt aðgengi að skóla og aðstöðu ójafnt milli hverfa
Sameina Austurbæjarskóla og Vörðuskóla	Góð nýting á staðsetningu og aðstöðu, nálægt sundlaug	Getur krafist breytinga á inntökusvæðum annars staðar
Sameina Háteigs- og Hlíðaskóla	Styttri vegalengdir fyrir marga, samnýting íþróttaaðstöðu í Hlíðaskóla	Mikil þverun stofnbrauta, sérstaklega Miklubrautar og Snorrabrautar
Ein skólaeining í miðlægum kjarna	Sterk staðsetning, betri yfirsýn og samþætt þjónusta	Mögulega lengri leiðir fyrir suma nemendur, sérstaklega í Suðurhlíðum

Töflurnar hér að ofan draga saman helstu niðurstöður greiningarinnar og valkosti fyrir framtíðarskipulag skólasvæða í austurborginni. Þær nýtast sem verkfæri við mótun stefnu og ákvörðunartöku.

5. Ályktanir og tillögur

Á grundvelli ofangreindra greininga og samanburða á skólasvæðum í austurborginni er ljóst að fjölbreytt landslag einkenna skólasóknarsvæði. Munur á aðgengi, staðsetningu, vegalengdum og umferðaröryggi skapar ólíkar forsendur fyrir skólagöngu barna eftir búsetu.

Helstu niðurstöður

- Austurbæjarskóli og Vörðuskóli njóta beggja miðlægrar staðsetningar og góðs aðgengis að stígakerfi og almenningssamgöngum.
- Háteigsskóli og Hlíðaskóli búa við meiri áskoranir, sérstaklega vegna mikillar þverunar stofnbrauta og lengri vegalengda sumra barna.
- Aðgengi að íþrótta- og sundaðstöðu er misjafnt milli skóla, og hefur áhrif á skipulag skólastarfs og öruggar leiðir barna.

Tillögur til úrbóta

1. **Skýrar skilgreiningar á inntökusvæðum:** Skólasvæðaskipting ætti að taka mið af raunverulegu leiðarvali og umferðaröruggi barna, fremur en eingöngu hverfaskilum.
2. **Forgangsraða tengingum við stígakerfi:** Í skipulagsvinnu borgarinnar ætti að leggja áherslu á að bæta tengingar milli skóla og stígakerfis, sérstaklega yfir eða undir stofnbrautir/tengibrautir.
3. **Meta samnýtingu og framtíðartilfærslu:** Íhuga ætti mögulega samnýtingu aðstöðu og/eða sameiningar milli skóla sem eru í návígi og með svipaða forsendur, t.d. Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.
4. **Huga að fjölbreyttum samgöngumátum:** Leita leiða til að styðja betur við hjólandi og gangandi nemendur með aukinni stígagerð og almenningssamgöngum.
5. **Áhersla á öruggar leiðir að íþróttamannvirkjum:** Greina sérstaklega leiðir nemenda til íþrótta- og sundaðstöðu og tryggja aðgengi með hönnun sem tekur mið af þörfum barna.

Höfundar skýrslu

Höskuldur Rúnar Guðjónsson Kröyer / Kristinn Jón Eysteinsson



Vegalengdir og stystu gönguleiðir frá Vörðuskóla
2025-03-07 /HRGK



Vegalengdir og stystu gönguleiðir frá Háteigsskóla
2025-03-06 /HRGK



Vegalengdir og stystu gönguleiðir frá Hlíðaskóla
2025-03-06 /HRGK

mynd: úr kvikmyndinni Abbabbabb

Vörðuskóli - SVIÐSMYNDIR MARS 2025

hornsteinar

ARKITEKTAR EHF.

SVIÐSMYND 1 - BARNASKÓLI með matartorgi og eldhúsi

SVIÐSMYND 2 - BARNASKÓLI með íþróttasal og búningsklefum

SVIÐSMYND 3 - UNGLINGASKÓLI með matartorgi og eldhúsi

SVIÐSMYND 4 - UNGLINGASKÓLI með íþróttasal og búningsklefum

Matsalur og eldhús í SPENNISTÖÐ
A - á 3.hæð
B - á 1. hæð og nýju milligólfi

Vörðuskóli - SVIÐSMYNDIR

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

BARNASKÓLI með matartorgi og eldhúsi

Vörðuskóli - SVIÐSMYND 1

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.



1h. - núverandi innra fyrirkomulag

Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Matartorg og lóðréttar tengingar við sali
- Eldhús og stoðrými
- Ræsting
- Geymslur
- Tæknirými

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | 1.hæð - BARNASKÓLI - með matartorgi og eldhúsi

hornsteinar ARKITEKTAR EHF.



2h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Upplýsingatorg / Bókasafn
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Sérgreinar
- Stigahús - lóðréttar tengingar við sali
- Fjölnota rými
- Geymslur



3h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Sérgreinar
- Matartorg og lóðréttar tengingar við sali

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **3.hæð - BARNASKÓLI**

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

-1 - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Snyrtingar nemenda
- Matartorg og lóðréttar tengingar við sali
- Fjölnota rými
- Geymslur

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **-1 - BARNASKÓLI - með matartorgi og eldhúsi**

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

Sviðsmynd 1

VÖRÐUSKÓLI - BARNASKÓLI með matsal + eldhúsi

-1

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	16.53 m²	-1	01
Stigahús	15.93 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting F - nemendur	5.65 m²	-1	01
Geymsla	42 m²	-1	01
Fjölnota salur	267.32 m²	-1	02
Stigahús	3.81 m²	-1	03
Lyfta	5.28 m²	-1	01
Lyfta	3.15 m²	-1	03
SAMTALS -1	**366.97 m²**	**-1**	**netto**

1h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Anddyri	30.27 m²	1h	01
Fata/Skógeymsla	50.6 m²	1h	01
Gangur	213.53 m²	1h	01
Heimastofa	45.02 m²	1h	01
Heimastofa	49.27 m²	1h	01
Heimastofa	55.1 m²	1h	01
Heimastofa	46.08 m²	1h	01
Hópherbergi	23.31 m²	1h	01
Hópherbergi	34.54 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	6.4 m²	1h	01
Snyrting F - nemendur	7 m²	1h	01
Ræsting	9 m²	1h	01
Snyrtingar - starfsfólk	11.39 m²	1h	01
Snyrting F - starfsfólk	7.67 m²	1h	01
Geymsla	24.25 m²	1h	01
Tækirými	40.53 m²	1h	01
Tækirými	37.24 m²	1h	01
Tækirými	23.83 m²	1h	01
Stigahús	18.63 m²	1h	01
Matartorg	160.82 m²	1h	02
Stigahús	11.23 m²	1h	03
Anddyri	8.1 m²	1h	03
Eldhús	73.93 m²	1h	03
Uppvask	11.5 m²	1h	03
Frystir	6.06 m²	1h	03
Kælir	6.06 m²	1h	03
Kaffistofa eldhúss	7.09 m²	1h	03
VS starfsfólks eldhúss	2.51 m²	1h	03
Föt starfsfólks eldhúss	4.32 m²	1h	03
SAMTALS 1h	**1046.88 m²**	**1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Upplýsingatorg	144.77 m²	2h	01
Gangur	121.24 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	47.41 m²	2h	01
Heimastofa/sérgr.	57.7 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Hópherbergi	21.86 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Heimilisfræði	76.35 m²	2h	01
Stjórnun	152.66 m²	2h	01
Skrifstofa (Umsj.uppl.t)	16.08 m²	2h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	2h	01
Stigahús	9.31 m²	2h	01
Þakgarður		þak	02
Gangur	11.1 m²	2h	03
Fjölnota salur	114.34 m²	2h	03
Snyrting F	6.42 m²	2h	03
Geymsla	7.95 m²	2h	03
Stigahús	8.47 m²	2h	03
SAMTALS 2h	**905.06 m²**	**2h**	**netto**

3h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	153.18 m²	3h	01
Heimastofa	43.33 m²	3h	01
Heimastofa	45.2 m²	3h	01
Heimastofa	46.54 m²	3h	01
Heimastofa	55.4 m²	3h	01
Heimastofa	55.5 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	21.61 m²	3h	01
Myndmennt	76.85 m²	3h	01
Sérgr.stofa / heimastofa	57.62 m²	3h	01
Skrifstofa	16.08 m²	3h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	3h	01
Stigahús	5.83 m²	3h	01
SAMTALS 3h	**637.12 m²**	**3h**	**netto**

SAMTALS	**2,956.0 m²**	**NETTO**

Heimastofur	**11-13 stk**
Sérgreinastofa	**2-4 stk**
Hópherbergi	**8 stk**

BARNASKÓLI með íþróttasal og búningsklefum

Vörðuskóli - SVIÐSMYND 2

hornsteinar

ARKITEKTAR EHF.



1h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Stigahús - tengingar við sali
- Búningsklefar
- Ræsting
- Geymslur
- Tæknirými

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | 1.hæð - BARNASKÓLI - með íþróttasal og búningsklefum

hornsteinar ARKITEKTAR EHF.



2h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Upplýsingatorg / Bókasafn
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Sérgreinar
- Stigahús - lóðréttar tengingar við sali
- Fjölnota rými
- Geymslur



3h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Sérgreinar
- Matartorg og lóðréttar tengingar við sali

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **3.hæð - BARNASKÓLI**

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.





-1 - núverandi innra fyrirkomulag

Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Snyrtingar nemenda
- Stigahús - lóðréttar tengingar við sali
- Íþróttasalur
- Geymslur

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **-1 - BARNASKÓLI - með íþróttasal og búningsklefum**

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

Sviðsmynd 2

VÖRÐUSKÓLI - BARNASKÓLI með íþróttasal og búningsklefum

-1

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	16.53 m²	-1	01
Stigahús	15.93 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting F - nemendur	5.65 m²	-1	01
Geymsla	42 m²	-1	01
Íþróttasalur	273.11 m²	-1	02
Stigahús	3.81 m²	-1	03
Lyfta	5.28 m²	-1	01
Lyfta	3.15 m²	-1	03
SAMTALS -1	**372.76 m²**	**-1**	**netto**

1h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Anddyri	30.27 m²	1h	01
Fata/Skógeymsla	50.6 m²	1h	01
Gangur	213.53 m²	1h	01
Heimastofa	45.02 m²	1h	01
Heimastofa	49.27 m²	1h	01
Heimastofa	55.1 m²	1h	01
Heimastofa	46.08 m²	1h	01
Hópherbergi	23.31 m²	1h	01
Hópherbergi	34.54 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	6.4 m²	1h	01
Snyrting F - nemendur	7 m²	1h	01
Ræsting	9 m²	1h	01
Snyrtingar - starfsfólk	11.39 m²	1h	01
Snyrting F - starfsfólk	7.67 m²	1h	01
Geymsla	24.25 m²	1h	01
Tækirými	40.53 m²	1h	01
Tækirými	37.24 m²	1h	01
Tækirými	23.83 m²	1h	01
Stigahús	18.63 m²	1h	01
Stigahús	8.82 m²	1h	03
Anddyri	8.1 m²	1h	03
Búningsklefi	45.58 m²	1h	03
Búningsklefi	52.56 m²	1h	03
Snyrting F	6.1 m²	1h	03
Ræsting	2.53 m²	1h	03
Geymsla	10.6 m²	1h	03
SAMTALS 1h	**889.55 m²**	**1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Upplýsingatorg	144.77 m²	2h	01
Gangur	121.24 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	47.41 m²	2h	01
Heimastofa/sérgr.	57.7 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Hópherbergi	21.86 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Heimilisfræði	76.35 m²	2h	01
Stjórnun	152.66 m²	2h	01
Skrifstofa (Umsj.uppl.t)	16.08 m²	2h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	2h	01
Stigahús	9.31 m²	2h	01
Þakgarður		þak	02
Gangur	11.1 m²	2h	03
Fjölnota salur	114.34 m²	2h	03
Snyrting F	6.42 m²	2h	03
Geymsla	7.95 m²	2h	03
Stigahús	8.47 m²	2h	03
SAMTALS 2h	**905.06 m²**	**2h**	**netto**

3h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	153.18 m²	3h	01
Heimastofa	43.33 m²	3h	01
Heimastofa	45.2 m²	3h	01
Heimastofa	46.54 m²	3h	01
Heimastofa	55.4 m²	3h	01
Heimastofa	55.5 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	21.61 m²	3h	01
Myndmennt	76.85 m²	3h	01
Sérgr.stofa / heimastofa	57.62 m²	3h	01
Skrifstofa	16.08 m²	3h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	3h	01
Stigahús	5.83 m²	3h	01
SAMTALS 3h	**637.12 m²**	**3h**	**netto**

SAMTALS	**2,804.5 m²**	**NETTO**

Heimastofur	**11-13 stk**
Sérgreinastofa	**2-4 stk**
Hópherbergi	**8 stk**

UNGLINGASKÓLI með matartorgi og eldhúsi

Vörðuskóli - SVIÐSMYND 3

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.



1h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Sérgreinar
- Matartorg og lóðréttar tengingar við sali
- Eldhús og stoðrými
- Ræsting
- Geymslur
- Tæknirými

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | 1.hæð - UNGLINGASKÓLI - með matartorgi og eldhúsi

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.



2h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Upplýsingatorg / Bókasafn
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Sérgreinar
- Stigahús - lóðréttar tengingar við sali
- Fjölnota rými
- Geymslur

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **2.hæð - UNGLINGASKÓLI**

h o r n s t e i n a r
ARKITEKTAR EHF.



3h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Sérgreinar
- Matartorg og lóðréttar tengingar við sali





-1 - núverandi innra fyrirkomulag

Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Snyrtingar nemenda
- Matartorg og lóðréttar tengingar við sali
- Fjölnota rými
- Geymslur

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **-1 - UNGLINGASKÓLI - með matartorgi og eldhúsi**

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

Sviðsmynd 3

VÖRÐUSKÓLI - UNGLINGASKÓLI með matsal + eldhúsi

-1

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	33.23 m²	-1	01
Stigahús	15.93 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting F - nemendur	5.65 m²	-1	01
Geymsla	42 m²	-1	01
Fjölnota salur	254 m²	-1	02
Stigahús	3.83 m²	-1	03
Lyfta	5.28 m²	-1	01
Lyfta	3.15 m²	-1	03
SAMTALS -1	**370.37 m²**	**-1**	**netto**

1h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Anddyri	30.27 m²	1h	01
Fata/Skógeymsla	50.6 m²	1h	01
Gangur	164.6 m²	1h	01
Lesrými	65.43 m²	1h	01
Smíðastofa	79.85 m²	1h	01
Timburgeymsla	19.4 m²	1h	01
Stjórnun	177.2 m²	1h	01
Snyrtingar - starfsfólk	11.39 m²	1h	01
Snyrting F - starfsfólk	7.67 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	6.4 m²	1h	01
Snyrting F - nemendur	7 m²	1h	01
Ræsting	9 m²	1h	01
Geymsla	15.6 m²	1h	01
Tækirými	9.34 m²	1h	01
Tækirými	37.24 m²	1h	01
Tækirými	23.83 m²	1h	01
Stigahús	18.88 m²	1h	01
Matartorg	174.28 m²	1h	02
Stigahús	11.47 m²	1h	03
Anddyri	8.1 m²	1h	03
Eldhús	73.93 m²	1h	03
Uppvask	11.5 m²	1h	03
Frystir	6.06 m²	1h	03
Kælir	6.06 m²	1h	03
Kaffistofa eldhúss	7.09 m²	1h	03
VS starfsfólks eldhúss	2.51 m²	1h	03
Föt starfsfólks eldhúss	4.32 m²	1h	03
SAMTALS 1h	**1060.62 m²**	**1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Upplýsingatorg	144.77 m²	2h	01
Gangur	124.07 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	47.41 m²	2h	01
Heimastofa	55.51 m²	2h	01
Heimastofa	55.37 m²	2h	01
Heimastofa/sérgr.	57.7 m²	2h	01
Hópherbergi	19.07 m²	2h	01
Hópherbergi	19.07 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Heimilisfræði	76.35 m²	2h	01
Skrifstofa (Umsj.uppl.t)	16.08 m²	2h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	2h	01
Stigahús	9.31 m²	2h	01
Þakgarður		þak	02
Gangur	11.1 m²	2h	03
Fjölnota salur	114.34 m²	2h	03
Snyrting F	6.42 m²	2h	03
Geymsla	7.95 m²	2h	03
Stigahús	8.47 m²	2h	03
SAMTALS 2h	**905.18 m²**	**2h**	**netto**

3h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	153.18 m²	3h	01
Heimastofa	43.33 m²	3h	01
Heimastofa	45.2 m²	3h	01
Heimastofa	46.54 m²	3h	01
Heimastofa	55.4 m²	3h	01
Heimastofa	55.5 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	21.61 m²	3h	01
Myndmennt	76.85 m²	3h	01
Sérgr.stofa / heimastofa	57.62 m²	3h	01
Skrifstofa	16.08 m²	3h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	3h	01
Stigahús	5.83 m²	3h	01
SAMTALS 3h	**637.12 m²**	**3h**	**netto**

SAMTALS	**2,973.3 m²**	**NETTO**

Heimastofur	**10-12 stk**
Sérgreinastofa	**3-5 stk**
Hópherbergi	**6 stk**

UNGLINGASKÓLI með íþróttasal og búningsklefum

Vörðuskóli - SVIÐSMYND 4

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.



1h. - núverandi innra fyrirkomulag

Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Sérgreinar
- Stigahús - tengingar við sali
- Búningsklefar
- Ræsting
- Geymslur
- Tæknirými

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **1.hæð - UNGLINGASKÓLI - með íþróttasal og búningsklefum**

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.



2h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Upplýsingatorg / Bókasafn
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Sérgreinar
- Stigahús - lóðréttar tengingar við sali
- Fjölnota rými
- Geymslur

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **2.hæð - UNGLINGASKÓLI**

h o r n s t e i n a r
ARKITEKTAR EHF.



3h. - núverandi innra fyrirkomulag



Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Starfsfólk
- Snyrtingar nemenda
- Heimastofur
- Hópherbergi/stuðningur
- Sérgreinar
- Matartorg og lóðréttar tengingar við sali





-1 - núverandi innra fyrirkomulag

Rýmisnotkun

- Aðkoma og láréttar umferðaleiðir
- Snyrtingar nemenda
- Stigahús - lóðréttar tengingar við sali
- Íþróttasalur
- Geymslur

Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **-1 - UNGLINGASKÓLI - með íþróttasal og búningsklefum**

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

Sviðsmynd 4

VÖRÐUSKÓLI - UNGLINGASKÓLI með íþróttasal og búningsklefum

-1

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	16.53 m²	-1	01
Stigahús	15.93 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting F - nemendur	5.65 m²	-1	01
Geymsla	42 m²	-1	01
Íþróttasalur	273.11 m²	-1	02
Stigahús	3.81 m²	-1	03
Lyfta	5.28 m²	-1	01
Lyfta	3.15 m²	-1	03
SAMTALS -1	**372.76 m²**	**-1**	**netto**

1h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Anddyri	30.27 m²	1h	01
Fata/Skógeymsla	50.6 m²	1h	01
Gangur	164.6 m²	1h	01
Lesrými	65.43 m²	1h	01
Smíðastofa	79.85 m²	1h	01
Timburgeymsla	19.4 m²	1h	01
Stjórnun	177.2 m²	1h	01
Snyrtingar - starfsfólk	11.39 m²	1h	01
Snyrting F - starfsfólk	7.67 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	6.4 m²	1h	01
Snyrting F - nemendur	7 m²	1h	01
Ræsting	9 m²	1h	01
Geymsla	15.6 m²	1h	01
Tækirými	9.34 m²	1h	01
Tækirými	37.24 m²	1h	01
Tækirými	23.83 m²	1h	01
Stigahús	18.88 m²	1h	01
Stigahús	8.82 m²	1h	03
Anddyri	8.1 m²	1h	03
Búningsklefi	45.58 m²	1h	03
Búningsklefi	52.56 m²	1h	03
Snyrting F	6.1 m²	1h	03
Ræsting	2.53 m²	1h	03
Geymsla	10.6 m²	1h	03
SAMTALS 1h	**889.59 m²**	**1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Upplýsingatorg	144.77 m²	2h	01
Gangur	124.07 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	47.41 m²	2h	01
Heimastofa	55.51 m²	2h	01
Heimastofa	55.37 m²	2h	01
Heimastofa/sérgr.	57.7 m²	2h	01
Hópherbergi	19.07 m²	2h	01
Hópherbergi	19.07 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Heimilisfræði	76.35 m²	2h	01
Skrifstofa (Umsj.uppl.t)	16.08 m²	2h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	2h	01
Stigahús	9.31 m²	2h	01
Þakgarður		þak	02
Gangur	11.1 m²	2h	03
Fjölnota salur	114.34 m²	2h	03
Snyrting F	6.42 m²	2h	03
Geymsla	7.95 m²	2h	03
Stigahús	8.47 m²	2h	03
SAMTALS 2h	**905.18 m²**	**2h**	**netto**

3h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	153.18 m²	3h	01
Heimastofa	43.33 m²	3h	01
Heimastofa	45.2 m²	3h	01
Heimastofa	46.54 m²	3h	01
Heimastofa	55.4 m²	3h	01
Heimastofa	55.5 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	21.61 m²	3h	01
Myndmennt	76.85 m²	3h	01
Sérgr.stofa / heimastofa	57.62 m²	3h	01
Skrifstofa	16.08 m²	3h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	3h	01
Stigahús	5.83 m²	3h	01
SAMTALS 3h	**637.12 m²**	**3h**	**netto**

SAMTALS	**2,804.7 m²**	**NETTO**

Heimastofur	**10-12 stk**
Sérgreinastofa	**3-5 stk**
Hópherbergi	**6 stk**

Matartorg og eldhús í Spennistöðinni

Vörðuskóli + Spennistöð

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

A)



3.hæð - núverandi fyrirkomulag

3.hæð - Matartorg og eldhús fyrir Austurbæjarskóla
- tvískiptur matartími

B)

RÆ
2,6m2
Bún,
Eld,st
3 m2
VS
Eld,st
3 m2
KÆLIR
3,5m2
FRYSTIR
4,1m2
MV
ÁV
ELDHÚS 91 m2
FORVINNA 33 m2
ELDUN 29 m2
UPPÞVOTTUR
15,5m2
1750
FORRÝMI
9,8m2
VSF
4,7m2
VS
1,7m2
VS
1,7m2
VS
1,7m2
FORRÝMI
7,3m2
VSF
5,5m2
VS
1,7m2
GANGUR 20 m2
LYFTA
12
8
4
FATAHENGI 38,5 m2
MATSALUR 140 m2
112 BÖRN
6
ÚT

1.hæð


4
6
12
MATSALUR 263 M2
LYFTA
EI30 gler
opið niður
204 BÖRN
ÚT

2.hæð

Austurbæjarskóli
Tvískiptur matmálstími

Spennistöð - A Matartorg og eldhús á 3h

1h

Rými	Stærð		Hæð
Anddyri	11	m^2	1h
Gangur	26	m^2	1h
Eldhús	53.3	m^2	1h
Uppvask	25	m^2	1h
Frystir	3.8	m^2	1h
Kælir	5	m^2	1h
Búningskl.eldhús	3	m^2	1h
VS Eldhús	3.2	m^2	1h
VS F	6.5	m^2	1h
VS	2.6	m^2	1h
VS	2.6	m^2	1h
VS	2.6	m^2	1h
Matsalur	168	m^2	1h

SAMTALS 3h	**312.6**	m^2 **3h**	**netto**

SAMTALS	**312.6** m^2	**NETTO**

Austurbæjar- og Vörðuskóli
Tvískiptur matmálstími

Spennistöð - B Matartorg og eldhús á 1h og nýju milligólfi

1h

Rými	Stærð		Hæð
Anddyri og fatahengi	38.5	m^2	1h
Gangur	20	m^2	1h
Eldhús	62.0	m^2	1h
Uppvask	15.5	m^2	1h
Frystir	4.1	m^2	1h
Kælir	3.5	m^2	1h
VS starfsfólks eldhúss	3	m^2	1h
Föt starfsfólks eldhúss	3	m^2	1h
Forrými	9.8	m^2	1h
VS F	4.7	m^2	1h
VS	1.7	m^2	1h
Forrými	7.3	m^2	1h
VS	1.7	m^2	1h
VS	1.7	m^2	1h
VS	1.7	m^2	1h
VS F	4.7	m^2	1h
Ræsting	2.6	m^2	1h
Matsalur	140	m^2	1h

SAMTALS 1h	**325.5**	m^2 **1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð		Hæð
Matsalur	263	m^2	1h

SAMTALS 2h	**263**	m^2 **2h**	**netto**

SAMTALS	**588.5** m^2	**NETTO**

Vörðuskóli - 3D skýringarmyndir

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.





Vörðuskóli - Sviðsmyndir | **3D axo - 1h óbreytt vs. uppbrot**

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

Heimastofur
Sérgreinar
Hópherbergi

Nýtt stiga og lyftuhús í NV horni mhl. 01

- tengir allar hæðir milli mhl. 01 - 02
- leysir einnig flóttaleiðir !

Þakgarður

Fjölnota salur



Búningsklefar

Upplýsingatorg

Svalir yfir sal
og flótti ÚT til N

Íþróttasalur

Heimastofur
Sérgreinar
Hópherbergi

Nýtt stiga og lyftuhús í NV horni mhl. 01

- tengir allar hæðir milli mhl. 01 - 02
- leysir einnig flóttaleiðir !

Þakgarður

Fjölnota salur



Eldhús

Upplýsingatorg

Matartorg

Fjölnota rými

Rýmistöflur - SAMANTEKT

Vörðuskóli - SVIÐSMYNDIR

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.

Sviðsmynd 1

VÖRÐUSKÓLI - BARNASKÓLI með matsal + eldhúsi

-1

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	16.53 m²	-1	01
Stigahús	15.93 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting F - nemendur	5.65 m²	-1	01
Geymsla	42 m²	-1	01
Fjölnota salur	267.32 m²	-1	02
Stigahús	3.81 m²	-1	03
Lyfta	5.28 m²	-1	01
Lyfta	3.15 m²	-1	03
SAMTALS -1	**366.97 m²**	**-1**	**netto**

1h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Anddyri	30.27 m²	1h	01
Fata/Skógeymsla	50.6 m²	1h	01
Gangur	213.53 m²	1h	01
Heimastofa	45.02 m²	1h	01
Heimastofa	49.27 m²	1h	01
Heimastofa	55.1 m²	1h	01
Heimastofa	46.08 m²	1h	01
Hópherbergi	23.31 m²	1h	01
Hópherbergi	34.54 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	6.4 m²	1h	01
Snyrting F - nemendur	7 m²	1h	01
Ræsting	9 m²	1h	01
Snyrtingar - starfsfólk	11.39 m²	1h	01
Snyrting F - starfsfólk	7.67 m²	1h	01
Geymsla	24.25 m²	1h	01
Tækirými	40.53 m²	1h	01
Tækirými	37.24 m²	1h	01
Tækirými	23.83 m²	1h	01
Stigahús	18.63 m²	1h	01
Matartorg	160.82 m²	1h	02
Stigahús	11.23 m²	1h	03
Anddyri	8.1 m²	1h	03
Eldhús	73.93 m²	1h	03
Uppvask	11.5 m²	1h	03
Frystir	6.06 m²	1h	03
Kælir	6.06 m²	1h	03
Kaffistofa eldhúss	7.09 m²	1h	03
VS starfsfólks eldhúss	2.51 m²	1h	03
Föt starfsfólks eldhúss	4.32 m²	1h	03
SAMTALS 1h	**1046.88 m²**	**1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Upplýsingatorg	144.77 m²	2h	01
Gangur	121.24 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	47.41 m²	2h	01
Heimastofa/sérgr.	57.7 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Hópherbergi	21.86 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Heimilisfræði	76.35 m²	2h	01
Stjórnun	152.66 m²	2h	01
Skrifstofa (Umsj.uppl.t)	16.08 m²	2h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	2h	01
Stigahús	9.31 m²	2h	01
Þakgarður		þak	02
Gangur	11.1 m²	2h	03
Fjölnota salur	114.34 m²	2h	03
Snyrting F	6.42 m²	2h	03
Geymsla	7.95 m²	2h	03
Stigahús	8.47 m²	2h	03
SAMTALS 2h	**905.06 m²**	**2h**	**netto**

3h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	153.18 m²	3h	01
Heimastofa	43.33 m²	3h	01
Heimastofa	45.2 m²	3h	01
Heimastofa	46.54 m²	3h	01
Heimastofa	55.4 m²	3h	01
Heimastofa	55.5 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	21.61 m²	3h	01
Myndmennt	76.85 m²	3h	01
Sérgr.stofa / heimastofa	57.62 m²	3h	01
Skrifstofa	16.08 m²	3h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	3h	01
Stigahús	5.83 m²	3h	01
SAMTALS 3h	**637.12 m²**	**3h**	**netto**

SAMTALS	**2,956.0 m²**	**NETTO**

Heimastofur	**11-13 stk**
Sérgreinastofa	**2-4 stk**
Hópherbergi	**8 stk**

Sviðsmynd 2

VÖRÐUSKÓLI - BARNASKÓLI með íþróttasal og búningsklefum

-1

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	16.53 m²	-1	01
Stigahús	15.93 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting F - nemendur	5.65 m²	-1	01
Geymsla	42 m²	-1	01
Íþróttasalur	273.11 m²	-1	02
Stigahús	3.81 m²	-1	03
Lyfta	5.28 m²	-1	01
Lyfta	3.15 m²	-1	03
SAMTALS -1	**372.76 m²**	**-1**	**netto**

1h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Anddyri	30.27 m²	1h	01
Fata/Skógeymsla	50.6 m²	1h	01
Gangur	213.53 m²	1h	01
Heimastofa	45.02 m²	1h	01
Heimastofa	49.27 m²	1h	01
Heimastofa	55.1 m²	1h	01
Heimastofa	46.08 m²	1h	01
Hópherbergi	23.31 m²	1h	01
Hópherbergi	34.54 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	6.4 m²	1h	01
Snyrting F - nemendur	7 m²	1h	01
Ræsting	9 m²	1h	01
Snyrtingar - starfsfólk	11.39 m²	1h	01
Snyrting F - starfsfólk	7.67 m²	1h	01
Geymsla	24.25 m²	1h	01
Tækirými	40.53 m²	1h	01
Tækirými	37.24 m²	1h	01
Tækirými	23.83 m²	1h	01
Stigahús	18.63 m²	1h	01
Stigahús	8.82 m²	1h	03
Anddyri	8.1 m²	1h	03
Búningsklefi	45.58 m²	1h	03
Búningsklefi	52.56 m²	1h	03
Snyrting F	6.1 m²	1h	03
Ræsting	2.53 m²	1h	03
Geymsla	10.6 m²	1h	03
SAMTALS 1h	**889.55 m²**	**1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Upplýsingatorg	144.77 m²	2h	01
Gangur	121.24 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	47.41 m²	2h	01
Heimastofa/sérgr.	57.7 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Hópherbergi	21.86 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Heimilisfræði	76.35 m²	2h	01
Stjórnun	152.66 m²	2h	01
Skrifstofa (Umsj.uppl.t)	16.08 m²	2h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	2h	01
Stigahús	9.31 m²	2h	01
Þakgarður		þak	02
Gangur	11.1 m²	2h	03
Fjölnota salur	114.34 m²	2h	03
Snyrting F	6.42 m²	2h	03
Geymsla	7.95 m²	2h	03
Stigahús	8.47 m²	2h	03
SAMTALS 2h	**905.06 m²**	**2h**	**netto**

3h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	153.18 m²	3h	01
Heimastofa	43.33 m²	3h	01
Heimastofa	45.2 m²	3h	01
Heimastofa	46.54 m²	3h	01
Heimastofa	55.4 m²	3h	01
Heimastofa	55.5 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	21.61 m²	3h	01
Myndmennt	76.85 m²	3h	01
Sérgr.stofa / heimastofa	57.62 m²	3h	01
Skrifstofa	16.08 m²	3h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	3h	01
Stigahús	5.83 m²	3h	01
SAMTALS 3h	**637.12 m²**	**3h**	**netto**

SAMTALS	**2,804.5 m²**	**NETTO**

Heimastofur	**11-13 stk**
Sérgreinastofa	**2-4 stk**
Hópherbergi	**8 stk**

Sviðsmynd 3

VÖRÐUSKÓLI - UNGLINGASKÓLI með matsal + eldhúsi

-1

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	33.23 m²	-1	01
Stigahús	15.93 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting F - nemendur	5.65 m²	-1	01
Geymsla	42 m²	-1	01
Fjölnota salur	254 m²	-1	02
Stigahús	3.83 m²	-1	03
Lyfta	5.28 m²	-1	01
Lyfta	3.15 m²	-1	03
SAMTALS -1	**370.37 m²**	**-1**	**netto**

1h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Anddyri	30.27 m²	1h	01
Fata/Skógeymsla	50.6 m²	1h	01
Gangur	164.6 m²	1h	01
Lesrými	65.43 m²	1h	01
Smíðastofa	79.85 m²	1h	01
Timburgeymsla	19.4 m²	1h	01
Stjórnun	177.2 m²	1h	01
Snyrtingar - starfsfólk	11.39 m²	1h	01
Snyrting F - starfsfólk	7.67 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	6.4 m²	1h	01
Snyrting F - nemendur	7 m²	1h	01
Ræsting	9 m²	1h	01
Geymsla	15.6 m²	1h	01
Tækirými	9.34 m²	1h	01
Tækirými	37.24 m²	1h	01
Tækirými	23.83 m²	1h	01
Stigahús	18.88 m²	1h	01
Matartorg	174.28 m²	1h	02
Stigahús	11.47 m²	1h	03
Anddyri	8.1 m²	1h	03
Eldhús	73.93 m²	1h	03
Uppvask	11.5 m²	1h	03
Frystir	6.06 m²	1h	03
Kælir	6.06 m²	1h	03
Kaffistofa eldhúss	7.09 m²	1h	03
VS starfsfólks eldhúss	2.51 m²	1h	03
Föt starfsfólks eldhúss	4.32 m²	1h	03
SAMTALS 1h	**1060.62 m²**	**1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Upplýsingatorg	144.77 m²	2h	01
Gangur	124.07 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	47.41 m²	2h	01
Heimastofa	55.51 m²	2h	01
Heimastofa	55.37 m²	2h	01
Heimastofa/sérgr.	57.7 m²	2h	01
Hópherbergi	19.07 m²	2h	01
Hópherbergi	19.07 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Heimilisfræði	76.35 m²	2h	01
Skrifstofa (Umsj.uppl.t)	16.08 m²	2h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	2h	01
Stigahús	9.31 m²	2h	01
Þakgarður		þak	02
Gangur	11.1 m²	2h	03
Fjölnota salur	114.34 m²	2h	03
Snyrting F	6.42 m²	2h	03
Geymsla	7.95 m²	2h	03
Stigahús	8.47 m²	2h	03
SAMTALS 2h	**905.18 m²**	**2h**	**netto**

3h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	153.18 m²	3h	01
Heimastofa	43.33 m²	3h	01
Heimastofa	45.2 m²	3h	01
Heimastofa	46.54 m²	3h	01
Heimastofa	55.4 m²	3h	01
Heimastofa	55.5 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	21.61 m²	3h	01
Myndmennt	76.85 m²	3h	01
Sérgr.stofa / heimastofa	57.62 m²	3h	01
Skrifstofa	16.08 m²	3h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	3h	01
Stigahús	5.83 m²	3h	01
SAMTALS 3h	**637.12 m²**	**3h**	**netto**

SAMTALS	**2,973.3 m²**	**NETTO**

Heimastofur	**10-12 stk**
Sérgreinastofa	**3-5 stk**
Hópherbergi	**6 stk**

Sviðsmynd 4

VÖRÐUSKÓLI - UNGLINGASKÓLI með íþróttasal og búningsklefum

-1

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	16.53 m²	-1	01
Stigahús	15.93 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting - nemendur	3.65 m²	-1	01
Snyrting F - nemendur	5.65 m²	-1	01
Geymsla	42 m²	-1	01
Íþróttasalur	273.11 m²	-1	02
Stigahús	3.81 m²	-1	03
Lyfta	5.28 m²	-1	01
Lyfta	3.15 m²	-1	03
SAMTALS -1	**372.76 m²**	**-1**	**netto**

1h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Anddyri	30.27 m²	1h	01
Fata/Skógeymsla	50.6 m²	1h	01
Gangur	164.6 m²	1h	01
Lesrými	65.43 m²	1h	01
Smíðastofa	79.85 m²	1h	01
Timburgeymsla	19.4 m²	1h	01
Stjórnun	177.2 m²	1h	01
Snyrtingar - starfsfólk	11.39 m²	1h	01
Snyrting F - starfsfólk	7.67 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	1h	01
Snyrtingar - nemendur	6.4 m²	1h	01
Snyrting F - nemendur	7 m²	1h	01
Ræsting	9 m²	1h	01
Geymsla	15.6 m²	1h	01
Tækirými	9.34 m²	1h	01
Tækirými	37.24 m²	1h	01
Tækirými	23.83 m²	1h	01
Stigahús	18.88 m²	1h	01
Stigahús	8.82 m²	1h	03
Anddyri	8.1 m²	1h	03
Búningsklefi	45.58 m²	1h	03
Búningsklefi	52.56 m²	1h	03
Snyrting F	6.1 m²	1h	03
Ræsting	2.53 m²	1h	03
Geymsla	10.6 m²	1h	03
SAMTALS 1h	**889.59 m²**	**1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Upplýsingatorg	144.77 m²	2h	01
Gangur	124.07 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	44.46 m²	2h	01
Heimastofa	47.41 m²	2h	01
Heimastofa	55.51 m²	2h	01
Heimastofa	55.37 m²	2h	01
Heimastofa/sérgr.	57.7 m²	2h	01
Hópherbergi	19.07 m²	2h	01
Hópherbergi	19.07 m²	2h	01
Hópherbergi	21.67 m²	2h	01
Heimilisfræði	76.35 m²	2h	01
Skrifstofa (Umsj.uppl.t)	16.08 m²	2h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	2h	01
Stigahús	9.31 m²	2h	01
Þakgarður		þak	02
Gangur	11.1 m²	2h	03
Fjölnota salur	114.34 m²	2h	03
Snyrting F	6.42 m²	2h	03
Geymsla	7.95 m²	2h	03
Stigahús	8.47 m²	2h	03
SAMTALS 2h	**905.18 m²**	**2h**	**netto**

3h

Rými	Stærð	Hæð	mhl.nr.
Gangur	153.18 m²	3h	01
Heimastofa	43.33 m²	3h	01
Heimastofa	45.2 m²	3h	01
Heimastofa	46.54 m²	3h	01
Heimastofa	55.4 m²	3h	01
Heimastofa	55.5 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	19.19 m²	3h	01
Hópherbergi	21.61 m²	3h	01
Myndmennt	76.85 m²	3h	01
Sérgr.stofa / heimastofa	57.62 m²	3h	01
Skrifstofa	16.08 m²	3h	01
Snyrtingar - nemendur	21.6 m²	3h	01
Stigahús	5.83 m²	3h	01
SAMTALS 3h	**637.12 m²**	**3h**	**netto**

SAMTALS	**2,804.7 m²**	**NETTO**

Heimastofur	**10-12 stk**
Sérgreinastofa	**3-5 stk**
Hópherbergi	**6 stk**

Austurbæjarskóli
Tvískiptur matmálstími

Spennistöð - A Matartorg og eldhús á 3h

1h

Rými	Stærð		Hæð
Anddyri	11	m^2	1h
Gangur	26	m^2	1h
Eldhús	53.3	m^2	1h
Uppvask	25	m^2	1h
Frystir	3.8	m^2	1h
Kælir	5	m^2	1h
Búningskl.eldhús	3	m^2	1h
VS Eldhús	3.2	m^2	1h
VS F	6.5	m^2	1h
VS	2.6	m^2	1h
VS	2.6	m^2	1h
VS	2.6	m^2	1h
Matsalur	168	m^2	1h

SAMTALS 3h	**312.6**	m^2 **3h**	**netto**

SAMTALS	**312.6** m^2	**NETTO**

Austurbæjar- og Vörðuskóli
Tvískiptur matmálstími

Spennistöð - B Matartorg og eldhús á 1h og nýju milligólfi

1h

Rými	Stærð		Hæð
Anddyri og fatahengi	38.5	m^2	1h
Gangur	20	m^2	1h
Eldhús	62.0	m^2	1h
Uppvask	15.5	m^2	1h
Frystir	4.1	m^2	1h
Kælir	3.5	m^2	1h
VS starfsfólks eldhúss	3	m^2	1h
Föt starfsfólks eldhúss	3	m^2	1h
Forrými	9.8	m^2	1h
VS F	4.7	m^2	1h
VS	1.7	m^2	1h
Forrými	7.3	m^2	1h
VS	1.7	m^2	1h
VS	1.7	m^2	1h
VS	1.7	m^2	1h
VS F	4.7	m^2	1h
Ræsting	2.6	m^2	1h
Matsalur	140	m^2	1h

SAMTALS 1h	**325.5**	m^2 **1h**	**netto**

2h

Rými	Stærð		Hæð
Matsalur	263	m^2	1h

SAMTALS 2h	**263**	m^2 **2h**	**netto**

SAMTALS	**588.5** m^2	**NETTO**

SNEIÐINGAR

Vörðuskóli - Endurgerð / Forhönnun

hornsteinar
ARKITEKTAR EHF.


F
E
D
C
B
A
Hópherbergi
3500
3500
950
Anddyri
Upplýsingatorg
ný brú
Gangur
nýr rampur að matartorgi / sal
Tæknirými
Þakplata
43,24 m
3.hæð
39,74 m
2.hæð
36,24 m
1.hæð
32,74 m


4
3
2
1
Þak - Vesturhús
40,49 m
Þakplata - Leikfimisalur
37,10 m
2.hæð - Vesturhús
36,09 m
1.hæð - Vesturhús
33,49 m
0.hæð - Leikfimisalur
29,89 m
4250
2200
850
150
650
800
1100
1250
950
950
Eldhús
Uppvask
Matartorg
Sýning / Jóga / Fyrirlestur
Heimastofa
Heimastofa
nýr rampur að matartorgi / sal
Upplýsingatorg
ný brú norðan megin í sal
Gangur
Snyrting F
Tæknirými
Geymsla
Myndmennt
Heimilisfræði
Geymsla
3500
3500
3500
Þakplata
43,24 m
3.hæð
39,74 m
2.hæð
36,24 m
Íbúðapallur hæðak.
óstaðf.
33,26 m
1.hæð
32,74 m
Kjallari
30,14 m

ÁSÝNDIR

Vörðuskóli - Sviðsmyndir

hornsteinar

ARKITEKTAR EHF.

Ásýnd - Norður
1 : 100

Ásýnd - Suður
1 : 100

Ásýnd - Austur
1 : 100

Ásýnd - Vestur
1 : 100

Vörðuskóli

hornsteinar

ARKITEKTAR EHF.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík 12. nóvember 2018
SFS2018080061
147. fundur
HG/adg

MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðmið skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem eru höfð til grundvallar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs

Á fundi skóla- og frístundaráðs 21. ágúst 2018 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

> Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að taka saman yfirlit um helstu tækifæri til skipulagsbreytinga á sviðinu sem stuðlað geta að betri nýtingu mannauðs og fjármagns með gæði þjónustu að leiðarljósi. Nýttar verði þær tillögur og ábendingar sem komið hafa fram í greiningum sviðsins á undanförnum árum og tryggt að leitað verði sjónarmiða stjórnenda á vettvangi. Mótaðar verði tillögur um hvaða viðmið skuli liggja til grundvallar þegar skipulagsbreytingar á einstökum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs eru teknar til skoðunar. Tillögur verði lagðar fram fyrir 1. nóvember 2018.

Verklag á skrifstofu skóla- og frístundasviðs verður með eftirfarandi hætti þegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs eru teknar til skoðunar.

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs skal árlega skoða möguleg tækifæri til skipulagsbreytinga sem stuðlað geta að betri nýtingu mannauðs og fjármagns með gæði þjónustu að leiðarljósi hjá starfsstöðvum sviðsins. Slíkar tillögur skulu kynntar skóla- og frístundaráði eigi síðar en í upphafi árs.

Tillögurnar geta snúið að starfseiningum sviðsins sem falla undir skóla- og frístundaráð. Einnig getur verið um að ræða starfsemi sem heyrir undir fleiri svið borgarinnar og falla því undir fleiri fagráð og/eða borgarráð.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram tillögu/minnisblað á fundi skóla- og frístundaráðs ef metið er samkvæmt viðmiðunum möguleg skipulagsbreyting á starfsstöðvum. Sviðsstjóri hefur áður en tillagan/minnisblaðið er lagt fram kynnt stjórnendum starfsstöðva er um ræðir að mál sé í skoðun.

Skóla- og frístundaráð ákveður, á grundvelli tillögunnar/minnisblaðsins, hvort sviðsstjóra verði falið að stofna starfshóp með hagsmunaaðilum sem rýnir þau gögn sem liggja til grundvallar tillögunni/minnisblaðinu og komi með tillögur að útfærslu sem lögð verði fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu.

Vandasamt er að setja fram afdráttarlaus viðmið því staða starfsstöðva og staðarhættir eru misjafnir og mikilvægt að raddir hagsmunaaðila komi inn í vinnsluferli þegar skipulagsbreytingar eru til skoðunar. Eftirfarandi viðmið hafa verið kynnt samráðum leikskólastjóra, grunnskólastjóra og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva. Viðmiðin verða höfð til grundvallar þessari vinnu út árið 2018 og árið 2019 og verða svo endurskoðuð í ljósi reynslunnar. Endurskoðuð viðmið verða kynnt skóla- og frístundaráði í upphafi árs 2020.

Viðmið til grundvallar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs

Markmiðið er að allar stofnanir skóla- og frístundasviðs séu fjárhagslega og faglega sjálfbærar. Staða starfsstöðva sviðsins er misjöfn, svo sem hvað varðar stærð og staðarhætti og því mikilvægt að hafa viðmið er taka til þess þegar metið er hvort leggja eigi til skipulagsbreytingu.

Nýbyggingar og viðbyggingar

Nýbyggingar leikskóla skulu að jafnaði vera 6-10 deilda undir einu þaki. Miðað er við að í hverjum leikskóla sé ein sérhæfð ungbarnadeild, að ungbarnadeildir séu fyrir 12-16 börn, miðdeildir 16-20 börn og elstu barna deildir 20-24 börn. Heildarfjöldi barna verði á bilinu 120-200.

Nýbyggingar heildstæðra grunnskóla skulu að jafnaði vera fyrir 550-650 nemendur.

Við hvern grunnskóla skal gert ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöð í samræmi við barnafjölda í viðkomandi skóla, sbr. skilgreiningu á rýmisþörf frístundaheimila og félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar og einnig Byggingareglugerð nr. 112/2012 gr. 6.9.3.

Þegar metin er þörf fyrir nýbyggingar eða viðbyggingar skal skoða, með tilliti til viðmiðanna hér að neðan, hvort litlum einingum í nágrenni verði lokað og starfsemin færð inn í nýbygginguna/viðbygginguna.

Stærð starfseininga

Horft skal til stærðar starfseininga með tilliti til hagkvæmni í rekstri og nýtingu aðstöðu, svo sem mötuneytis, íþrótta-, list- og verkgreinarýmis, stjórnunarspannar, faglegs starfs, aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla og starfsskrár frístundastarfs. Mikilvægt er að horfa til þróunar barnafjölda á einstakri starfstöð yfir tíma en ekki tilfallandi fækkun/fjölgun.

Að jafnaði skal miða við að: Leikskólar séu að lágmarki 60-80 barna (rekstrarleyfi); Heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk; Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti

að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglinga.

Staðarhættir

Stefnt skal að því að yngsta stig grunnskóla sé í nærumhverfi íbúa Reykjavíkur, sem hluti af grunnskóla eða í samreknum leik- og grunnskóla. Frístundaheimili skulu starfrækt við alla yngri barna grunnskóla. Undantekning frá þessu getur verið ef fámenni er svo mikið að ekki séu fjárhagslegar eða faglegar forsendur til að reka eininguna.

Hverfi í mikilli fjarlægð frá öðrum hverfum, svo sem Kjalarnes, hafa sérstöðu sem taka skal tillit til.

Taka skal tillit til fjarlægða (göngu, aksturs og strætósamgangna) á milli starfseininga þegar gerðar eru tillögur að sameiningu.

Horft skal til lýðfræði hverfa þegar gerðar eru tillögur að skipulagsbreytingum.

Sérfræðiþekking

Þegar horft er til þjónustu sem SFS veitir fyrir hönd Reykjavíkur skal horft til þess að starfsemin falli að sérfræðiþekkingu sviðsins sem er skóla- og frístundastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 1-15/18 ára. Það tryggir að hægt sé að ná utan um starfsemina á heildrænan hátt og stýra henni út frá lögum, reglum og samþykktum, menntastefnu og frístundastefnu Reykjavíkurborgar og annarri stefnumörkun borgarinnar.

Aðrir þættir og tímasetningar

Upp geta komið aðstæður, svo sem skipulagsbreytingar annars staðar í borgarkerfinu eða breytingar í hópi stjórnenda starfsstöðva skóla- og frístundasviðs sem líta skal til varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum sviðsins.